

Fólkið



Fjöllin

Fjörðurinn

Meðal efnis:

Bæringsstofa

Kirkjur og prestar

Setbergssókn

Annáll 2003

Fermingarmyndir

Eyrbyggjar

Manntal Eyrarsveitar 1940

Vísur

Kviabryggja

Jarðfræði Eyrarsveitar

**Fólkið, fjöllin,
fjörðurinn**

Fólkið, fjöllin, fjörðurinn

Safn til sögu Eyrarsveitar

5. hefti



2004

Fólkið, fjöllin, fjörðurinn – Safn til sögu Eyrarsveitar 5
© 2004 Eyrbyggjar – Hollvinasamtök Grundarfjarðar
Umbrot og myndvinnsla: Skrudda ehf.
Hönnun kápu: Freyja Bergsveinsdóttir
Ljósmynd á kápu: Ragnar Th. Sigurðsson
Prentun og bókband: Viðey ehf.

Greinar í riti þessu má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun,
prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til
eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

ISSN 1607-0747

Efnisyfirlit

Bjarni Júlíusson: Formáli	7
Ingi Hans Jónsson: Bæringsstofa – Ljósmyndasafn Grundfirðinga	9
Ásgeir Guðmundsson: Kirkjur og prestar í Eyrarsveit	23
Magnús Guðmundsson: Um kirkjur og kirkjurækni í Eyrarsveit	99
Björg Ágústsdóttir: Af sveitarstjórnarmálum. Annáll 2004.	113
Fermingarbörn.	130
Hermann Breiðfjörð Jóhannesson: Til Eyrbyggja.	137
Elínbjörg Kristjánsdóttir: Manntalið 1940	150
Árni Hallgrímsson: Ljóð	165
Kvíabryggja	168
Haukur Jóhannesson: Yfirlit um jarðfræði Snæfellsness	180

Formáli

Hér lítur fimmta bindi í ritröðinni „Safn til sögu Eyrarsveitar“ dagsins ljós. Það var vorið 2000 sem fyrsta bindið í flokknum var gefið út af Eyrbyggjum, hollvinasamtökum Grundarfjarðar og Sögunefnd Eyrarsveitar. Í þessu fyrsta bindi var ýmsan fróðleik að finna. Meðal annars voru þar greinar um örnefni í Grafarlandi, um Öndverðareyri, um þróun samgöngumála, gamlar ljósmyndir og margt fleira.

Þessu merka starfi hefur verið haldið áfram og árlega hafa verið gefin út ný bindi í ritröðinni. Margar áhugaverðar greinar hafa litið dagsins ljós, bæði hafa leikmenn, gamlir og góðir Grundfirðingar tekið saman skemmtilegt efni, sem og lærðir komið að ritsmíðum. Nú er það orðið svo að víða rekumst við á tilvitnarnir og tilvísanir í þessar bækur, þannig að ritröðin okkar er greinilega orðin viðurkennd saga og það er ekki lítils virði. Þess má svo geta að fyrsta bindið er nánast orðið ófánlegt. Þó að bindin séu einungis orðið fimm, þá teljum við að hér sé að myndast mikilvæg hefð og teljum fullan grundvöll fyrir því að halda þessu útgáfustarfi áfram um ókomin ár. Efniviðurinn er að minnsta kosti nægur. Hver veit nema að þeir Grundfirðingar sem ná að safna fyrstu tuttugu bindunum eignist þannig ómetanlegan fjársjóð !

En verðmæti ritsins liggur auðvitað fyrst og fremst í þeim fróðleik sem hér er haldið til haga, í þeim upplýsingum sem við náum að varðveita og geyma. Við þurfum svo sannarlega að vera vakandi í því að halda áfram að safna slíkum gögnum, skrá merka atburði sem enn eru lifandi í minni eldri Grundfirðinga, sagnir, örnefni og annan þann fróðleik sem fólkið okkar býr yfir. Það er nefnilega býsna fljótt að fenna í sporin og ef ekki er gætt að þá kann mikil saga að glatast.

Efni þessa rits er af sama toga og fyrri ár. Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri ritar annál bæjarfélagsins síðastliðið ár. Ingi Hans Jónsson hefur tekið saman áhuga-

verðar myndir úr safni Bærings Cecilssonar. Manntal Eyrarsveitar árið 1940 er birt auk gamalla fermingarmynda. Síðan er að finna hér áhugaverða grein Hauks Jóhannessonar um jarðfræði svæðisins. Hér er merkileg grein um Kvía-bryggju. Rakin er saga sóknarpresta okkar Eyrsvaitunga á liðnum öldum og margt fleira áhugavert.

Loks er að geta forsíðu bókarinnar. Sem fyrr er viðfangsefnið Kirkjufellið. Nú er sjónarhornið eilítið annað en fyrr, við horfum sem sé á það frá norðvestri og ofan frá. Ragnar Th. Sigurðsson á heiðurinn af þessari frábæru mynd og færum við honum þakkar fyrir.

Hollvinasamtök Grundarfjarðar, Eyrbyggjar, voru stofnuð af áhugasömum Grundfirðingum árið 2000. Samtökin hafa kosið sér stjórn, sem fundar reglulega yfir vetrartímamann og hefur séð um undirbúning rits þessa með góðri hjálp ýmissa manna og kvenna. Í stjórn félagsins síðastliðið starfsár voru Bjarni Júlíusson formaður, Orri Árnason ritari, Ásthildur E. Kristjánsdóttir gjaldkeri og þau Hermann Breiðfjörð Jóhannesson, Guðlaugur Þór Pálsson, Hafdís Gísladóttir og Hrafnhildur Pálsdóttir meðstjórnendur.

Margir hafa komið að útgáfu þessara ritverka og fyrir það ber að þakka Grundarfjarðarbær hefur styrkt útgáfuna sem og Sparisjóður Eyrarsveitar og Menntamálaráðuneytið. Þessir mikilvægu styrkir gera það kleift að standa að útgáfu ritanna, án þeirra væri þetta ekki hægt. Það er mörgum að þakka. Í fyrsta lagi færum við höfundum greina og efnis miklar þakkar. Þeir hafa lagt á sig heilmikla vinnu við undirbúning og gerð þessara greina og slíka vinnu ber að þakka. Loks viljum við sérstaklega þakka Gísli Karel Halldórssyni fyrir sérlega óeigingjarnt og mikilvægt starf. Gísli hefur verið brautryðjandi hvað Hollvinasamtökin varðar sem og útgáfu þessa bókaflokks. Hann hefur verið algerlega óþreytandi við að halda þessu mikilvæga starfi gangandi og færum við honum bestu þakkar fyrir.

Bjarni Júlíusson,
formaður Eyrbyggja starfsárið 2003–2004.

Bæringsstofa

Ljósmyndasafn Grundfirðinga

Grundfirðingar eiga mikinn og góðan fjársjóð í því myndasafni sem Bæring heitinn Cecilsson gaf samfélaginu. Þetta merka ævistarf Bærings spannar í raun alla sögu þess þéttbýlis sem nú er í Grundarfirði. Af myndum hans má ráða allnokkuð í sögu þessa samfélags og þróun. Bæring Cecilsson var ljósmyndari af lífi og sál. Hann fæddist á Búðum undir Kirkjufelli hinn 24. mars 1923, sonur hjónanna Oddfríðar Kristínar Runólfsdóttur og Cecils Sigurbjörns-sonar. Bæring var næstelstur 5 systkina og var á tíunda aldursári þegar faðir hans fórst í sjóslysi. Það reyndi því snemma á hann við öflun viðurværis til fjölskyldunnar og er saga þessarar fjölskyldu rómuð fyrir samheldni og dugnað. Árið 1945 fluttist fjölskyldan í nýtt hús í Grafarnesi en þá var byrjað að myndast það þéttbýli sem heitir Grundarfjörður í dag.

Þetta ár er talið að ljósmyndaferill Bærings hafi hafist og er það í meira lagi sennilegt því engar myndir eru til frá byggingu hússins en allmargar af því fullbyggðu. Þetta vor fermdist Páll, bróðir Bærings, og þá gaf Bæring honum Kodak Brownie myndavél í fermingargjöf. Ekki er ósennilegt að þá hafi hann einnig keypt eina fyrir sig.

Sennilegt má telja að Bæring hafi ungur kynnst ljósmyndataekninni hjá móðurbróður sínum, Sigurþóri Runólfssyni, sem var farinn að taka ljósmyndir strax á 3. áratug liðinnar aldar. Mágur Sigurþórs var Guðmundur Erlendsson ljósmyndari í Reykjavík og þykir líklegt að í gegnum þau tengsl komi ljósmyndunin inn í þessa fjölskyldu. Í safni Bærings er að finna endurgerðar ljósmyndir er fjölskyldunni tengjast og flestar taldar teknar af Sigurþóri. Elst þeirra mynda er mynd af Bæring sjálfum 4 ára, 1927



Bæring Cecilsson 4 ára 1927.

Í þessari grein um myndasafn Bærings Cecilssonar er fyrst og fremst verið að huga að safninu sjálfu og því lítið svigrúm til að fjalla um ævi Bærings enda verður það vonandi gert einhvern tíma síðar.

Nærri má geta að ljósmyndari sem lifir alla sína ævi í litlu sjávarþorpi hafi ekki alltaf mikið og merkilegt myndefni. Því er það óvenjulegt hve fjölbreytt safnið er og þó augljóst sé að Bæring heldur sig talsvert meðal sinna nánustu, er alveg með ólíkindum hve víða hann fór með myndavélina.

Nánast allir atburðir eru festir á filmu, öll jólaböll, allar réttir, margir atburðir hjá félagasamtökum, kvenfélagi jafnt og ungmennafélagi, kirkjan, skírnrn, fermingar og jarðarfari, afla-



KODAK SIX-20 2 BROWNIE 1946



ERRCONA II 1957



Af sunnan gufuroki í Grundarfirði 1962.

hrotur, fiskvinnsla, fólk að starfi og leik. En auðvitað vantar ýmislegt og það er mest vegna þess að maðurinn var við vinnu sína eins og aðrir en kvöldin voru notuð á hinum ýmsu bæjum.

Í safninu er að finna töluvert af myndum sem Bæring heitinn hefur merkt að teknar séu 1945 og á næstu árum þar á eftir. Bæring sagði oft frá því að hann ætti allar sínar myndavélar frá upphafi nema þá sem hann missti í höfnina á



Á bls 8: Kodak Brownie-vél 1946 og Erkona II keypt á Siglufirði 1957. Til hægri: Vogtlander Vitessa T keypt 1961.

Siglufirði 1957. Á lista sem hann tók saman um myndavélaeign sína koma ekki fram neinar upplýsingar um þá vél né heldur Kodak Brownie-vél þá sem hann seldi skipsfélagi sínum á Grundfirðingi, Kjartani Gunnarssyni, 1962. Kjartan afhenti Bæringsstofu þessa vél um síðustu jól og er hún nú varðveitt í safninu ásamt 20 öðrum myndavélum. Svo er að sjá að óhappið á Siglufirði hafi í raun verið kveikjan að því að ljósmyndun varð að ástríðu þessa manns. Því eftir það keypti hann sína fyrstu „alvöru“ myndavél. Sú myndavél var af gerðinni Ercona II, svona harmonikkuvél eins og þær voru kallaðar, og 1961 keypti hann sér myndavél sem hægt var að skipta um linsu á og var af gerðinni Vogtlander Vitessa T. Frá tíma þessara myndavéla er til mikið safn mynda.

Aðeins er liðið rúmt ár síðan þetta mikla ljósmyndasafn var afhent og er því mikil vinna fyrir höndum við flokkun og úrvinnslu á því. Undanfarið hefur verið unnið að því að koma safninu í safngeymslu Bæringsstofu og grófflokka það. Eftir grófflokkun sem undirritaður vinnur eftir aðstæðum er myndunum komið til þeirra Sveins Arnórssonar og Guðjóns Elíssonar sem sjá um að skanna myndirnar yfir á tölvutækt form. Af þessu gríðarlega magni sem safnið er höfum við lagt á það áherslu í fyrsta áfanga að skanna og skrá myndir sem teknar eru fyrir 1970. Við höfum áætlað að í safninu séu um 80.000 ljósmyndir af ýmsum toga auk um 30 klukkustunda af kvikmyndum. Þá eru ótalin hundruð myndbanda frá seinni tíð. Það er athyglisvert að Bæring virðist aldrei hafa hent einni einustu mynd og safnið er ágætlega flokkað eftir árum eftir 1974 og samviskulega raðað í albúm.

Eldri myndir voru hinsvegar í ólíklegustu koppum og kirnum. Sumar af þeim hefur Bæring skrifað ártöl á en flestar myndir frá 7. áratugnum eru stimplaðar með framköllunarmánuði og ári. Þetta er þó ekki algilt og verður þá oft að leita til samanburðar að ýmsu því sem fyrir augu ber á myndunum. Í safninu er líka gríðarlegt magn af dagbókum og minnismiðum af ýmsu tagi þar sem finna má margvíslegar upplýsingar um efni myndanna. Það er þó misjafnt hve viljugur hann var að skrifa punkta sem þessa frá 1962:

Af hverju tekið:

Dóttir Bjössa Guðmunds og Önnu.

Birni Guðmunds, konu og dóttur.

Magnúsi Soffaníassyni berum á gæruskinni.



Af „Magnúsi Soffaníassyni berum á gæruskinni”.

Af krökkum Hjálmars og Helgu.


Af sunnan gufuroki í Grundarfirði.

Af syni Júlía Gests og Dóru upp í rúmi.

Það er þó ýmislegt sem vekur athygli og myndar einskonar munstur. Nokkrar myndir af þaki Vélsmiðjunnar af skipakomum mynda heildstæða röð sem gefur upplýsingar um uppbyggingu byggðarlagsins. Sama má segja um myndir teknar frá svipuðum stað af Kirkjufellinu og maður sér bæinn byggjast. Fjölmargar svona raðir má finna í safninu. Sjáið bara þessa myndröð af skipakomum.

Já, hér á nú við hið sérstaka orðatiltæki Bærings: „Ljósmyndin sýnir oft meira en sést.”

Margir munu finna eitthvað sem yljur um hjartaræturnar í þessu safni og ólíklegustu atburðir verða ljóslifandi. Mér er til dæmis þessi atburður ógleym-



Hér eru risin hús þeirra Kristjáns Jónssonar frá Eiði og Guðbjarts Benediktssonar múrara. Takið eftir Austin-drossú Þórólfs Guðjónssonar á staði við heimili hans.



Hérna eru þeir Kristján og Bjartur búnir að mála og drossían hans Þórólfs er nokkurn veginn á sama stað.



En hvað hefur svo gerst hér? Jú, hér er Kjarðan Gunnarsson búinn að byggja og Þórólfur kominn á Volvo Duet.

anlegur. Á jólaballinu 1961 átti jólasveinninn talsvert óvenjulega innkomu. Þegar allir biðu jólasveinsins í ofvæni og fylgdust grannt með útidyrnum datt hann bara niður úr loftinu. Sagðist hafa komið með járnbrautarlest en þar sem engin brautarstöð var í Grafarnesi hafi hann orðið að stökkva út í fallhlíf.

Hér á eftir fara nokkrar myndir sem sýna hve víða Bæring fór og hve viðfangsefnið eru ólík. En nú skulum við bara leyfa myndunum að tala.



Jólasveinninn Þórður Pálsson lendir á sviðinu í Samkomuhúsinu á jólaballinu 1961.



Eitt sinn græddi Bæring vængbrotin smyril. Fuglinn náði heilsu og með þeim Bæring tókst góð vinátta. Þessi mynd er ein fárra sem til eru af vinnustað Bærings í Vélsmiðjunni.



Forystufólk í Barnastúkunnni ásamt umsjónarmanni Felix Jósafatssyni og æðstatemplar Árna Emilssyni. Fremri röð: Bávður Orri Þorsteínsson, Hermann Jóhannesson, Pálmar Einarsson, Árni Halldórsson, Bergur Sigurvinsson og Sturlaugur Laxdal Gíslason. Aftari röð: Ragnheiður Sigurðardóttir, Matthildur Krístrún Friðjónsdóttir, Elínbjörg Kristjánsdóttir, Kristín Þórðardóttir, Alda Sæunn Björnsdóttir og Helga Gróa Sigurðardóttir.



Falleg jólamynd af fjölskyldu. Lilja Guðbjartsdóttir, Jónína Þorsteinsdóttir Arndal, Guðrún Guðbjartsdóttir og Guðbjartur Benediktsson.



Á leiðinni á ball 1964. Áslaugur Jeremíasson, Vilborg Karlsdóttir, Halldóra Elbergsdóttir, Jósefína Guðmundsdóttir, Gunnar Magnússon og Birgir Vilhjálmsson í rútunni hjá Stjána frá Lysudal.



Stund milli stríða hjá kvenfélagskonum á jólabasar 1965. Jónína Þorsteinsdóttir Arndal, Jónína Kristjánsdóttir, Jóhanna Pálmadóttir, Inga ??? Kvíabryggju og Valgerður Skarphéðinsdóttir.



Hreppsnafndin 1964. Aðalsteinn Friðfinnsson, Hörður Pálsson, Halldór Finnsson oddviti, Sigurður Lárusson og Njáll Gunnarsson.



Ekki fóru allir ökutímar vel. Hér reyndi Þorsteinn Björgvinsson að kenna Inga Hans hvernig á að taka beygju á amerísku tryllitæki.



Emil Magnússon kaupmaður brosir kankvíslega til ljósmyndarans í jólaösinni.



Börn á leið í sunnudagaskólann sem var í Samkomuhúsinu áður en Grundarfjarðarkirkja var byggð.



Grundfirskar húsmæður í húsmæðraorlofi á Hótel Búðum. Marta Böðvarsdóttir, Sveinfríður ???, Petrína Pálsdóttir, Guðrún Ólafsdóttir, Elna Bárðarson, Sigríður Elísdóttir, Þórdís Þorleifsdóttir og Ólöf Þorleifsdóttir.

Í mars síðastliðnum var svo opnaður ljósmyndavefur Bæringsstofu en þá var ár liðið frá því safnið var afhent. Mikil umferð hefur verið um vefinn og greinilegt að margir gleyma sér yfir myndunum sem þar eru. Vefsafnið er ákaflega aðgengilegt og allmargir hafa aðstoðað við skráningu með því að senda athugasemdir. Ég hvet ykkur sem hafið aðgang að tölvu að hika ekki við að senda athugasemdir. Eftir að athugasemd hefur verið send opna ég hana og skoða og ef mér þykir líklegt að hún sé rétt set ég hana inn á vefinn. Þessi háttur er hafður á til að hindra eftir megni að send séu villandi og röng boð sem geta valdið leiðindum.

Einn mann hitti ég fyrir skömmu, sem skammaði mig mikið og sagði að ég skuldaði sér bjór. Hann hafði eftir vinnu sest niður við tölvuna sína og hellt sér bjór í glas. Síðan byrjaði hann að skoða myndirnar á vefsetri Bæringsstofu og eftir að hafa skemmt sér yfir myndunum dagóða stund tók hann eftir því að klukkan var farin að ganga fimm, farið að birta af degi og bjórinn ósnertur. Að þessu hefði Bæring hlegið og ítrekað þá afstöðu sína að betra væri að eyða peningum í myndavélar og filmur en áfengi og tóbak.

Njótið vel,
Ingi Hans.

Ásgeir Guðmundsson

Kirkjur og prestar í Eyrarsveit

Fyrrum voru tvær kirkjur í Eyrarsveit, á Öndverðareyri og Setbergi. Einnig voru hálfkirkjur í Krossnesi og Kirkjufelli. Kirkjan á Öndverðareyri var eldri en Setbergskirkja og sóttu hana íbúar af 29 bæjum í sveitinni, þ.e. af öllum bæjum nema Setbergi. Hún hefur að öllum líkindum verið reist á fyrri hluta 11. aldar á fyrstu árum kristni hér á landi. Fyrst fara sögur af kirkju á Öndverðareyri árið 1200 í kirknaskrá þeirri, sem Páll Jónsson, biskup í Skálholti, lét gera það ár. Elstu samtímaheimild um kirkju á Öndverðareyri er að finna í Íslendinga sögu Sturlu Þórðarsonar, en það rit er meginuppistaðan í Sturlungu. Árið 1237 bjó á Öndverðareyri (eða Eyri eins og bærinn var oft nefndur) Þórður Sturluson, bróðir Snorra Sturlusonar og faðir Sturlu Þórðarsonar sagnaritara. Segir í Íslendinga sögu frá andláti Þórðar 10. apríl 1237 (föstudag fyrir pálmásunnudag), og var lík hans jarðað á Eyri (þ.e. Öndverðareyri), eins og hann hafði mælt fyrir um, fyrir framan kirkjuna þar.¹

Elsti máldagi Öndverðareyrarkirkju, sem varðveist hefur, er frá árinu 1355. Gyrðir Ívarsson, biskup í Skálholti, setti hann. Kirkjan á Öndverðareyri, sem var stundum einnig kölluð Öndurðareyri eða Öndurðeyri, var Mariúkirkja. Máldaginn fer hér á eftir í heild:

Mariúkirkja á Öndurðareyri á hálfu heimaland með þeim jörðum öðrum sem þar fylgja. 2 hluti í Þórdísarstöðum. Hálfan afreit í Kolgrafarfirði. Hálfu Selsker.

Hún á og Grafarsand hálfan.

Hún á og 2 kúgildi og 2 hundruð vöru. 15 kýr og c. hest.

Hálfan reka á Þernusandi.

Þetta á hún innan sig. Klukkur 6. Messuklæði 2 og guðvefjarhökul fornan með bótum. Kaleik. Altarisstein búinn. Kertastikur 2 af messing, altarisklæði 2 félítíl. Lesbækur per anni circulum. Söngbækur 2. Forn messubók frá adventu domini og endist til domine in tua. Martirilogium. Handbók með fornum hætti. Texta. Ræðustóll. Merki.

Þessa hluti gaf Ingimundur bóndi kirkjunni. Maríuskript og kross með 2 líkneskjum og annan kross minni yfir altari.

Þangað liggja 9 og 20 bæir að tíundum og lýsitollum.

Þar skulu vera prestar 2.

Sveinn bóndi á að lúka kirkjunni hundraðsgrip innan sig.

Ingimundur bóndi, sem er nefndur í máldaganum, mun hafa verið bóndi á Öndverðareyri, og Sveinn bóndi var Sveinn Marteinsson frá Máfahlíð. Hann var enn á lífi árið 1395 en dáinn fyrir 1417.²

Næsti máldagi Öndverðareyrarkirkju er frá árinu 1397, og er hann kenndur við Vilchin, biskup í Skálholti, sem lét skrá máldaga allra kirkna í Skálholtsbiskupsdæmi það ár. Litlar breytingar hafa orðið á eigum kirkjunnar frá 1355, en þó hefur hún eignast dálítið til viðbótar. Máldaginn fer hér á eftir:

Mariúkkirkja á Öndurðareyri á heimaland hálf. 2 hluti í Þórdísarstöðum.

Hálfan afrétt í Kolgrafarfirði.

Hálf Selsker.

Hálfan Grafarsand.

Hálfan reka á Þernusandi.

18 kýr og 6 ær.

Fimm hundruð ófríð.

Þetta á hún innan sig. 6 klukkur. Messuklæði tvenn. Kaleik. Altarisstein búinn. Kertastikur 2 af messing. Altarisklæði 2 félítíl. Lesbækur per Anni circulum. Söngbækur 2 fornar. Messubók frá Adventu og endist in Domine intra. Martyrilogium. Handbók með fornum hætti. Maríuskript og kross með tveimur líkneskjum og annan kross minni yfir altari. Font.

Þangað liggja 9 og 20 bæir að tíundum og lýsitollum.

Þar skulu vera prestar 2.

Sveinn bóndi á að lúka kirkjunni hundraðsgrip innan sig.

Item 3 kýr.

Item hafa gefist 8 hundruð.

Portio fimm hundruð og tuttugu.³

Hinn 11. apríl 1482 seldi Daði Arason Eiríki Halldórssyni og Ormi Jónssyni, löglegum umboðsmanni hans, jörðina Hrísa milli Höfða (þ.e. Búlandshöfða) og Ennis (þ.e. Ólafsvíkurennis) á Snæfellsnesi. Lét Daði þess getið, þegar kaupin fóru fram, að kirkjan á [Öndverðar]Eyri ætti búðarstöðu en engan eldivið í áðurnefndri jörð Hrísum. Með búðarstöðu er átt við verbúð.⁴

Í heimildum er getið nokkurra presta, sem þjónuðu kirkjunni á Öndverðareyri. Í riti sínu Prestatal og prófasta telur séra Sveinn Níelsson, að séra Haukur Þorgilsson í Haga á Barðaströnd hafi seinna verið prestur á Öndverðareyri. Styðst séra Sveinn þar við Íslendinga sögu Sturlu Þórðarsonar, en þar segir að vorið 1235 hafi Órækja Snorrason farið um alla fjörðu og tekið fé af mönnum. „Hann tók Hagalönd af Hauki presti og svo búíð. En Haukur fór á Eyri (þ.e. Öndverðareyri) til Þórðar (Sturlusonar) og synir hans, Ólafur og Páll ...“ Vafasamt er að draga þá ályktun af þessari frásögn, að Haukur Þorgilsson hafi verið prestur á Öndverðareyri, enda eru engar aðrar heimildir til, sem benda til þess. Þórður Sturluson á Öndverðareyri andaðist 10. apríl 1237, eins og áður segir, og er í Íslendinga sögu nafngreindur prestur sá á Öndverðareyri, sem veitti Þórði hinstu þjónustu. Það var Haukur Auðunarson. Þó er ekki loku fyrir það skotið, að Haukur Þorgilsson hafi gerst prestur á Öndverðareyri, þegar hann kom þangað árið 1235, hafi sú regla gilt þar þá, sem greint er frá í máldögunum 1355 og 1397, að tveir prestar skyldu vera við kirkjuna á Öndverðareyri.⁵

Í Prestatali og prófasta er einnig nefndur presturinn Indriði Arngeirsson, og setur séra Sveinn spurningarmerki við nafn hans. Ekki er óhugsandi, að séra Indriði hafi verið prestur í Eyrarsveit, annaðhvort á Öndverðareyri eða Setbergi. Hann var meðal vitundarvotta hinn 20. febrúar 1391, þegar séra Ólafur Kolbeinsson seldi Þorbjörgu Sigurðardóttur jörðina Böðvarsholt í Staðarhreppi með reka fyrir jörðina Vík í Eyrarsveit.⁶

Um 1482 var prestur á Öndverðareyri séra Ásmundur Jónsson, og er hans getið í skjölum frá þessum tíma. Í Prestasögum séra Jóns Halldórssonar segir, að séra Ásmundur hafi verið bróðir Stefáns Jónssonar, biskups í Skálholti, og verið kallaður Ásmundur hinn betri. Faðir þeirra bræðra var Jón Egilsson, bryti í Skálholti. Sambýliskona séra Ásmundar hét Helga, og áttu þau 12 börn. Stefán biskup tók sex af þeim, ól upp og mannaði. Séra Ásmundur var mikið hraustmenni. Að sögn séra Jóns Halldórssonar var séra Ásmundur einnig í

Kirkjufelli í Eyrarsveit, og hefur hann að öllum líkindum verið bóndi þar um skeið. Þess má geta, að sagnir eru um, að hálfkirkja hafi verið í Kirkjufelli. Séra Ásmundur virðist einnig hafa verið lögréttumaður úr Þórsnesþingi. Hans er getið á Alþingi 1481 og 1490, og telur Einar Bjarnason prófessor, að þar sé að líkindum um séra Ásmund Jónsson að ræða. Meðal barna séra Ásmundar voru séra Jón Ásmundsson á Öndverðareyri og Þórður Ásmundsson, bóndi á Kirkjufelli.⁷

Séra Hallbjörn Jónsson var prestur á Öndverðareyri 1479–1508. Árið 1505 giftist Agnes, dóttir hans, Sumarliða Bjarnasyni. Með kaupmálabréfi þeirra hjóna, sem var dagsett 14. janúar 1505 í Galtardalstungu, gaf séra Hallbjörn dóttur sinni jörðina Gröf í Eyrarsveit fyrir tuttugu hundruð og fimm málnytkúgildi og fimm hundruð í öllum þarflegum peningum.⁸

Séra Jóns Ásmundssonar, sonar séra Ásmundar Jónssonar, er getið á Öndverðareyri árið 1520, en hinn 7. maí það ár var hann vitundarvottur þar á staðnum, þegar Þórður Ásmundsson, bróðir hans, seldi Birni Jónssyni jörðina Neðri-Múla í Saurbæ fyrir tvær jarðir hálfar í Eyrarsveit. Önnur þeirra var Mýrar, en vegna skemmda á handriti er nafn hinnar jarðarinnar ólæsilegt. Sennilegt er, að séra Jón hafi tekið við Öndverðareyri af séra Hallbirni. Séra Jón Ásmundsson var allra manna rammastur að afli, og kippti honum í föðurkynið að því leyti. Sögur herma, að hann hafi flogist á við þýskan mann á Grundarmöl, þegar þá greindi á um eitthvað, og hrakið hann langt og víða og drepíð, en skipherrann þýski hafi forðað sér og synt til skips síns. Meðal sona séra Jóns var Stefán sterki, sem átti Neðri-Lá í Eyrarsveit og bjó þar. Hann lenti í ljótu máli, svo að Neðri-Lá féll undir konung. Það kvisaðist, að Stefán hefði flogist á við háseta sinn úti á rúmsjó og kastað honum útbyrðis, svo að hann druknaði. Síðan þegar hann kom að landi, hvolfdi hann bátnum og drekkti tveimur eða þremur hásetum, sem voru eftir, en synti eða svamlaði sjálfur til lands.⁹

Árið 1538 og fyrr var prestur á Öndverðareyri séra Einar Gamlason. Hinn 12. september 1538 lét séra Marteinn Einarsson officialis, síðar Skálholtsbiskup, kveða upp dóm á Öndverðareyri um misgerðir séra Einars. Var prestinum gefið að sök, að hann hefði vanrækt messuembætti og tíðir og það, sem embætti hans tilheyrði, en tekið þó fullt kaup og messuoffur. Einnig var presturinn fundinn sekur sannur að sök að hafa slegið menn á jóladag og á öðrum hátíðum og ekki tekið lausn fyrir. Voru allir hans peningar hálfir dæmdir undir kirkjuna og

biskupinn að afgreiddum öllum löglegum skyldum. Daginn eftir, 13. september 1538, lét Marteinn Einarsson kveða upp dóm á Grund í Eyrarsveit um andlát séra Einars. Vitni báru, að séra Einar hefði verið með fullu æði og vitleysu, áður en hann reið út í sjóinn og drukknaði. Því var dæmt, að hann hefði riðið út í sjóinn með æði en ekki með vitsmunum.¹⁰

Síðasti prestur á Öndverðareyri var séra Jón Halldórsson. Hann var einn af prestum þeim og öðrum, sem sóru Kristjáni 3. Danakonungi hollustueiða á Alþingi 30. júní og 1. júlí 1551. Hinn 27. september 1563 var tekin ákvörðun um að leggja niður kirkjuna á Öndverðareyri. Þann dag komu saman á Bessastöðum að undirlagi Páls Stígssonar höfuðsmanns og Gísla Jónssonar, biskups í Skálholti, Marteinn Einarsson, fyrrverandi biskup, séra Loftur Narfason í Hítardal, séra Ólafur Sveinsson, Jón Halldórsson á Fróðá, Brandur Einarsson, bróðir Marteins biskups, og Árni Oddsson í Miðgördum. Þessir menn gerðu m.a. þá skipan um kirkjur og kirkjusóknir í Snæfellsnessýslu, að kirkjan á Öndverðareyri var lögð niður, og skyldi framvegis vera ein aðalkirkja í Eyrarsveit, þ.e. á Setbergi, eða eins og sagði í úrskurðinum: „... þingasókn um Eyrarsveit skal liggja til Setbergs og skal á Krossnesi vera hálfkirkja sem áður hefur verið.“

Þessi skipan gekk í gildi árið 1564. Þá varð séra Jón Halldórsson prestur á Setbergi og hafði með sér þangað kúgildi og alla peninga Eyrarkirkju. Séra Þorsteinn Oddsson, sem hafði tekið við Setbergi árið 1563, fór að Breiðabólstað á Skógarströnd og hafði með sér þangað öll kúgildi og peninga Setbergskirkju fríða og dauða. Þó féllu ekki allar eigur Öndverðareyrarkirkju til Setbergskirkju, þegar sú fyrnefnda var lögð niður. Það var ætlun áðurnefndra manna, sem voru viðstaddir á Bessastöðum, þegar kirkjan á Öndverðareyri var lögð af, að verbúð sú á Hjallasandi (þ.e. Hellissandi), sem nefndist Loftsbúð og var eign Öndverðareyrarkirkju, skyldi falla til Setbergskirkju, og sömuleiðis botn sá, sem í fornum máldögum var kallaður Kolgrafabotn, en hét þegar þarna var komið sögu Eyrarbotn. Páll Stígsson höfuðsmaður vildi ekki samþykkja þetta og kvað upp úr með það, að bæði Loftsbúð og Eyrarbotn skyldu áfram vera eign Öndverðareyrar. Vitneskja um þetta kemur fram í vitnisburði séra Skafta Loftssonar frá árinu 1618. Séra Skafti var prestur á Setbergi 1571–1621, og var séra Loftur Narfason heimildarmaður hans um skiptin milli kirknanna á Öndverðareyri og Setbergi. Í vitnisburði séra Skafta kom fram að Eyri (þ.e. Hallbjarnareyri, eins og þá var farið að kalla Öndverðareyri) hafði haft og haldið

Eyrbotn vetur og sumar til nautnar og selstöðu mótmælalaust af þeim, sem sanninda höfðu gætt og viljað gætt hafa. Samhljóða vitnisburð um Loftsbúð og Eyrbotn gáfu þrír bændur í Eyrarsveit, þeir Bjarni Jónsson, Þorsteinn Ormsson og Jón Ingimundarson á Vatnabúðum 13. október 1617.¹¹

Á Öndverðareyri var bæði bær og kirkja, sem stóðu á Eyrarodda. Hvort tveggja var svo síðar meir flutt upp að Eyrarfjalli. Ekki er fyllilega ljóst, hvenær þetta gerðist né hvers vegna. Þó bendir ýmislegt til þess, að bærinn og kirkjan hafi verið flutt upp að fjallinu skömmu eftir 1500. Nafnið Öndverðareyri virðist hafa verið notað áfram eftir flutninginn, en seinna breyttist nafn bæjarins og hét hann upp frá því Hallbjarnareyri en var sem fyrr kallaður Eyri í daglegu tali. Nafnið er dregið af nafni séra Hallbjarnar Jónssonar, sem áður hefur verið nefndur, en af skjölum er ljóst, að hann var prestur á Öndverðareyri árið 1505 og næstu ár á eftir. Bendir það til þess, að kirkjan og bærinn á Öndverðareyri hafi verið flutt í tíð séra Hallbjarnar.¹²

Árið 1814 fundust á Hallbjarnareyri tveir legsteinar með rúnalettri, og er þá fengin óyggjandi víska fyrir því, að kirkjan á Öndverðareyri var flutt upp að Eyrarfjalli um leið og bærinn. Þess má geta, að legsteinar með rúnalettri tíðkuðust allt til loka 17. aldar. Nafnið Öndverðareyri kemur síðast fyrir í samtímaheimildum árin 1566 og 1574. Hinn 28. mars 1566 var gefið út á Öndverðareyri bréf, þar sem séra Jón Halldórsson fékk Helgu Þórðardóttur, festarkonu sinni, hálf tögurðarnes á Skarðsströnd í mála sinn. Frá árinu 1574 er til upphaf að máldaga Öndverðareyrarkirkju, og er það birt í 15. bindi Íslensks fornbréfasafns og er þar hluti af máldögum Gísla Jónssonar biskups í vísitasubók fyrir Vestfirðingafjórðung, sem lokið var við árið 1575. Furðu vekur, að þetta brot úr máldaga Öndverðareyrarkirkju skuli vera birt í vísitasubókinni, því að kirkjan á Öndverðareyri hafði verið lögð niður 11 árum áður. Þetta er í síðasta sinn sem nafnið Öndverðareyri kemur fyrir í samtímaheimild.¹³

Nafnið Hallbjarnareyri kemur fyrst fyrir í samtímaheimild í vitnisburði Árna Oddssonar um verbúðir á Hjallasandi (Hellissandi) frá 28. febrúar 1603, en þar er talað um Hallbjarnareyrarbúð, sem áður hafi heitið Loftsbúð. Samkvæmt þessu virðist nafnið Hallbjarnareyri hafa verið tekið upp einhvern tíma á árunum 1574–1603. Jafnframt er ljóst, að nafnið Öndverðareyri hefur verið notað áfram, eftir að bærinn og kirkjan voru flutt upp að Eyrarfjalli. Nafnbreytingin virðist hafa átt sér stað, eftir að kirkjan var lögð niður, og eins og segir hér

á undan, einhvern tíma á tímabilinu 1574–1603. Ekki er heldur ljóst, hvers vegna bærinn og kirkjan á Öndverðareyri voru flutt upp að Eyrarfjalli. Í þjóðsögum Jóns Árnasonar er gefin sú skýring, að prestur þar hafi druknað í Kolgrafafirði og gengið aftur með svo miklum tilþrifum, að enginn hafi þorað til kirkju. Hafi enginn prestur fengist til að þjóna kirkjunni og því hafi bærinn og kirkjan verið flutt upp að Eyrarfjalli. Sá sannleikskjarni er í þessari sögu, að séra Einar Gamlason prestur á Öndverðareyri druknaði árið 1538, þegar hann reið út í sjóinn í brjálsemiskasti, eins og áður hefur verið greint frá. Líkur benda þó til, að þá hafi verið búið að flytja kirkjuna og bæinn upp að fjallinu. Ágúst Lárusson í Stykkishólmi gat sér hins vegar þess til, að breytingar á fiskigengd hefðu valdið því, að bærinn og kirkjan á Öndverðareyri voru flutt upp að fjallinu.¹⁴

Setbergskirkja

Á Setbergi í Eyrarsveit var kirkja helguð hinum heilaga krossi. Elsta heimild um Setbergskirkju er skrá sú um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, sem Páll Jónsson biskup lét gera árið 1200. Næst er Setbergs getið árið 1284 í sambandi við Staðamál hin síðari, sem svo voru nefnd, en það voru deilur, sem Árni Þorláksson Skálholtsbiskup átti í við leikmenn um forræði kirkjustaða í Skálholtsbiskupsdæmi, sem bændur og höfðingjar höfðu reist. Árið 1273 náði biskup forræði flestra bændakirkna í biskupsdæminu, þar á meðal Setbergs, en vorið 1284 tóku höfðingjar 17 auðugustu staði í Skálholtsbiskupsdæmi á sitt vald. Setberg var meðal þessara kirkjustaða, og tók Þorgils Hauksson Setberg. Hann var sonur Hauks Þorgilssonar prests í Haga, sem var nefndur hér að framan.¹⁵

Frá árinu 1286 er til máldagabrot Setbergskirkju. Árni Þorláksson biskup setti máldagann, og er hann á þessa leið:

Kirkja að Setbergi er helguð með guði hinum helga krossi með þessum máldaga: Að þar skal vera prestur heimilisfastur og veita þar allar heimilistíðir og hafa 4 merkur kaups í fríðum eyri. Þar er leyfður heimamanna gröftur. Þar skal [vera] heimatfund allra heimamanna. Og gjalda á Eyri hvert vor 6 aura. Kirkja á þetta í búnaði: 30 hundruð í þessum hlutum.¹⁶

Niðurlag máldagans vantar. Af honum er ljóst, að Setbergskirkja var sett skör lægra en Öndverðareyrarkirkja. Á Setbergi mátti einungis greftra heimamenn, og kirkjan þar fékk aðeins tíundargreiðslur frá heimamönnum. Þá varð hún að greiða kirkjunni á [Öndverðar]Eyri 6 aura árlega. Bendir allt til þess, að einhver bóndi á Setbergi hafi reist kirkjuna á eigin kostnað, enda var hún aðeins ætluð heimamönnum á Setbergi. Það voru einmitt bændur, sem reistu kirkjur á jörðum sínum og lögðu þeim til eignir, sem áttu í deilum við biskupsvaldið um yfirráð yfir kirkjustöðunum, eins og drepið var á hér að framan.

Næsti máldagi Setbergskirkju er frá 1355, og setti Gyrðir Ívarsson biskup hann. Máldaginn er á þessa leið:

Krosskirkja að Setbergi á heimaland allt og Kverná, Hamraland, 9 hundruð í Spjararlandi. Melrakkaey.

8 kyr og 2 ásauðarkúgildi. 4 hundruð í vöruvirðum eyri. Hesta 3. 20 hundruð innan gátta.

Hún á innan gátta skrift hins heilaga kross og þar sem hún hefur á sér 2 krossa smásmelta. Altarisstein búinn. Altarisbrík sæmilega. Glerglugg stikuháan. Antependium með baldakinn. Annað með pell. 2 með vef. 2 altarisdúkar glitaðir. Kaleika 2. Messuklæði þrenn að öllu og 2 hökla lausa um fram. Slopp 1. Kantarakápur 2. Aðra með baldakinn. Aðra félitla. Kolu og glóðarker. 2 kertisstikur. 3 með kopar og 1 krókstiku. 4 klukkur og bjöllur 2. Merki 1. 7 hundruð í bókum. Sacrarium. Munnlaug. Messufatakista.

Hún er liðug og ákallslaus við Eyrarkirkju og á henni öngu að svara árlega um þá 6 aura, sem hún hefir henni lukt um langan tíma.

Baksturjárn.¹⁷

Eigur Setbergskirkju hafa aukist mikið frá 1286. Þar má nefna allt heimalandið, Kverná, Hamraland, 9 hundruð í Spjararlandi og Melrakkaey. Auk þess virðist kirkjan eiga fleiri og dýrmætari innanstokksmuni en Öndverðareyrarkirkja, sem var þó aðalkirkjan í Eyrarsveit. Þá var Setbergskirkja laus við að greiða þá 6 aura, sem hún hafði goldið Öndverðareyrarkirkju á hverju ári um langan tíma. Gyrðir Ívarsson biskup afnam þennan 6 aura toll.

Í máldaganum kemur fram, að Setbergskirkja átti innan gátta (þ.e. innan dýra) „skrift hins heilaga kross“. Um kross þennan hefur séra Magnús Guðmundsson, sem var prestur á Setbergi 1954–1974, komist svo að orði:

Hér hefur vafalaust verið um róðukross að ræða, á erlendu máli krucifix, þ.e. Kristslíkneski fest upp á kross, og hefur krossinn og róðan, (þ.e. líkneskið) hvort tveggja verið fagurlega búið. Róðukross þessi hefur verið höfuðdýrgripur Setbergskirkju í rómversk-kaþólskum sið og ef til vill lengur. Krossinn hefur haft virðulegan sess í kirkjunni, og mikil helgi hvílt á honum. Honum hafa borizt gjafir og hann þótt vænlegur til áheita. Þannig segir í testamentisbréfi (þ.e. arfleiðsluskrá) Einars bónda Ormssonar Loftssonar ríka árið 1470: „Gef ég krossinum í Kaldaðarnesi kúgildi og annað krossinum á Setbergi“. Ekki verður nú sagt, hvers vegna svona mikil helgi hefur hvílt á Setbergskrossinum, og ólíklegt verður að telja, að menn hafi þótt getað státað af því í rómversk-kaþólskum sið, að kirkjan að Setbergi ætti flís úr hinum helga krossi Krists, eins og t.d. var um Skálholtskirkju, og þar af væri nafn kirkjunnar dregið, kirkja hins heilaga kross.¹⁸

Í máldagasafni Vilchins biskups frá 1397 er máldagi Setbergskirkju. Hann á þessa leið:

Krosskirkja á Setbergi á heimaland allt. Kverná og Hamraland. 9 hundruð í Spjararlandi. Melrakkaey.

Hún á 8 kýr. 3 ásauðarkúgildi.

4 hundruð í vöruvirðum eyri.

4 hross og 20 hundruð innan gátta.

Hún á kross og skrift og það er hann hefur á sér. 2 smásmelta krossa. Altaristein og altarisbrík sæmilega. Glerglugg stikuháan. Altarisklæði með balldurkinn. Annað með pell. 2 með vef. 2 altarisdúkar glitaðir. Kaleikar 2. Messuklæði þrenn að öllu og 2 höklar um fram. Sloppur 1. Kantarakápur 2. Önnur með balldurkinn. Enn önnur féltítil. Kola. 2 glóðarker. Kertisstikur 3 með kopar og 1 krókstika með járn. Klukkur 4 og 2 bjöllur. Merki 1 og 7 hundruð í bókum. Sacrarium, munnlaug og baksturjárn.

Hún er ákallslaus með Eyrarkirkju og á henni aungvu að svara æfinlega um þá 6 aura, sem hún hefur um langan tíma lokið.

Hún á messufatakistu.

Item gaf herra Oddgeir kirkjunni kúgildi.

Item 1 kýr og hundrað og annað hundrað, er Árni Einarsson gaf.

Item gaf Flosi Filippusson hundrað.¹⁹

Ekki hafa orðið miklar breytingar á eign kirkjunnar frá 1355. Herra Oddgeir, sem gaf kirkjunni kúgildi, var Oddgeir Þorsteinsson Skálholtsbiskup (1366–1381). Hins vegar er ekki kunnugt um, hverjir þeir Árni Einarsson og Flosi Filippusson voru. Hugsanlega hafa þeir verið bændur á Setbergi.

Næsti máldagi Setbergskirkju, sem varðveist hefur, er í máldagasafni Gísla Jónssonar biskups frá 1574. Hann er á þessa leið:

Kirkjan að Setbergi á heimaland allt með gögnum og gæðum.

Hún á hálfan Grafarreka í Breiðuvík við Knarrarkirkju.

Hún á málnytukúgildi 30 hálf hvort.

Í geldum nautum 1 hundrað. Í geldum sauðum 2 hundruð. Hesta 3 og 1 hestamóður.

Inngátta í búsgagni og eldsgögnum 2 hundruð. 1 sæng fyrir 5 ágildi.

Item innan kirkju messuklæði tvenn. Kaleikar 2. 1 altariklæði fangalétt. Metaskálar með 3 metum. 1 lítill járnkall. 1 klukka með kólfi og lítil bjalla. 2 klukkur rifnar. Koparstikur 2. Baksturjárn fánytt. Messubók með pappír.

Þessar jarðir á kirkjan: Þórdísarstaði. Landskyld 3 hundruð. Í Spjör 10 hundruð. Landskyld 12 aurar. Eiði. Landskyld 1 hundrað. Hamrar. Landskyld 10 aurar. Grund. Landskyld 1 hundrað. Kverná. Landskyld 10 tugir álna. Kinn. Landskyld 10 aurar. Faxastaðir. Landskyld 1 mörk.

Fastagóss 2 hundruð hundraða 32 hundruð.

Lausagóss 2 og hálf hundrað hundraða. 29 hundruð betur.²⁰

Eignir Setbergskirkju hafa aukist mikið á tímabilinu 1397–1574, og munar þar mestu um jarðeignir. Bæst hafa við frá síðasta máldaga jarðirnar Þórdísarstaðir (áður átti Öndverðareyrarkirkja tvo hluti í Þórdísarstöðum), Eiði, Grund, Kinn og Faxastaðir. Tvær síðastnefndu jarðirnar voru í öðrum sóknum. Líklegt er, að rekja megi þessa eignaaukningu Setbergskirkju til þess, að eignir Öndverðareyrarkirkju runnu til hennar, þegar sú síðarnefnda var lögð niður árið 1564. Einnig hafa orðið nokkrar breytingar á innanstokksmunum kirkjunnar á þessu tímabili og búfjáreign hennar.

Prestar á Setbergi 1548–1711

Fyrsti prestur á Setbergi, sem sögur fara af, hét Þorvarður. Um hann er það eitt vitað, að sumarið 1548 sigldi Marteinn Einarsson biskupsefni utan og meðal fylgdarmanna hans var séra Þorvarður, sem var á Setbergi. Samkvæmt þessu hefur séra Þorvarður verið prestur á Setbergi í kringum 1550. Eins og áður sagði, var séra Þorsteinn Oddsson prestur á Setbergi 1563–64, en hann fór þá að Breiðabólstað á Skógarströnd og hafði með sér þangað öll kúgildi og alla peninga Setbergskirkju friða og dauða. Séra Þorsteinn hélt Breiðabólstað til dauðadags 1601. Séra Jón Halldórsson, sem hafði verið prestur á Öndverðareyri, varð prestur á Setbergi við brottför séra Þorsteins þaðan, eins og áður hefur verið greint frá, og fór þangað með kúgildi og alla peninga Öndverðareyrarkirkju. Séra Jón var sonur Halldórs Tyrfingssonar ábóta á Helgafelli. Séra Jón Halldórsson hélt Setberg til ársins 1566.²¹

Í fardögum það ár afhenti séra Jón eftirmanni sínum, séra Ásmundi Nikulássyni, staðinn og hefur afhendingargerðin varðveist. Af orðalagi hennar má marka, að hún virðist hafa verið samin, eftir að séra Jón var fallinn frá. Afhendingargerðin er á þessa leið:

Voru svofelldir peningar afhentir á Setbergi af séra Jóni heitnum Halldórssyni góðrar minningar en meðtók séra Ásmundur Nikulásson.

Í fyrstu 15 kýr. Ásauðarkúgildi 15. Var þetta bæði heima og á jörðum.

Item 2 hundruð í geldum sauðum.

Item var goldið fyrir fjögurra vetra gamalt naut 3 ær með lömbum. 2 sauðir gamlir og 1 tvævetur.

Item 3 hundraðs hestar. 1 hross.

Item 7 fjórðunga ketill nýr.

Item nýr pottur. 12 trog og 7 smákeröld fyrir hundrað vel virt.

Item 2 ker. 1 sæng með hægindi. Hvíluvoð og áklæði fyrir 1 hundrað.

Item 2 skip með seglum og farvið fyrir 3 hundruð.

Item innan kirkju 3 höklar. 2 serkir. Kaleikar 2 sæmilegir. 1 altarisklæði fánýtt.

1 dúkur glitaður. Baksturjárn lítil. Vax 23 merkur.

Item metaskálar með gömlum metum þremur.

Item klukkur 3 og 2 litlar og er önnur rifin. 1 járnkall.

Item var lagt til kirkjunnar 6 trétals. 2 þrjár og hálf alin, 2 fjögurra álna og 2 sjö álna.²²

Um Ásmund Nikulásson er það helst kunnugt, að faðir hans var Nikulás Jónsson, og er Ásmundur talinn systursonarsonur Stefáns Jónssonar biskups en hálfbróðir Marteins biskups. Hann var prestur á Setbergi 1566–68 en síðan í Miklholti, og er hans síðast getið þar árið 1603. Kona hans var Sigríður Bjarnadóttir prests í Haffjarðarey Gíslasonar, og áttu þau sex börn.

Séra Þórður Halldórsson tók við prestskap á Setbergi af séra Ásmundi árið 1568, og er afhendingargerðin, sem þá var gerð, samhljóða gerðinni frá 1566. Viðstaddir afhendingu Setbergs 1568 voru herra Martein Einarsson biskup, Asmus Söfrinsson, séra Ásmundur Nikulásson, Guðmundur Gíslason, Þórður Jónsson og séra Skafti Loftsson. Ekkert er vitað að öðru leyti um séra Þórð Halldórsson.²³

Eftirmaður séra Þórðar var séra Skafti Loftsson. Hann tók við Setbergi árið 1571 og var þar í hálföld til dauðadags 1621. Foreldrar hans voru séra Loftur Þorkelsson að Húsafelli og kona hans Halldóra (föðurnafns hennar er ekki getið). Séra Skafti varð prófastur í Snæfellsnessýslu árið 1596 og gegndi því embætti til dauðadags. Hann var talinn mikilhæfur maður og vel metinn. Hann var tvíkvæntur. Með seinni konu sinni, Hallvöru Eyjólfsdóttur prests á Melum Grímssonar, átti hann m.a. Loft, sem varð prestur á Setbergi að föður sínum látnum.

Þegar séra Loftur Skaftason tók við Setbergsstað árið 1621, var séra Jón Þormóðsson, fulltrúi biskups, við afhendingu staðarins. Séra Loftur stundaði að líkindum nám í Skálholtsskóla. Í júlí 1597 var hann skráður í stúdentatölu í háskólanum í Rostock og var þar í þjónustu dr. og prófessors Hans Freders. Loftur kom aftur til landsins árið 1600, svo sem ráða má af meðmælabréfi dr. Freders til Arngríms lærða. Skömmu síðar varð séra Loftur aðstoðarprestur séra Jóns Krákssonar í Görðum á Álftanesi (gegndi Bessastaðasókn), en í kringum 1608–1609 fékk hann Miklholt. Árið 1621 fékk hann Setberg að föður sínum látnum og hélt staðinn til æviloka 1629. Séra Loftur var þríkvæntur. Með fyrstu konu sinni, Kristínu, laundóttur Odds Einarssonar biskups, átti hann þrjú börn. Meðal þeirra var Bergljót, kona séra Vigfúsar Illugasonar á Setbergi.²⁴

Í Prestatali og prófasta eftir séra Svein Níelsson er séra Jón Gottskálksson, sonur séra Gottskálks Jónssonar í Glaumbæ, talinn hafa verið prestur á Setbergi rétt fyrir 1613. Fyrir þessu er enginn fótur. Séra Jón var síðast prestur í

Hvammi í Laxárdal, en var dæmdur frá embætti árið 1604 fyrir ófagrar sakir. Kom það mál síðast til Alþingis árið 1606. Fluttist Jón Gottskálksson þá á eignarjörð sína, Krossnes í Eyrarsveit, og var þar til æviloka um 1625. Jón biskup Arason hafði gefið föður Jóns, séra Gottskálki í Glaumbæ, Krossnes árið 1530. Misskilningur séra Sveins stafar af því, að í Bréfabók Guðbrands Þorlákssonar biskups er bréf til Jóns Gottskálkssonar skrifað veturinn 1613, og er hann kallaður þar prestur í Eyrarsveit. Það er hins vegar ljóst, að Jón Gottskálksson var sviptur hempunni árið 1604 og gegndi ekki prestsskap eftir það, heldur bjó í Krossnesi til dauðadags. Á þessum árum var Skafti Loftsson prestur á Setbergi, og því var ekki um annan prest að ræða þar á þessum tíma.²⁵

Næstur varð prestur á Setbergi séra Vigfús Illugason. Foreldrar hans voru Illugi Vigfússon, lögréttumaður á Kalastöðum, og kona hans Sesselja Árnadóttir prests í Holti undir Eyjafjöllum Gíslasonar. Séra Vigfús var orðinn prestur í febrúar 1624, þá kirkjuprestur í Skálholti. Hann fékk Setberg árið 1630 (fremur en 1629) og hélt til æviloka 1669. Kona hans var Bergljót, dóttir séra Lofts Skaftasonar. Þau áttu fimm börn, og meðal þeirra voru séra Illugi á Setbergi og Hallur, stúdent á Spjör í Eyrarsveit, sem stundaði nám við háskólana í Kaupmannahöfn og Wittenberg.²⁶

Þegar séra Vigfús Illugason lést árið 1669, varð Illugi, sonur hans, prestur á Setbergi. Hann varð stúdent frá Skálholtsskóla 1658, fór utan sama ár og fékk þá mjög lofsamleg ummæli frá Brynjólfi Sveinssyni biskupi. Hann var skráður í stúdentatölu í háskólann í Kaupmannahöfn í apríl 1659 og kom aftur til landsins 1660. Hann vígðist 19. október 1662 aðstoðarprestur föður síns og fékk Setberg eftir lát hans og hélt til æviloka 1693. Hann var „fallega að sér og gáfumaður,“ en hneigðist mjög til drykkju á efri árum. Seinast gaf hann upp hálf prestakallið við séra Árna Ámundason, aðstoðarprest sinn. Þegar séra Illugi lést árið 1693, höfðu séra Skafti Loftsson og niðjar hans haldið Setberg í 122 ár. Séra Illugi var tvíkvæntur og átti eina dóttur með fyrri konu sinni, en hún dó barnlaus skömmu eftir lát föður síns. Fyrri kona hans var Ástríður Hannesdóttir í Snóksdal Eggertssonar.²⁷

Séra Árni Ámundason var fæddur um 1650. Foreldrar hans voru Ámundi lögréttumaður og klausturhaldari í Ytri-Skógum undir Eyjafjöllum Þormóðsson og kona hans Solveig Árnadóttir frá Saurbæ á Kjalarnesi Eyjólfsssonar. Þegar Árni hafði lokið skólanámi, gekk hann í þjónustu séra Björns Snæbjörns-

Setberg

Anno 1676 14 Septembris Et krossmessu
 ríalpa, Visítasíu kirkjuskjala ad Setbergz & stjansúeít
 Ám á brúmalind allt þalfan þrasar ríka í Bráda
 vísí vud þnarar þlí, þerðýsarstade Lonsþýed m^t.
 í Spíer íx^t l. xx anar tíde l. s^t. Ám ríalind lxxx
 alnar. Þinn l. s^t sínería l. ll almím km l. x an^t
 fíx. afader l. móre ítm á þlíu m. l. h. á. á. á. á.
 Í þríu Malugtu. l. g. íll. l. xxx halft þuokt í
 gíaldmí vándmím. í þellmí káutím. í. Rísta
 þía og eina þrsta moker. í lísþegmím og álþrjogmím
 í. Éma þng í. v. á. gíld. Ítta allt til í vor þlíu
 og vándvístu Stádarballdarung. í flíga flíspíer
 Ínau þyrtí eim vándur þóllí. Írámmadur m. d.
 blómí þrste stíu og lýt þarelg. noma þrstmí kílím
 Áíar þíeg. v. m. d. vándmí þrste stíu þo þarelg.
 Þríde af blómíu flágrí síu. í. adn. skríf. af Þrípp
 m. d. blán þeðre og þrste af Þríll og gylf. þríppíngím
 m. íngím. Ríð. l. l. y. l. v. e. þo l. r. í. l. l. e. g. t. Á. n. a. d. í. p.
 vel þarelg. Á. l. t. a. r. í. s. t. l. a. r. í. l. l. e. t. m. d. v. á. n. d. m. l. e. s. t.
 J. Á. n. n.

Upphaf á vísítasíu Setbergskirkju 14. september 1676.

sonar á Staðastað. Síðla árs 1673 átti séra Árni barn með dóttur hans, Þorbjörgu eldri, og kvæntist henni skömmu síðar, en prestastefna á Þingvöllum 1676 leyfði honum að takast á hendur kennimannsstöðu. Vígðist hann aðstoðarprestur tengdafiður síns 22. júlí 1676 og gegndi því starfi til þess, er séra Björn

andaðist 1679, og síðan prestakallinu að öllu leyti til næsta árs. Séra Árni bjó síðan embættislaus nokkur ár í Syðri-Tungu í Staðarsveit. Hann fékk vonarbréf fyrir Setbergi 8. apríl 1682 og fluttist þangað aðstoðarprestur árið 1689 en tók að öllu leyti við prestakallinu við lát fyrirrennara síns 1693 og var þar til dauðadags árið 1700. Börn hans og Þorbjargar voru sex, en þau, sem upp komust, dóu barnlaus í stórubólu árið 1707, svo að ekkert manna er af þeim komið.²⁸

Eftirmaður séra Árna á Setbergi var séra Steinn Jónsson. Hann var fæddur 30. ágúst 1660. Foreldrar hans voru séra Jón skáld Þorgeirsson á Hjaltabakka og kona hans Guðrún Steingrímsdóttir. Steinn var tekinn í Hólaskóla 1678, varð stúdent 1683 og var síðan í þjónustu Sólveigar Magnúsdóttur (lögmanns Björnssonar) að Hólum í Eyjafirði. Hann fór utan árið 1686 og var skráður í stúdentatölu við háskólann í Kaupmannahöfn 7. september sama ár. Hann lauk guðfræðiprófi og kom aftur til landsins árið 1688. Séra Steinn varð þá millibilsprestur í Hítardal, kirkjuprestur í Skálholti 1692 og fékk Hítarnes árið eftir. Meðan hann var þar, fékk hann vonarbréf fyrir Setbergi (dagsett 3. maí 1698) eftir séra Árna Ámundason, sem lést á öndverðu árinu 1700. Fluttist þá séra Steinn í þeim fardögum fyrst að Kverná í Eyrarsveit, meðan stóð náðarár ekkju séra Árna, en tók við Setbergsstað og settist á hann 1701.²⁹

Árið 1710 lést Björn Þorleifsson Hólabiskup, og hugsuðu þá ýmsir sér til hreyfings, sem munaði í biskupsembættið. Ekki var þó hlaupið að því að komast til Kaupmannahafnar, því að um þetta leyti geisaði stríð milli Dana og Svía. Þess vegna gat brugðið til beggja vona um það, hvernig ferðalöngum reiddi af. Séra Steinn lét þetta þó ekki aftra sér og hélt utan sumarið 1710 með Ólafsvíkurskipi. Meðal þeirra, sem höfðu hug á biskupsembættinu en treystu sér ekki til að sigla utan, var Þórður Jónsson, prófastur á Kvennabrekku í Miðdölum, eins og kom fram í bréfi hans til Árna Magnússonar handritasafnara, sem dagsett er 26. ágúst 1710:

„Ólafsvíkurskip siglir á þessum dögum og séra Steinn á Setbergi þar á. Hvört hans erindi sé, mun hægt til að geta. Brjóstheilan kalla menn hann vera á þessari tíð ... Hefði tilstandið verið friðsamlegra, mundu fleiri hafa hugsað til sama, en ég syng með hinum gamla tragico: Stet qui quonque volet potens etc.“³⁰

Af bréfi þessu er ljóst, að séra Þórður hafði hug á biskupsembættinu, en hann treysti sér ekki til Kaupmannahafnar vegna stríðsins. Hann sótti hins vegar skriflega um embættið til konungs, og velunnarar hans í Kaupmanna-



Steinn Jónsson.

bíblunnar á Hólum árið 1728. Er sú útgáfa jafnan nefnd Steinsbíblía. Sálmar eftir hann eru í sálmaþókum og kvæði í Íslenskar gátur og skemmtanir. Þess má og geta, að í kvæðasafni í handriti einu úr fórum Jóns Sigurðssonar forseta segir afdráttarlaust, að séra Steinn sé höfundur hinnar alkunnu stöku „Hani, krummi, hundur, svín ...“*

* Í öðru kvæðasafni, JS. 475, 8vo, er þessi vísa einnig, og við hana stendur: „Eg hygg Jóns Steinssonar biskups, en veit þó ei víst.“ Í Blöndu III, bls. 294 segir Hannes Þorsteinsson Þjóðskjalavörður frá því, að séra Gunnar Pálsson hafi eignað Jóni Steinssyni Bergmann þennan húsgang, en sumir eignu vísunu Páli Vídalín eða Jóni Sigurðssyni Dalaskáldi. Bogi Benediktsson segir í Sýslumannaæfum, III, bls. 202, að þeim Páli Vídalín lögmanni og Jóni Sigurðssyni Dalaskáldi sé báðum eignuð þessi vísa, og hafi Páll kastað fram fyrri partinum en Jón botnað.

höfn reyndu að bera mál hans fram við yfirvöld. Af séra Steini er það hins vegar að segja, að hann komst til Noregs með Ólafsvíkurskipinu og þaðan um veturinn til Kaupmannahafnar. Fór svo, að séra Steinn varð hlutskarpari og hlaut biskupsembættið á Hólum 25. maí 1711 og var vígður til biskups 31. maí. Hann kom til landsins í ágúst sama ár á Stykkishólmskipi. Um haustið reið hann norður til Hóla til að setja skólann þar en sat á Setbergi um veturinn og tók við Hólastað árið 1712 og hélt til dauðadags 1739. Séra Steinn var vel gefinn maður og skáldmæltur, einnig á latínu, valmenni en ekki mikill skörungur. Eftir hann eru prentaðar nokkrar bækur, og hann sá um prentun

Eiginkona séra Steins var Valgerður Jónsdóttir prests á Staðarhrauni Guðmundssonar. Eignuðust þau fimm börn, sem upp komust. Kunnast þeirra var Jón Steinsson Bergmann (ættarnafnið Bergmann, sem Jón Steinsson tók sér, er dregið af Setbergi), sem lagði um skeið stund á læknisfræði við háskólann í Kaupmannahöfn. Miklar sögur fóru af lækningum Jóns á Hólum, og var sumum lækningatilaunum hans jafnað við kraftaverk. Var það m.a. haft fyrir satt, að Jón hefði ásamt föðurbróður sínum tekið bóg af svörtum sauð og grætt við hvítan og öfugt. Þá átti hann að hafa gert holskurð á kind með lambi, náð úr henni lambinu og tekist svo vel, að skepnan varð alheil á eftir. Varðveist hefur lækningakver eftir Jón, þar sem getið er fjölmargra lækningadóma. Æviágrip hans er í Læknatali. Meðal afkomenda Jóns Steinssonar var Jón Árnason þjóðsagnasafnari. Af öðrum afkomendum Steins biskups má nefna Geir Vídalín biskup.³¹



Jón Steinsson Bergmann.

Prestar á Setbergi 1711–1748 Smíði Setbergskirkju 1747

Nú var Setbergsprestakall laust, og reyndust ekki færri en þrír hafa áhuga á að hreppa það, enda var Setberg sjöunda tekjuhæsta prestakall landsins og því eftir miklu að slægjast. Af bréfi J. Mathesius kansallísekreters til Árna Magnús-

sonar 23. júlí 1712 er ljóst, að handritasafnarinn hafði beðið sekreterann að beita áhrifum sínum til þess að bróðursonur Árna, Snorri Jónsson prestur, fengi Setberg. Að því var þó ekki hlaupið, því að annar kansellísekreter, Reitzer að nafni, sem hafði meiri áhrif í kansellíinu en Mathesius, hélt fram Þorleifi Halldórssyni. Þó fór svo, að hvorugur þeirra Snorra eða Þorleifs hreppti hnossið, heldur hlaut það Jón Björnsson, sóknarprestur í Nespingum, hinn 19. júní 1711. Árni Magnússon hafði ekki haft fréttir af þessu, þegar hann skrifaði Mathesius bréf 27. september 1711 og bað hann stuðla að því, að Snorri Jónsson fengi brauðið. Mathesius hafði ekki hugmynd um, með hvaða hætti Jón Björnsson fékk Setberg eða hverjir studdu að því, en þó var að hans sögn Jens Lassen kaupmaður í Stykkishólmi eitthvað viðriðinn málið.³²

Séra Jón Björnsson var fæddur um 1666. Foreldrar hans voru séra Björn Jónsson á Hvanneyri og síðari kona hans, Þórey Bjarnadóttir prests á Þönglabakka Jónssonar. Hann varð prestur í Nespingum árið 1693 og bjó á Þæfusteini. Árið 1711 fékk séra Jón veitingu Odds Sigurðssonar lögmanns fyrir Setbergi, en Jón Vídalín biskup bannaði að afhenda honum staðinn og endurnýjaði það bann haustið 1712, fyrr en konungsveiting væri komin. Samkvæmt því hefur séra Jón ekki tekið við Setbergi fyrr en 1713, en það ár var veitingarbréf hans fyrir Setbergi lesið upp á Alþingi. Séra Jón óhlýðnaðist boði prófasts 26. október 1713 um að vera við afhendingu Þæfusteins til eftirmanns síns og fékk ákúru fyrir frá biskupi, sem boðaði hann til prestastefnu á Alþingi 1714. Óvíst er, að séra Jón hafi sinnt því, enda var hann í skjóli Odds lögmanns, og víst er, að hann hélt Setberg til æviloka 1726. Kona hans var Valgerður Pálsdóttir prests á Mel Jónssonar. Þau voru barnlaus.³³

Eftirmaður séra Jóns Björnssonar á Setbergi var séra Jón Magnússon, bróðursonur Árna Magnússonar. Hann var fæddur um 1700. Foreldrar hans voru séra Magnús Magnússon í Hvammi í Hvammssveit og kona hans, Sigríður Jónsdóttir í Víðidalstungu Þorlákssonar. Séra Jón stundaði nám í Skálholts-skóla og hefur líklega orðið stúdent þaðan. Vorið 1722 fór hann í þjónustu Odds Sigurðssonar lögmanns en sama sumar í þjónustu Jóns Árnasonar, biskups í Skálholti. Veturinn 1725–26 var hann heyrari (þ.e. kennari) í Skálholti, vígðist 28. apríl 1726 aðstoðarprestur séra Jóns Björnssonar á Setbergi og fékk Setberg 27. desember sama ár eftir lát séra Jóns. Í bréfi Bjarna Halldórssonar sýslumanns á Þingeyrum, sem er dagsett 6. október 1728, kemur fram, að Árni

hafði hönd í bagga með, að bróðursonur hans fékk Setberg. Í bréfi sýslumannsins segir á þessa leið: „Minn herra! Það fór eftir gátu minni, hversu þér reyndust frænda yðar séra Jóni Magnússyni að síðustu í því að stoða hann til Setbergs.“³⁴

Sama ár og Jón Magnússon var vígður aðstoðarprestur séra Jóns Björns-sonar, gekk hann að eiga Önnu Margræti Hansdóttur, danska eldabusku í Skálholti, sem hafði komið með Jóni Árnasyni biskupi frá Kaupmannahöfn, þegar hann tók vígslu þar árið 1722. Greinilegt er, að Árni Magnússon var lítt hrifinn af kvonfangi bróðursonar síns, eins og kemur fram í ævisögu Árna eftir Jón Ólafsson: „Sú kvongan líkaði Assessor Árna lítt eður yfir höfuð að segja, að íslenskir skyldu eignast danskt Kaupenhafnarkvenfólk og færa þangað inn í land með sér.“³⁵

Jón Magnússon og Anna Margræt Hansdóttir gengu í hjónaband 28. júlí 1726, en hinn 2. september sama ár skrifaði Jón Árnason biskup Árna Magnússyni bréf og lýsti eiginkonunni svo, „að hún væri skikkanleg í framferði, en engan veginn svo hvasssækin og framkvæmdarsöm í því að drífa íslenska búskaparhætti sem skyldi og hún hefir þörf fyrir hér í landi, en það getur vel verið hún taki sér stakkaskipti, þá hún sér, hvar hún er komin, því fínt höfuð hefur hún. Hitt þykir mér meira, að ég ætla séra Jón Magnússon muni ekki vera neinn merkilegur búskýslumaður.“ Að auki óttaðist biskup, að Jón Magnússon væri á Setbergi of nærri kaupstað til þess að það væri honum hollt. Einnig bað hann Árna Magnússon að útvega bróðursyni sínum veitingu fyrir prestakallinu. Eins og að framan greinir, gerði Árni það.

Varðveist hefur bréf, sem séra Jón Magnússon skrifaði Árna Magnússyni, föðurbróður sínum, 28. september 1729, og segir þar m.a. á þessa leið:

Ég sendi í fyrra með Hofsósskípi sem í sjóinn fór, nokkur kvenhár sem ég þá bað þig að láta gjöra úr paruqve (þ.e. hárkollu). Nú get ég ekki svo fljótt önnur aftur fengið, hef ég að sönnu útlifuð grey sem mér duga að brúka hvern dag (af því ég má aldrei án þeirra vera því ég er mikið sköllóttur), en hitt er leiðara, ég á ekkert sem skamlaust sé að brúka, svo sem til kirkju. Þar fyrir ef þú kannt að eiga eitthvert, sem þér er orðið óþéanlegt að brúka, því það þéanar mér samt nógu vel, þá gefðu mér það.³⁶

Sennilega ber að skilja ummæli Jóns Árnasonar Skálholtsbiskups þess efnis, að Jóni Magnússyni væri ekki hollt að vera nærri verslunarstað þannig, að honum

Séra Runólfur vígðist 7. maí 1739 aðstoðarprestur séra Jóns Magnússonar á Setbergi og bjó á Kverná. Hann fékk Setberg 23. apríl 1745 og gegndi þar prestskap til dauðadags 1748. Í skýrslum Harboes fékk hann góðan vitnisburð. Eiginkona séra Runólfs var Ragnheiður Sigurðardóttir sýslumanns á Hvítárvöllum Jónssonar. Áttu þau þrjú börn.³⁸

Þegar séra Runólfur Runólfsson tók við Setbergi árið 1746, var kirkjan þar að falli komin, og varð ekki lengur vikist undan því að reisa nýja kirkju. Reikningar Setbergskirkju frá þessum árum hafa varðveist, og veita þeir vitneskju um smíði nýju kirkjunnar. Undirbúningur hófst árið 1746, þegar maður var sendur til Stykkishólms til að panta timbur, eða eins og segir í reikningi kirkjunnar fyrir það ár: „Fyrir reisu með mann og tvo hesta til Stykkishólms að fá bestiltan viðinn til kirkjunnar = 30 álnir.“

Kirkjan var svo reist sumarið 1747, og skiptist reikningur vegna smíði hennar í fjóra hluta. Fyrst var um að ræða efniskaup, eða „Materiala til hennar nýju byggingar,“ eins og það var orðað í reikningnum. Þar voru þessir hlutir:

13 furubjálkar = 8[#]80 álnir.*

10^{1/2} tylft af gullandsborðum = 6[#]15 álnir.

2000 stykki af fjögurra tommu saumi.

200 stykki af fimm tommu saumi.

200 stykki af þriggja tommu saumi. Samtals 2400 st. = 2[#]30 álnir.

67 kramborð = 2[#]11 álnir.

4 tré = 67^{1/2} alin.

2 tunnur af tjöru = 1[#]55 álnir.

21 tréborð, sem æruverðugur séra Jón Magnússon eftirskildi til uppbotar þeirri gömlu kirkju. Fyrir utan það, sem útvegað varð ókeypis, var keypt fyrir 2 Rd. Specie = 60 álnir.

Ein tunna kola að gjöra að smíðatólunum og elda það lítið, sem brúkað varð aftur af gamla saumnum = 7^{1/2} alin.

Annar liður reikningsins nefnist „Yfirbyggingin sjálf.“ Þar voru þessir útgjalda-liðir:

* # = hundrað (þ.e. stórt hundrað, 120), 240 málfiska.

Alin = 2 fiskar. Fiskur (gildur fiskur) = hálf alin, 1/240 úr hundraði.

Vætt = 20 álnir, 40 fiskar.

Yfirsmiðsins kaup í 10 vikur 10 Rd. Specie = 2[#]60 álnir.

Undirsmiðsins [kaup] í sex vikur 6 Rd. Specie = 1[#]60 álnir.

Fæði þeirra beggja um greindan tíma = 2[#].

Yfirsmiðnum fyrir smíðatól og þeirra spjöll 2 Rd. = 60 álnir.

Þeim sem skar og makið gefin 1 vætt = 20 álnir.

Hans fæði í tvær vikur = 20 álnir.

Fjórir menn auk smiðanna að rífa gömlu kirkjuna. Hver með fæði = 24 álnir.

Þriðji liður reikningsins nefnist „Extraordinair kostnaður fyrir timbursins aðfærslu með víðara.“ Þar segir á þessa leið:

Með því timbrið var neðst í kaupskipinu undir Ólafsvíkurgóssinu, ætlaði skipherrann að láta flytja það út í Ólafsvík. En fyrir stóra eftirleitni lét hann rífa það bestillta kirkjunnar timbur upp úr skipinu með þeim skilmála, að grjót væri aftur flutt í barlestina þar fyrir. Til að fyrirkoma frekari kostnaði fluttu 8 menn frá hádegi til kvölds grjót á fjórum áttæringum í skipið. Hvers kaup með fæði 9 fiskar = 36 álnir.

Þeir sömu fluttu og um nóttina timbrið í land. Þessara fjögurra áminnstra skipaleiga = 20 álnir.

7 menn daginn eftir að leysa flatann [?]og koma timbrinu undan sjónum, 5 fiskar hver með fæði = 17¹/₂ alin.

2 menn urðu enn nú daginn eftir að flytja grjót í kaupskipið. Þeirra kaup og fæði = 12 álnir.

10 menn frá morgni til nóns að koma timbrinu úr fjöru upp að kirkjunni 8 fiskar hverjum með fæði = 40 álnir.

Reisa einasta gjörð til að útvega smiðinn, vel hálfá þingmannaleið áfram, með mann og tvo hesta = 15 álnir.

Smiðnum gefið fyrir sinn hest og annan undir smíðatólin 1 Rd. = 30 álnir.

Fjórði liður reikningsins nefnist „Extraordinair kostnaður fyrir grundvallarins bygging.“ Þar eru þessir liðir:

Undir þeirri gömlu kirkju var enginn gagnlegur grundvöllur, heldur var hún einasta sett á hallendan jarðveg. Varð því grundvöllur að nýju að gjörast af grjóti og moldin að upprífast til þess að hann ei fram hallaðist. Grjót er til hans þurfti er hér ei að fá nálægt, varð því allt á skipum að aðflytjast.

Af Kvíabryggju fluttu 8 menn grjót á 2 skipum. Hver 8 fiska = 32 álnir.

Fyrir skipin bæði 16 fiskar og fæði mannanna 12 fiskar = 14 álnir.

4 menn fluttu enn nú grjót úr Grafarnesi. Þeirra kaup og fæði = 16 álnir.

Fyrir hvort skipið 8 fiskar = 4 álnir.

8 menn færðu tvo áttæringfarma. Hver með fæði 8 fiska. Fyrir skipin bæði 16 fiskar = 40 álnir.

4 menn úr Lá með grjótfarm 8 fiska hver með fæði og 8 fiska fyrir skipið = 20 álnir.

4 menn með 4 hesta að flytja grjótið frá sjónum upp að kirkjunni. Hver maður 12 fiska með fæði og 4 fiska fyrir hvern hest = 32 álnir.

4 menn að hlaða grundvöllinn allan dag[inn] 12 fiska hver með fæði = 29 álnir.

4 menn heilan dag að bera mold úr grundvellinum og gjöra við grundvöllinn undir fótstykkinum 12 fiska hver með fæði = 29 álnir.

Fyrir mann og hest að senda út um sóknina að fá mennina til grjótfletningsins og að koma timbrinu að kirkjunni = 7 álnir.

2 menn að bika kirkjuna þá hún var fullbyggð = 12 álnir.

Beneficiarii (þ.e. staðarhaldara) sjálfs umhyggja og erfiði að koma öllu þessu til vegar stendur til kirkjunnar forsvarsmanna sanngjarnlegra atkvæða.

Þeim sem hringdi og þjónaði í messunni eftir venju gefnar 10 álnir.

Fyrir þvott messuklæðanna og að hirða kirkjuna = 15 álnir.

Samtals námu útgjöldin 32[#]40^{1/2} alin. Tekjur Setbergskirkju voru snöggtum minni árið 1747. Þær voru þessar:

Það sem kirkjan átti til góða frá næstfyrirfarandi ári = 1[#]54^{1/2} alin.

Heilir ljóstollar guldust kirkjunni það haust 59. Þar af teknir 10 til lýsingar hennar. Láta eftir 49 sem gjöra = 1[#]27 álnir.

Hálfir ditto 23 gjöra 34^{1/2} alin.

Fasteignartíund stendur fyrir víni og brauði.

Lausafjártíundir af 1[#]24[#] reiknast 43^{1/2} alin.

Heil legkaup það ár 5. Heil falla niður. Hálf gjöra 30 álnir.

Heil legkaup 6 reiknast til helminga = 18 álnir.

Það gamla timbur sem frá kirkjunni gekk eftir virðingu = 84 álnir.“

Samtals voru tekjur Setbergskirkju árið 1747 4[#]51^{1/2} alin.³⁹

Kirkjunni, sem var reist á Setbergi árið 1747, er lýst þannig í vísitasíu frá 6. september 1751:

Kirkjan í sjálfri sér er timburhús í 10 stafgólum með bindingsverk og skakkslám, að grindinni velsterk og skammbitum hið efra í hverju stafgólfi. Öll er hún undir einfaldri súð og slagþili einföldu umhverfis ítem vindskífum bak og fyrir. Vængjahurð er fyrir kirkjunni á tvennum járnum með skrá, lykli, koparhring, krók og keng vel sterkum. Fjalagólf er í kirkjunni í 6 stafgólum að innanverðu. Albikuð er kirkjan að utan og bekkir í kórnum ófóðraðir með bríkum við kórdir, hverjar eru með dyrastöfum og hálfþili. Norðan til er afþiljaður kvenstóll með hurðu á hjörum. Þar fram af eru 7 aðrir kvenstólar með bríkum og bakslám. Þar á meðal er skírnarvirki með hurðu á hjörum, fontu og himni yfir með sacrario af tini, en sunnanmegin er tvísettur langbekkur ófóðraður utar í gegn með krók-bekk við dyrnar. Ítem er þar lítillfjörlegur, gamall og lasinn hjónastóll. Á bakstafni kirkjunnar eru 2 glergluggar sinn hvorumegin altaris með 10 rúðum heilum, þriðji hjá predikunarstól með 4 rúðum stórum, fjórði norðan til á framkirkju með 16 rúðum og tvær af þeim lítið lappaðar.

Innanstokksmunum og gripum Setbergskirkju er lýst á þessa leið:

Ornamenta og utensilia eru þessi: Predikunarstóll mikið bilaður, en þó með olúfarfa, altari gamalt með innlæstri hurðu og gráðu fyrir framan, en yfir því er vængjabrík máluð velstór, önnur yfir kórdirum dálítil með vængjum. Til eru klukkur tvær litlar, heilar, önnur þeirra minni. Koparhjálmur er tveir í framkirkjunni. Annar þeirra er með 3 skálum og pípum, brotnar 4, en hinn annar með 5, vantar eina. Vantar enn nú eina klukku, sem umgetur í vísitasfunni 1694, sem þáverandi staðarhaldari tjáist ekki meðtekið hafa, og er ekki væntanlegt, að framar fást kunni. Til eru tvær kertapípur af kopar með 4 fótum, ítem tvær messingspípur pekklaðar. Ljósberi ónýtur er ekki skrifandi, en staðarhaldarinn, velæruverðugur prófasturinn síra Vigfús Erlendsson, vill tilleggja annan. Járnkall vænn og ljósasöx af járn. Til er hökull af blómuðu atlaski með ekta vírkrossi gylltum, fóðraður með hvítu stóralérefti, vænn þó mikið borinn. Annar af rauðu plussi með ekta vírkrossi, fóðraður með vesturfara. Þriðji ditto af þrykktu stóralérefti gamall með vírkrossi, fóðraður með vesturfara. Rikkilín af kattúni vænt og vel sæmilegt, annað af sterku lérefti heilt, þriðja gamalt er úr fallið. Altarisklæði af rauðu plussi með gulltrekki og galúnum að neðan, annað ditto af þrykktu kattúni gamalt og borið, nú brúkað fyrir altarisdúk, þriðja af hvítum tvinnadúk gamalt og bætt. Altarisdúkur af þrykktu lérefti með brún af blómuðu atlaski og óekta vírborða að neðan. Annar ditto af smáum lérefti með altarisbrún

minni kaleikur af sama, einnig gylltur í kúpunni. Þriðji minnstur sóknarkaleikur og patína af silfri. Corporale tvíbirgt af silkidamaski með gylltum stykkjum, annað af blómuðu silki, gamalt, fódrað með bláu lérefti. Þriðja af lifrauðum dúk, fódrað með sirsi. Grallari, guðspjallabók og baksturjárn, en skrudakistuna vantar. Kirkjuskjölin, sem um getur í vísitasífunni sáluga biskups Árnasonar 1724 eru til í kirkjunni, að tölu 31, hver velrigtaður Staðarhaldarinn lofar að láta innskrifa í eina vísa bók með hentugleikum. Portionsreikningana í þessa staðarhaldara tíð fyrir næstliðið ár ber kirkjubókin eftir sér, þar hann er hingað nýkominn, en hann hefur í áformi að tilleggja kirkjunni það, sem hann sér hún meðþarf, svo sem þil innvortis og predikunarstól, hvern hann hefur nú í ár bestillt, samt halda upp á kirkjuna vel og sómasamlega í allan máta eftir mögulegheitum. Item vill hann láta upphlaða suðurstykki kirkjugarðsins, sem helst sýnist bröstfeldugur, en vestan megin er garðinn mikið torvelt að reparera vegna lækjarins, sem fordjarfar undirstöðuna.⁴⁰

Prestar á Setbergi 1748–1816

Að séra Runólfi Runólfssyni látnum varð prestur á Setbergi séra Vigfús Erlendsson. Hann var fæddur um 1716. Foreldrar hans voru Erlendur Jónsson, stúdent á Stórólfshevoli, og kona hans Ingibjörg Sigurðardóttir lögmanns Björnssonar. Hann var tekinn í Skálholtsskóla árið 1733 og varð stúdent 1737. Síðan var hann í þjónustu Bjarna Halldórssonar sýslumanns á Þingeyrum. Séra Vigfús vígðist árið 1740 kirkjuprestur í Skálholti, varð prófastur í Árnesþingi 1744 og fékk Setberg um áramótin 1748–1749 (konungsstaðfesting 26. desember 1749). Hann varð prófastur í Snæfellsnessýslu 31. júlí 1754 og gegndi því starfi til æviloka, 1781. Séra Vigfús fékk góðan vitnisburð í skýrslum Harboes, enda vel gefinn og mikils metinn. T.d. var hann árið 1754 talinn meðal hæfilegra biskupsefna í Hólabiskupsdæmi. Hann var jafnan heilsuveill. Eftir séra Vigfús er prentað þetta: Útfararminning Jóns biskups Árnasonar, Hólum 1748, og Píslarþankar, Hólum 1773 og 1779, en þar var um að ræða útleggingu á Passúsálmum Hallgríms Péturssonar í lausu máli. Kona séra Vigfúsar var Þóra Sigurðardóttir (d. 1772) sýslumanns á Hvítárvöllum Jónssonar. Þau voru barnlaus.⁴¹

Aðstoðarprestur séra Vigfúsar Erlendssonar var séra Erlendur Hannesson. Hann var fæddur um 1740. Foreldrar hans voru Hannes Vigfússon að Hofi á

Þingildana aðskilddi, og því hvíluast þingildana
 með Þingildunum til Gufudals. Þingildana á Þing.
 Tomil og fann þá Þingildana og Gufudals skilning.
 „ana yfir haf, þá landfylla þá er af þá Gufudals
 og Þingildunum nigan skilning uppáskilning.
 Þá skilning er undirskilning nafn og þá skilning þingildana
 Setberge
 af 17. ágúst 1761 Vigfús Erlendsson

Rithönd séra Vigfúsar Erlendssonar. Bréfið er dagsett á Setbergi 17. ágúst 1761.

Kjalarnesi og fyrri kona hans Helga Sigurðardóttir eldra sýslumanns í Árnes-
 þingi Sigurðssonar. Hann ólst upp hjá frændum sínum, séra Vigfúsi og Torfa
 Erlendssonum. Hann var tekinn í Skálholtsskóla árið 1759 og varð stúdent
 þaðan 1764. Séra Erlendur vígðist 3. júlí 1769 aðstoðarprestur séra Vigfúsar
 Erlendssonar á Setbergi og gegndi prestsverkum eftir lát hans 1781–1782. Hann
 bjó á Grund í Eyrarsveit. Séra Erlendur fékk Kvinnabrekku 23. apríl 1783 og
 Gufudal í skiptum við séra Magnús Einarsson 2. apríl 1790. Hann gegndi þó
 prestsverkum að Kvinnabrekku til 1791, enda þóttist hann blekktur í skipt-
 unum. Hann sagði af sér prestskap árið 1806 og bjó síðan á Hofstöðum í Gufu-
 dalssveit til 1812, en fluttist þá að Stað á Reykjanesi og andaðist þar 12. desem-
 ber 1813, þá talinn 74 ára. Hann var mikill maður vexti og skörulegur, rammur
 að afli, stilltur maður og ráðsettur, búmaður góður og ræðumaður en ekki
 mikill raddmaður og hagarður nokkuð. Séra Erlendur var tvíkvæntur. Fyrri
 kona hans var Hólmfríður Runólfsdóttir prests á Setbergi Runólfssonar. Þau
 áttu þrjú börn. Seinni kona hans var Jarþrúður Ólafsdóttir prests að Ballará, og
 áttu þau einn son.⁴²

Jon Þorðarson úr Stólbeinskæða Lapp Rom 12^{da} Stns
 Helge Jónson frá Neskrepp - - - - 38^{da} Guld.
 Jon Guðmundsson úr Eyraarveit - - - - 6^{da} Gbris
 Sá Sviga nafnir bóklaulari - - - - 19^{da} Aprilis
 En er þú viðkomandi þessara þessara þessara þessara þessara
 In elgude þess þessara þessara útgáfunna þessara
 og þessara þessara þessara þessara þessara þessara
 Þatim Grund og 1^{da} Júlí 1782.
 Erlendi Hannesson

Rithönd séra Erlends Hannessonar á bréfi, sem er dagsett 1. júlí 1782 á Grund.

Af séra Erlendi Hannessyni tók við Setbergi séra Björn Halldórsson, sem kunnur hefur orðið af jarðræktarframkvæmdum sínum í Sauðlauksdal, enda löngum kenndur við þann stað. Hann var fæddur 5. desember 1724. Foreldrar hans voru séra Halldór Einarsson, sem síðast var á Stað í Steingrímsfirði, og kona hans Sigríður Jónsdóttir prests eldra á Gilsbakka Eyjólfsssonar. Björn lærði undir skóla hjá föður sínum. Hann var tekinn í Skálholtsskóla 1739 og varð stúdent 1745. Árið 1746 varð hann skrifari hjá Ólafi Árnasyni, sýslumanni í Haga, en vígðist 12. október 1749 aðstoðarprestur séra Þorvarðs Magnússonar í Sauðlauksdal. Þar eð hinn fyrri aðstoðarprestur séra Þorvarðs, séra Eggert Ormsson, sem fengið hafði Selárdal, bjó þá enn í Bæ á Rauðasandi, samdist svo með þeim, að séra Björn skyldi þjóna Selárdalsprestakalli þann vetur. Næsta vor fluttist hann að Bæ, en eftir lát séra Þorvarðs fékk hann Sauðlauksdal árið 1752 og fluttist þangað árið eftir. Hann var prófastur í Barðastrandarsýslu 1756–1781. Séra Björn vísiteraði alla Barðastrandarsýslu árið 1775 í umboði Finns Jónssonar biskups. Hann gerðist umsýslumaður mikill og varð nafnkunnur af garðrækt og annarri jarðyrkju, enda fékk hann fyrstur manna héraendis árið 1756 verðlaunapening frá konungi og varð bréfafélagi danska landbúnaðarfélagsins.

Þó að séra Björn Halldórsson væri mikill áhugamaður um verklegar framkvæmdir, eins og kom glöggt fram í framkvæmdum hans í Sauðlauksdal, hafði hann einnig mikinn áhuga á vísindaiðkunum, og jókst þessi áhugi hans, þegar aldur færðist yfir. Þess vegna vildi hann fá umsvifaminna prestakall til þess að fá betra næði til ritstarfa. Í því skyni sótti hann árið 1779 til konungs um vonarbréf fyrir Setbergi, þegar séra Vigfús Erlendsson prófastur félli frá. Finnur Jónsson biskup gaf séra Birni ágæt meðmæli, kvað hann einhvern hinn virðulegasta klerk í Skálholtsbiskupsdæmi, lærðan og vandaðan í hegðan allri og því elskaðan og virtan af öllum. Séra Björn fékk þó ekki vonarbréf fyrir Setbergi, því að þá var alveg hætt að gefa út slík bréf. Það kom ekki að sök, því að kansallífið leyfði Thodal stiftamtmani að veita séra Birni Setberg, þegar það losnaði. Það gerði hann 14. september 1781, þegar eftir fráfall séra Vigfúsar þá um sumarið (20. ágúst).

Sumarið 1782 hélt séra Björn sjóleiðis með fjölskyldu sína til Grundarfjarðar að Setbergi eftir 32 ára prestsþjónustu í Sauðlauksdalsprestakalli og 29 ára búskap í Sauðlauksdal. Hann hefur vafalaust kvatt Sauðlauksdal og verk sín þar með döprum huga eftir jafnlanga dvöl. Var hann 58 ára, þegar hann fluttist þaðan. Síðasta fardagaárið, sem hann var í Sauðlauksdal (1781–1782), voru þar 21 manns í heimili, og fóru 12 þeirra að Setbergi, þ.e. auk hjónanna Ólafur Gunnlaugsson, tengdafaðir séra Björns, 94 ára að aldri, tveir fóstursynir, Jón Guðmundsson og Gunnlaugur Guðbrandsson,* tvær fósturdætur, Þóra Guðbrandsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir, tveir vinnumenn, ein þjónustustúlka og ein vinnukona með barni sínu, en alls voru 20 manns á heimili séra Björns fyrsta árið, sem hann var á Setbergi, 1782–1783.

Séra Björn Halldórsson tók við Setbergi 20. júní 1782 úr hendi erfingja séra Vigfúsar Erlendssonar. Híbýlum þar var mjög á annan veg háttað en verið hafði í Sauðlauksdal og allt fremur ömurlegt aðkomu og óvistlegt. Þó að séra Björn væri mjög farinn að hneigjast til vísindaiðkana, var hann samt sem áður ekki orðinn afhuga matjurtarækt, því að hann spurði sérstaklega um það, þegar hann tók við Setbergi, hvort ekki fylgdi kálgarður staðnum, eða eins og segir orðrétt í afhendingargerðinni: „Prófasturinn séra Björn spyr eftir, hvort

* Gunnlaugur Guðbrandsson, sem síðar var sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu og kammerráð að nafnbót, d. 1834, tók sér ættarnafnið Briem eftir Brjánslæk á Barðaströnd, og er Briemsættin komin frá honum.

kálgarður fylgi ekki þessu beneficio, sem hann meinar því fylgja eigi, en svo sem hann ekki existerar, þá eftirgefur hann þá prætension.“ Séra Björn lét þegar um haustið hefjast handa um endurbót staðarins og gera matjurtagarð, sem þar hafði ekki verið áður. Á næstu þremur árum lét hann reisa að nýju flest hús á staðnum og leggja nýtt þak á kirkjuna ásamt annarri viðgerð á henni.

Sumarið 1784 veiktist séra Björn alvarlega og elnaði honum sóttin með haustinu. Fylgdi þessu svo hraðfara sjóndepra, að hann varð varla bókskyggn um veturnætur. Urðu svo mikil brögð að sjúkleik hans, að hann mátti ekki úr rekkju rísa. Þegar leið að jólum, var hann talinn dauðvona, en um jólin snerist sóttarfar hans til batnaðar og tók smám saman að rétta við úr því, en sjónina hafði hann þó algerlega misst. Að öðru leyti komst hann aftur til góðrar heilsu.

Hinn 10. mars 1786 ritaði séra Björn Levetzow stiftamtmani bréf og sagði Setbergi lausu frá næstu fardögum, en þó því aðeins, að séra Björn Þorgrímsson prófastur í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd fengi brauðið. Þau voru systkinabörn séra Björn Þorgrímsson og Rannveig Ólafsdóttir, kona Björns Halldórssonar. Tók séra Björn Halldórsson það skýrt fram í uppsagnarbréfi sínu, að ef stiftamtmani þóknaðist ekki að veita séra Birni Þorgrímssyni prestakallið, skyldi uppsögnin teljast ógild, því að hann sagðist ekki sleppa kalli sínu og lífsviðurværi í hendur nokkurs annars manns en þessa nafna síns. Athyglisvert er, hve séra Björn var ákveðinn við stiftamtmann og setti honum beinlínis stólinn fyrir dyrnar. Mun hann annars hafa ætlað að taka sér aðstoðarprest, ef þessum vilja hans fengist ekki framgengt, eins og kemur reyndar fram í vottorði, sem séra Sigurður Stefánsson á Helgafelli gaf séra Birni samkvæmt beiðni hans 27. febrúar 1786:

Eftir begæring hr. prófastsins síra Björns Halldórssonar á Setbergi atterast hér með, að síðan hann um fardagaleyti ársins 1782 kom hingað í sýslu, hefur hans forhold svo verið á sig komið sem bæði einum vel reyndum góðum húshaldara og líka árvökrum guðsmanni vel sómir. Nú fer hans heilsu svo hnignandi, einkum hvað sjóninni viðvíkur, að hann er ekki einfær til að gegna öllum prestsverkum í sér tiltrúaðri sókn, og er því þurfinn fyrir einn meðþénara í embættinu.

Levetzow stiftamtmaður varð við ósk séra Björns og veitti séra Birni Þorgrímssyni Setberg 25. apríl sama ár. Hafði hann áður gengið að uppgjafaskilmálum nafna síns, sem voru þeir, að uppgjafapresturinn (séra Björn Halldórsson) hefði

Þiðan Alþingis Einn í fyrsta lagi 2 Marsapílun kom
 í á Hallbjarnarneyrar hópitali í haust ári
 Sigurdan Ólafson, sem með 10 Aprílís frá 10 og
 þ. Olaf Ólafsdóttur frá 25 Júní þar
 kom og þ. í haust Björg. Svíladóttur frá Set-
 berge á þeim Einn sem hópitali haldan-
 ans Prevers fyrri frá 10 Ellagi í hóp-
 talidí fyrir
 Setberge 5 Júlí 1785
 Björn Halldórson

Rithönd séra Björns Halldórssonar. Bréfið er dagsett á Setbergi 5. júlí 1785.

Ókeypis ábúð á þriðjungi prestssetursins og nyti árlega hálfra tekna presta-
 kallsins óskertra, en séra Björn Þorgrímsson skyldi taka við allri ábyrgð staðar
 og kirkju með allri innstæðu í næstu fardögum. Hinn 7. og 8. ágúst sumarið
 1786 afhenti séra Björn Halldórsson nafna sínum stað og kirkju með öllu, sem
 fylgja átti. Varð hann þá að handsala nafn sitt undir afhendingargerðina, því að
 hann var þá orðinn alblindur. Var hann þá á 62. aldursári. Þetta sumar var séra
 Jón Steingrímsson, eldklerkur á Prestbakka, staddur á Setbergi í kvonbænafor
 sinni þangað, og getur hann þess í ævisögu sinni, að hann hafi hlýtt þar messu,
 þegar séra Björn kvaddi söfnuðinn. Að sögn séra Jóns var ræða sú, sem séra
 Björn flutti við það tækifæri „ypparleg og gegnumþrengjandi.“ Annað bar
 einnig til tíðinda á Setbergi þennan dag að sögn séra Jóns: „Hollenzkir og
 Flandrar voru og þar til að grafa einn sinn landa. Mátti þar sjá nýja siði.“
 Messan var haldin 20. ágúst 1786, og að henni lokinni var jarðsunginn Þor-
 steinn Jónsson frá Vatnabúðum, átta daga gamall.

Haustið 1787 hélt séra Björn Halldórsson utan til að leita sér lækninga við
 sjónleysinu. Fékk hann þá ágætt vottorð hjá Hannesi Finnssyni biskupi, dag-
 sett 9. ágúst 1787. Segir þar, að séra Björn hafi verið fyrirmynd í siðprúðu lífverni

og sýnt óþreytandi starfsemi í embættisrekstri, lærdómi og hússtjórn, sérstaklega í búnaðarframkvæmdum og endurbótum á prestssetrum sínum, og með bókagerð aflað sér loflegs sætis meðal lærðra manna og aukið þekkingu meðal almennings, enda fengið opinbera viðurkenningu fyrir starfsemi sína. Lauk biskup ummælum sínum með því að segja, að séra Björn væri þrýði stéttar sinnar. Naumast er hægt að komast lofsamlegrar að orði en biskup gerði, og sýnir þetta, að hann hafði ekki lakara álit á séra Birni en faðir hans, eins og fyrr er getið.

Hinn 25. september 1787 lét séra Björn í haf frá Grundarfirði á skipi („húkkortu“), sem hét *Bessestæd* og var í eigu konungsverslunarinnar síðari. Varð séra Björn vel reiðfara til Kaupmannahafnar og kom þangað 20. október. Lýsir það furðu miklum kjarki hjá öldruðum manni og alblindum að takast á hendur svo langa sjóferð undir haustnætur. Hann dvaldist í Kaupmannahöfn veturinn 1787–1788 og leitaði margra lækna, en allar lækningatílaunir þeirra voru árangurslausar. Vorið 1788 hélt séra Björn aftur heim til Íslands, og veitti konungur honum 60 ríkisdali í árleg eftirlaun í viðurkenningarskyni fyrir alla starfsemi hans, en þegar heim kom, gaf hann séra Birni Þorgrímssyni helming þess, a.m.k. í það sinn.

Hin síðustu ár ævi sinnar lifði séra Björn í kyrrð og næði á Setbergi við allgóða heilsu oftast nær. Var það hin mesta ánægja hans í sjónleysinu að ræða við lærða menn um ýmis lærdómsefni og láta lesa fyrir sig ýmiss konar fræðibækur, oftast nær á hverjum degi ákveðinn tíma. Gerði það oftast Ólafur Einarsson stúdent, bróðir Ísleifs etasráðs og uppeldissonur séra Björns Þorgrímssonar. Kvæntist hann árið 1792 Þóru Guðbrandsdóttur, uppeldisdóttur gömlu hjónanna, sem þau unnu mest allra fósturbarna sinna, og munu þau hafa arfleitt hana að mestum hluta eigna sinna. Sumarið 1794 varð séra Björn snögglega sjúkur, og leiddi sú sótt hann til bana eftir fáa daga, sunnudaginn 24. ágúst um sólsetur, og skorti hann þá rúma þrjá mánuði á full 70 ár. Hann var greftraður í framkirkju á Setbergi 28 s.m. Séra Björn Halldórsson var þrýðilega skáldmæltur og ritfær í besta lagi. Liggur eftir hann töluvert í prentuðu máli, og ber þar hæst íslenska orðabók yfir gamla og nýja málið með latneskum þýðingum, sem hann hóf að vinna að árið 1770 og lauk við á Setbergi árið 1785. Kom orðabók þessi út í tveimur bindum í Kaupmannahöfn árið 1814. Þá má nefna eftir séra Björn Matjurtabókina og Grasnytjar.

skóla 1765 og varð stúdent þaðan 1768. Hann var síðan skrifari hjá Magnúsi Ólafssyni varalögmanni, því næst hjá Thodal stiftamtmanni, til þess er hann vígðist 25. september 1774 aðstoðarprestur séra Þorvarðs Auðunssonar í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, og var honum veitt prestakallið eftir hann 10. júní 1775. Séra Björn varð prófastur í Borgarfjarðarsýslu 30. júní 1783 og fékk Setberg 25. apríl 1786. Hann kom þangað 22. júlí sama ár sjóleiðis með duggu, var settur í prestakallið 6. ágúst og tók við stað og kirkju daginn eftir. Þmislegt var með öðrum brag í Eyrarsveit en séra Björn hafði átt að venjast í Saurbæ. Var ekki laust við að honum brygði í brún, þegar hann fór að kynna sóknarbornum sínum og aðstæðum í prestakallinu, eins og kemur fram í bréfi, sem hann skrifaði Hannesi Finnssyni biskupi 26. september 1786:

Sannlega þykist ég hafa fengið safnaðaskipti, og mjög er ég efablandinn um, að vesælir kraftar mínir geti hér miklu á leið komið til bóta, því hér er of mikið brennivín meðal innbyggjara og ekki þvílíkur þenkingarmáti til prests, sem ég hefi áður vanist. Svo stór sem sú æra er, að þola óþokka, foragt, háðvísur fyrir einfalda og uppbyggilega guðspjallanna kenning, svo er hin mannlega náttúra beisk og óárennileg og hugkveljandi fyrir þann, sem elskar og ástundar tiltrúaðs safnaðar velferð. Gott væri það, að Eyrarsveitungar ættu hér engan hlut að máli. Nýjungar þykja það hér margt hvað, sem ég hefi áður vanist: Svo sem að lýsa til sakramentis fyrir fram, að mega ei ganga eftir eigin lyst undan þjónustugjörð, að láta börn koma til catechisation hvern helgan dag, og þar að auki í miðri viku, ef confirmerast skulu, að sjá gapastokk uppreistan á kirkjustað etc.⁴⁴

Ekki hafði séra Björn Þorgrímsson verið lengi á Setbergi, þegar honum urðu á alvarleg embættisglöp. Hann gekkst fúslega við mistökum sínum og lýsti þeim svo í áðurnefndu bréfi til Hannesar biskups:

Ekki hefi ég enn þá lengi verið á Vesturlandi, þó er ég nú sekur orðinn í lagabroti á fyrsta misseri. Ég var skyldugur að leita yðar háæruverðugheita úrlausnar um confirmation þeirra barna, sem eldri voru en 18 vetra, og þó enn heldur, ef þessi börn voru þar að auki lítt- eða ólæs. Ég hefi brotið í móti þessari skyldu með confirmation þriggja barna af 13, sem ég confirmaði næstliðinn drottinsdag. Hverra eitt var 22ja ára, varla bænabókarfært, annað 20 ára og 3ja 19 vetra, bæði aðeins stafandi og þó laklega. Þetta meðgeng ég yfirhymingarlaust og er viljugur til að hlýða bæði yðar háæruverðugheita forþenta áminningu og líka að

og rindernann þess-ötta. Þess nocha ára þingfa min. i Ann
 þingun end mitt Dölnar-tölk, þess löstung á þess Öblung, þess
 þess minni af 19^{de} Jan. næst- gald þess þess öndung þess
 þess öndung af þess Öblung, end gald þess þess Öblung. Þess
 þess öndung af þess Öblung, þess öndung þess Öblung, af
 25^{de} Maji 1789 /
 Setberge dag 2^{de} Julii 1789.
 Björn Þorgrímsson

Rithönd séra Björns Þorgrímssonar á bréfi, sem er dagsett á Setbergi 2. júlí 1789.

betala mulkt, svo vera skyldi. Einasta segi ég þetta mér til afbötunar, að ég hefi gjört eftir því sem ég hafði best vit á, til barnanna nota, því ég meina svo, að ekkert af þeim standi til framfara, með hreppsins uppfræðing. En þau alast öll á hans tíundum og of mikill fjöldi er hér gamalla barna, sem ekki hafa ekki enn spurninga lærdóm byrjað. Fyrirgefið þér mér náðugi herra þetta lagabrot en guð veit, að ekki skeði af foragt við konungsins boð eða virðingarpurrð við yðar herradóm, heldur af tímaskorti til að gefa yðar háeruverðugheitum sökina til vitundar með hennar kringumstæðum, í þeirri von að þér munduð sama hafa úrskurðað og ég gjört hefi.⁴⁵

Vegna þessa máls varð nokkur rekistefna með séra Birni og Hannesi biskupi þetta ár og næstu, og varð séra Björn að greiða sekt. Samt sem áður setti Hannes biskup hann prófast í Snæfellsnessýslu 4. október 1788 og skipaði hann til þess starfs 10. nóvember 1789, en séra Björn færðist undan að gegna prófastsstarfinu. Mun feringarmálið hafa setið í honum, eins og ráða má af bréfa-skriftum hans við biskup. Varð þá séra Árni Sigurðsson prófastur. Samt var séra Björn aftur settur prófastur 21. apríl 1793 og skipaður 23. ágúst sama ár en var þó tregur til. Gegndi hann því starfi til ársins 1815, þegar hann beiddist lausnar frá 24. júní og var veitt hún 19. júlí. Hann átti í miklu stímabraki við séra Sæmund Magnússon Hólm af ýmsum ástæðum. Séra Björn fékk sér

aðstoðarprest árið 1814, séra Björn Pálsson, en sagði prestakallinu lausu 1816 og fluttist að Spjör í Eyrarsveit og var þar til dauðadags, 16. desember 1832. Hann var tvíkvæntur. Með fyrri konu sinni, Helgu Brynjólfsdóttur sýslumanns í Hjálmholti Sigurðssonar, átti hann fimm börn, sem komust upp.⁴⁶

Séra Björn Þorgrímsson var að dómi Hannesar Finnssonar biskups besti ræðumaður í Skálholtsbiskupsdæmi og predikaði hann þó jafnan blaðalaust. Hann var vel að sér, alvörugefinn og gætinn, en nokkuð undarlegur í skapi, hagleiksmaður mesti til smíða, listaskrifari og snillingur í öllum verkum sínum en lítill búmaður. Á árunum 1814–1815 ferðaðist skoski presturinn Ebenezer Henderson um Ísland á vegum Breska biblíufélagsins í þeim erindum að sjá um dreifingu og sölu á íslenskrí útgáfu Biblíunnar og Nýja testamentisins, sem áður nefnt félag hafði látið prenta í Kaupmannahöfn árið 1812. Henderson hafði umsjón með þeirri útgáfu. Hann talaði og skildi íslensku mætavel. Henderson ferðaðist um allt Ísland í þremur áföngum. Hann var staddur í Ólafsvík laugardaginn 27. maí 1815 og hitti þar Björn Þorgrímsson, prófast á Setbergi. Frásögn Hendersons af þeim fundi er á þessa leið:

Jeg hitti hjer prófast hjeradsins, síra Björn Þorgrímsson, sem var hingað kominn á vísitásiuferð sinni. Þótti mjer miður, er jeg heyrði að þannig stæði á, því jeg var búinn að ákveða með sjálfum mjer að dvelja hjá honum drottinsdaginn og hlýða á hann þrjedika. Hann er talinn vera á meðal hinna fremri þrjedikara landsins og er einn þeirra fáu, er flytja ræður sínar eftir minni. Hitt er nálega algild regla presta, að þeir lesa ræður sínar, sem sviftir þær því lífi og fjöri, sem venjulega einkennir mál þeirra, er tala ófjötraðir.

Því lengur sem jeg var með honum, eftir því þótti mjer þetta sárara, því mjer reyndist hann mikill alvörumaður, rólegur og skapfastur, allvel lærður og hafa heilbrigðar skoðanir á hinum háleitu meginatriðum kristindómsins. Hvað eina, er hann sagði, var vandlega íhugað og að sama skapi vel orðað. Ekki ljét hann lengi hjá líða að láta í ljósi velþóknun sína á því starfi, sem unnið var til útbreiðslu heilagrar Ritningar og þakklæti sitt sjerilagi fyrir það, er gert hafði verið fyrir fólk í prófastsdæmi hans. Það var ekki með nokkru móti á hans valdi að hverfa aftur með mjer, því hann hafði gert ráðstafanir um starf sitt næsta dag. En þá vinsemd sýndi hann mjer að fylgja mjer um það bil fjögurra mílna veg til verstöðvarinnar á Völlum (Brimilsvöllum), þar sem við skildum eftir að hafa beðið hvor öðrum guðs blessunar og varðveizlu.⁴⁷

Sunnudaginn 28. maí 1815 var Ebenezer Henderson viðstaddur jarðarför og messu á Setbergi hjá séra Birni Pálssyni, aðstoðarpresti séra Björns Þorgrímssonar, og lýsti hann athöfninni á þessa leið:

Þann 28. maí var drottinsdagur og reið jeg með Hafliða [Helgasyni] til kirkju á Setbergi, sem er austan megin fjarðarins, og þar býr prófasturinn. Ein af dætrum hans tók á móti mjer og gaf mjer þegar kaffi, en aðstoðarpresturinn, sonur gamla prestsins á Þingvöllum, bauð mig velkominn. Fyrir messu var jarðarför og tók hún nokkurn tíma. Það er siður á Íslandi að flytja líkið til kirkju svo fljótt sem verða má, og þar er það látið standa uppi til grefrunardags. Þegar maður deyr í grend við kirkjuna, er hann vafinn í vaðmál og lagður á bekk öðrumegin altarisins, unz kistan er tilbúin. Þetta er mjög forn siður og sjást hans merki í Eyrbyggju sögu um það leyti er land var kristnað. Af sömu sögu er líka svo að sjá, sem það hafi í þann tíð verið siður að flytja kistuna á sleða, sem hestum var beitt fyrir, en sá flutningsmáti er nú með öllu niður lagður á Íslandi, og því eru lík nú flutt á hestum, eins og Gyðingar fluttu lík Amazja: „Fluttu þeir hann síðan á hestum og var hann grafinn í Jerúsalem hjá feðrum sínum í Davíðsborg“ (2. Kon., 14, 20). Á veturna eru greftranir miklum erfiðleikum bundnar, því þá er það dagsverk fyrir þrjá eða fjóra menn að taka gröf, sökum klakahöggsins. Víða á landinu, þar sem kirkjuvegur er torveldur, er líkið geymt allan veturinn í kjallara og jarðsett á komanda vori.

Jarðarförin hefst með sálmi, sem ávalt er sunginn meðan líkfylgdin nálgast gröfina. Er karlmenn berhöfðaðir, en konur byrgja andlitið nálega til fulls með klút. Eftir að kistan hefir verið látin síga niður í gröfina, kastar presturinn á hana þremur rekum af mold og segir um leið: „Af jörðu ertu kominn, að jörðu skaltu aftur verða, og af jörðu skaltu upp rísa á efsta degi.“ Meðan mokað er ofan í gröfina, syngur fólkíð viðeigandi sálm. Vinnumaður einn af bæ þeim, er hinn látni hafði átt heima á, fór niður í gröfina þegar dálitlu var búið að moka ofan á, tók að troða moldina með fótunum og hjelt því áfram. Að vonum hryllti mig við að sjá slíkt, og það jók á þá (ef til vill órjettmætu) andúð, sem höfð er á þeim, er hafa það hlutverk að veita framliðnum síðustu þjónustuna. Konur krupu á meðan á leiðunum í kring. Og þegar öllu var lokið, kastaði faðir hins látna sjer flötum á grúfu á leiðið og lá þannig í átta til 10 mínútur. En hvort bæn hans var fyrir sál hins framliðna, eða hvort hún laut að því, að eftirlifendur mættu læra af hinni alvarlegu athöfn, var sú gáta, sem mjer var ofvaxið að ráða. Ræða (aðstoðar) prestsins var látlaus og uppbyggileg; hún fjallaði um annað líf og

uppskeruna þar af jarðlífinu. Fjöldi fólks var til altaris og var svo að sjá, sem athöfnin hefði mikil áhrif á það.

Sá, sem jarðsunginn var á Setbergi 28. maí 1815, var Ólafur Ólafsson frá Kolgröfum. Svo segir í prestsþjónustubók Setbergs: „Maí 28. Grafinn frá Kolgröfum Ólafur Ólafsson. Dáinn þann 20 úr svefni, 23 ára gamall, mjög dreginn af megurð.“⁴⁸

Prestar á Setbergi 1816–1882 ***Smíði Setbergskirkju 1823***

Séra Björn Pálsson, eftirmaður séra Björns Þorgrímssonar, var fæddur 14. febrúar 1791. Foreldrar hans voru séra Páll Þorláksson á Þingvöllum og kona hans Sigríður Stefánsdóttir prests á Breiðabólstað í Fljótshlíð Högnasonar. Þegar hann var níu ára að aldri, tók séra Björn Þorgrímsson á Setbergi hann í fóstur og kenndi honum eða lét kenna og kostaði til náms. Hann var tekinn í Bessastaðaskóla árið 1809 og varð stúdent þaðan 1811 með vitnisburði í betra lagi. Síðan var Björn Pálsson hjá fóstura sínum á Setbergi, þó að undanskildum tveimur vetrum (1812–1814), þegar hann var í Hítardal hjá séra Birni Benediktssyni og kenndi sonum hans. Séra Björn vígðist 18. september 1814 aðstoðarprestur fóstura síns að Setbergi og fékk það prestakall 1816 við uppgjöf hans. Hann fékk Þingvelli árið 1828 í skiptum við séra Einar Sæmundsson Einarsen og gegndi prestsþjónustu þar til 1844, en fluttist þá að Heiðarbæ og lést þar 7. júní 1846. Hann var karlmannlegur, hraustmenni að burðum, gáfumaður, en talinn nokkuð búralegur og drykkfelldur. Hann var holdsveikur síðustu ár ævinnar. Kona séra Björns Pálssonar var Þórunn Björnsdóttir prests í Hítardal Benediktssonar, og eignuðust þau þrjú börn.⁴⁹

Árið 1807 skemmdist kirkjan á Setbergi í óveðri, og einnig varð tjón á skjölum hennar, því að þau blotnuðu. Séra Björn Þorgrímsson lét gera við kirkjuna eftir föngum, en á því voru nokkur vandkvæði, því að um þessar mundir var erfitt um aðdrætti erlendis frá vegna Napóleonsstyrjaldanna. Árið 1812 var kirkjan að hruni komin og brýnt að reisa nýja kirkju, en úr vöndu var að ráða, því að timbur til kirkjusmíðinnar var ófáanlegt með öllu vegna ófriðarins.

Málið var leyst á þann hátt, að Geir Vídalín biskup og kansellið leyfðu séra Birni að byggja þak og vegg kirkjunnar úr torfi, og var kirkjan reist með þessum hætti árið 1813.⁵⁰

Setbergskirkja skemmdist mikið í óveðri á jóladag árið 1822, eins og Geir Vídalín biskup lýsti í bréfi til Bjarna Thorsteinssonar, amtmanns á Stapa, sem dagsett var 16. mars 1823:

Jóladagsveðrið kom hér og við. Þó það gjörði ekki eins mikið illt af sér og hjá ykkur, rauf það samt víða hús og hey, lamaði og braut skip og báta, og ekkert stakitt stóð hér heilt eftir í Reykjavík. Verst þótti mér um Setbergskirkju, kannski vegna þess, að hún mun vera í einslags tengdum við mig, og kann ég þér mínar beztu þakkir fyrir allt, sem þú hefur gjört og gjöra látið til að hjálpa séra Birni úr þeim vanda. Hann tjáði mér sjálfur frá þessu.⁵¹

Eins áður hefur verið greint frá, var Geir Vídalín biskup afkomandi séra Steins Jónssonar, sem var prestur á Setbergi, og ber að skilja ummæli Geirs biskups góða, eins og hann var oft kallaður, um tengsl hans við Setbergskirkju í því ljósi.

Hinn 7. janúar 1823 voru þeir Oddur Hjaltalín héraðslæknir og Helgi Jónsson hreppstjóri kvaddir að Setbergi að beiðni séra Björns Pálssonar til að meta skemmdir þær, sem orðið höfðu á kirkjunni í óveðrinu. Sagði m.a. í matsgerð þeirra, að af nýu stafgólfum var þakið rifið af fimm heilum stafgólfum og til hálfis af tveimur ásamt sperrum og að við rofið hefði viðurinn, einkum borðin, ýmist brotnað eða rifnað og að mestallan viðinn væri ekki hægt að nota aftur til nýrrar byggingar. Matsmennirnir komust að þeir niðurstöðu, að ekki myndi verða messufært í kirkjunni þá um veturinn, nema ef vera skyldi í besta veðri og með því móti, að predikunarstóllinn yrði settur á gólfið og einungis hraust fólk sækti guðsþjónustuna.⁵²

Sumarið 1823 lét séra Björn Pálsson reisa nýja kirkju að Setbergi. Sóknarmenn létu fé af hendi rakna eftir efnum og ástæðum, en mestur hluti byggingarkostnaðarins var fenginn að láni hjá verslun Hafliða Helgasonar í Grundarfirði. Lánið var endurgreitt á þann hátt, að næstu árin runnu allar tekjur Setbergskirkju beint til verslunar Hafliða og hann sá kirkjunni fyrir öllum þörfum hennar á móti. Í vísitasíu Steingríms Jónssonar biskups 5. ágúst 1831 er kirkjunni lýst á þessa leið:

Sjálfr er kirkjan uppbyggð í 9 stafgólum með 10 sperrum, 10 bitum, 20 stöfum með móleðri til beggja hliða, sillum og standþili, eins uppúr gegn að kórbaki, en hálfþil upp undir bita á framþili. Öll er kirkjan undir tvöfaldri súð með slagþili til beggja hliða og gafla með vindskeiðum. Fjalagólf er í henni allri og tvennar skakkstífur til beggja hliða í henni miðri og við hvoru tveggja gaflanna. Í kórnum er nýtt altari ómálað af snikkara verki með læstri hurð á hjörum og 1 hillu. Fyrir því er gráða með grindverki fornfálegu. Knéfall handa prestis. Þar eru tveir gluggar, annar sunnan- en annar norðan-megin með 4 rúðum hvor. Bekkir meira part slíðraðir eru umhverfis með 4 bríkum. Skriftasæti er afmarkað sunnanmegin. Milli kórs og kirkju er standþil að neðan sett með útskornum pílarum að ofan upp undir bita. Dyr með sívölum stöfum og strikuðum listum að ofan. Norðanmegin í framkirkjunni er stúkusæti með 3 stöfum, standþili listuðu og pílarasettu að baki, eins að framan með hurð á hjörum og útskorinni dróttarfjöl. Þar fyrir framan eru 10 þversæti með bekkjum, bríkum og bakslám, annað hvort þeirra að innan styrkt að framan með snarskornum stöplum upp undir bita. Sunnan megin er málaður predikunarstóll. Í kringum hann og að framan er stúkusæti afmarkað með pílarsettu standþili að baki, brík og lítilli hurð á hjörum. Upp yfir predikunarstólnum er gluggi með 1 rúðu og neðar til hliða[r] annar gluggi með 4 rúðum. Þar fram af eru 8 þversæti með bekkjum, bakslám og bríkum og snarskornum stöplum í öðru hverju þeirra. Fremst við kirkjuþil er þverbekkur með brík. Kirkjudyr með siðvanalegum umbúningi, skrá, lykli og járnflugu. Til er einnig gamall koparhringur í kopar- og járnfæti. Á framþilinu eru þrjú gluggar með 3 rúðum hver. Líka er 1 gluggi á norðurhliðinni í framkirkjunni með 4 rúðum. Húsið er í sæmilegu standi. Kirkjugarðurinn er allur nýhlaðinn og velstandandi. Einasta vantar grindarhurð með umbúningi í sáluhlíðið, sem sóknarbændur eiga til að leggja.

Ornamenta og instrumenta eru:

Stórbrík máluð yfir altari vængjalaus. Hökull af gulu silkitöje með (úrdregnum) svörtum fljölrsósum, hvítu léreftsfóðri og breiðum gullvírborða krossi. Annar af rauðu plutzi með bleiku léreftsfóðri, krossi af óegta gullvírborða, með álögðum bókstövum framan á B.B.S. Anno 1696. Þriðji af rauð- og svartþrykktu lérefti með strigafóðri. Krossinn er af víraverksborða. Rikkilín af smákattúni, annað af lérefti, þriðja af dito bætt og götött. Altarisklæði af rauðu rósasilki, fljölrsóðrað með rauðu tvildi [?] lagt að neðan með gulu tvinnakögri. Annað altarisklæði af rauðþrykktu sirtzkattúni fóðrað með [...] prúðu lérefti. Þriðja altarisklæði af rauðu plutzi með fangamarki í trekki af mjóum álögðum gullvírborða og ártali 1700. Altarisdúkur af tvöföldu hvítu lérefti. Þar við er áföst altarisbrún af rauðu rós-

Anno 1831 kann 5^{ta} Aug. vísiteraði Biskupinn yfir Íslandi
 Steingrímur Jónsson stjórnari af Danm. Breyg. kirkjuna af
 Setbergi í Eyarsveit. Gætt á fimmalund allt með gögnum (3 gjaf.
 um fúlfan Grafarvaka: Breiduvík, Þordilfarstadi: Spior 9^{ta}
 Eydi, Hamra. Vatnabúdir (3 Skaldabúdir, Lverna, Kinn, Faxa-
 stadi, íken Melrækkay. Þjótti á þun 28 mánegti kúgilti, fálth
 af þjótti 1^{ta}: gættum nautum, 2^{ta}: gættum þráttum, 3 fálth (3 1 fálth
 mótur. Þ húsögnum (3 ultiögnum 2^{ta} (3 1 þung þjótti 5 av.
 gætt:
 Þjalfur kirkjunnar úpplögð: 9 Haldgölfum með 10 þjóttum 10
 bitum, 20 Hólfum með mótur til brogga fléða þellum (3 Hætt
 þili, nívú úp þjóttum af kirkjuni, an úpplögð fálth úp þjóttum
 úp bita á framþjótti, öll úp kirkjunnar úndir kirkjunnar, þútt,
 með fálth til brogga gúfla móturum, þenitum; Haldgölfur úp
 þjótti allri, (3 kinnar þakki þjótti til brogga fléða: þunni mót-
 ur. (3 úp þjóttum gúfla. Í kirkjunni er 14 altari
 úmalad af þenitara sarkí með kirkjunni þunni á þjóttum (3
 1 þellu; þjótti þunni er gráda með gróttum þunni þunni þunni;
 kirkjunnar þunni. Þar eru 2 gluggar, anar þunni an
 annar norðan-megin, með 4 vörum þjótti. Þunni mótur
 þunni þunni eru úp þunni með 4 þunni. Þunni þunni:
 af markad þunni þunni. Milli þunni (3 kirkjunnar (3 þunni
 af þunni þunni með úp þunni þunni af þunni úpplögð
 úp bita. Þunni þunni þunni (3 þunni þunni af þunni.
 norðan-megin: framþunni (3 þunni þunni af þunni.
 Hætt þunni þunni (3 þunni þunni af þunni með 3 þunni,
 með þunni á þunni (3 úp þunni þunni þunni; þunni þunni

Upphaf á vísitasíu Setbergskirkju 5. ágúst 1831, þar sem kirkjunni, sem var reist árið 1823, er lýst.

asilkisdamaski, lögð með silfurvirkniplingum að framan og sett með gulu silk-
 ikögri. Annar altarisdúkur af lérefsti með brún af rauðu rósaplutzi og henni til
 hliðar með rauðum leberborða. Stór kaleikur af silfri, gylltur að innan og á börm-
 unum, með patínu af sama nokkuð gylltri. Þar til er korpóral af fioletttrauðu fiðu-
 silki fódraður með hvítu lérefsti, lagður utan með mislitum silkikniplingum. Stór
 sóknarkaleikur af silfri með patínu af sama í tréhulstri. Þriðji kaleikur af silfri
 gylltur í kúpunni og á börmunum með patínu af sama. Þar til er korpóral af brún-

leitu rósafløjeli fóðraður með bláu lérefti slitnu. Skúfar eru í 3 hornum. Baksturöskjur stórar. Baksturstokkur af pappír með 5 glerum álímdum. Baksturjárn. Skírnarfatið af tini hefur sem brotið og óbrúkanlegt verið selt og andvirði þess 2 rbd. innfært í portionsreikninginn og hefur Beneficiarius í áformi að tilleggja kirkjunni annað skírnarfát sæmilegt. 2 altarisþípur af látúni nokkuð bilaðar. Aðrar 2 af kopar og ljósasöx af járn. 1 ljósakróna með 8 örmum, pípum og skálum og liljum af hverjum síðustu 1 er brotin. 2 litlar klukkur og þó misstórar, þurfa að setjast á rambhalda. Ljósberi af tré með 3 glerum, vantar lokið sem hefur verið á hjörum. Í bókum á kirkjan Grallara, handbók, messusöngsbók nýja með stærra stíl. Rambacks Monita Katechetiva. Olavii reisubók án korts og laus í bandi. Confessio Augustana. Hreppstjóra instrux. Í graftólum 1 járnkall, pál og 4 rekur.⁵³

Einar Sæmundsson Einarsen varð prestur á Setbergi á eftir séra Birni Pálssyni. Séra Einar var fæddur 18. nóvember 1792. Foreldrar hans voru séra Sæmundur Einarsson að Útskálum og fyrri kona hans Guðrún yngri Einarsdóttir lögréttumanns í Þrándarholti Hafliðasonar. Hann var tekinn í Bessastaðaskóla árið 1809 og varð stúdent þaðan 1814 með góðum vitnisburði. Hann var síðan til 1820 skrifari hjá Sigurði Thorgrímssen landfógeta (syni séra Björns Þorgrímssonar), en settur árið 1820 sýslumaður í Skaftafellssýslu, þangað til R.C. Ulstrup tók við. Séra Einar fékk veitingu fyrir Þingvöllum 22. september 1821, vígðist 7. október sama ár og fékk Setberg í Eyrarsveit í skiptum við séra Björn Pálsson 15. mars 1828. Hann varð prófastur í Snæfellsnessýslu, fékk Stafholt 31. janúar 1855 og hélt það til dauðadags 15. maí 1866 og var einnig prófastur í Þverárþingi frá 1860 til dauðadags. Séra Einar var talinn vel gáfaður, en nokkuð ölkær á seinni árum, góður ræðumaður, hagarður, skemmtinn og vel látinn. Árið 1831 varð honum það á að gefa saman hjón öloglega og var nærri orðið hált á en slapp með áminningu árið 1833. Til er eftir hann óprentað í Landsbókasafni Bænasafn, Predikanir og þýðing á Eftirbreytni Krists eftir Tómas frá Kempis. Eiginkona séra Einars var Kristjana Hansdóttir skósmiðs Wingaards Richdals, sem var norskur að ætt. Meðal barna þeirra var Sofía Anna, sem átti Odd Jónasson í Spjör í Eyrarsveit, og Sigurður Sæmundsen verslunarstjóri, síðar kaupmaður.⁵⁴

Jón Benediktsson, sem næstur varð prestur á Setbergi, var fæddur 8. júlí 1793. Foreldrar hans voru Benedikt Gabríel Jónsson smiður, síðast á Kirkjubóli í Skutulsfirði, og kona hans Helga Jónsdóttir prests á Hrafnseyri Sigurðssonar.

Séra Jón var fæddur á Hrafnseyri. Hann og Jón Sigurðsson forseti voru systkinabörn. Jón Benediktsson nam skólalærdóm hjá móðurbróður sínum, séra Sigurði Jónssyni á Hrafnseyri, föður Jóns Sigurðssonar forseta, og varð stúdent úr heimaskóla frá Geir Vídalín biskupi 1. ágúst 1815 með ágætum vitnisburði. Síðan var hann verslunarmaður tvö ár í Reykjavík, en fékk Svalbarð 7. október 1817 og vígðist 20. sama mánaðar. Hann fluttist viku síðar norður og varð að vera í Sauðanesi um veturinn, en tók við staðnum vorið 1818. Hann fékk Goðdali 15. maí 1838, Breiðabólstað á Skógarströnd 18. maí 1847, Hítarnesþing vorið 1853, Setberg 19. mars 1855, Hrafnseyri 26. janúar 1861, fluttist þangað um vorið og var þar til æviloka, 17. júlí 1862. Hann var talinn ásjálegur maður, snilldarmaður í prestsverkum og um mannkosti, var ástsæll mjög í Goðdölum (sjá kvæði Bólu-Hjálmars, Rvík 1915) og blómgaðist þar vel, en gekk heldur miður síðar við hin tíðu prestakallaskipti. Kona hans var Guðrún Kortsdóttir á Möðruvöllum í Kjós Þorvarðssonar. Þau áttu 10 börn.⁵⁵

Í þjóðsögum Jóns Árnasonar segir nokkuð frá skiptum séra Jóns Benediktssonar og Írafellsmóra, en draugur sá var þannig til kominn, að Kort Þorvarðsson, tengdafaðir séra Jóns, átti konu þá, er Ingibjörg hét og var hún ættuð að norðan. Margir höfðu orðið til að biðja hennar, en hún synjaði öllum. Fyrri biðlarnir þóttust því sárt leiknir, þegar Kort fékk hennar. Þess vegna keyptu þeir af galdramanni nyrðra að senda Kort og konu hans sendingu. Galdramaðurinn valdi til þess drenghnokka einn, er sagan segir, að hafi orðið úti milli bæja. Galdramaðurinn vakti hann upp volgan eða ekki með öllu dauðan og sendi hann þeim Kort og konu hans á Möðruvöllum og mælti svo um, að draugurinn skyldi fylgja þeim hjónum og niðjum þeirra í nífunda lið og vinna þeim margt til meins. Nafn Móra er dregið af því, að einn af sonum Korts, Magnús, bjó á Írafelli. Um viðskipti þeirra séra Jóns Benediktssonar og Írafellsmóra segir svo í þjóðsögum Jóns Árnasonar:

Þá er enn að minnast á viðureign þeirra Móra og Jóns Benidiktssonar sem nú er á Setbergi í Snæfellsnessýslu og á Guðrúnu Kortsdóttur frá Möðruvöllum. Séra Jón varð prestur á Svalbarði í Pistilfirði í Þingeyjarsýslu 1818, síðan í Goðdölum í Skagafjarðarsýslu 1838, þá fékk hann Breiðabólstað á Skógarströnd 1847, Hítarnesþing í Mýra- og Snæfellsnessýslu 1852 og Setberg í Snæfellsnessýslu 1855. Á öllum þessum brauðum er sagt, að Móri hafi átt að glettast við þau séra Jón og konu hans nema hvað þess er ekki getið meðan hann var á Breiðabólstað.



Setbergskirkja, sem var reist árið 1823, og bærinn á Setbergi árið 1858. Séra Jón Benediktsson stendur við kirkjuna. Ljósma.: Houzé de l'Aulnoit. Þjóðminjasafn Íslands.

Nánar segir af viðskiptum þeirra séra Jóns og Írafellsmóra í þjóðsögum Jóns Árnasonar.⁵⁶

Meðan séra Jón Benediktsson var á Setbergi, lenti hann í deilum við nokkur sóknarbörn sín. Á gamlársdag 1859 kærðu 10 sóknarbörn séra Jóns hann til Árna Böðvarssonar, prófests í Snæfellsnessýslu, og báru hann þungum sökum. Meðal annars héldu kærendur því fram, að séra Jón hefði verið drukkinn, þegar hann messaði á jóladag 1859. Hefði hann haft ógreinilegan og drafandi framburð og staglast alltaf á því sama í stólnum, uns flestir kirkjugestir hefðu farið út og talað saman fyrir kirkjudyrum. Þá hefði séra Jón einu sinni ætlað að leiða tvær konur í kirkju en allt farið í handaskolum og hann ekki munað nöfn þeirra. Tvívegis hefði prestur leitt konur kirkju og áminnt þær um að ala upp börn sín í guðsótta og góðum siðum en ekki gætt þess, að börnin voru bæði dái.

Þá þótti hjónavígsla, sem prestur framkvæmdi haustið 1858, hafa farið í handaskolum, því að prestur hefði verið mjög drukinn og ræða hans ósamanhangandi tningur og lítt skiljanleg. Einnig var presti gefið það að sök að hafa verið svo drukinn, þegar hann jarðsöng konu Guðbrands Guðbrandssonar á Setbergi 13. ágúst 1859, að hneyksli hefði verið að og allt í ólestri. Þess má geta, að það var áðurnefndur Guðbrandur, sem var aðalhvatamaður að kærinni gegn séra Jóni ásamt mági sínum, Jóni Thorsteinsen í Krossnesi. Þegar prestur skírði barn hjá bónda einum, hefði hann verið mjög ölvaður og viljað endilega vera í hempunni úthverfri, en eftir langa mæðu tókst að fá hann til að fara í hana réttiverfa. Auk þess var séra Jón sakaður um að hafa gerst sekur um ósæmilegt orðbragð við sóknarbörn sín, þegar hann var undir áhrifum áfengis. Hins vegar er greinilegt, að séra Jón Benediktsson naut vinsælda meðal sóknarbarna sinna, því að í febrúar 1860 rituðu 33 sóknarmenn prófasti bréf og báru blak af séra Jóni. Kváðust þeir ekki geta séð, að umkvörtun tímeninganna væri á góðum og gildum rökum byggð og bentu á, að séra Jón hefði á nýársdag 1860 beðið opinberlega guð og sóknarbörn sín fyrirgefningar á yfirsjónum sínum með snilldarlegri predikun.

Árni Böðvarsson prófastur reyndi að leysa málið í kyrrþey. Samkvæmt fyrir-mælum stiftsyfirvaldanna (biskups og stiftamtmanns) gerði hann séra Jóni þann kost að segja annaðhvort af sér embætti eða sæta opinberri rannsókn. Nokkrir af stuðningsmönnum séra Jóns reyndu ásamt prófasti að fá hann til að segja af sér, en hann var ófánlegur til þess og taldi sig ekki hafa framið þau embættis-afglöp, að honum bæri að segja af sér embætti. Mótstöðumenn hans héldu einnig fast við kæruna gegn presti nema einn, sem bað séra Jón fyrirgefningar.

Ekki varð undan því vikist að rannsaka mál þetta opinberlega, og hélt Árni Thorsteinsson sýslumaður réttarpróf í Grundarfirði um miðjan október 1860. Við vitnaleiðslurnar kom fram, að sakir þær, sem höfðu verið bornar á séra Jón Benediktsson, reyndust í öllum aðalatriðum vera á rökum reistar. Meðal nýrra sakarefna, sem komu fram við réttarprófin, má nefna, að prestur var sagður hafa gerst nærgöngull við kvenfólk, þegar hann var drukinn, en ekki fengust sönnur á því. Réttarprófin voru send stiftsyfirvöldunum, og töldu þau ekki nægar ástæður vera til að höfða mál á hendur séra Jóni, en fólu amtmanni í Vesturamti að innheimta hjá prestinum kostnað þann, sem hlotist hafði af málarekstrinum, 26 rd. og 64 skildinga. Greiddi séra Jón þá upphæð, og að auki

gerði biskup honum að greiða 2ja ríkisdala sekt fyrir það miður sæmandi orðbragð og hegðun, sem hann þótti orðinn sannur að, til fátækra prestsekkna.

Vegna þessa máls varð séra Jón að segja Setbergi lausu, og var honum veitt Hrafseyri árið 1861. Sagt er, að séra Jón hafi farið sárnauðugur frá Setbergi. Þess vegna varð til sú þjóðsaga, að hann hefði, þegar hann sigldi út Grundarfjörð á hákarlaskipinu Gusti, skipi hins kunna sjósóknara Ólafs Guðmundssonar í Bár, látið svo um mælt, að tvennt myndi í framtíðinni verða Eyrarsveit til baga, sunnanátt og sundurlyndi. Er ekki örgrannt um, að sumir Eyrarsveitungar telji, að þetta hafi gengið eftir, einkum hið fyrrnefnda.⁵⁷

Oscar Clausen rithöfundur hefur skrifað um þetta mál, og er frásögn hans allónákvæm í ýmsum aðalatriðum. Að sögn Clausens var upphaf kærumálsins það, að tvær dætur séra Jóns voru orðnar gjafvaxta, þegar hann var á Setbergi. Þær voru gáfaðar og sköruðu fram úr öðrum stúlkum þar um slóðir að atgervi og hæfileikum og höfðu auk þess fengið hið besta uppeldi. Segir Oscar Clausen, að tveir ungir menn í Eyrarsveit hafi beðið þeirra systra en verið báðir hryggbrotnir. Vafasamt er, að þessi frásögn hafi við rök að styðjast. Forgöngumenn kærunnar gegn séra Jóni voru, eins og áður sagði, Guðbrandur Guðbrandsson, kaupmaður og ljósmyndari í Grundarfirði, og Jón Thorsteinsen í Krossnesi. Sá fyrrnefndi var ekkjumaður, þegar kæruskjalið var samið, en sá síðarnefndi var ógiftur. Aðild þeirra að málinu verður hins vegar að skýra á þann hátt, að eitt aðalatriðið í kærinni á hendur séra Jóni var það, að honum var gefið að sök að hafa verið drukkinn, þegar hann jarðsöng konu Guðbrands í ágúst 1859, en hún var systir Jóns Thorsteinsen. Þannig virðist einsýnt, að sagan um hina vonsviknu biðla eigi ekki við rök að styðjast. Hér er um að ræða alþekkt þjóðsagnaminni, og nægir í því sambandi að minna á það, sem segir hér að framan um Írafellsmóra.

Oscar Clausen greinir einnig frá því, að sú saga hafi komist á kreik, að séra Jón hafi lagt á þá menn, sem kærðu hann og ofsóttu. Hafi það þótt einkennilegt, að flestir þeirra, sem skrifuðu undir kæruna, hafi drukknað rúmu ári seinna frá Kvíabryggju, þegar skip Gísla Gunnarssonar hafi farist í hákarlaróðri. Hafi þá aðeins þrír af þeim, sem undirrituðu kæruskjalið, verið eftir á lífi. Einn þeirra hafi farið að Setbergi kvöldið áður en prestur fór og beðið hann fyrirgefningar, en hinir tveir, sem hafi lifað, hafi ekki þótt neinir lánsmenn. Við þess frásögn er það að athuga, að hákarlaskip Gísla Gunnarssonar fórst ekki

einu ári eftir að séra Jón Benediktsson hrökklaðist úr Eyrarsveit, heldur 18. desember 1867, og af þeim 11 skipverjum, sem með því fórust, hafði aðeins einn undirritað kæruskjalið gegn séra Jóni. Samkvæmt þessu voru mun fleiri en þrír af kærendum á lífi einu ári eftir að séra Jón fór úr Eyrarsveit, og er ekkert mark takandi á þessari sögu.⁵⁸

Prestur á Setbergi eftir séra Jón Benediktsson var séra Árni Böðvarsson prófastur. Hann var fæddur 24. október 1818. Foreldrar hans voru séra Böðvar Þorvaldsson, síðast á Mel í Miðfirði, og fyrri kona hans Þóra Björnsdóttir prests í Bólstaðarhlíð Jónssonar. Séra Árni var bróðir Þórarins Böðvarssonar, prófests í Görðum á Álftanesi. Árni Böðvarsson nam undir skóla að mestu leyti hjá séra Árna Helgasyni, stiftprófasti í Görðum á Álftanesi. Hann var tekinn í Bessastaðaskóla haustið 1837 og varð stúdent þaðan árið 1843. Séra Árni stundaði fyrst kennslu í Reykjavík og var biskupsskrifari frá 1845, þangað til hann fékk veitingu fyrir Nesþingum 13. júní 1849 og var vígður 12. ágúst sama ár. Hann bjó á Sveinsstöðum. Hann var 2. þjóðfundarmaður Snæfellinga árið 1851. Séra Árni var settur prófastur í Snæfellsnessýslu 12. mars 1855 og skipaður 7. mars 1856 og gegndi því embætti til 1866. Hann fékk Setberg í Eyrarsveit 30. mars 1861 og Eyri í Skutulsfirði (þ.e. Ísafjörð) 25. apríl 1866. Hann varð prófastur í Norður-Ísafjarðarsýslu 1868 og fékk lausn frá því starfi um leið og prestskapnum árið 1881 en var búsettur á Ísafirði til dauðadags, 25. apríl 1889. Kona séra Árna var Helga Arnórsdóttir í Hólsbúð á Brimilsvöllum Helgasonar. Meðal barna þeirra, sem komust upp, voru séra Helgi í Nesþingum (Ólafsvík) og á Kvíabekk (Ólafsfirði) og Kristín, kona Einars Markússonar (Markan) ríkisbókara.⁵⁹

Næst varð prestur á Setbergi séra Helgi Sigurðsson. Hann var fæddur 2. ágúst 1815. Foreldrar hans voru Sigurður Helgason skáld og dannebrogismaður á Jörfa og fyrri kona hans Guðrún Þorkelsdóttir að Stóra-Kálfalæk Brandsónar. Hann var tekinn í Bessastaðaskóla 1835 og varð stúdent þaðan 1840. Hann tók 1. og 2. lærdómspróf í háskólanum í Kaupmannahöfn 1840–1841 og lærði læknisfræði, en tók ekki próf. Hann stundaði einnig dráttlist o.fl. í listaháskólanum og nam einnig ljósmyndagerð. Þegar hann kom til landsins árið 1846, hóf hann búskap á Jörfa. Hann gegndi sýslumannsstörfum fyrir Willemoes sýslumann í Mýrasýslu nokkurn hluta árs 1852. Séra Árni fékk Setberg 11. júní 1866 og vígðist 26. ágúst sama ár. Hann fékk Mela 9. mars 1875, fékk þar lausn



Særa Þorvaldur Jónsson.

frá prestskap 2. október 1883 og fluttist til Akraness og lést þar 13. ágúst 1889.

Eftir hann eru til nokkrar mannamyndir. Hann var aðalfrumkvöðull að stofnun Forngripasafnsins (Þjóðminjasafnsins) og gaf gjafir þangað og safnaði gripum. Séra Helgi var tvíkvæntur. Fyrri kona hans Valgerður Pálsdóttir prests í Hörghsdal Páls-sonar. Þau slitu samvistir. Seinni kona hans var Jóhanna Guðmundsdóttir úr Staðarsveit.⁶⁰

Þegar séra Helgi Sigurðsson sagði lausu Setbergsprestakalli, var séra Bjarna Sigvaldasyni í Lundi veitt það 24. apríl 1875. Hann fékk leyfi til að vera kyrr í Lundarprestakalli, því að hann mátti ekki flytja sauðfé sitt vestur vegna fjárkláðans. Þá hlaut Setbergsprestakall séra Þorvaldur Jónsson. Hann var fæddur 19. desember 1847. Foreldrar hans voru séra Jón Hjartarson á Gilsbakka og fyrri kona hans Kristín Þorvaldsdóttir prests og skálds í Holti undir Eyjafjöllum Böðvarssonar. Þorvaldur var tekinn í Reykjavíkurskóla 1861 og varð stúdent þaðan 1867. Veturinn 1867–68 var hann kennari að Móeiðarhvoli og lauk prófi úr Prestaskólanum 1870. Hann vígðist 27. ágúst 1871 aðstoðarprestur séra Benedikts Eggertsson í Vatnsfirði og gegndi þar prestsþjónustu eftir lát hans til 1872 en varð síðan aðstoðarprestur föður síns. Séra Þorvaldur fékk Setberg 14. maí 1875. Þar gekk mjög á efni hans vegna harðinda, sem þá gengu yfir, og einnig misstu þau hjónin þar tvo kornunga syni. Þetta varð til þess, að séra Þorvaldur sótti um Eyri við Skutulsfjörð (Ísafjörð) og fékk það prestakall 12. september 1881. Hann fékk lausn frá embætti frá fardögum 1915 en gegndi embættinu til hausts. Hann var prófastur í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi 1882–1906. Séra Þorvaldur átti heimili í Reykjavík 1916–20, en andaðist á Ísafirði 9. febrúar 1925. Kona hans var Þórdís Jensdóttir rektors Sigurðssonar.⁶¹

Særa Jens V. Hjaltalín

Eftirmaður séra Þorvalds Jónssonar á Setbergi var Jens Vigfússon Hjaltalín. Hann var fæddur 12. janúar 1842. Foreldrar hans voru Vigfús Hjaltalín í Laxár-

dal á Skógarströnd Jónsson Hjaltalíns prests á Breiðabólstað á Skógarströnd og kona hans Þorbjörg Sigurðardóttir hreppstjóra og skálds og Haukabrekkur á Skógarströnd Daðasonar. Séra Jens komst til mennta með aðstoð góðra manna. Var m.a. efnt til samskota honum til stuðnings á Snæfellsnesi og í Dalasýslu, svo að hann kæmist í skóla. Samtals söfnuðust 223 ríkisdalir og 10 skildingar. Hann var tekinn í Lærða skólann haustið 1858 og varð stúdent 1864. Hann tók próf frá Prestaskólanum 1866, fékk Skeggjastaði 11. febrúar 1867 og vígðist 12. maí sama ár. Hann gekk að eiga heitkonu sína Jensínu Jónsdóttur verkamanns í Stykkishólmi Arnfinnssonar og seinni konu hans Önnu Pálsdóttur Hjaltalín húsfreyju 8. júní 1867, og héldu þau að því búnu norður að Skeggjastöðum. Þar var séra Jens prestur til ársins 1873, en hann fékk lausn frá embætti 14. júní það ár frá fardögum vegna þráláttra og erfiðra veikinda.

Það er hins vegar alrangt, sem Oscar Clausen segir um séra Jens í bók sinni *Sögn og saga*, I. bindi, að séra Jens hafi búið í mestu fátækt og basli á Skeggjastöðum og flosnað upp eitt harða vorið. Að sönnu voru harðindi á þessum slóðum og víðar um land, þegar séra Jens lét af prestskap á Skeggjastöðum, en það voru hin alvarlegu veikindi hans, sem hann átti við að stríða og illa gekk að fá lækningu við, sem ollu því, að hann neyddist til að láta af prestskap. Það er sömuleiðis rangt hjá Clausen, að þau hjónin hafi um tíma verið bjargar- og eldiviðarlaus: „Þegar prestur hafði yfirgefið staðinn og frostið fór úr þekju baðstofunnar, féll hún ofan í tóftina. Séra Jens hafði í eldiviðarleysinu orðið að brenna öllum viðum innan úr bænum, og þegar taka átti út prestssetrið um vorið, voru hús staðarins ekki annað en moldarhrúga.“

Annað kemur í ljós, þegar úttekt Skeggjastaðar 24. maí 1873, sem gerð var við brottför séra Jens, er lesin. Verður ekki annað af henni ráðið en að allt hafi verið með felldu um húsakynni Skeggjastaðar, þegar séra Jens afhenti staðinn. Hann seldi allar eigur sínar á opinberu uppboði og fékk fyrir þær nokkur hundruð krónur. Það er því einnig rangt hjá Clausen, að þau hjónin hafi komið slypp og snauð til Stykkishólms og verið í skjóli efnaðs frændfólks ýmist í Brokey eða í Stykkishólmi. Hið rétta er, að séra Jens og kona hans settust að í Stykkishólmi, þegar þau komu austan frá Skeggjastöðum, og tóku á leigu hús þar. Þau voru þar veturinn 1873–1874 og lifðu á peningum þeim, sem þeim hafði áskotnast á uppboðinu á Skeggjastöðum.⁶²

Fardagaárið 1874–1875 var séra Jens millibilsprestur á Staðastað og jafnframt



Séra Jens V. Hjaltalín.

í Knarrar- og Laugabrekkusóknum sama tímabil og enn fremur í Einararlónssókn 10. febrúar 1875 til fardaga sama ár og í Ingjaldshólssókn 25. febrúar til fardaga sama ár. Hann sat á Búðum. Vorið 1875 losnuðu Nesþing, og voru þau veitt séra Jens 5. maí 1875. Hann settist þá að á Þæfusteini, litlu koti skammt frá Ingjaldshóli. Þar bjuggu þau hjónin næstu árin við þröngan kost, enda voru þá mikil harðindi þar sem annars staðar hér á landi. Hins vegar er sú frásögn Oscars Clausens afar tortryggileg, að séra Jens hafi verið orðinn svo aðþrengdur, að hann hafi farið til oddvitans og sagt sig til sveitar, enda tilgreinir Clausen enga heimild þessu til stuðnings. Að sögn hans var séra Jens þó ekki

látinn fara á sveitina, heldur fór oddvitinn til Ólafsvíkur og útvegaði presti matarúttekt hjá versluninni þar á ábyrgð hreppsins og hafi það lán verið endurgreitt síðar.

Haustið 1881 losnaði Setbergsprestakall, þegar séra Þorvaldur Jónsson fékk Eyri við Skutulsfjörð. Séra Jens sótti þá um Setberg og var veitt prestakallið 4. nóvember sama ár. Hann og kona hans fluttust að Setbergi vorið 1882 með fátæklega búslóð sína. Ekkert lát var á harðindunum og aðkoman á Setbergi í samræmi við það. Þegar fram í sótti, varð afkoma séra Jens bærilæg, þó að hann væri ekki mikill búmaður, því að Setberg var fyrr á tímum eitt af bestu brauðum landsins. Þar er aðeins ein kirkja, heimakirkjan. Þar var góð bújörð og fylgdu henni hlunnindi, t.d. æðarvarp í Melrakkaey á Grundarfirði. Einnig fylgdu staðnum nokkrar hjáleigur, kúgildi, búsaðöld og bátur. Séra Jens stundaði m.a. hrognkelsaveiðar. Þess vegna varð afkoma hans mun betri á Setbergi en verið hafði í Nesþingum, ekki síst eftir að harðindum tók að linna.⁶³

Fyrstu prestskaparár sín á Setbergi átti séra Jens í nokkrum útistöðum við sóknarbörn sín. Haustið 1886 hóf hann herferð á hendur fólki því í Eyrarsveit, sem bjó saman í óvígðri sambúð. Skoraði hann skriflega á fólk þetta að ganga í löglegt hjónaband eða slíta sambúðinni ella. Hinir bersyndugu Eyrarsveitungar létu umvandanir séra Jens hins vegar sem vind um eyrun þjóta og höfðu þær að engu. Þá voru 12 hjónaleysi í sveitinni og höfðu flest þeirra átt börn saman.

Ekkert þeirra gekk í hjónaband. Næstu ár reyndi séra Jens sífellt að fá fólkið til að láta af þessu syndsamlega lífurni, en honum varð ekkert ágengt. Haustið 1890 fór hann um sveitina og inn á heimilin og skoraði á fólkið í viðurvist tveggja votta, sem voru í för með honum, að ganga í heilagt hjónaband eða slíta sambúðinni að öðrum kosti. Eini árangurinn af þessari fyrirhöfn var sá, að ein hjónaleysi lofuðu að ganga í hjónaband næsta vor, en hin þverskölluðust öll.

Í mars 1891 skrifaði séra Jens Eiríki Kúld prófasti bréf um þetta mál og sendi honum um leið skýrslu um þessa hneykslanlegu sambúð Eyrarsveitunga. Samkvæmt henni bjuggu 12 hjónaleysi í óvígðri sambúð. Um 59 ára vinnumann og 36 ára sambýliskonu hans, sem var sjálfrar sín, lét prestur þess sérstaklega getið, að þau sænguðu ekki saman og hefðu í hyggju að fara burt úr sveitinni þá um vorið. Af sambúð bónda eins og bústýru hans gengju litlar sögur, þar sem þau byggu tvö í einhýsi. Séra Jens vakti athygli prófasts sérstaklega á sambúð mektarbónda eins í Útsveit við bústýru hans, en þau höfðu eignast sex börn. Kvaðst prestur hafa áminnt þau tvívegis, en einu svörin hefðu verið þverúð og sjálfbirgingsháttur. Prestur benti prófasti á, að sambúð og barneignir þessara hjónaleysa hefðu valdið mestu hneyksli, því að margir aðrir bæru sig saman við þau og hefðu að fyrirmynd, meðan þau fengju að halda áfram sambúð sinni. Bréf sitt til prófasts endaði séra Jens á þessa leið:

Hverjar persónur af þessum sænga saman, er mjer ekki kunnugt með vissu, enda sýnist mega einu gylda hvort er, þegar þau að öðru [leyti] lifa saman sem hjón og hlaða niður börnum til almenns hneyxlis og röskunar á siðsömu fjelagslífi. Enda mætti sýnast, að þrjóska við guðs og manna lög í þessu efni sjeu allsækæm, hvað sem öðrum verknaði líður.⁶⁴

Eiríkur Kúld prófastur sinnti ekki þessari kærú séra Jens, enda var prófastur orðinn háaldraður og var auk þess friðsamur maður að eðlisfari. Séra Jens lét hins vegar ekki deigan síga, þó að hann fengi ekki stuðning hjá prófasti, og hélt áfram næstu árin að koma hinum bersyndugu sóknarbörnum sínum í hjónaband en hafði ekki árangur sem erfiði. Þegar séra Jens sá fram á, að engan stuðning var að fá hjá prófasti, sneri hann sér til Sigurðar Jónssonar, sýslumanns í Snæfellsnessýslu, árið 1893. Þá voru hjónaleysin 11 að tölu. Samkvæmt því hafði séra Jens tekist að þröngva einum hjónaleysum til að ganga í hjóna-

band. Skýrsla séra Jens til sýslumanns var mun nákvæmari en sú, sem hann hafði sent prófasti nokkrum árum áður, því að nú gat hann sagt með vissu, hvað af þessu fólki svaf saman og hvað ekki. Klerkurinn komst m.a. þannig að orði í bréfi til sýslumanns: „Með því að jeg hlýt að ætla, að færri samanbúandi ógiptar persónur en 11 í einni sveit, sem inniheldur ekki meira en 40–50 búendur væru nægar til að sýna að ekki sje allt með feldi með siðferði manna í því hreppsfélagi, einkum þar, sem bæði hórdómur og frillulifnaður búa saman hjá einstökum persónum í einu lagi ...“ Sigurður sýslumaður sinnti ekki málaleitan séra Jens, en árið 1894 bættist honum óvæntur liðsmaður. Það var Lárus H. Bjarnason, sem var skipaður sýslumaður í Snæfellsnessýslu þá um vorið. Hann var röggSAMUR og lét það verða eitt af fyrstu embættisverkum sínum að fara um sýsluna og fyrirskipa öllum ógiftum manneskjum, sem bjuggu saman, að fara tafarlaust til prests og láta gefa sig saman. Þetta framtak sýslumanns bar þann árangur, að margir undu bráðan bug að því að ganga í hjónaband, enda stóð almúgafólki á þessum tíma stuggur af refsivendi laganna.

Efnaði bóndinn í Útsveit, sem var séra Jens mestur þyrnir í augum, sagði sig hins vegar úr sókninni og tók sér kjörprest. Hann valdi prestinn í Ólafsvík, séra Helga Árnason, og lét hann gifta sig og ferma börn sín. Eins og við mátti búast, spratt nokkur óvild milli séra Jens og sumra sóknarbarna hans vegna þessa máls, og kom það fyrir, að honum var illa tekið á sumum bæjum, þegar hann var í húsvitjunarferðum. Hann varð að forða sér út af einu heimili, þar sem honum var bannað að yfirheyra börnin og húsráðendur veittust að honum með svo ósæmilegu orðbragði, að hann hrökklaðist á dyr. Kærði séra Jens þessa meðferð á sér til prófasts og klykkta út með þessum orðum: „... því nægilegt virðist mjer ómak það og fyrirhöfn, er prestar opt og tíðum mega hafa fyrir uppfærðslu barna, þótt þeir sjeu í embættisferðum sínum friðhelgir fyrir smánaryrðum og þjösnaðskap lítt menntaðra skrælingja.“⁶⁵

Það er ekki alls kostar rétt, sem Oscar Clausen segir, að séra Jens hafi að lokum fengið vilja sínum framgengt varðandi það fólk, sem bjó saman í óvígðri sambúð. Á héraðsfundi Snæfellsnesprófastsdæmis, sem var sóttur af prófasti og öllum prestum í prófastsdæminu hinn 8. september 1896 í Stykkishólmi, var m.a. rætt um „óleyfilega sambúð ógiptra persóna í prófastsdæminu“. Af því tilefni var lesið upp á fundinum bréf, sem séra Jens V. Hjaltafn hafði ritað Lár-

usi Bjarnasyni sýslumanni um þetta málefni. Fundarmenn voru eindregið á því, að leitast bæri við með öllu löglegu móti að koma í veg fyrir slíka sambúð. Jafnframt sáu þeir ástæðu til að votta Lárusi sýslumanni, sem var staddur á fundinum, þakklæti fyrir röggssamlegar aðgerðir hans í þessu máli, sem höfðu borið hinn besta árangur víða í prófastsdæminu. Séra Jens kærði fyrir sýslumanni í bréfinu, sem var dagsett 24. ágúst 1896, fjögur hjónaleysi í Eyrarsveit, sem að áliti hans bjuggu saman. Séra Jens komst m.a. svo að orði um breytingar þær, sem höfðu orðið á tíðarandunum:

Af framanritaðri skýrslu er ljóst, á hverju siðferðisstigi sveit þessi stendur í þessari grein. Hið sorglegasta er, að þeir sem að lögum ættu að aðstoða prestinn í því, að afstýra þessu hneyxli, láta og hafa látið sig það engu skipta, og því er miður, að sú skoðun er ríkjandi og hefur um langa æfi ríkt í sveit þessari, að það sje ekki nema hótmyndni og enda háðs- og hatursvert af viðkomandi sóknarpresti eða yfirvöldum, að hlutast til um þetta, enda sje það skerðing á sönnu mannfrelsi, og sjáið þjer þaraf, að sveit þessi kann, svo vel sem aðrir að fylgja straumi nútímans, að minnsta kosti í þessari grein. En hvernig geta menn ætlast til reglubundins fjelagslífs og löghlýðni, þar sem heimilislífið og barnauppheldið hefur slæma galla, sem þessa.

Þarna hitti séra Jens V. Hjaltalín naglann á höfðuðið, því að viðhorfsbreyting hafði orðið í þjóðfélaginu. Fólki þótti það ekki lengur tiltökumál að búa saman í óvígðri sambúð. Það taldi sig hafa frelsi og rétt til þess. Af bréfi séra Jens er það að segja, að það var lagt fram í lögreglurétti að Setbergi 26. október 1896 ásamt stefnu, sem var undirrituð af Stefáni Daníelssyni hreppstjóra og Jakobi Jónssyni úttektarmanni. Þá voru hjónaleysin ekki fjögur heldur sex, m.a. ein, sem voru búsett að Setbergi. Í framhaldi af því kærði Lárus sýslumaður nokkur hjónaleysi á Snæfellsnesi til Júlíusar Havsteen, amtmanns í suður- og vestur- amti. Hann sá aðeins ástæðu til að gefa út viðvörðun til einna hjónaleysa í Eyrarsveit að því sinni. Mánuði síðar, 24. nóvember 1896, sendi Stefán Daníelsson hreppstjóri sýslumanni reikning vegna birtingar á lögregluréttarstefnum fyrir sjö mönnum í Eyrarsveit „(ásamt fyrir kvennsniptum allra þeirra)“. Svo hlállega vildi til, að í kærubrési séra Jens 24. ágúst hafði hann talið Stefán vera einn af hinum bersyndugu. Það var hins vegar á misskilningi byggt, því að konan, sem átti að vera sambýliskona Stefáns, var í raun ráðskona hans. Hvað sem

Jens og ýmsum sóknarbörnum hans, og var það löngu jafnað, áður en yfir lauk. Hinn 12. maí 1917 hafði séra Jens gegnt prestsþjónustu í 50 ár, og heiðruðu sóknarbörn hans hann af því tilefni. Sóknarmenn gáfu honum skrautritað spjald með uppdrætti eftir Samúel Eggertsson og skrautritað kvæði eftir Guðmund Guðmundsson skólaskáld, sem var ort af tilefninu. Formaður sóknarnefndar afhenti gjöfina í Setbergskirkju fyrir messu sunnudaginn 13. maí. Séra Jens minntist gjafarinnar í lok ræðu sinnar af stólnum og ákvað samkvæmt ósk safnaðarins, að spjaldið skyldi geyma í kirkjunni sem eign hennar. Séra Jens var veitt lausn frá embætti 29. október 1918 frá fardögum 1919. Næstu árin dvaldist hann á Eiði í Eyrarsveit en fluttist svo til fósturdóttur sinnar, Valgerðar Jensínu Bjarnadóttur á Hallbjarnareyri, og lést þar 18. janúar 1930. Jensína, kona hans, lést árið 1902. Þau hjón voru barnlaus en ólu upp nokkur vandalaus börn. Meðal þeirra var Einar Einarsson, sem seinna varð skipherra á varðskipum ríkisins. Hann var sonur Einars Markússonar, sem seinna kallaði sig Markan og var verslunarstjóri og kaupmaður í Ólafsvík og seinna aðalbókari ríkisins. Margar sögur fóru af séra Jens V. Hjaltalín, meðan hann var á Setbergi, og má segja, að hann hafi orðið þjóðsagnapersóna. Eimir enn eftir af því meðal gamalla sóknarbarna hans. Hann var annálaður fyrir það, hve mikill neftóbaksmaður hann var, og fór mörgum sögum af því. Má meðal annars sjá þess merki í prestsþjónustubók Setbergs. Í handritadeild Landsbókasafns er varðveitt sjálfævisaga séra Jens, sem hann skrifaði í þrjár stílabækur síðustu ár ævinnar, Lbs. 4048, 4to.^{67*}

* Í handritadeild Landsbókasafns eru einnig varðveitt eftirfarandi skjöl úr fókum séra Jens V. Hjaltalín: Lbs. 1458, 4to: Kirkjugarðsvígsluræða 29. sept. 1889. Lbs. 3637–3638, 4to: Almanök 1875–1929, 1906–1911, 1919–1943 og slitur frá öðrum árum. Enn fremur dagbókarbrot frá ýmsum tímum. Lbs. 3639, 4to: 1) Ættartala séra Jens V. Hjaltalín. 2) Reglur um barnafræðslu í Eyrarsveit o.fl. er varðar fræðslumál. 3) Bænir og sálmar. 4) Lýsing nýreistrar kirkju að Setbergi og úttekt Setbergsstaðar árið 1919. 5) Byggingarbréf fyrir Stekkjartröð, hjáleigu Setbergsstaðar, 1913, og úttekt á Spjör í Eyrarsveit 1868 o.fl. Lbs. 3640, 4to: Bréfasafn 1879–1922. Lbs. 3425–3432, 8vo: Prédikanir og tækifærissræður. Lbs. 3433, 8vo: Samtíningur úr fókum séra Jens V. Hjaltalín.

Ný kirkja reist að Setbergi árið 1892

Árið 1886 var orðið ljóst, að kirkjan á Setbergi, sem hafði verið reist árið 1823, var orðin mjög illa farin. Ekki komst þó skriður á smíði nýrrar kirkju fyrr en árið 1891, þegar Hallgrímur Sveinsson biskup vísiteraði Setbergskirkju. Í vísitasúgerðinni segir m.a. á þessa leið:

Kirkjan sjálf er byggð úr timbri 1823 og í mjög laklegu ástandi og þarf bráðrar endurbyggingar við, ekki síðar en á næsta sumri.

Af skróða er til: 2 höklar báðir fornir og lítilfjörlegir mjög. 1 rikkilín og 2 altarisklæði, 2 kaleikir, annar messukaleikur, hinn sóknarkaleikur og tilheyrandi patína.

Tveir koparstjakar á altari, 2 látúnsstjakar og enn tveir mjög skemdir, sem fráskrifast til að seljast fyrir kirkjunnar reikning.

Ennfremur: Ljósahjálmur úr kopar með 5 liljum og einn stór skírnarfontur út tini; forn og lítilfjörleg altariстаfla, með myndum af guðspjallamönnum, illa málaða úr trje, og 2 klukkur á járnhólfum innan kirkju.

Nýr kirkjugarður er byggður út á túni í góðu standi en gamli kirkjugarðurinn er útgrafinn og mjög hrörlegur og sáluhlið vantar og ber að setja þar hæfilegan umbúnað.

Kirkjuna vantar sæmilega bakstursdós og messuvínslát.

Biskupinn vandaði um miður góða hirðingu á messuskróða, kaleik og messu-áhöldum.

Söfnuðurinn gaf prestinum góðan vitnisburð fyrir embættisfærslu, skyldurækni og hegðan; sömuleiðis ljet presturinn vel yfir söfnuðinum yfirhöfuð að tala, en tók þó fram, að kirkjurækni væri ábótavant, sömuleiðis barnauppræðing á stöku stöðum og að talsverð brögð væri að sambúð ógiptra persóna og áminnti biskupinn alvarlega um umbót á öllu þessu.⁶⁸

Smíði nýrrar kirkju á Setbergi hófst sumarið 1892 og lauk henni í september sama ár. Er það kirkja sú, sem enn stendur á Setbergi. Til að fjármagna kirkjusmíðina tók Setbergsprestakall tvö lán að upphæð 1200 og 400 krónur úr hinum almenna kirknasjóði til 20 ára gegn veði í tekjum prestakallsins. Kirkjusmíður var Sveinn Jónsson, snikkari í Stykkishólmi, bróðir Björns Jónssonar, ritstjóra Ísafoldar og síðar ráðherra, en þeir Björn og séra Jens voru vinir og

skólabræður úr Lærða skólanum. Sá Björn um nauðsynlega fyrirgreiðslu í sambandi við kirkjusmíðina, m.a. að senda peninga til Mandal í Noregi, þar sem kirkjuviðurinn var keyptur. Annar skólabróðir séra Jens úr Lærða skólanum, Hallgrímur Sveinsson biskup, studdi hann einnig dyggilega við kirkjubýgginguna. Verksamningur við Svein Jónsson var gerður 28. apríl 1892, og var hann á þessa leið:

Árið 1892, þann 28. apríl, gjörðum við undirskrifaðir Sveinn snikkari Jónsson í Stykkishólmi og Jens Hjaltalín, prestur og Beneficiarius að Setbergi, með okkur svolátandi samning:

Jeg Sveinn snikkari Jónsson lofa og skuldbind mig til að taka að mjer að öllu leyti smíði og umbúnað allan, að grundvallarbyggingu undanskilinni, á timburkirkju með járnþaki, sem reisa skal á þessu sumri á tilteknu plássi að Setbergi í Eyrarsveit, samkvæmt lýsingu þeirri á henni, sem hjer fer á eptir.

1. Kirkjan skal, eins og þegar er sagt, vera úr timbri og með járnþaki, tvímáluð utan og innan. Húsið skal vera 12 álna langt og 10 álna breitt, vínkilreist, með $5\frac{1}{2}$ al. háum hliðveggjum undir þak. Gluggar sjeu 3 stórir á hvorri hlið (1 á kór og 2 á framkirkju) og 1 gluggi á framstafni ofan dyra. Gluggar þessir skulu vera svo stórir, að þeir gefi næga birtu um kirkjuna alla, og svo vel um þá búið, að hvorki veður né vatn megi skemma. Veggir að utan skulu vera úr liggjandi klæðning, sem til þess er pöntuð; en svo skal vel frá henni gengið, að hvorki geti í veðrum sundurgengið, en skemmd af vatni á orðið. Auk þess skal húsinu svo vel niðurlæst á grundvöllinn, að veður ekki geti haggað. Að innan sje kirkjan þiljuð umhverfis, hliðar og gaflar með til þess pöntuðum og plægðum þiljuborðum. Gólf og lopt sömuleiðis úr pöntuðum en óflettum hefluðum og plægðum gólf- og loptborðum. Loptið um þvera kirkjuna að framhverðu skal vera 5 álna langt inn og fram, og pílárar renndir, til þess pantaðir, en af smiðnum í settir yfir innri brún þess. Bogadreginn upphækkaður kór-pallur og gráður með sömu lögun kring um altari úr renndum pílárum skal vera í kórnum, og sætin fram eptir kirkjunni bogadregin, hvorttveggja eins og nú er farið að tíðkast í kirkjum. Hvelving úr zínki, ef þjenanlegur viður ekki er fyrir hendi, skal vera yfir allri kirkjunni, en utan yfir henni viður úr hinni gömlu kirkju undir járnþakinu. Gerikti pöntuð tilbúin kring um glugga og dyr. Dyraumbúningur sterkur og vandaður að frágangi öllum, og tvær vængjahurðir vel sterkar fyrir dyrum. Ef smiðnum virðist þörf á, skal húsið enn frekar tryggt fyrir veðrum með því að setja smágrjót eða mól utan þilja á suðurhliðinni

upp með gluggum. Yfir höfuð skal hann gæta þess, sem allra best, að varna því, að húsið getið fokið eða skekkst, með þeim ráðum, sem honum virðast einhlítust.

2. Verksali skal fara og láta fara sem haganlegast með allt efni, sem ætlað er til kirkjunnar, og láta ekkert fara til spillis, nema enganvegin verði hjá komist. Gamlan við úr hinni fornu kirkju má hann nota, fái hann því viðkomið, og lengi það ekki mjög mikið smíðatímamann sjálfan, og ef hann sjer, að sá viður muni duga eins vel og hinn nýi, eða enda betur.

3. Byrja skal að smíða kirkjuna sjálfa í byrjun næsta júnímánaðar, nema óhjákvæmileg forföll banni. Skal þá verkþiggjandi annast um, að grundvöllur hennar sje hlaðinn og frá honum gengið að öllu, og annars láta þá allt vera til, sem hafa þarf til að byrja smíðið með, að öllum verkfærum undanskildum, sem verksali tilleggur. Verksali hefur heldur enga ábyrgð á flutningi efnisins, en skyldur er hann til að segja verkþiggjanda svo snemma frá vöntun sjerhvers, er hafa þarf, að hann hafi nægan tíma til að útvega það.

4. Verksali ábyrgist allar skemmdir, sem verða kunna á verkinu áður en það er fullgjört og afhent, ef þær eru honum eða hans verkamönnum að kenna. Hljótist þær af völdum verkþiggjanda, eður þeirra, sem hann á yfir að sjá, ber hann skaðann, en hljótist þær af orsökum, sem hvorugum eru að kenna, taka báðir jafnan þátt í honum.

5. Á meðan á vinnunni stendur, fær verksali fæði og aðhlyningu alla hjá verkþiggjanda. Fyrir það eignast verkþiggjandi 1 - eina krónu daglega fyrir hvern mann, sem við kirkjubygginguna er, og dregst sú borgun frá hinum síðar tilteknu smíðalaunum.

6. Þegar verkið er af hendi leyst og með löglegri skoðunargjörð afhent verkþiggjanda, sem í síðasta lagi er tilætlast að sje í lok næsta septembermánaðar, skulu vinnulaunin af hendi greidd; en þau eru ákveðin 970 - níuhundruð og sjötíu krónur, þar í innifalinn kostnaður sá, sem 5. grein tiltekur. Þessi smíðalaun greiðast þannig: helfingur þeirra í peningum, fjórði partur í sauðfjenaði eptir samkomulagi eða meðaltali á fjárverði á næsta hausti, og fjórði partur í gildri ávísun eður innskript. Þó má, ef svo umsemur, breyta þessum skilmálum svo, að verkþiggjandi greiði allt að $\frac{1}{4}$ smíðalaunanna í peningum eða innskript að hálfnuðum vinnutíma.

Þessum framan og ofangreindum skilmálum er jeg meðundirskrifaður Jens prestur Hjaltalín að öllu samþykku, að því viðbættu, að svo framarlega sem jeg sem þiggjandi verksins legg til frá minni hendi allt það, er hjer að framan og ofan er upptalið, áskil jeg, að húsið verði svo úr garði gjört, að hvorki þurfi að óttast

fyrir broti eða skekkingu á því af veðrum, meðan kirkjan er að borga skuld sína, svo að nýja viðgjörð þurfi ekki á því innan þess tíma.⁶⁹

Séra Jens gerðist fjárhaldsmaður kirkjunnar og lagði hart að sér til að nýja kirkjan mætti rísa. Í júní 1892 var búið að rífa gömlu kirkjuna, og var kirkju-laust, þar til nýja kirkjan var vígð 18. sunnudag eftir trínítatis, 16. október. Eiríkur Kúld prófastur vígði kirkjuna, en séra Jens prédikaði. Rúmlega 300 manns sóttu vígsluathöfnina, og 26 voru til altaris. Með smíði Setbergskirkju árið 1892 var kirkjan færð af þeim stað í kirkjugarðinum, þar sem hún hafði staðið öldum saman. Því mun m.a. hafa valdið, að kirkjugarðurinn var útgrafinn. Nýr kirkjugarður hafði verið gerður nokkrum árum áður á sjávarbakknum rétt fyrir norðan túngarðinn á prestssetrinu, en nýja kirkjan var reist í túninu sunnan megin við staðarhúsin. Þó að reynt hafi verið að vanda til kirkjunnar, var hún samt reist af nokkrum vanefnum. Það kom m.a. fram í því, að á henni var enginn turn. Sóknarpresturinn lofaði að láta setja turn á kirkjuna, en af því varð ekki. Hún hefur því verið turnlaus alla tíð.⁷⁰

Kirkjan gekk fljótt úr sér og þarfnadist viðgerða. Í vísitasíu árið 1903 var henni lýst svo, að hún væri að mörgu leyti í dágóðu standi, en þó voru komnir fram ýmsir gallar. Ryðblettir voru á þakplötum, og á suðurhlið bar talsvert á fúa. Árið 1910 var Setbergskirkja afhent söfnuði Setbergsprestakalls til umsjónar og ábyrgðar, en áður hafði sóknarprestur haft veg og vanda af kirkjunni. Hún var þá orðin stórgölluð að grunni og viðum. Við vísitasíu árið eftir kom fram, að kirkjan hafði hlotið mikla og góða viðgerð fyrir 800 króna lán, sem biskup veitti henni úr hinum almenna kirkjusjóði. Grunnurinn var allur endurhlaðinn og steinlímduur. Suðurhliðin var öll endurbætt, austurgafli og suðurhlið hvort tveggja varið með galvaniseruðu bárujárni og kirkjan loks máluð vandlega utan og innan. Hún mátti því teljast í sómasamlegu standi. Næstu áratugi gekk erfiðlega að verjast leka í kirkjunni í miklum sunnanveðrum, og oft þurfti að gera við hana vegna fúa í suðurhlið, gluggum og gólfi.

Fyrir 70 ára afmæli kirkjunnar árið 1962 var enn gert allmikið við hana og reynt að þétta hana eftir bestu getu. Fyrir og eftir 90 ára afmæli Setbergskirkju árið 1982 var hún endurbyggð að mestu leyti. Undirstöður voru styrktar, burðargrind og klæðning endurnýjuð að stórum hluta, glerullareinangrun sett í vegg og nýtt járn á þak. Við verkið var stuðst við lýsingu séra Jens V. Hjaltalín

á kirkjunni og það fært í upprunalegt horf, sem breytt hafði verið við endurbætur á liðnum árum. Fyrirtækið Stokkahús í Reykjavík hafði veg og vanda af endursmíðinni. Yfirsmiður var Gunnar Bjarnason, sérfræðingur um endursmíði gamalla húsa. Níræðisafmælis kirkjunnar var minnst við hátíðarguðsþjónustu 11. júlí 1982, þar sem prófasturinn, séra Ingiberg Hannesson á Hvoli, prédikaði. Biskup Íslands, herra Pétur Sigurgeirsson, og sóknarpresturinn, séra Jón Þorsteinsson, þjónuðu fyrir altari. Veður var hið fegursta og menn í hátíðaskapi.⁷¹

Hér fer á eftir lýsing séra Jens á hinni nýju kirkju, dagsett 14. nóvember 1892.

A. Yfirborð kirkjunnar

Kirkjan er timburkirkja bandlaus með járnþaki.

Hún er á lengd 12 álnir og 6 þumlungar; á breidd 10 álnir og 3 þuml. með bleikhvítri norskri standklæðningu úr hefluðum og strikuðum og plægðum klæðningsborðum $1\frac{1}{4}$ þl. þykkum og 6 þl. breiðum. Undir járnþakinu eru borð kant í kant $1\frac{1}{4}$ þl. þykk úr hinni gömlu kirkju, mest úr lopti hennar og gólfi, fremur nýlegum, ófúnum. Meginhluti járnþaksins er úr 4 álna járnplötum (nokkrar 3. álna) og er skráfað á með járnskrúfum, með járnplötum og gutta-perkahringum undir hausunum. Veggirnir eru $5\frac{1}{2}$ al. frá grunni og upp undir þak og að ofan, upp undir þakinu eru strikuð Gesims, 6 þl. breið út frá hlið kirkjunnar. Kirkjan er ríflega vinkilreist. Gluggar eru 3 á hverri hlið, og 1 á framgaflí kirkjunnar ofan dyra. Gluggarnir á hliðunum eru með 6 rúðum hver, og er hver rúða 14 þl. á breidd, en 16 þl. á hæð. Gluggafögin eru með kringumliggjandi geriktum (5 þl. breiðum) en hálf þriðja alin á hæð, 1 al. 20 þl. breið. Gluggafögin eru hvítmáluð; á öllum hornum kirkjunnar eru standandi klæðningsborð utan yfir klæðningunni sjálfri, hvítmáluð. Vatnsborðin yfir glugganum fóðruð að ofan með plötublýi inn undir klæðninguna. Glugginn á framgaflí kirkjunnar er í firkant, með geriktum $1\frac{1}{2}$ al. á hvern veg, þannig í settur, að hornin snúa niður og upp og til hliða. Dyrakarmurinn er 8 þl. breiður inn, og sjálfar dyrnar eru 3 ál. 8 þl. á hæð og 1 al. 20 þl. breiðar utan gerikta, sem hverju megin eru 5 þl. breið. Fyrir kirkjunni eru tvöfaldar hurðir, nl. innri hurðir, fyllingahurðir tvær, læstar með danskri stofulæsingu, og ytri hurðir úr plægðum $1\frac{1}{4}$ þl. þykkum borðum, með plægðum panelborðum utan á, settum á ská (Geirung). Uppi yfir dyrum er flötur úr ánegldum panelborðum, þannig settum að strikin mynda bustir hvert móti öðru, eins og á ytri hurðunum. Yfir þeim fleti eru gesimsi, líkt og yfir gluggunum á hliðunum. Vindskeiðar á hverjum gaflí úr strikuðum

borðum, 9 þl. breiðum. Bæði þær, dyrnar og hurðirnar að utan málaðar með hvítum farfa. Hlerar fyrir suðurgluggum úr panelborðum, settir fyrir með 4 snerlum hver. Á framstafni kirkjunnar er stór kross útskorinn 3 álna hár úr 3 þl. planka.

B. Grind kirkjunnar og grundvöllur

Fótstykkinn beggja vegna eru hvert úr einu trje 12 álna löngu, 6x7 þuml. Stafir (með hornstöfum) 8 á hverri hlið, 5¹/₂ al. á hæð, 6x6 þl. þykkir. Í austurgafli 3 stafir og framgafli 4 (auk hornstafa) af sömu gjörð og hinir. Tvær skástífur í hverri hlið, og 2 í hverjum gafli. Gólfslár eru 5 (fyrir utan gaflfótstykki) 6x6 [þl.] að gildleika. Sillur, hver úr einu trje 12 álna 6x7 þl. að gildleika. Sperrur 7 á hverri hlið, 7 álna langar, gildleiki 5x5 þl. Lausbolt eða rílar í hliðveggjum eru að gildleika 4x4 þl. Járnspengur ganga frá hornstöfum 2 álnir niður í grunninn að utan og 1 alin innundir hann að neðanverðu. Á miðri hlið kirkjunnar hvoru megin gengur járnsíkill úr miðstaf og niður í fótstykkið. Stafir og sperrur læstar saman með 4 sterkum járnsíklum á hverri hlið. Grunnmúr kirkjunnar er hlaðinn úr íslenskum steini 3 álna hár neðan frá fastri jarðhelli, kalkaður og cementeraður, stendur austurgafli hans upp úr jörðu 1 alin, en undir vesturgafli 2 álnir, því kirkjan stendur í dálitlum halla.

C. Kirkjan að innanverðu

Himinblá spjaldahvelfing úr zinki yfir allri kirkjunni. Spjöldin hvert 21 þl. á lengd og 15 þl. á breidd, alls 143 að tölu, fest með milliliggjandi þver- og langlistum hvítum að lit innan á boga, samanneglda úr fornum borðum þvers yfir kirkjuna, niður að hliðveggjum beggja vegna. Breið gesims, margstrikuð og samsett, bleikrauð að lit beggja vegna neðan undir hvelfingunni og út að hliðunum, sem liggja utar; líka um þveran innri gafli, og nær sá hluti gaflsins er fyrir ofan er gesimsin 7 þl. innar í kirkjuna en sá hluti hans, er fyrir neðan þau liggur. Efri hluti gaflsins, ávalur að ofan, sem og efri hluti framgaflsins uppi á loptinu eru ljósblá að lit; en neðri hluti gaflsins fyrir neðan gesimsin og sömuleiðis hliðarnar ofan að gólfi grænhvítar. Neðri hluti gaflsins frá kórþalli og upp að gesimsum er 3 álnir 22 þl. á hæð; gesimsin sjálf eru 14 þl. breið og gaflinn fyrir ofan þau í miðju 3 álnir á hæð. Hliðarnar frá gólfi upp að gesimsum 4 álnir 18 þl. háar; hæð



Setbergskirkja.

undir glugga 1 $\frac{1}{2}$ al. Bæði gaflar og hliðar úr strikuðum panelborðum sterkum 4 $\frac{1}{2}$ þl. breiðum (uppstandandi þiljur). Loft er í kirkjunni til að sitja á þvers yfir kirkjuna, 4 álna hátt frá gólfi, með tveimur fimmköntuðum bitum undir, öðrum undir innri brún lopts, hinum undir miðju. Bæði loptið að neðan og bitarnir, eru með hvítum lit. Frá bitum og niður á gólf beggja vegna við miðgólfið milli sætanna standa 4 stólpar áttkantaðir með lakkeruðum vatnsfarfa, eikarlituðum. Fyrir innan loptið og hærra en það gengur 1 þverbiti mjór þvers yfir kirkjuna, áttkantaður, hvítur að lit, og ná endar hans í neðri brún hvelfingarinnar. Loptið er á breidd inn og fram 4 álnir og 6 þumlungar, fram að framgafla. Handrið er yfir innri loptsbrún, málað með dökkri mahognimálningu lakkeraðri; upp á það ganga frá gulum strikuðum fótlista á loptsbrúninni 25 fagurgrænir renndir píl-árar, þvers yfir kirkjuna, hver 1 alin og 3 þuml. á hæð. Neðsta brún hvelfingarinnar liggur tæpri alin ofan lopts. Efri hluti framgaflsins uppi á loptinu, er eins og áður er getið, ljósblár; en glugginn með kringjumliggjandi geriktum hvítur.

Setubekkir eru á loptinu 7 fastir og 3 lausir; 4 fastir bekkir að sunnanverðu, en 3 að norðan, því uppgangur tekur þar úr pláss þess fremsta við gaflinn. Þessir föstu bekkir ganga utan frá hliðunum inn á loptið, en lausu bekkjunum er ætlað að standa á miðloptinu milli innri endanna á föstu bekkjunum. Föstu bekkirnir þrír hverju megin eru hver 2 álnir og 20 þl. á lengd, nema fremsti bekkurinn með gaflinum að sunnanverðu gagnvart uppgöngunni er 4 álnir og 20 þl. langur. Lausu bekkirnir eru hver 2 álnir rjettar. Uppgangan sjálf er 2 álnir á lengd og 1 alin á breidd, þjett með gaflinum, 1 alin og 9 þl. frá norðurhliðinni. Kring um hana á 2 vegu (innanverðu og að baki til) standa ferkantaðir sljettir spelar 7 að tölu, snúa millispelarnir á horn eða í tígul, en hornspelarinn eins og uppgangan. Þeir eru 1 al. og 4 þl. háir og sameinast að ofan með handriði strikuðu, er liggur kring um uppgönguna á tvo vegi. Sá sem upp gengur, snír fanginu í suður. Bæði bekkirnir allir og uppgangan með kringumliggjandi spelum og handriði er farfað með gulum farfa. Bil frá enda fasta bekkjarins að sunnanverðu með gaflinum og að uppgöngunni er 14 þumlungar. Þilstigi þiljaður að baki til (móti suðri) og að innanverðu með strikuðum panelborðum 6 þl. breiðum liggur frá uppgöngu og niður á gólf 15 þl. frá norðurhlið kirkjunnar við gaflinn. Breidd stigans er eins og uppgöngunnar, 1 alin, lengd 5 álnir, með 12 höptum 10 þl. breiðum.

Innst, við gafl kirkjunnar er upphækkaður kórþallur yfir þvera kirkjuna 20 þuml. hár yfir gólf, þiljaður að framan með 6 þl. breiðum strikuðum panelborðum uppfylltur innan í yfir gólfslám með íslenzku grjóti. Breidd hans frá gafl næst hliðunum beggja vegna er $1\frac{1}{2}$ alin. Þegar frá hliðunum dregur, 1 alin og 14 þumlunga frá hverri hlið, tekur hann á sig bogamynd fram á gólfið, og verður breiðastur frá gafl 4 álnir í miðju hússins. Boginn sjálfur er 8 álnir og 10 þuml. á lengd. Frá hala á bogabrúninni ganga fagurgrænir renndir pílárar 14 þl. langir 18 að tölu upp á bogamyndað handrið, sem er jafnlangt boganum, málað með dökkri mahognimálningu lakkeraðri. Kórþallurinn að framan og bitarnir undir pílárnum, og tröppur tvær hverju megin ofan af kórþallinum út við húshliðarnar, þar sem boginn endar, er allt farfað með lakkeruðum eikarlit. Beggja vegna á kórþallinum við enda handriðsins eru sívalir stólpar með sama lit, með kúlumynduðum rauðbleikum húnum efst. Stólpar þessir eru 18 þl. á hæð. Gráðupallur hálfhringmyndaður er á miðjum kórþallinum við gaflinn, $2\frac{1}{2}$ al. breiðastur frá gólfi. Boginn 6 álnir í kring; hann er 6 þl. hærri en kórþallurinn, með mahognimáluðu handriði yfir fremri brún lakkeraður, og 16 grænum pílárnum 10 þl. háum frá handriðinu niður á pallbrúnina. Lítil hurð af sömu gjörð á gráðupallinum sunnanverðum er leikur á litlum hjörum. Knjefallið á gráðupallinum fyrir framan pílárana er 6 þl. hátt og sex þl. breitt, með lakkeruðum eikar-

lit. Sæti bogadregin 7 að sunnanverðu en 6 að norðanverðu, vegna þess, að stigin tekur rúm hins 7da af með bogadregnum bakstykki þunnum, ávölum að ofan. Innstu sætin 1 alin og 8 þl. frá kórþalli. Sætin lengstu eru 4 álnir og 15 þl. á lengd, fest með öðrum enda á hliðar kirkjunnar en með hinum í sætisbríkur fram á gólfinu 1 al. 14 þl. háar, ávalar að ofan með listum á röndunum að framan niður að gólfi og 9 þl. breiðar. Sætisbríkurnar eru grópaðar niður í dökkrauða fóttlista á gólfi, 3 þl. þykka, og að sunnanverðu 6 ál. 6 þl. langar, en að norðanverðu 5 ál. 3 þl. Bil frá fremsta sæti að stiganum norðanmegin er 14 þuml. Sætin, sætisbríkurnar, bakstykkin og hurðirnar að innan er allt farfað með lakkeraðri eikarmálningu eða svonefndum vatnsfarfa. Kirkjugangurinn milli sæta er 2 ál. breiður, breidd sætanna 9 þl., bil milli sætanna 15 þl. Predikunarstóll við innsta suðurglugga yfir enda innsta sætis, með tröppum upp í að innanverðu andspænis tröppum þeim sem liggja niður af kórþallinum, hjer um bil $\frac{1}{2}$ alin frá þeim. Í ráði er að panta gylltar stjórnur á öll hin himinbláu spjöld hvelvingarinnar 143 að tölu, og sömuleiðis setja broncelit á alla pílarana yfir græna farfann og gylltan lit á hina bleikrauðu húna á kórþallsstólþunum. Kirkjuna vantar sómasamlega altaristöflu, ljósa hjálm og stjaka á altari. Eins þyrfti að smíða nýjan predikunarstól og nýtt altari, hvorttveggja eikarmálað, sem smiðurinn býðst til að gjöra fyrir 150 krónur; en efnin leyfa það ekki nú. Kirkjan þyrfti líka með tímanum að fá turn, sem mundi víst kosta 300 krónur (smíði og efni). Ljósastjakar tveir platteraðir er áformað að kirkjunni gefizt hjer á heimilinu, hver með 3 ljósum. Barnakennari Torfi J. Thómasson hefur einn manna utan heimilis hjer gefið kirkjunni 20 krónur, sem, neyðar vegna verður að taka í smíðalaunin, af því portión kirkjunnar fæst ekki útborguð.⁷²

Prestar á Setbergi og í Grundarfirði 1919–2004

Næstur varð prestur á Setbergi séra Jósef Jónsson. Hann var fæddur 24. desember 1889. Foreldrar hans voru Jón Jónsson bóndi í Öxl í Þingi Jónssonar og kona hans Stefanía Guðmundsdóttir bónda á Sneis í Laxárdal Guðmundssonar. Jósef varð stúdent í Reykjavík 1912 og lauk guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1915. Hann var settur sóknarprestur að Barði í Fljótum frá fardögum 1915, vígður 24. júní sama ár og sat á Hraunum. Hann var ráðinn aðstoðarprestur hjá séra Jóni Halldórssyni á Sauðanesi frá fardögum 1916 og settur sóknarprestur í Staðarhólsþingum 5. júlí 1918 frá fardögum sama ár og sat í Fagradal. Séra



Séra Jósef Jónsson.

Jósef var veitt Setberg 30. apríl 1919 frá fardögum sama ár. Hann var skipaður prófastur í Snæfellsnesprófastsdæmi 1934 og fékk lausn frá embætti 6. febrúar 1954 frá 1. júní sama ár. Séra Jósef var settur 19. ágúst 1954 til að þjóna prestsembætti á Akureyri í forföllum sóknarprests frá 27. júlí til 1. október sama ár og settur áfram sem sóknarprestur í Akureyrarprestakalli frá 1. október til 1. nóvember sama ár. Hann dvaldist síðan í Reykjavík. Séra Jósef var stjórnarmaður í Kaupfélagi Stykkishólms frá stofnun þess árið 1920. Kona hans var Hólmfríður Halldórsdóttir bankagjaldkera í Reykjavík Jónssonar. Séra Jósef lést 20. júlí 1974.⁷³



Séra Magnús Guðmundsson.

Arftaki séra Jósefs Jónssonar á Setbergi var séra Magnús Guðmundsson. Hann er fæddur 29. janúar 1925. Foreldrar hans voru Guðmundur Magnússon umsjónarmaður í Reykjavík vinnumanns á Stað í Grindavík Jónssonar og kona hans Helga Jónsdóttir bónda á Búrfelli í Miðfirði Jónssonar. Magnús varð stúdent í Reykjavík 1945 og lauk guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1950. Hann var við námsdvöl í Svíþjóð, Noregi og Þýskalandi. Magnús starfaði við vinnubúðir alkirkjuráðsins í Grundarfirði 1960 og 1962 og var sumarþúðastjóri KFUM í Vatnaskógi og Kaldárseli 1944 og 1945, þjóðkirkjunnar í Reykholti 1967 og á Staðarfelli 1971. Séra Magnús var settur sóknarprestur í Ögurþingum 30. júlí 1950 frá 1. ágúst sama ár og

vígður 30. júlí 1950. Honum var veitt prestakallið 12. júní 1951 frá 1. sama mánaðar. Hann sat í Súðavík. Séra Magnúsi var veitt Setberg 31. maí 1954 frá 1. júní sama ár. Hann fékk lausn frá embætti 3. júlí 1974 frá 1. september sama ár, en var 22. ágúst sama ár settur til að þjóna áfram fyrst um sinn. Hann fékk endanlega lausn 16. október 1974 frá 1. sama mánaðar. Hann sat á Setbergi 1954–63 en á Grundarfirði 1963–1974. Hann var settur prófastur í Snæfellsnesprófasts-



Séra Jón Þorsteinsson.


dæmi frá ársbyrjun 1968 til hausts sama ár í forföllum prófests. Kona séra Magnúsar er Áslaug Sigurbjörnsdóttir hjúkrunarfræðingur og organisti kaupmanns í versluninni Vísi og síðar forstjóra Kirkjugarðanna í Reykjavík Þorkelssonar og seinni konu hans Unnar Haraldsdóttur húsfreyju.⁷⁴

Eftirmaður séra Magnúsar Guðmundssonar á Setbergi var séra Jón frá Ljárskógum Þorsteinsson. Hann er fæddur 19. febrúar 1946. Foreldrar hans voru Þorsteinn Matthíasson kennari, skólastjóri og rithöfundur í Reykjavík og víðar bónda á Kaldrananesi Helgasonar og kona hans Jófríður Jónsdóttir bónda, gullsmiðs og ljósmyndara í Ljárskógum Guðmundssonar. Séra Jón varð stúdent á Akureyri árið 1968 og lauk guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1974. Hann var settur 29. september 1974 sóknarprestur í Setbergsprestakalli frá 1. október sama ár og vígður 29. september 1974. Séra Jón var skipaður prestur í Setbergsprestakalli 23. júní 1975 frá 1. júlí sama ár. Hann varð sóknarprestur í Mosfellsprestakalli í Kjalarnesprófestsdæmi með aðsetur á Mosfelli frá 1. maí 1990. Séra Jón var sendiráðsprestur í Lundúnum níu sumur sem staðgengill séra Jóns A. Baldvinssonar. Kona séra Jóns er Sigríður Þórðardóttir kennari og alþingismaður vélstjóra á Siglufirði Þórðarsonar og konu hans Margrétar Arnheiðar Árnadóttur.⁷⁵



Séra Sigurður Kr. Sigurðsson.

Næst varð prestur í Setbergsprestakalli séra Sigurður Kristinn Sigurðsson. Hann er fæddur 1. desember 1955. Foreldrar hans eru Sigurður Guðnason, bóndi á Skeggjastöðum í Mosfellsahreppi, síðar verkamaður í Reykjavík, og kona hans Sigríður Kristinsdóttir, húsfreyja í Reykjavík Sigurðssonar sjómanns í Reykjavík. Séra Sigurður varð stúdent frá Menntaskólanum við Tjörnina 1975 og lauk guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1990. Hann var lögreglumaður í Reykjavík 1976–1978, sveitarstjóri á Þórshöfn á



Séra Karl V. Matthíasson.

Langanesi 1978–1979, rannsóknarlögreglumaður í Reykjavík 1979–1985 og lögreglumaður í Reykjavík á sumrin með háskólanámi. Séra Sigurður var sóknarprestur í Setbergsprestakalli frá 1. júlí 1990 til 31. ágúst 1995, vígður 24. júní 1990. Hann hefur verið sóknarprestur í Bjarnanesprestakalli í Hornafirði frá 1. september 1995. Fyrri kona séra Sigurðar var Gunnþórunn Geirsdóttir húsfreyja Magnússonar vélstjóra í Garðabæ og konu hans Sigríðar Laufeyjar Sigurbjörnsdóttur tollfulltrúa. Seinni kona séra Sigurðar er Kristín Jóhannesdóttir tónlistarkennari og organisti Guðmundssonar bónda á Jörfa í Kolbeinsstaðahreppi og konu hans Einbjargar Hönnu Jónasdóttur.⁷⁶



Séra Helga Helena Sturlaugsdóttir.

Núverandi sóknarprestur í Setbergsprestakalli er séra Karl V. Matthíasson. Hann er fæddur 12. ágúst 1952. Foreldrar hans eru Matthías Björnsson, loftskýtamaður, vélstjóri og handavinnukennari og kona hans Fjóra Guðjónsdóttir, húsfreyja og leiðbeinandi á Akureyri. Séra Karl varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1974 og lauk guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1987. Hann var settur sóknarprestur í Staðarprestakalli í Súgandafirði með aðsetur á Suðureyri frá 1. febrúar 1987, vígður 8. sama mánaðar og skipaður frá 1. september sama ár. Skipaður sóknarprestur í Ísafjarðarprestakalli frá 1989–1991, í Tálknafjarðarprestakalli frá 1991–1995 og í Setbergsprestakalli með aðsetur í Grundarfirði frá 1. nóvember 1995. Kjör-

inn 8. maí 1999 1. varaþingmaður Samfylkingarinnar á Vestfjörðum og tók sæti á Alþingi 2001 í stað Sighvats Björgvinssonar og sat þar til loka kjörtímilsins 2003. Séra Karl hefur verið í leyfi frá prestsembætti sínu frá 2003, meðan hann gegnir starfi prests á sviði áfengis- og vínumála. Aukaþjónusta í Bolungarvíkurprestakalli frá 15. október til 30. nóvember 1987 og jafnframt um tíma í Pat-



Séra Elínborg Sturludóttir.

reksfjarðarprestakalli, í Bíldudalsprestakalli og í Ólafsvíkurprestakalli frá september 1999 til 31. janúar 2000. Kona séra Karls er Sesselja Björk Guðmundsdóttir leikskólakennari Þórðarsonar bónda á Miðhrauni í Miklaholtshreppi og konu hans Sesselju Önnu Þórðardóttur húsfreyju.⁷⁷

Tveir prestar hafa gegnt prestsþjónustu í Setbergsprestakalli, þegar séra Karl V. Matthíasson hefur verið í leyfi vegna annarra starfa.

Helga Helena Sturlaugsdóttir er fædd 5. febrúar 1973. Foreldrar hennar eru Sturlaugur Jóhann Eyjólfsson, fyrrverandi bóndi á Efri-Brunná í Saurbæjarhreppi og kona hans Birna Kristín Lárusdóttir, safnvörður og leiðsögumaður á Efri-Brunná. Séra Helga Helena varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1993 og lauk guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1999. Hún hefur gegnt margvíslegum störfum bæði á vegum Þjóðkirkjunnar og utan hennar, var m.a. leiðtogi KFUK við Seljakirkju veturna 1996–98, æskulýðsleiðtogi við Grafarvogskirkju veturinn 1997–98, verkamaður í kerskála Íslenska álfélagsins sumrin 1998 og 1999, kynningarfulltrúi hjá Íslandsflugi 1999–2000 og forstöðumaður í Félagsmiðstöðinni Þebu í Kópavogi 2001–2002. Séra Helga Helena var vígð 8. september 2002 til prests í Setbergsprestakalli og gegndi prestsþjónustu þar 2002–2003. Maður hennar er Eiríkur Rúnar Eiríksson húsasmiður Tómassonar bónda í Miðdalskoti í Laugardalshreppi og konu hans Guðrúnar Karlsdóttur húsfreyju.⁷⁸

Séra Elínborg Sturludóttir er fædd 21. desember 1968. Foreldrar hennar eru Sturla Böðvarsson alþingismaður og samgönguráðherra í Stykkishólmi og kona hans Hallgerður Gunnarsdóttir húsfreyja og laganemi í Stykkishólmi. Séra Elínborg varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1998. Hún stundaði nám í frönsku og menningarsögu við Sorbonne-háskóla í París 1988–1989 og lauk B.A.-prófi í heimspeki við Háskóla Íslands 1995 og guðfræðiprófi frá sama skóla 2002. Hún var kirkjuvörður og aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á Þingvöllum sumrin 1993–1995, sinnti barnastarfi í Seltjarnarneskirkju 1993–1998, var ritari á Biskupsstofu 1994–1995 og starfsmaður Þjóðgarðsins á Þing-

völlum sumrin 1996–1999. Séra Elínborg vígðist 21. september 2003 til prests í Setbergsprestakalli og hefur gegnt prestsþjónustu þar síðan. Maður hennar er Jón Ásgeir Sigurvinsson cand. theol., doktorsnemi í gamlateamentisfræðum við Albert-Ludwig-háskólann í Freiburg Jónssonar matsveins í Reykjavík og konu hans Aðalheiðar Halldóru Guðbjörnsdóttur verslunarmanns.⁷⁹

Grundarfjarðarkirkja

Á öðrum áratug 20. aldar hafði myndast töluvert þéttbýli á Kvíabryggju í Útsveit. Eftir því, sem næst verður komist, bar kirkjubyggingu þar fyrst á góma á safnaðarfundi árið 1913. Sóknarskipti við Kirkjufellsá voru samþykkt á safnaðarfundi árið 1926. Þá var fjársöfnun til kirkju á Kvíabryggju vel á veg komin. Var talið, að ekki myndi líða á löngu, þar til hún yrði reist. Ekkert varð þó af framkvæmdum, en þess í stað voru guðsþjónustur haldnar reglulega í samkomuhúsinu á Kvíabryggju frá 1925. Þegar komið var fram á fimmta áratuginn, hafði íbúum á Kvíabryggju fækkað töluvert. Hins vegar myndaðist þéttbýli í Grafarnesi, og fjölgaði íbúum þar ört. Guðsþjónustur voru haldnar í Grafarnesi, eftir að samkomuhús reis þar.

Á safnaðarfundi árið 1947 var rætt um kirkjubyggingu í Grafarnesi. Tilefnið var það, að Páll Þorleifsson á Hömrum og skipverjar hans á vélbátnum Fylki höfðu gefið 2.500 kr. til að stofna kirkjubyggingarsjóð. Kvenfélagið Gleymér-ei hafði einnig gefið 1.000 kr., þannig að í kirkjubyggingarsjóði voru 3.500 kr. Kosin var sjö manna nefnd til að vinna að framgangi málsins. Sjóðurinn eflist á næstu árum, enda kom greinilega í ljós, að sóknarbörnum var full alvara að reisa kirkju í kaптúninu fyrir botni Grundarfjarðar, sem eflist með hverju árinu, sem leið. Árið 1950 rann kirkjubyggingarsjóður Útsveitar til hinnar fyrirhuguðu kirkjubyggingar í Grundarfirði.

Halldór Halldórsson arkitekt teiknaði kirkjuna. Hinn 3. október 1959 tók Finnur Sveinbjörnsson sóknarnefndarformaður fyrstu skóflustunguna. Á árunum 1960 og 1962 unnu alþjóðlegir vinnuflokkar frá Alkirkjuráðinu um tíma við kirkjusmíðina. Þeir voru skipaðir ungmennum úr ýmsum áttum, frá Danmörku, Svíþjóð, Þýskalandi, Hollandi og Bandaríkjunum. Stúlkur voru í vinnuflokkum þessum til jafns við pílta, og létu þær sinn hlut ekki eftir liggja.

Þá störfuðu nokkrir íslenskir guðfræðinemar við kirkjusmíðina, sem síðar urðu virðulegir prestar og prófastar. Kirkjusmíður var Guðbjartur Jónsson, byggingarmeistari í Reykjavík. Smíði kirkjunnar var haldið áfram næstu árin, uns hún þótti vígsluhæf, þótt hún væri aðeins fullgerð að hluta. Meðal þess, sem vantaði, voru hluti af kirkjuskipinu, turninn, klukkur o.fl. Biskup Íslands, herra Sigurbjörn Einarsson, vígði kirkjuna á 8. sunnudegi eftir trinitatis, 31. júlí 1966, í fögru sumarveðri.

Smíði kirkjunnar var haldið áfram næstu árin, eftir því sem efni og ástæður leyfðu. Í nóvember 1975 var byggður grunnur viðbótarbyggingar við kirkjuna. Þar var um að ræða að lengja kirkjuskipið um rúma sjö metra og 20 metra háan turn. Árið 1977 var þessi bygging fokheld, uppsteypt kirkjuskip og turn. Koparklæddri turnspíru úr stálbitum var komið fyrir á sinn stað sumarið 1978 og húsið múrhúðað utan og innan ári seinna. Gafl og forhýsi eldri hluta voru rifin úr og tenging og tréverk, málun og skreyting unnin árið 1981. Fyrst var messað í kirkjunni fullbúinni að mestu um jól það ár. Þremur kirkjuklukkum var komið fyrir í klukkuporti efst í kirkjuturninum. Hringingartæki eru rafknúin, og er þeim stjórnað úr skruðhúsi. Hinn 11. júlí 1982 vígði biskup Íslands, herra Pétur Sigurgeirsson, hina fullgerðu Grundarfjarðarkirkju, en eins og greint var frá hér að framan, hafði fyrr um daginn verið haldin hátíðarguðsþjónusta í hinni endurgerðu Setbergskirkju.⁸⁰

Hálfkirkjur í Eyrarsveit

Kirkja í Kirkjufelli

Víst er, að kirkja eða bænhús hafi verið í Kirkjufelli, en ekki er unnt að segja með fullri vissu, hvenær hún var reist eða hve lengi hún stóð þar. Séra Helgi Sigurðsson, sóknarprestur á Setbergi, sem samdi sóknarlýsingu Eyrarsveitar árið 1873, taldi líklegt, að kirkjan í Kirkjufelli hefði verið reist fyrst eða með fyrstu kirkjum í Eyrarsveit, enda líklegt, að Útsveit hefði byggst öllu fyrr en Framsveit. Hann taldi sennilegt, að af kirkju þessari hefði Kirkjufjörður dregið nafn sitt. Samkvæmt frásögnum elstu manna mátti fyllilega ætla, að kirkjan hefði verið norðanvert við eystri bæinn í Kirkjufelli, skammt þar frá sjónum, því að jafnótt og sjórinn smábaut þar af bakkanum eða túninu, hefðu komið

þar í ljós gömul mannabein. Ekkert bar á slíku, þegar séra Helgi skrifaði sóknarlýsingu sína, enda var sjórinn þá búinn að eyða hinum forna kirkjugarði, og sáust þá engar menjar hans lengur. Kirkjufell var ekki talin nein sérstök landbrotsjörð, og mátti ráða af því, að langt væri síðan sjórinn byrjaði að brjóta upp að kirkjugarðinum og síðan garðinn sjálfan öld eftir öld. Var þetta m.a. vísending um aldur kirkjunnar í Kirkjufelli að mati séra Helga.⁸¹

Kirkja í Krossnesi

Eins og segir hér að framan, var sá úrskurður kveðinn upp á Bessastöðum 27. september 1563, að „... þingasókn um Eyrarsveit skal liggja til Setbergs og skal á Krossnesi vera hálfkirkja, sem áður hefur verið.“ Ekki er vitað, hvenær hálfkirkja þessi var reist, en séra Helgi Sigurðsson taldi í sóknarlýsingu sinn frá 1873 vera sannanir fyrir því, að mjög langt væri síðan kirkja var í Krossnesi, „líklega heldur fyrr en um svartadauða (1402), sem og að ljóst sé, að kirkja hafi þar aldrei seinna reist verið.“ Ekki er heldur ljóst, hvenær hálfkirkjan í Krossnesi lagðist af. Þegar séra Helgi ritaði sóknarlýsingu sína, sást móta mjög óglögg fyrir kirkjustæði, kirkjugarði og leiðum í Krossnesi. Af því mátti ráða, að kirkjan hefði verið fremur lítil og bænhús eitt, þó að hún hafi verið kölluð kirkja. Hún stóð á bala eða hæð nálægt og austanvert við hinn gamla Krossnesbæ, sem stóð uppi fram í minni manna, sem voru á lífi 1873. Þar sem mjög óglögg markaði fyrir leiðunum, þegar séra Helgi skrifaði sóknarlýsingu sína, mátti draga af því þá ályktun, að margar aldir væru liðnar, frá því að kirkja var í Krossnesi og að ekki hefði verið reist þar kirkja eftir 1563.⁸²

Heimildir

- ¹ Íslenzkt fornbréfasafn XII. Reykjavík 1923–1932, bls. 11; Handritadeild Landsbókasafns (HLBS): Lbs. 176 4to. Prestasögur séra Jóns Halldórssonar, bls. 166; Sturlunga I. Reykjavík 1946, bls. 401.
- ² Ísl. fornbréfasafn III. Kaupmannahöfn 1896, bls. 107–08.
- ³ Ísl. fornbréfasafn IV. Kaupmannahöfn 1897, bls. 173–74.
- ⁴ Ísl. fornbréfasafn VI. Reykjavík 1900–1904, bls. 429.
- ⁵ Sveinn Níelsson: Prestatal og prófasta. 2. útg. Reykjavík 1950, bls. 151; Sturlunga I., bls. 386, 401.
- ⁶ Sveinn Níelsson: Prestatal og prófasta, bls. 151; Ísl. fornbréfasafn VI., bls. 31–32.
- ⁷ Sveinn Níelsson: Prestatal og prófasta, 151; HLBS: Lbs. 176 4to, bls. 166; Ísl. fornbréfasafn VI., bls. 278, 306, 381, 706, 728, 765; Einar Bjarnason: Lögréttumannatal. Reykjavík 1952–55, bls. 34, 544–45; Páll Eggert Ólason: Íslenzkar æviskrár I. Reykjavík 1948, bls. 103.
- ⁸ Séra Magnús Guðmundsson: Setbergskirkja í Eyrarsveit. Kirkjuritið, 29. árg., 2. hefti, febrúar 1963, bls. 77; Ísl. fornbréfasafn VII. Reykjavík 1903–1907, bls. 747–48; Sveinn Níelsson: Prestatal og prófasta, bls. 151.
- ⁹ Ísl. fornbréfasafn XI. Reykjavík 1915–1918, bls. 79; Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár III. Reykjavík 1950, bls. 55–56; HLBS: Lbs. 176 4to, bls. 166–67.
- ¹⁰ Ísl. fornbréfasafn X. Reykjavík 1911, bls. 381–82.
- ¹¹ Ísl. fornbréfasafn XII., bls. 283; XIV., Reykjavík 1945–1949, bls. 153; Biskupasögur Jóns prófests Halldórssonar í Hítardal I. Reykjavík 1903–1910, bls. 131–32; Jón Espólin: Íslands Árbækur IV. deild. Kaupmannahöfn 1825, bls. 133; HLBS: Lbs. 176, 4to, bls. 166; Alþingisbækur Íslands III. Reykjavík 1917–1918, bls. 305–06.
- ¹² Ísl. fornbréfasafn VII., bls. 747–48.
- ¹³ Frásögur um fornaldarleifar 1817–1823. Síðara bindi. Reykjavík 1985, bls. 334–35; Ísl. fornbréfasafn XIII. Reykjavík 1906–1908, 1913, bls. 100–01; XV. Reykjavík 1947–50, bls. 605.
- ¹⁴ Alþingisbækur Íslands III, bls. 300–06; Jón Árnason: Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri IV., Reykjavík 1956, bls. 95–96.
- ¹⁵ Ísl. fornbréfasafn XII., bls. 11; Biskupasögur. Gefnar út af Hinu íslenska bókmenntafélagi. Kaupmannahöfn 1858, bls. 733–35.
- ¹⁶ Ísl. fornbréfasafn II. Kaupmannahöfn 1893, bls. 257.
- ¹⁷ Ísl. fornbréfasafn III., bls. 108.
- ¹⁸ HLBS: Lbs. 176, 4to, bls. 166; Séra Magnús Guðmundsson: Setbergskirkja í Eyrarsveit. Kirkjuritið, 29. árg., 2. hefti, febrúar 1963, bls. 78–79.
- ¹⁹ Ísl. fornbréfasafn IV., bls. 173.
- ²⁰ Ísl. fornbréfasafn XV., bls. 603–04.
- ²¹ Biskupasögur Jóns Halldórssonar I., bls. 85; Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár III., bls. 142.
- ²² Ísl. fornbréfasafn XIV., bls. 488–89.
- ²³ Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár I., bls. 104; Ísl. fornbréfasafn XV., bls. 109.
- ²⁴ Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár III., bls. 398–99; IV, bls. 286; Menn og menntir IV. Reykjavík 1926, bls. 9; HLBS: Lbs. 176, 4to, bls. 167–68.
- ²⁵ Sveinn Níelsson: Prestatal og prófasta, bls. 152; Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár III., bls. 120–21; Ísl. Fornbréfasafn IX. Reykjavík 1909–1910, 1913, bls. 509; Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar. Reykjavík 1919–42, bls. 611–12.

- ²⁶ Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár V. Reykjavík 1952, bls. 51.
- ²⁷ Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár II. Reykjavík 1949, bls. 391; HLBS: Lbs. 176, 4to, bls. 168–69.
- ²⁸ Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár I., bls. 35.
- ²⁹ Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár IV. Reykjavík 1951, bls. 351–52.
- ³⁰ Arne Magnussons private brevveksling. København 1920, bls. 262.
- ³¹ HLBS: JS. 503, 8vo, bls. 278; Biskupasögur Jóns Halldórssonar II. Reykjavík 1911–1915, bls. 167, 177–79.
- ³² Arne Magnussons private brevveksling, bls. 19, 335–36.
- ³³ Páll E. Ólason: Íslenzkar æviskrár III., bls. 74–75; HLBS: Lbs. 176, 4to, bls. 169–70.
- ³⁴ Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár III., bls. 220–21; HLBS: Lbs. 176, 4to, bls. 170; Arne Magnussons private brevveksling, bls. 182.
- ³⁵ Æfisaga Árna Magnússonar eftir Jón Ólafsson. Árni Magnússon. Levnded og skrifter I. bind, 2. København 1930, bls. 39.
- ³⁶ Arne Magnussons private brevveksling, bls. 31.
- ³⁷ Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár III., bls. 220–21.
- ³⁸ Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár IV., bls. 181.
- ³⁹ Þjóðskjalasafn Íslands (Þ.Í.) Skjalasafn presta. Setberg í Eyrarsveit. AA2. Kirkjustóll 1738–1819, bls. 8–12.
- ⁴⁰ Sama, bls. 15–19.
- ⁴¹ Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár V., bls. 46–47; Páll Vídalín: Recensus poetarum et scriptorum Islandorum hujus et superioris seculi. Viðauki séra Þorsteins Péturssonar. Reykjavík 1985, bls. 214.
- ⁴² Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár I., bls. 437–38.
- ⁴³ Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár I., bls. 219–20; Minning séra Björns Halldórssonar á Setbergi. Eptir Hannes Þorsteinsson. Skírnir 1924, XCVIII. árg., bls. 117–22; HLBS: JS. 464, 4to. Bréfabók séra Sigurðar Stefánssonar prófasts í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslum 1781–89; Þ.Í. Skjalasafn presta. Setberg í Eyrarsveit. AA2. Kirkjustóll 1738–1819, bls. 47. BA1. Prestsþjónustubók Setbergs 1782–1826, bls. 138; Jón Steingrímsson: Æfisagan og fleiri rit. Reykjavík 1973, bls. 223.
- ⁴⁴ Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár I., bls. 254–55; HLBS: Lbs. 28, fol. Bréf til Finns [Jónssonar] og Hannesar [Finnssonar] byskupa 1781–96, 26.9. 1786.
- ⁴⁵ HLBS: Lbs. 28, fol., 26.9. 1786.
- ⁴⁶ Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár I., bls. 254–55.
- ⁴⁷ Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár I., bls. 254–55; Ebenezer Henderson: Ferðabók. Frásagnir um ferðalög um þvert og endilangt Ísland árin 1814 og 1815. Reykjavík 1957, bls. 206.
- ⁴⁸ Ebenezer Henderson: Ferðabók, bls. 268–69. Þ.Í. Skjalasafn presta. Setberg í Eyrarsveit. BA1. Prestsþjónustubók Setbergs 1782–1826, bls. 210.
- ⁴⁹ Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár I., bls. 243.
- ⁵⁰ Lovsamling for Island VII. Kjøbenhavn 1857, bls. 443.
- ⁵¹ Geir biskup góði í vinarbréfum 1790–1823. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Reykjavík 1966, bls. 211.
- ⁵² Þ.Í. Skjöl í steinklefa. XVII. Kirkjuskjöl um land allt. 14. Þórsnesþing. Setberg og Knörr 1593–1889, 7.1. 1823.
- ⁵³ Þ.Í. Skjalasafn presta. Setberg í Eyrarsveit. AA3. Kirkjustóll 1824–1834, bls. 50–51.
- ⁵⁴ Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár I., bls. 385.

- ⁵⁵ Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár III., bls. 60.
- ⁵⁶ Jón Árnason: Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I. Reykjavík 1954, bls. 369–71.
- ⁵⁷ Þ.Í. Skjalasafn Snæfellsnessýslu: Nr. 926–60, 8.10. 1860; Nr. 1048–61, 28.12. 1860; Nr. 1051–61, 19.1. 1861; Nr. 1067–61, 15.2. 1861; Snæfellsnessýsla IV. Dóma- og þingbók 1858–1860, bls. 279–358; Snæfellsnessýsla: Dómskjal 1853–1876 V, 51; Þjóðólfur, 1.12. 1860 og 30.10. 1861.
- ⁵⁸ Oscar Clausen: Sögur og sagnir af Snæfellsnesi I. [Hafnarfirði] 1967, bls. 179–86.
- ⁵⁹ Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár I., bls. 37–38.
- ⁶⁰ Páll E. Ólason: Ísl. æviskrár II., bls. 344.
- ⁶¹ Séra Magnús Guðmundsson: Setbergskirkja í Eyrarsveit. Kirkjuritið, 29. árg., 2. hefti, febrúar 1963, bls. 82; Björn Magnússon: Guðfræðingatal 1847–1976. Reykjavík 1976, bls. 446; Páll E. Ólason: Íslenzkar æviskrár V., bls. 244–45.
- ⁶² Gunnlaugur Haraldsson: Guðfræðingatal 1847–2002 II. Reykjavík 2002, bls. 502–03; Þjóðólfur, 14. 2. 1859; Oscar Clausen: Sögn og saga I. Hafnarfirði 1972, bls. 135; Þ.Í. Skjalasafn presta. Skeggjastaðir á Langaneströnd. AA3. Kirkjustóll 1785–1883, bls. 213–22; HLBS: Lbs. 4048, 4to. Öprentuð ævisaga séra Jens V. Hjaltalín.
- ⁶³ Gunnlaugur Haraldsson: Guðfræðingatal 1847–2002 II., bls. 502–03; Oscar Clausen: Sögn og saga I., bls. 137.
- ⁶⁴ Þ.Í. Skjalasafn presta. Setberg í Eyrarsveit. CB4. Bréfabók Setbergs 1878–1889. Séra Jens V. Hjaltalín til hjónaleysa í Eyrarsveit, 12.9. 1886; Snæfellsnesprófastsdæmi. BB/9/1. Bréf til prófafa. Séra Jens V. Hjaltalín til Eiríks Kúld prófafa, 7.3. 1891; Oscar Clausen: Sögn og saga I., bls. 160–61.
- ⁶⁵ Þ.Í. Skjalasafn presta. Setberg í Eyrarsveit. CB5. Bréfabók Setbergs 1890–1894. Séra Jens V. Hjaltalín til Eiríks Kúld prófafa, 19.3. 1892; Skjalasafn Snæfellsnessýslu. Snæf. II. B/57 (II 33). Bréf 1893. Séra Jens V. Hjaltalín til sýslumanns, 22.4. 1893; Oscar Clausen: Sögn og saga I., bls. 161–63.
- ⁶⁶ Þ.Í. Snæfellsnesprófastsdæmi. BB/9/6. Bréf til prófafa 1897. Eftirrit af hjeradsfundargjörðum Snæfellsnesprófastsdæmis, 8.9. 1896; Skjalasafn Snæfellsnessýslu. Snæf. II. B/64 (II 33). Bréf 1896. Séra Jens V. Hjaltalín til Lárusar Bjarnasonar sýslumanns, 24.8. 1896; Lárus Bjarnason sýslumaður, stefna dagsett 22.10. 1896. Stefnubirting Stefáns Danielssonar og Jakobs Jónssonar sama dag; Júlíus Havsteen amtmaður til Lárusar Bjarnasonar, 16.11. 1896; Stefán Daníelsson til sýslumanns, 24.11. 1896.
- ⁶⁷ Séra Magnús Guðmundsson: Setbergskirkja í Eyrarsveit. Kirkjuritið, 29. árg., 2. hefti, febrúar 1963, bls. 83; Oscar Clausen: Sögn og saga I., bls. 134–68. Gunnlaugur Haraldsson: Guðfræðingatal 1847–2002 II., bls. 502–03.
- ⁶⁸ Þ.Í. Skjalasafn presta. Setberg í Eyrarsveit. AA4. Kirkjustóll 1836–1910, bls. 191–92.
- ⁶⁹ Þ.Í. Skjalasafn landshöfðingja. N 245–92: Séra Jens V. Hjaltalín til landshöfðingja, 8.1. 1892. Eiríkúur Kúld prófastur til biskupsins yfir Íslandi, 5.3. 1892. Stiftsyfirvöldin yfir Íslandi til landshöfðingja, 22.3. 1892. Landshöfðingi til stiftsyfirvaldanna, 5.4. 1892. Eiríkúur Kúld prófastur til stiftsyfirvaldanna, 15.7. 1892. Séra Jens V. Hjaltalín til landshöfðingja, 10.7. 1892. Stiftsyfirvöldin til landshöfðingja, 27.8. 1892. Landshöfðingi til stiftsyfirvaldanna, 27.8. 1892; Skjalasafn presta. Setberg í Eyrarsveit. CD7. Endurrita-, skýrslu- og byggingarbréfabók 1890–1897. Séra Jens V. Hjaltalín til Björns Jónssonar, 1.5. 1992, bls. 138. Björn Jónsson til séra Jens V. Hjaltalín, 25.5. 1892, bls. 140–41. Verksamningur milli séra Jens V. Hjaltalín og Sveins Jónssonar, bls. 131–36.

- ⁷⁰ Séra Magnús Guðmundsson: Setbergskirkja í Eyrarsveit. Kirkjuritið, 29. árg., 2. hefti, febrúar 1963, bls. 85.
- ⁷¹ Séra Magnús Guðmundsson: Setbergskirkja í Eyrarsveit. Kirkjuritið, 29. árg., 2. hefti, febrúar 1963, bls. 85–86; Sami: Um kirkjur og kirkjurækni í Eyrarsveit á Snæfellsnesi. Kirkjuritið, 51. árg., 2. hefti, 1985, bls. 48; Setbergsprestakall. Kirkjudagur 11. júlí 1982. Séra Jón Þorsteinsson tók saman. [Grundarfirði 1982]. Án blaðsíðutals.
- ⁷² HLBS: Lbs. 3639, 4to, nr. 4. Lýsing Setbergskirkju 1892.
- ⁷³ Björn Magnússon: Guðfræðingatal 1847–1976, bls. 254–55.
- ⁷⁴ Sama, bls. 285–86.
- ⁷⁵ Gunnlaugur Haraldsson: Guðfræðingatal 1847–2002. II., bls. 575–76.
- ⁷⁶ Sama, bls. 777.
- ⁷⁷ Sama, bls. 593–94.
- ⁷⁸ Gunnlaugur Haraldsson: Guðfræðingatal 1847–2002 I. Reykjavík 2002, bls. 449–50.
- ⁷⁹ Gunnlaugur Haraldsson: Guðfræðingatal 1847–2002 II., bls. 943.
- ⁸⁰ Séra Magnús Guðmundsson: Setbergskirkja í Eyrarsveit. Kirkjuritið, 29. árg., 2. hefti, febrúar 1963, bls. 86–87; Sami: Um kirkjur og kirkjurækni í Eyrarsveit á Snæfellsnesi. Kirkjuritið, 51. árg., 2. hefti, 1985, bls. 47–48, 54–56; Setbergsprestakall. Kirkjudagur 11. júlí 1982. Séra Jón Þorsteinsson tók saman. [Grundarfirði 1982]. Án blaðsíðutals.
- ⁸¹ Helgi Sigurðsson: Snæfellsnes III. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags. Setbergssókn. Lýsing Setbergssóknar 1873 og uppdráttur. Reykjavík 1970, bls. 294.
- ⁸² Sama rit, bls. 294.

Sr. Magnús Guðmundsson

Um kirkjur og kirkjurækni í Eyrarsveit


Er kirkjan of stór?

„Þeir byggja stórt í Hólminum núna“, á gamli læknirinn í Stykkishólmi að hafa sagt þegar hann í fylgd með dóttur sinni flaug yfir skýjakljúfana í New York.

Já, við byggjum stórt á Íslandi um þessar mundir. Undrandi horfum við á nýbyggingar margs konar víðs vegar um land, og óhætt er að segja um íbúðarhúsin, sum hver að minnsta kosti, að þau séu svo vegleg að þau séu byggð í hallarstíl. Hvað má þá segja um byggingar þær sem reistar eru til almenningsþarfa sem allur fjöldinn stendur að og á að njóta?

Það er nú svo komið í Reykjavík að Hallgrímskirkja er orðin einkennistákn borgarinnar og dregur fyrst að sér athygli þeirra sem þangað koma – og má meðal annars marka það af þeim fjölmörgu útlendingum sem þangað leggja leið sína til að taka af henni ljósmyndir og njóta útsýnisins úr turni hennar.

Næstum öll byggðarlög á landi hér eiga sér kirkju sem gjarnan er reist á áberandi stað svo að hún beri höfuð og herðar yfir umhverfið, og flestir þeir sem ferðast um landið gera sér far um að kunna skil á kirkjustöðum, en kirkjurnar eru vissulega vottur um að menn láti sér annt um hinn kristna arf þjóðarinnar. Það mun fátítt að aðeins sé bæjarleið milli kirkjustaða, eins og er í Miðfirði þar sem Staðarbakki og Melstaður standa hlið við hlið, og jafnframt er leitun á þeirri sveit sem ekki á sér helgistað, en dæmi munu þess, en þá er sóknarkirkjunnar jafnan að leita á næsta bæ utan sveitarinnar.



Séra Magnús Guðmundsson.

Eyrarsveit á Snæfellsnesi var fram á okkar daga einangraðasta sveit héraðsins. Þótt kirkjumálaráðuneytið hafi viljað útvega sóknarprestinum á Setbergi í Grundarfirði eina útkirkju til þjónustu og hafi um leið viljað fækka þeim útkirkjum sem nágrannaprestarnir á báðar hendur þurftu að þjóna, t.d. með því að leggja Brimilsvallakirkju eða Bjarnarhafnarkirkju undir Setberg, þá kom fljótt á daginn að þetta var ógerlegt vegna torleiðis sem þarna var á milli á báða vegu.

Á Setbergi stendur lítil kirkja, turnlaus sem reist var árið 1892 og vígð 16. okt. það ár af prófastinum sr. Eiríki Kúld. Þegar Setbergskirkja var reist fyrir rúmum 90 árum var hún að sjálfsögðu glæsilegasta húsið í Eyrarsveit, en hún

var reist af vanefnum – og varð að vera turnlaus. Síðar kom turnbygging ásamt forkirkju oft til umræðu á safnaðarfundum en af framkvæmdum varð ekki.

Árið 1966 var lokið byggingu nýrrar kirkju í kaupúninu í Grundarfirði – eða ætti ég heldur að segja kirkjuparts, því að kirkjan var aðeins fullgerð að hluta, vantaði á kirkjuskipið og turninn var alveg eftir.

Þegar svo menn voru að spyrja mig: Hvers vegna þurfum við alltaf að búa við turnlausar kirkjur þá vék ég mér undan spurningunni með því að benda á að Grundfirðingar ættu einn glæsilegasta kirkjuturn á landinu og þótt víðar væri leitað, þ.e. Kirkjufellið. Það væri eins og völdugur fingur gerður af almættinu og benti íbúum byggðarlagsins í hæðir. Skyldi ekki lögun fjallsins hafa ráðið einhverju um nafngiftina? Og af fjallinu síðan dregið hið einstæða nafn Kirkjufjörður. Þótt bæði nöfnin Kirkjufjörður og Grundarfjörður hafi lifað hlið við hlið þá hefur nafnið Grundarfjörður orðið ofan á með tímanum. Er dálítið óþægilegt þegar svo er komið að sama nafn er á firðinum og kaupúninu. Væri ef til vill hugsanlegt að taka aftur upp hið forna nafn Kirkjufjörður?

Þegar í upphafi kristni voru margar kirkjur reistar. Eyrbyggja getur þess að allir menn voru skírðir á Íslandi og kristni var í lög tekin árið 1000 og flutti Snorri goði mest við Vestfirðinga að við kristni væri tekið. Og þegar er þingi var lokið – heldur Eyrbyggja áfram – lét Snorri goði gera kirkju að Helgafelli, en aðra Stýrr, mágur hans, undir Hrauni (þ.e. á Berserkjahrauni). Þóroddur skattkaupandi lét og gera kirkju að bæ sínum að Fróðá.

Menn hafa furðað sig á hve stórar kirkjur voru hér í hinni fyrstu kristni, svo sem glögg kom í ljós við uppgröft Skálholtsdómkirkju 1954. Dómkirkjan hefur að sjálfsögðu verið stærst allra kirkna biskupsdæmisins, en venjulegar sóknarkirkjur geta líka hafa verið stórar, einkum ef rúma átti allan söfnuðinn. Skýringarinnar á þessum stóru kirkjum er kannski að leita í Eyrbyggju þar sem segir: „Hvatti menn það mjög til kirkjugjörðar að það var fyrirheit kennimanna að maður skyldi jafnmörgum mönnum eiga heimilt rúm í himnaríki sem standa mættu í kirkju þeirri, er hann léti gera.“

Kristnin setti snemma sitt mark á Eyrarsveit, svo sem sjá má af nöfnum eins og Kirkjufelli og Krossnesi, en á báðum þeim bæjum voru hálfkirkjur fyrrum, og það var ekki nema von að þeir sem lifðu í svo kristilegu umhverfi vildu eiga sér kirkju – og ég hugsa til allra þeirra helgidóma sem þar hafa risið allt frá því hin fyrsta *Eyrarkirkja* var reist í öndverðri kristni á landsnámsbænum og nafngjafa sveitarinnar. Að vísu er hennar ekki getið í Eyrbyggju, en það þarf ekki að vera af því að hún hafi verið reist miklu síðar en kirkjurnar að Helgafelli, Berserkjahrauni og Fróðá.

Okkur mundi langa til að eiga í sem upprunalegastri mynd þá kirkju sem fyrst var reist í Eyrarsveit, en því miður hefur hún verið úr svo forgengilegu efni að hún hefur ekki enst lengi, og þannig hafa helgidómarnir risið og horfið í aldanna rás, fyrst á Öndverðrieyri við Kolgrafafjörð þar til Hallbjörn prestur Jónsson flytur kirkjuna upp að Hallbjarnareyri um 1500. Sú kirkja er aftekin 1563, en er þó talin í Gíslamáldaga um 1574. Löngu áður var komin kirkja á Setbergi og tekur við af Eyrarkirkju sem sóknarkirkja. Þar hefur nú verið kirkjustaður í meira en 800 ár.

Eyrarsveit er svo rík að eiga tvo helgidóma, annan nýjan, hinn endurnýjaðan. Nú fyrir og eftir níraðisafmælið hefur *Setbergskirkja* hlotið gagngera endurbót sem ætti að duga henni lengi. Níraðisafmælis kirkjunnar var minnst 11. júlí 1982 við hátíðarguðsþjónustu þar sem prófasturinn, sr. Ingiberg Hann-



Setberg 1954.

esson á Hvoli prédikaði, en biskup Íslands, hr. Pétur Sigurgeirsson, og sóknarpresturinn, sr. Jón Þorsteinsson, þjónuðu fyrir altari. Var veður hið fegursta og menn í hátíðarskapi.

En þetta var ekki eina hátíðin í Grundarfirði þennan dag því að síðdegis vígði biskupinn hina fullgerðu *Grundarfjarðarkirkju*. Voru það skiljanlega mikil viðbrigði fyrir þann sem vanist hafði hinni ófullgerðu kirkju að koma þarna inn. Var það raunar sem að koma inn í nýja kirkju. Og ekki er síður tilkomumikið að sjá kirkjuna að utan með turni og kirkjuskipi í fullri stærð. Setur kirkjan með lýsandi krossi efst á turninum svip á kaupúnið og er eins konar kennimark þess.

Langþráðu takmarki er náð því að byggingarsaga kirkjunnar spannar meira en 20 ár. Raunar má segja að kirkja sé aldrei fullbúin, hún hljóti alltaf að vera í smíðum, alltaf megi gera betur og bæta um. Þannig hefur stöðugt verið að bætast í listaverkasjóð kirkjunnar, svo sem hinir miklu steindu gluggar sem nýverið hafa verið settir upp í vesturgafli kirkjunnar, er sýna Jesú og börnin. Þá er í smíðum nýtt orgel fyrir kirkjuna og væntanlegt innan tíðar.

Þótt margt megi að framkvæmdinni við kirkjusmíðina finna þá hygg ég að þarna hafi verið reist vönduð kirkja sem geti komið vaxandi söfnuði að notum á komandi tíð. Þá er hljómburður afar góður og hentar því kirkjan vel fyrir tónlist og söng.

En er þá kirkjan ekki of stór? Vissulega er hátt til lofts og vítt til veggja í kirkjunni og kannski finnst einhverjum að hann týnist í þessari víðáttu. Þar rúmast drjúgur hluti safnaðarins – satt er það – en finnst þér ekki gott til þess að hugsa að það er reiknað með þér, það er rými fyrir þig, jafnvel einnig við sérstök tækifæri?

Forveri minn í Ögurþingaprestakalli, sr. Óli Ketilsson, sem búsettur var á Ísafirði eftir að hann lét af embætti, sagði við mig að hann færi aldrei í kirkju á hátíðum og þegar ég spurði hvers vegna þá sagði hann að kirkjan á Eyri í Skutulsfirði, Ísafjarðarkirkja, væri svo lítil að hún rúmaði ekki þann fjölda sem vildi sækja messur á hátíðum kirkjunnar og það væri bara ekki pláss fyrir hann og marga fleiri. Og svipaða sögu hafa aðrir að segja.

Það er gott til þess að vita, þegar þú leggur leið þína til kirkjunnar, þá er rými fyrir þig. Best kunnum við að meta fullsetnar kirkjur þar sem vel er tekið undir lofsönginn. En við megum ekki gleyma því að messa, sem 20 til 30 manns sækja í fámennu byggðarlagi, er eftir atvikum líka vel sótt messa. Hugsum um það hversu margir geta verið fjarverandi eða vant við látnir vegna skyldustarfa á sjó eða landi, bundnir við sjósókn eða barnagæslu svo að dæmi séu tekin.

Litla kirkjan í kirkjunni

Orðið kirkja þýðir: allt sem tilheyrir Drottni. Við notum það venjulega í merk-ingunni guðshús, en það á engu síður við söfnuðinn sem þar kemur saman. Hann tilheyrir Drottni engu síður en kirkjuhúsið. Í Nýja testamentinu er notað orðið ekklesía um kirkjuna, en það merkir í raun söfnuðurinn sem Guð kallar saman, og í kirkjusögunni var einu sinni talað um ekklesíola in ekklesiae – sem þýðir litla kirkjan í kirkjunni.

Þegar við hjónin komum til Assisi á ferð okkar um Ítalíu árið 1966 þá stöns-uðum við stundarkorn í stórri kirkju í útjaðri bæjarins, en kirkjan Maria degli Engeli er sannkallaður þjóðarhelgidómur, byggður yfir litlu kapelluna, Porti-uncula, þar sem heilagur Frans baðst fyrir og þar sem hann lést. Þessi litla



Við útiguðsþjónustu uppi við kirkjubyggingu sumarið 1962.

kirkja á sína stóru sögu og þess vegna er hún varðveitt í heilu lagi innan veggja stóru kirkjunnar. Skýringuna á því hvers vegna litla kirkjan er varðveitt í þeirri stóru fengum við svo er við skoðuðum helgidóminn þar sem jarðneskar leifar heilags Frans eru geymdar, en það er kirkja upp á þrjár hæðir inni í bænum. Munkur úr reglu heilags Frans fór með okkur um kirkjuna, sem heitir Basilika San Fransesko og útskýrði fyrir okkur freskómyndirnar á veggjum kirkjunnar. Minnisstæðar urðu mér tvær myndir, önnur þar sem heilagur Frans hafnar ríkiðæmi föður síns en hlustar á rödd frá himni, og hin þar sem hann styður undir kirkjuna meðan páfinn sefur í fínu rúmi. Fyrst hélt heilagur Frans að hann væri kallaður til að gera við eina ákveðna kirkju og hóf þar endurbyggingarstarf af miklum krafti, en smám saman varð honum ljóst að köllunin gildi um kirkjuna alla og hreyfing sú, sem hann varð upphafsmaður að, varð endurnýjunarafi í gjörvallri Guðs kristni á þeim dögum. Heilagur Frans studdi við kirkjuna meðan páfinn svaf.



Á Kirkjufellsvaðli 1955.

Þótt heilagur Frans hafi séð mörg fögur musteri um sína daga þá hefur honum áreiðanlega þótt vænst um litlu kirkjuna þar sem hann fékk köllun sína.

Stundum mundum við kannski óska þess að geta verið í gömlu litlu kirkjunni okkar þegar kirkjugestir eru í færra lagi, en við eigum sjaldan kost á því. En þegar þannig stendur á skulum við hugsa um litlu kirkjuna í kirkjunni, eins og litlu bænaþakinu heilags Frans í Þjóðarhelgidómnum í Assisi.

Ég á endurminningu frá komu minni í þá kirkju. Við eitt altarið fór fram messa og þjónuðu að henni þrír prestar og þar fyrir framan var hópur þýskra pílagríma sem stóðu þétt saman og

tóku einum rómi undir bænaákall og víxlsöng. Þeir notuðu aðeins lítinn hluta helgidómsins. Þeir voru þarna eins og litla kirkjan í kirkjunni. Og þannig hugsa ég mér það í hinni nýju Grundarfjarðarkirkju og í stórum kirkjum yfirleitt. Þegar rúmt er um kirkjugesti þá sitji þeir ekki dreift heldur komi sér fyrir á ákveðnum stað í kirkjunni þar sem þeir mynda hóp sem tekur undir söng og bæn. Við skulum vera minnugir þess að um sama leyti helgidagsins eru bæði litlir og stórir hópar kristinna manna að biðja og syngja Guði lof. Það er styrkur að vita að við erum ekki einir. Þótt við séum lítil grein á hinum mikla meiði kirkjunnar þá erum við þó grein, lifandi grein í hinu mikla samfélagi kirkjunnar um víðan heim þótt það sé aðeins litla kirkjan, litla hjörðin (sbr. Lúk. 12.32) sem kemur til messunnar á venjulegum helgidegi þá hefur það sitt gildi fyrir stóru kirkjuna – allan söfnuðinn – því að litla kirkjan biður fyrir allri kirkjunni, bæði fyrir söfnuðinum á staðnum og kirkjunni út um víða veröld.

„Þetta er eins og í kirkju“, er oft sagt þegar fáir mæta af þeim sem koma eiga. En í kirkjunni getum við líka sagt: „Þeir eru of fáir ef einhverja vantar.“ Minnumst þess hvað hver maður er dýrmætur í augum Guðs. Og höfum það hugfast að einn maður sem biður í kirkjunni getur verið á við tugþúsundir annarra. Hugsum í þessu sambandi um heilagan Frans frá Assisi og hvað spratt upp af bænaiðju hans í litlu kirkjunni. Mér hefur orðið tíðrætt um hina litlu kirkju, hina litlu hjörð, að oft er fámenn í kirkjunni þegar Drottinn kallar lærisveina sína til fundar við sig. En mér er spurn: Hvaða félagskapur, sem hefur sama efni á dagskrá sunnudag eftir sunnudag, getur í rauninni státað af jafnmikilli aðsókn og kirkjan þegar allt kemur til alls?

En vissulega ber mér að vera raunsær. Kirkjan á marga keppinauta og hún sem oft er kölluð móðir okkar allra sem teknir höfum verið inn í hana í heilagri skírni, hún sem vill fóstura okkur og fæða í samfélagi við Drottin, verður oft að sætta sig við það að mörg barna hennar eru lítið hjá henni. Það er svo margt sem dregur þau á burt, en hún hættir ekki að bíða og vona. Hún hefur svo mikið að bjóða okkur og hún bíður hljóðlát og þolinmód eftir hverju barni sínu. Hvaða móðir mundi gefa barni sínu steina ef það bæði um brauð, en þannig gefur heimurinn okkur einatt. Hversu oft höfum við staðið upp frá skemmtun sjónvarpsins með það í huga að þessum tíma hafi verið sóað til einskis. Vissulega gerir samkeppnin um sálirnar kirkjunni erfitt um vik. En hvenær hefur kirkjan ekki átt undir högg að sækja?

Kirkjurækni áður fyrr

Margir tala um að ástandið hafi verið betra hér áður fyrr þegar kirkjan mátti heita einráð eða a.m.k. fátt sem keppti við hana. En ætli það hafi verið nokkru betra þegar þrúgandi hönd fátæktar, kulda og vinnuþrælkunar hvíldi á mannfólkinu? Við vitum hve vonlaus baráttan við fátæktina var og kuldinn, sem ríkti í kirkjunum, gerði þær óaðlaðandi og í raun ómessufærar að vetrinum sem þó var besti starfstími kirkjunnar.

Á árum áður var prestum blátt áfram skylt að messa á hverjum helgum degi og kom þá stundum fyrir að messuföll voru fleiri en messurnar þegar árskýrslur voru gerðar. Engan þarf að undra það þegar hugsað er um þetta þrennt: „Ill veðrátta, kirkjan ofnlaus og kalt að sitja í henni á vetrum og líttill kirkjulegur

áhugi,“ eins og sóknarpresturinn á Setbergi, sr. Jósef Jónsson, skrifar í dálkinn um orsakir messufalla frá 1. sunnudegi eftir þrettánda til páska snjóaveturinn 1920.

Þegar aðstæður eru eins og að ofan er lýst þarf heldur enginn að furða sig á þótt messuföll yrðu mörg frostaveturinn 1918, en gaman er að lesa athugasemdir gamla prestsins, sr. Jens Hjaltalíns, sem hann skrifar um orsakir messufalla í skýrslu um „messugjörðir og altarisgöngur í Eyrarsveit 1918“. Þá var ekki messað 11 sunnudaga í röð frá þrettánda til pálmásunnudags. Sr. Jens skrifar:

Þrettánda:

Norðan veður, kafaldsbylur og 21 stigs frost. Kom enginn maður.

1. sunnudagur eftir þrettánda:

Norðan hægur, bjartviðri, frost 21 og $\frac{1}{4}$ á Celsíus. (17 stig á Réaumur). Enginn maður kom.

2. sunnudagur eftir þrettánda.:

Enginn maður kom. Norðan kófbylur með 25 og síðan 25 og $\frac{1}{4}$ á Celsíusmæli (20 til 21 á Réaumur).

1. sunnudagur í níu vikna föstu:

Alls enginn kom til kirkju. Austan bálviðri og kafaldskóf, frost 10 stig á Celsíus.

2. sunnudagur í níu vikna föstu:

Bærilegt veður, frostilltill, hægur og snjólítið. Enginn maður kom til kirkju, ekki enn.

Það er eins og gamli presturinn, sem búinn var að þjóna íslensku kirkjunni í meira en 50 ár, brosi með sjálfum sér og hugsi: Hvernig ætlar þetta nú að enda hjá mér? En framhaldið verður eitthvað svipað. Að vísu koma fermingarbörn til spurninga á helgum og tveir eða þrír fullorðnir með þeim, en ekki er messufært því hvorki meðhjálpari né forsöngvari eru til staðar. Lítið virðist ástandið skána þegar kemur fram á vorið. Við 4. sunnudag eftir páska stendur: Ekki messað af því að enginn kom. Veður þó gott og blítt. Á hvítasunnudag kveður við annan tón: Messað með mannfjölda.

Við kvörtum yfir ástandinu á okkar tíð og víst er margt að, en við erum þó ekki þrúguð af fátækt, kulda og kröppum kjörum sem var hlutskipti margra, jafnvel á fyrri hluta þessarar aldar. Og hvílíkur munur á starfsaðstöðu ef við

hugsum til upphitaðra kirkjuhúsa sem við eigum nú og eru alltaf til reiðu. Það var ekki við því að búast að menn hér áður fyrr legðu fúsir upp í langa ferð til kirkju og settust svo í óþægileg sæti í ískaldri kirkju, þreyttir og heitir af göngunni. Lungnabólgan var líka skæður vágestur þá.

Svo hörð ár sem hér hefur verið minnst á eru sem betur fer sjaldgæf, en þau sýna okkur við hvíflíka erfiðleika var að etja í starfi kirkjunnar. Þótt messuföll yrðu mörg á þessum árum þá er ekki við prestana að sakast. Þeir voru á sínum stað reiðubúnir til þjónustu. En það er heldur ekki undrunarefni að kirkjurækni safnaðarins væri í lágmarki við þær aðstæður sem þá ríktu.

Árið 1918 var síðasta heila árið í 52 ára prestsþjónustu sr. Jens Hjaltalíns, þar af 37 í Setbergsprestakalli, og það var fádæma erfitt ár vegna mikillar frosthörku. Árið 1920 var fyrsta heila árið sem sr. Jósef Jónsson þjónaði Setbergsprestakalli og það var líka mjög erfitt ár vegna mikilla snjóá og illviðra. Eitt er víst, að svona hörð ár komu ekki aftur á prestskaparárum sr. Jósefs, en þau urðu alls 35 á Setbergi og í 4 ár hafði hann áður þjónað í öðrum prestaköllum.

Þetta minnir mig á að árið 1955, fyrsta heila árið sem ég þjónaði í Setbergsprestakalli, gekk yfir eitt hið mesta rigningasumar í manna minnum og mátti heita að ekki þornaði af steini mestallt sumarið. Er ég þá um haustið var staddur í Stykkishólmi sá ég hinum megin götunnar Ólaf Jónsson frá Elliðaey. Kom hann hlaupandi til mín yfir götuna til að segja mér að þvílíkt sumar mundi aldrei koma aftur. Þótt oft hafi rignt síðan held ég að hann hafi reynst sannspár.

Þegar ég kom til starfa í Setbergsprestakalli 1954 var mér ljóst að ég tæki við af þjónum sem áttu langt og heilladrjúgt ævistarf að baki. Síðastliðin 72 ár höfðu aðeins tveir prestar þjónað prestakallinu og helgað því mestallt ævistarf sitt. Þeir gáfust ekki upp þótt á móti blési. Þegar ég hugsa um starf þeirra koma mér í huga þessi orð Krists: „Einn sáir, annar sker upp. Ég sendi yður að skera upp það sem þér hafið ekki unnið við. Aðrir hafa erfiðað en þér eruð gengnir inn í erfiði þeirra.“ (Jóh. 4.37–38). Ég fékk að njóta ávaxtanna af fórnfúsri þjónustu þeirra og einstakri trúmennsku í kirkju Krists. Fermingarbörn þeirra voru að sjálfsögðu fremst í flokki þeirra sem sóttu messur og gengu til liðs við kirkjubygginguna.



Grundarfjarðarkirkja.

Ný kirkja vígð

Segja má að fyrsta vísi að Grundarfjarðarkirkju sé að finna hjá Páli Þorleifssyni frá Hömrum og mönnum hans á vélbátnum Fylki, sem gáfu árið 1947 2.500 kr. til að stofna kirkjubyggingarsjóð. Og sjóðurinn eflidist á næstu árum og það kom berlega í ljós að sóknarbörnum var full alvara að reisa kirkju í hinu vaxandi kaupúni fyrir botni Grundarfjarðar sem þá nefndist Grafarnes. Áttu þar hlut að máli bæði ungir og gamlir, karlar og konur, en ég held á engan sé hallað þótt þeim mörgu kristnu konum, sem störfuðu í kvenfélaginu Gleym-mér-ei, sé sérstaklega þakkað giftudrjúgt framlag til kirkjubyggingarinnar.

Halldór Halldórsson arkitekt teiknaði kirkjuna og tók lítið fyrir sitt verk. Ég sé í dagbók minni frá þessum árum að mælt hefur verið fyrir kirkjunni 27. sept. 1959. Þann dag átti Finnur Sveinbjörnsson sóknarnefndarformaður og með-

hjálpari 70 ára afmæli. 3. október var svo grafið fyrir kirkjunni. Áður en framkvæmdir hófust var stutt andakt á grunni kirkjunnar. Finnur Sveinbjörnsson tók fyrstu skóflustunguna og sungið var í Í fornöld á jörðu og Son Guðs ertu með sanni.

Á árunum 1960 og 1962 unnu alþjóðlegir vinnuflokkar frá Alkirkjuráðinu um tíma að byggingu kirkjunnar. Voru þar þátttakendur úr ýmsum kirkju-deildum í Evrópu og Ameríku og komumst við þannig í snertingu við kristin ungmenni úr ýmsum áttum, svo sem frá Danmörku, Svíþjóð, Þýskalandi, Hollandi og Bandaríkjunum. Það þótti tíðindum sæta að stúlkur voru í vinnubúðum þessum til jafns við pilta og fannst sumum að erfið byggingavinna væri ekki við kvenna hæfi. En það kom í ljós að þær stóðu sig flestar með þryði og létu ekki sinn hlut eftir liggja.

Hélt samband við marga þátttakendurna í vinnubúðunum með bréfum og jólakveðjum næstu árin, og ber sérstaklega að nefna vinnubúðastjórnann í fyrri flokknum, Elísabetu Kielderup Jörgensen, kennara í Kaupmannahöfn, sem hefur fylgst með kirkjusmíðinni fram á þennan dag og enda komið hingað í heimsókn til að sjá með eigin augum hvernig fram yndi byggingu kirkjunnar. Enn fremur ber að minnast annars Dana, Børge Bahn Mogensen, bónda á Sjálandi, sem hefur sent mér jólakveðju og bréf á hverju ári síðan hann var hér í vinnuflokknum 1960. Þá störfuðu nokkrir íslenskir guðfræðinemar við kirkjusmíðina og eru þeir nú virðulegir prestar eða prófastar. Ég get nefnt sr. Bernharð Guðmundsson, fréttafulltrúa þjóðkirkjunnar, sr. Kolbein Þorleifsson f.v. prest á Eskifirði, sr. Lárus Guðmundsson, prófast í Holti í Önundarfirði, sr. Ingólf Guðmundsson, lektor við Kennaraháskóla Íslands, og af þeim sem orðnir voru prestar um þetta leyti og lögðu hönd að verki má nefna sr. Ólaf Skúlason dómprófast og vígslubiskup, þá nýorðinn fyrsti æskulýðsfulltrúi þjóðkirkjunnar.

Ógleymanlegur verður öllum í vinnubúðunum hinn snarráði og lipri byggingarmeistari kirkjunnar, Guðbjartur Jónsson, sem enn er á lífi, á tíræðisaldri. Á honum dundu í sífelli hrópin og köllin: „Master,“ en svo var hann jafnan ávarpaður, „hvernig á að fara að þessu, hvað er hér til ráða, hvað á ég nú að gera?“ Hann varð sífellt að vera viðbúinn og svo hjólliðugur var hann að hann virtist geta snúið höfði til allra átta á augabragði.

Ekki er hægt að rekja byggingarsögu kirkjunnar næstu árin, en sífellt var

haldið áfram uns þar kom að kirkjan var álitin vígsluhæf þótt margt vantaði, svo sem turn, klukkur o.fl. Vígsludagur var ákveðinn 31. júlí 1966, á 8. sunnudegi eftir trinitatis. Þótti sumum þetta slæm helgi af því að þetta var hin svo nefnda verslunarmannahelgi, en svo miklar annir voru hjá biskupi Íslands, hr. Sigurbirni Einarssyni, m.a. vegna vígslu annarra kirkna, að um annan sunnudag var ekki að ræða. Það var eins og þannig hefði þetta átt að vera, því að þessi sunnudagur var einhver fegursti dagur sumarsins. Mér er það minnstætt að þessi kirkjuvígsludagur var hinn síðasti helgidagur í lífi Halldórs Halldórssonar múrarmeistara, en hann gaf kirkjunni altaristöfluna til minningar um konu sína. En svo skammur tími var eftir í lífi Halldórs, sem ekki var gamall maður, að hann sá ekki ljós næsta sunnudags hér á jörð. Svona svipult getur lífið verið hér í heimi.

Eftir vígslumessuna sagði einn viðstaddra, Bjarni Sigurðsson safnaðarfulltrúi á Berserkseyri, að í sínum augum hefði hámark messunnar og hátíðlegasta stund hennar verið þegar biskupinn og sóknarpresturinn krupu til skiptis fyrir framan altarið og veittu hvor öðrum sakramentið að lokinni altarisgöngu kirkjugesta.

Kirkjurækni lifnar við

Á árinu 1982 voru liðin hundrað ár síðan sr. Jens Hjaltalín kom til prestsþjónustu í Eyrarsveit. Það var harða vorið 1882, en veitingu fyrir embættinu hafði hann fengið 4. nóvember 1881. Segja má að erfitt árferði hafi einkennt þau ár sem eftir voru af öldinni og fylgdi því fátækt, vonleysi og deyfð. Samgöngur voru slæmar og kirkjan óupphituð. Kom þetta allt niður á kirkjurækninni. Rétt eftir aldamótin segir í prófastsvísitasíu: „Samkomulag prests og safnaðar er hið besta, enda þykir sóknarpresturinn ágætur kennimaður, en kirkjurækni er þó hvergi í prófastdæminu jafnléleg.“ Nokkrum árum seinna segir í vísitasúgöng: „Barnafræðslu er yfirleitt að þoka fram í prestakallinu og kirkjurækni safnaðarins virðist einnig vera að lifna við.“ Þegar þetta er ritað voru erfið ár fram undan, heimsstyrjaldarárin fyrri með dýrtíð og skorti og svo frostaveturinn mikli sem áður er lýst.

Og ungi presturinn, sr. Jósef Jónsson, sem tók við prestakallinu vorið 1919 og kvartaði sáran yfir slæmu veðurfari, kulda í kirkjunni og litlum kirkjugum

áhuga, fékk að lifa breytingu á þessu öllu um sína daga. Þótt komið gætu harðindakaflar þá komu aldrei neinir vetur í líkingu við hörðu árin 1918 og 1920. Veðurfar var heldur hlýnandi hér á landi næstu áratugina. Það hlýnaði líka í kirkjunni með tilkomu kolaofsins. Þótt fátæktin væri trú fylgikona flestra, þá vænkaðist samt hagur manna nokkuð eftir því sem árin liðu; samgöngur bötnuðu og kirkjulegur áhugi fór vaxandi, kirkjuræknin lifnaði við.

Guðsþjónustur voru líka haldnar á fleiri stöðum en áður, fyrst á Kvía-bryggju, síðar í Grafarnesi eftir að byggðin færðist þangað. Þegar ég kem til Grundarfjarðar 1954 þá tek ég við góðu búi úr hendi forvera míns. Kirkjan er vel sótt og sama er að segja um guðsþjónustur í samkomuhúsinu í kaupþúninu. Og margar hendur voru á lofti þegar talað var um kirkjubyggingu; áhuginn var til staðar. Hann hafði glæðst í hjörtum fermingarbarna þessara tveggja sóknarpresta, sem þar þjónuðu af trúmennsku í 72 ár, og sem vottur þessa andlega lífs er nú Grundarfjarðarkirkja risin og ég vona og bið að sá eldmóður sem hratt þessari kirkjubyggingu af stað og hefur nú leitt hana til lykta megi áfram brenna í hjörtum sóknarbornanna, bæði aðfluttra og heimamanna, og fermingarbörn þeirra tveggja sóknarpresta, sem þessu prestakalli hafa þjónað síðustu 30 árin, láti sér annt um hús Drottins á meðal okkar og verði í þeim efnum ekki eftirbátar fermingarbarna þeirra presta sem þar þjónuðu í 72 ár.

Já, það hlýtur að vera gott að vera prestur í Setbergsprestakalli því að á síðustu 100 árum hafa þar einungis þjónað fjórir prestar. Þótt oft hafi þeir orðið fyrir vonbrigðum og fengið að kenna á andstreymi um sína daga þá hafa þeir átt margar sælustundir með sóknarbörnum sínum. Það er jafnan fagnaðarefni öllum prestum að þeir eiga svo mörg börn, skírnbörn, fermingarbörn og sóknarbörn. Öll þessi nöfn eiga að sýna hin nánú tengsl sóknarbarna við sóknarprestinn sinn. Hann á ekki að vera eins og sóknarherra sem drottnar yfir söfnuðinum (sbr. 2. Kor. 1.24. og 1. Pét. 5.3), heldur allra helst eins og góður faðir öllum sóknarbörnum sínum. Og sælar eru þær stundir í lífi prestsins þegar hann fær að ganga með þeim í guðshús, forgarða guðsríkis á jörðu, en sælust er sú stund þegar hann hefur náð takmarkinu mikla: að vera kominn með öll sóknarbörnin sín í hinn himneska helgidóm.

Grein þessi birtist upphaflega í Kirkjuritinu, 51. árg., 2. hefti, 1985.

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri

Af sveitarstjórnarmálum Annáll 2003

Að venju vill undirrituð í árlegum annál reyna að gera grein fyrir helstu viðburðum og framkvæmdum á vegum bæjarfélagsins, auk þess að gefa upplýsingar um niðurstöður og lykiltölur úr ársreikningi bæjarins og stofnana.

Hér er ætlunin að draga fram helstu atriðin í starfsemi Grundarfjarðarbæjar á árinu 2003 en upptalningin getur aldrei orðið tæmandi.

Rekstur, framkvæmdir og helstu lykiltölur í ársreikningi

Árið 2003 var fyrsta heila árið sem unnið var eftir nýjum reglum um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga, bæði við gerð fjárhagsáætlunar og ársuppgjör – og allt þar á milli.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í ársreikningi Grundarfjarðarbæjar og fyrirtækja bæjarsjóðs fyrir árið 2003 og skýrslu endurskoðenda til bæjarstjórnar.

Heildartekjur: Skatttekjur bæjarsjóðs lækkuðu milli ára um u.þ.b. 2% og námu 277,4 millj. kr. alls (296 þús. kr. á íbúa), m.v. 283,3 millj. kr. árið 2002. Þetta er í fyrsta sinn í langan tíma sem skatttekjur lækka á milli ára. Útvarstekjur voru þar af 166,4 millj. kr. og höfðu hækkað um 0,4% frá 2002, sem er í raun lækkun

þar sem ekki er tekið tillit til verðlagsþróunar. Tekjur vegna álagningar fasteignaskatts stóðu í stað m.v. fyrra ár. Greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga lækkuðu um 9,3%.

Aðrar tekjur voru 54,7 millj. kr. og heildartekjur samtals 332,2 millj. kr. eða 355 þús. kr. pr. íbúa, sem er jafnt tekjum á hvern íbúa árið áður, en raunlækkun þar sem ekki hefur verið tekið tillit til verðlagsþróunar.

Afkoma rekstrarins og rekstur málaflokka: Rekstrarkostnaður A-hluta var 338 millj. kr. (með afskriftum) eða 361 þús. kr. á hvern íbúa.

Vextir og greiðslubyrði lána: Greiðslubyrði lána aðalsjóðs hækkaði í um 40 millj. kr. á árinu úr 29 millj. kr. árið 2002.

Fjárhagsstaða bæjarsjóðs: Peningaleg staða A-hluta var neikvæð um 270 millj. kr. og skuldir A-hluta bæjarsjóðs pr. íbúa voru í lok ársins 300 þús. kr. en voru 236 þús. kr. árið 2002.

Hafnarsjóður: Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 2 millj. kr. Fjárfestingar ársins námu 3,8 millj. kr. Innheimta virðisaukaskatts hófst á miðju ári 2003, sem hækkaði gjaldskrá hafnarsjóðs. Heildarskuldir hafnarsjóðs voru 62 millj. kr. í árslok og höfðu lækkað um 5 millj. kr. frá fyrra ári.

Vatnsveita: Rekstrarniðurstaða var jákvæð um tæpar 1,6 millj. kr. Fjárfestingar ársins námu 4,5 millj. kr. Heildarskuldir vatnsveitu námu rúmlega 27 millj. kr. í árslok.

Fráveita: Fráveitan varð til sem ný stofnun í bókum bæjarsjóðs við breytingar á reikningsskilareglum 2002 og er verksvið hennar rekstur holræsakerfisins og sorphirða. Tekjur eru því holræsa- og sorpgjöld.

Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð um 4,8 millj. kr. en framkvæmt var fyrir 2,1 millj. kr. á árinu. Heildarskuldir fráveitu (sem eru eingöngu við bæjarsjóð) voru 12,5 millj. kr. í árslok.

Félagslegar íbúðir: Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð (tap) um 6,5 millj.

kr. samanbórið við um 8 millj. kr. árið 2002 og 4 millj. kr. árið 2001. Ein fasteign var seld á árinu og fjárfestingar voru engar.

Heildarskuldir félagslegra íbúða voru 156,5 millj. kr. í árslok.

Íbúðir eldri borgara: Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 500 þús. kr. Íbúðir eldri borgara skulduðu bæjarsjóði 7 millj. kr. í árslok og lækkaði skuldin um tæpa 1 millj. kr. á árinu.

Viðskiptareikningar milli A- og B-hluta: Samtals nema skuldir B-hluta stofnana við aðalsjóð 67 millj. kr. í árslok 2003 á móti 47,6 millj. kr. 2002.

Fjarhagsstaða samstæðunnar: Rekstrartap ársins nam 31,4 millj. kr. Peningaleg staða var neikvæð um 560 millj. kr. samanbórið við 462 millj. kr. árið 2002.

Heildarskuldir samstæðunnar (bæjarsjóðs og allra stofnana) voru um 627 millj. kr. í árslok samanbórið við 578 millj. kr. árið 2002, eða 670 þús. kr. á hvern íbúa í árslok 2003 m.v. 600 þús. kr. árið áður. Auk þess voru lífeyrisskuldbindingar rúmlega 27 þús. kr. á hvern íbúa í árslok 2003.

Starfsemin á árinu og einstök verkefni

Tónlistarskóli Grundarfjarðar

Til tíðinda af starfsemi Tónlistarskólans hlýtur helst að teljast að fræðslunefnd ásamt starfsfólki skólans fór í „naflaskoðun“ á starfseminni og í kjölfarið var unnið að setningu skólastefnu fyrir skólann. Helsta breyting á starfseminni var sú að um haustið var tekið upp samstarf við grunnskólann um tónmennta- og flautukennslu fyrir alla nemendur í 1. til 3. bekk grunnskólans. Það eru kennarar Tónlistarskólans sem sjá um kennsluna, sem fer fram og er hluti af náminu í grunnskólanum.

Grunnskóli Grundarfjarðar

Nemendur á vor- og haustönn voru um og rétt yfir 200 talsins. Festa er að myndast í kennarahóp skólans og æ fleiri starfa um lengri tíma við skólann.

Þetta er ánægjuleg þróun sem skapar betra svigrúm til að þróa og bæta skólastarfið.

Um haustið fór af stað tilraun með heitar skólamáltíðir fyrir nemendur. Það er veitingastaðurinn Kaffi 59 sem sér nemendum fyrir fæði, sem komið er með í grunnskólann á þar til gerðum bökkum til nemenda og kennara, sem kjósa að gerast „áskrifendur“. Gafst fyrirkomulagið mjög vel og mikill meirihluti nemenda nýtti sér þetta.

Skólinn lenti í úttekt menntamálaráðuneytisins þar sem könnuð var staða skólans í mati á skólastarfi. Skólinn fékk ágætis umsögn fyrir það starf.

Nemendur og allir starfsmenn skólans tóku þátt í Olweusar-verkefninu gegn einelti, sem stóð yfir í tæp tvö ár. Að sögn skólastjóra virðist vinnan hafa borðið árangur, allir þekkja betur en áður eineltið og afleiðingar þess.

Leikskólinn Sólvellir

Í Leikskólanum Sólvöllum voru nemendur 57 talsins seinni hluta ársins. Námskrá leikskólans var gefin út á árinu og byggir hún á aðalnámsskrá leikskóla.

Á vegum fræðslunefndar hefur verið unnið að því að auka samstarf milli skólanna og reyndar við fleiri stofnanir, s.s. bókasafn. Samstarfsverkefnið „Brúum bilið“ milli leikskóla og grunnskóla hefur í mörg ár verið í fóstum skorðum og var unnið eftir því á árinu með gagnkvæmum heimsóknum yngstu grunnskólanema og elstu leikskólanema, sem lýkur með vorskóla. Aukið samstarf var milli leikskóla og tónlistarskóla, m.a. með hljóðfærakynningu og heimsóknum á báða bága. Ennfremur sóttu elstu leikskólanemendurnir bókasafnið heim og lærðu hvernig á að nota safnið. Vinnustaðaheimsóknir eru fastir liðir í starfi leikskólans og ennfremur sveitaferð að Mýrum um sauðburðinn.

Unnið var að undirbúningi stækkunar leikskólans, sem aðallega fólst í vinnu við hönnun viðbyggingar við skólann, en á árinu 2002 var skipuð byggingarnefnd til að vinna hugmyndir um stækkunina (sjá nánar í annál 2002).

Forvarnir og málefni ungs fólks

Íþrótt- og tómstundanefnd bæjarins og óformlegur „forvarnahópur“, skip-

aður fulltrúum ýmissa þeirra aðila sem vinna með ungu fólki í sveitarfélaginu, gengust m.a. fyrir opnum kynningar- og umræðufundum á árinu. Foreldrum var kynnt félagsstarf sem unglíngum í Grundarfirði stendur til boða, en sú flóra er orðin fjölbreytt.

Í apríl var haldið málþing unglínga í Grundarfirði. Þar voru saman komnir unglíngar úr fjórum elstu bekkjum Grunnskóla Grundarfjarðar, fjarnemar í Grundarfirði (16–20 ára), ásamt öðru áhugafólki um málefni unglínga. Þau kynntu sína sýn á félagslíf og tilveru ungs fólks í Grundarfirði, hvað um er að vera og hverjar óskir þau hefðu sér til handa um aðstöðu, félagsstarf o.fl.

Einnig má nefna að tveir 10. bekkingar úr Grunnskóla Grundarfjarðar tóku þátt í Landsþingi ungs fólks, sem haldið var í Reykjavík 5. apríl á vegum SAM-FÉS, sem eru fagsamtök félagsmiðstöðva og æskulýðsskrifstofa á Íslandi.

Bókasafn Grundarfjarðar

Á árinu var haldið upp á 80 ára afmæli bókasafnsins, eða þess að áttatíu ár voru liðin frá því að stofnað var Lestrarfélag Eyrarsveitar árið 1923. Árið 1939 tók Ungmennafélagið við rekstrinum og nefndi það Bókasafn U.M.F. Grundfirðinga, en síðar færðist reksturinn til hreppsins.

Starfsemi safnsins var kynnt í „opnu húsi“ hátíðarhelgina í lok júlí. Við það tækifæri voru Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla færðir munir að gjöf úr búi sr. Jens Hjaltalín og voru þeir til sýnis í bókasafninu fram eftir árinu.

Grundarfjarðarhöfn

Skipakomur til löndunar á höfninni voru 1432 talsins á árinu. Botnfiskafli ársins var 12.860 tonn, skipað var á land 4600 tonnum af olíu og 860 tonnum af frosnum sjávarafurðum. Til samanburðar má geta þess að árið 2002 var landaður afli alls 14.844 tonn. Á árinu munar um að engin skelvinnsla var í Grundarfirði, en árið 2002 var skeljakvótinn um 850 tonn og hafði þá farið úr 1715 tonnum á tveimur árum.

Tekjur hafnarinnar hækkuðu samt sem áður um tæp 16% á milli ára og voru um 28,4 millj. kr., þar af voru aflagjöld tæpar 17 millj. kr. Árið 2002 höfðu tekjurnar reyndar lækkað nokkuð frá árinu 2001.



Tekið á móti farþegum skemmtiferðaskips. Ljósmynd: Ingi Hans.

Tekið var á móti átta skemmtiferðaskipum með samtals um 2500 farþega. Töluvert var lagt í markaðsstarf vegna skemmtiferðaskipa. Þær stöllur Shelagh Smith og Johanna von Schalkwik voru ráðnar til að halda utan um og stýra móttökuathöfnum og viðburðum þessa „skemmtiferðaskipadaga“ sumarsins. Óhætt er að segja að margir hafi síðan lagt hönd á plóginn við að kynna bæinn og bjóða gestina velkomna meðan þeir áttu hér dvöl. Má þar m.a. nefna að valinkunnar grundfirskar konur í upplut buðu kleinur, leikskólabörn sungu, tónleikar voru haldnir í kirkjunni, hestasýning á velli Hesteigendafélagsins og flautað var til knattspyrnuleiks milli áhafnar og heimamanna.

Ennfremur var unnið að undirbúningi vegna þátttöku hafnarinnar í samtökunum „Cruise Iceland“ en það eru samtök ferðaskrifstofa og átta íslenskra hafna sem taka á móti skemmtiferðaskipum.

Síðla árs hófst vinna við gerð verndaráætlunar hafnarinnar skv. ákvæðum alþjóðasamþykktar um siglingavernd, en þau gera kröfur um tilteknar aðgerðir gegn ógnunum og ólögnum athöfnum um borð í skipum og í höfnum.

Einnig var unnið töluvert í öryggismálum hafnarinnar, en þess má geta að höfnin varð fyrst hafna til að samþykkja öryggisáætlun skv. reglum þar um og hefur kappkostað að hafa öryggismálin í lagi. Hafnarstjóri flutti framsöguer-

indi um öryggismál hafnarinnar á fyrsta „hafnafundi“ Hafnasambands sveitarfélaga sem haldinn var í Reykjavík í lok október.

Mínna var um framkvæmdir en undanfarin ár, en í ársbyrjun var lokið við síðustu verkþætti 100 metra lengingar Norðurgarðs (stóru bryggju). Þann 5. apríl fór svo fram vígsla hafnarmannvirkisins og í frásögn á heimasíðu bæjarins sagði m.a.:

Í grenjandi sunnanátt hópaðist þrúðbúinn mannfjöldinn niður á bryggju þar sem fram fór stutt en hátíðleg athöfn. Sóknarprestur Grundfirðinga, sr. Helga Helena Sturlaugsdóttir, blessaði mannvirkið og alla sem þar munu um fara, við vinnu sína á sjó eða landi eða annarra erinda. Að því loknu klipptu Sturla Böðvarsson samgönguráðherra og yfirmaður íslenskra hafnamála og Björg Ágústsdóttir hafnarstjóri á „borðann“ sem sveiflaðist fram og til baka í rokinu. Hafnarstjóri lýsti svo mannvirkið formlega tekið í notkun, þó reyndar hafi menn verið búnir að taka forskot á sæluna í dálftinn tíma.

Hafnarstjórn og Siglingastofnun buðu út endurnýjun grjótvarnar milli litlu og stóru bryggju. Verkið fólst m.a. í að fjarlægja eldri grjótövn, endurraða og bæta nýju grjóti utan á. Verkið fól í sér sprengingu/fleygun og var unnið af jarðvinnuverktakanum Tígra frá Tálknafirði.

Íbúðir fyrir eldri borgara

Í júní hófust byggingarframkvæmdir við sjö íbúða raðhús fyrir eldri borgara efst við Hranarstíg, nánar tiltekið hús nr. 28–40. Í annál ársins 2002 var lýst undirbúningi framkvæmdarinnar og vísast til þess. Íbúðirnar standa á nýjum byggingarlóðum skv. deiliskipulagi fyrir Ölkeldudal sem staðfest var á árinu 2002.

Þrjár íbúðanna eru um 81 m² og fjórar íbúðir eru 65 m² að stærð. 24 m² bíl-skúr fylgir öllum íbúðum.

Almenna verkfræðistofan á Akranesi teiknaði húsin og samið var við Trésmiðju Guðmundar Friðrikssonar í Grundarfirði um bygginguna á grundvelli útboðs.

Verkið er afhent í áföngum, en verktími er frá júní 2003 til júní 2004. Fyrsta



Fyrsta skóflustungan tekin 11. júní 2003. Guðni E. Hallgrímsson, formaður byggingarnefndar íbúðanna, í stórvirkri vinnuvél. Ljósmynd: Gunnar Kristjánsson.

Íbúðin var afhent eiganda sínum í byrjun febrúar 2004.

Skipulagsmál

Í desember var staðfest nýtt aðalskipulag fyrir þéttbýlishluta Grundarfjarðar fyrir tímabilið 2003–2015.

Unnið var við gerð aðalskipulags dreifbýlisins, en það er Teiknistofan Eik í Grundarfirði, Erla Bryndís Kristjánsdóttir landslagsarkitekt, sem sér um þá vinnu.

Unnið var deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið, sem nær til svæðis allt frá Suðurgarði og þjóðveginum við Grafarbæi og vestur á Nes, um Nesveg allan og til og með iðnaðarsvæði í Sólvallalandi.

Hverfisvæn leið

Í október var haldinn kynningarfundur um „hverfisvæna leið í gegnum Grundarfjörð“. Um er að ræða verkefni á vegum Vegagerðarinnar í samvinnu við Grundarfjarðarbæ og verkfræðistofuna VST, sem hefur hannað breytingar á umferðarmannvirkjum á Grundargötu, s.s. hraðahindranir, gangbrautir, þrenging götunnar o.fl. Tilgangurinn með framkvæmdinni er að stuðla að bættu umferðaröryggi á götunni, sem er þjóðvegur í þéttbýli. Til stendur að bjóða verkið út vorið 2004.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Hinn 6. febrúar gaf Tómas Ingi Olrich, þáverandi menntamálaráðherra, út langþráða yfirlýsingu um stofnun framhaldsskóla á Snæfellsnesi, sem tæki til starfa haustið 2004. Í fréttatilkynningu frá ráðuneytinu sagði m.a.:

Samkomulag hefur tekist milli menntamálaráðherra og fulltrúa sveitarfélaga á Snæfellsnesi um að hafinn verði undirbúningur að stofnun framhaldsskóla á norðanverðu Snæfellsnesi. Gert er ráð fyrir að skólinn verði staðsettur í Grundarfirði. Lögð verður áhersla á að þessi nýi framhaldsskóli verði leiðandi í notkun upplýsingatækni og nýti sér m.a. kosti dreifnáms. Sérstaða hans verði að námið fari fram bæði staðbundið og í fjarnámi.



Yfirlýsingu um stofnun fjölbrautaskóla fagnað. Fánar við hún í miðbæ Grundarfjarðar 6. febrúar.

Af þessu tilefni var fáni dreginn að húni víða á Snæfellsnesi.

Í yfirlýsingu sveitarfélaganna á Nesinu sama dag sagði m.a.:

Bæjarstjórnir sveitarfélaganna á Snæfellsnesi og Snæfellingar allir fagna innilega þessari ákvörðun menntamálaráðherra. Með því að leggja áherslu á gott aðgengi að menntun í heimabyggð er stigið eitt veigamesta skrefið til eflingar samfélagsins á Snæfellsnesi.

Í mörg horn var að líta og ljóst að nýta þyrfti tímann vel. Hrönn Pétursdóttir var ráðin af menntamálaráðuneytinu til þess að undirbúa stofnun og rekstur Fjölbrautaskóla Snæfellinga, eins og ákveðið var að nefna hann. Skólanum er ætlað að vera leiðandi í breyttum námsháttum með notkun upplýsingatækninnar, eins og upphaflegar áætlanir undirbúningsnefndar gerðu ráð fyrir. Er það ekki síst hugsað til að auka fjölbreytni í námsframboði og möguleika nemenda.

Áætlað er að nemendur verði alls um 170 talsins þegar fram líða stundir og fullar heimtur fara að verða á nemendum úr grunnskólunum á svæðinu. Fyrstu tvö skólaárin verði í boði haustið 2004, þriðja árið bætist við haustið 2005 og það fjórða 2006.

Menntamálaráðuneytið fékk Susan Stuebing, virtan bandarískan sérfræðing, sem búsett er í Hollandi, til samstarfs við mótun á framtíðarsýn Fjölbrautaskólans og við að skilgreina hvers konar húsnaði skólinn þyrfti undir starfsemi sína.

Sveitarfélögin settu á laggirnar húsnaðisnefnd til að fjalla um húsnaðiskosti skólans. Nefndin samdi við VA arkitekta í Reykjavík um hönnun nýs skólahúsnaðis á Sigurhæðalóðinni í Grundarfirði.


Undir handleiðslu Susan Stuebing voru settir á laggirnar vinnuhópar, skipaðir fulltrúum ýmissa aðila og sjónarmiða, til að vinna hugmyndir um starfsemi skólans. Reynt var að skilgreina hugmyndafræði kennslunnar og námsumhverfisins. Að þessari mótun komu m.a. framhaldsskólanefnd sveitarfélaganna, fulltrúar frá menntamálaráðuneyti, frá foreldrum af svæðinu, fjarnemi, formaður húsnaðisnefndar sveitarfélaganna, auk aðfenginna ráðgjafa, s.s. kennsluráðgjafa frá Háskóla Íslands, reynds framhaldsskólakennara (í fjarnámi m.a.) og skólameistara minni framhaldsskóla. Ennfremur var sérstakur vinnuhópur skipaður nemendum af svæðinu úr 9. og 10. bekk grunnskólanna og af framhaldsskólastigi.

Vinnuhóparnir luku formlega störfum síðari hluta ágústmánaðar með því að skila tillögum um framtíðarsýn, kennslufræði og námsskipulag skólans. Einnig um uppbyggingu og skilyrði sem skólahúsnæðið þarf að uppfylla, en kennsluhættir og skipulag skólastarfsins gera kröfu til þess að húsnæðið sé með öðrum hætti en hefðbundið skólahúsnæði.

VA arkitektar tóku síðan við og hófu hina eiginlegu hönnun byggingarinnar samkvæmt þessari forskrift. Í skólanum verða ekki hefðbundnar kennslustofur en áhersla er lögð á opin rými og nokkur lítil herbergi sem ætluð eru til hóp-vinnu, einstaklingsvinnu og funda.

Hinn 9. desember hélt skólanefnd Fjölbrautaskóla Snæfellinga sinn fyrsta fund. Nefndina skipa Kjartan Páll Einarsson, Stykkishólmi, Sigríður Finsen, Grundarfirði, Sveinn Þór Elfnbergsson, Ólafsvík, öll tilnefnd af menntamálaráðherra, Björg Ágústsdóttir, Grundarfirði og Eyþór Benediktsson, Stykkishólmi, tilnefnd af sveitarfélögunum. Kjartan Páll var kjörinn formaður.

Hinn 16. desember var tekin fyrsta skóflustunga að nýbyggingu skólans. Það var Sturla Böðvarsson, fyrsti þingmaður Norðvesturkjördæmis og samgönguráðherra, sem mundaði skófluna. Byggingin er reist af Eignarhaldsfélaginu Jeratúni ehf. sem sveitarfélögin á norðanverðu Snæfellsnesi stofnuðu vegna framkvæmdarinnar. Gerður var samningur til 20 ára við menntamálaráðuneytið um leigu á húsnæðinu fyrir starfsemi skólans.



Útlitsteikning af húsnæði Fjölbrautaskóla Snæfellinga við Grundargötu. Teikning: VA arkitektar.

Rétt fyrir jól var lokið jarðvegsskiptum á framhaldsskólalóð. Það var hópur verktaka úr Stykkishólmi og Helgafellssveit sem sá um verkið, EB-vélar ehf., Stefán Björgvinsson, BB og synir ehf. og Vélverk ehf.

Hinn 23. desember skipaði menntamálaráðherra Guðbjörgu Aðalbergsdóttur í embætti skólameistara Fjölbrautaskóla Snæfellinga til fimm ára frá 1. janúar 2004 að telja. Guðbjörg hefur starfað við Fjölbrautaskóla Suðurnesja frá árinu 1994 og hefur gegnt starfi áfangastjóra frá 1998. Átta umsóknir bárust um embættið og mælti skólanefndin með því að Guðbjörgu yrði veitt það.

Ljósmyndir Bærings

Hinn 24. mars afhentu erfingjar Bærings Cecilssonar Grundarfjarðarbæ allt myndasafn hans ásamt myndavélum og öðru tilheyrandi. Þennan dag voru liðin 80 ár frá fæðingu Bærings. Gjöfin var samkvæmt óskum Bærings og það var jafnframt ósk hans að myndirnar mættu nýttast Grundfirðingum til sögu byggðar og menningar. Eins og flestum er kunnugt var Bæring áhugaljósmyndari og eftir hann liggur mikið safn ljósmynda, sem spannar alla sögu þéttbýlis í Grundarfirði. Við sama tækifæri var ritað undir stofnskrá Bæringsstofu, sem er yfirlýsing bæjarstjórnar um stofnun safns í kringum myndir Bærings. Tilgangur þess er að halda utan um varðveislu og skráningu gamalla mynda auk sýninga og útgáfu.

Eyrbyggja – Sögumiðstöð

Bæringsstofa

Í ársbyrjun var kynnt skýrsla og viðskiptaáætlun um Eyrbyggju – sögumiðstöð og sögugarð. Verkefnið var unnið sem þróunarverkefni á vegum Grundarfjarðarbæjar með styrk frá Atvinnuráðgjöf SSV (sjá nánar annál 2002).

Í skýrslunni voru gerðar tillögur um framkvæmd verkefnisins og kom m.a. fram að fyrsti áfangi væri að koma á laggirnar sjálfseignarstofnun um sögumiðstöðina, en gerður hafði verið samningur um kaup á húsnaði gömlu versunarinnar Grundar undir starfseminu. Í síðari áfanga er gert ráð fyrir að gera skil merkri sögu Grundarfjarðarkaupstaðar á Grundarkampi með sögugarði á kampinum.

Stofnað var áhugamannafélag með því virðulega heiti „Blöðruskalli, grundfirskt sögufélag“ en með því var skírskotað til Þórólfs blöðruskalla, föður Vestarrs, sem var einn af þremur landnámsmönnum Eyrarsveitar.

Á framhaldsstofnfundi hinn 16. júní varð Blöðruskalli svo að sjálfseignarstofnun um sögumiðstöðina með fimm manna stjórn, sem skipuð er þremur fulltrúum stofnaðila og tveimur tilnefndum af Grundarfjarðarbæ. Leitað hafði verið til fyrirtækja, félagasamtaka og einstaklinga um þátttöku í verkefninu, með stofnframlagi eða fjárstyrk, og voru undirtektir góðar.

Hinn 25. júlí var Bæringsstofa, fyrsti áfangi Eyrbyggju – Sögumiðstöðvar í Grundarfirði, formlega opnuð og var hátíðargestum „Á góðri stund“ boðið að líta inn og hlýða á fjölbreytta dagskrá þá helgi.

Bæringsstofa er fullkominn ráðstefnu- og bíósalur þar sem gert er ráð fyrir að sýna ljósmyndir Bærings Cecilssonar og annarra á tjaldi, auk kvikmynda.

„Rafrænt samfélag“

Grundarfjarðarbær var þátttakandi í samkeppni meðal sveitarfélaga um „Rafrænt samfélag“ sem Byggðastofnun setti á laggirnar. Samkeppnin var liður í framkvæmd á byggðastefnu Alþingis 2002–2005 og var markmiðið með verkefninu að skapa aðstæður á landsbyggðinni þar sem íbúar gætu nýtt sér þann ávinning sem upplýsinga- og fjarskiptatæknin býður upp á. Til mikils var að vinna því að velja átti tvö til fjögur verkefni sem hlytu framlög úr ríkissjóði til útfærslu og framkvæmdar á þriggja ára tímabili.

Byggt var á grunni verkefnisins „Tæknibærinn Grundarfjörður“ sem unnið var á árinu 2002, en það var einnig yfirskrift tillögu okkar í samkeppninni. Benedikt Ívarsson kerfisfræðingur var starfsmaður verkefnisins. Fjórar af þrettán umsóknum voru valdar í forvali til áframhaldandi þátttöku, þar á meðal umsókn/tillaga Grundarfjarðarbæjar. Verkefnið hlaut þó ekki brautarhengi í lokasamkeppninni, en Grundarfjarðarbær kærði framkvæmd samkeppninnar til kærunefndar útboðsmála og gerði margvíslegar athugasemdir, m.a. við breytingu á valmælikvörðum í miðri samkeppni.

Jarðhitarannsóknir

Framhald varð á rannsóknum á heitu vatni í Laugaskeri í Berserkseyrarodda, 350- 400 metrum fram undan Akrastöpum. Í annál 2002 var sagt nokkuð frá undirbúningi málsins.

Samið var við fyrirtækið Alvarr ehf. sem boraði grunnar rannsóknaholur nálægt landi. Var það gert í þeirri von að þær myndu gefa gleggri upplýsingar um legu sprungustefnunnar og líkindi fyrir jarðhitanum í Laugaskeri, áður en farið yrði í að bora dýpri rannsókn- og vinnsluholu úti í skerinu. Gekk það eftir og gaf þá niðurstöðu að vinnsluholuna þyrfti að líkindum að bora með skáborun út í skerið. Ekki varð af áformum um borun dýpri holu í beinu framhaldi af hinum fyrri. Sú borun fór fram í mars 2004.

Staðardagskrá 21

Lokið var við framkvæmdaáætlun vegna Staðardagskrár 21. Áætlunin fjallar um stefnu bæjarfélagsins í framkvæmd tiltekinna málaflokka. Málaflokkarnir eru holræsa- og fráveitumál, meðhöndlun úrgangs frá heimilum og fyrirtækjum, náttúrumengun, gæði neysluvatns, menningarminjar og náttúruvernd, umhverfisfræðsla, opinber innkaup, ræktun og útivist og að lokum umferð og flutningar.

Fransmenn

Áframhald varð á samskiptum Grundfirðinga og Paimpol-búa í Frakklandi. Í júní kom stór hópur fólks í dagsferð til Grundarfjarðar í tengslum við stóra siglingakeppni milli Paimpol og Reykjavíkur. Keppnin var á vegum Skippers d'Islande og var nú haldin í annað sinn. Væntingar eru um frekara samstarf og geta má þess að Frakkarnir okkar hafa stofnað vinnuhóp úti í Paimpol til að útfæra og þróa vinabæjarsamstarfið.

tmislegt annað

Íbúafjöldi

Íbúar í Grundarfjarðarbæ voru 936 talsins hinn 1. desember 2003. Ári áður töldust 964 íbúar í Grundarfirði og hefur því fækkað um 28 á þessu tímabili. Slík fækkun hefur ekki átt sér stað í sveitarfélaginu í áraraðir.

Ályktun um skelveiði

Í upphafi árs ályktaði bæjarstjórn og lýsti yfir áhyggjum af horfum með skelveiði á komandi fiskveiðiári. Skelfiskkvóti Grundfirðinga hafði dregist saman um 50% frá 2001 og við upphaf fiskveiðiársins 2003 – 2004 ákvað sjávarútvegsráðherra að hætta úthlutun þar til niðurstöður rannsókna lægju fyrir. Engar skelfiskveiðar hófust því haustið 2003. Svo mikil skerðing og samdráttur í veiðum og vinnslu einnar tegundar hefur mikil áhrif á atvinnulíf staðar eins og Grundarfjarðar.

Bæjarstjórnin lýsti jafnframt yfir stuðningi við óskir fyrirtækja í veiðum og vinnslu á staðnum um uppbætur á kvóta sem unninn yrði í Grundarfirði vegna orðinnar og hugsanlegrar frekari skerðingar á aflaheimildum vegna þessa viðkvæma ástands skelfiskstofnsins. Ályktunin var send sjávarútvegsráðherra, sjávarútvegsnefnd Alþingis, þingmönnum o.fl.

Samningur um umhverfisstöðun á Snæfellsnesi – Green Globe 21

Hinn 8. maí rituðu samgönguráðherra og fulltrúar sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi undir samning um undirbúning þess að gera Snæfellsnes að umhverfisstöðunum áfangastað ferðamanna með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Í frétt á vef samgönguráðuneytisins mátti finna eftirfarandi lýsingu á verkefninu:

Stefnt er að vottun Green Globe 21, alþjóðlegra samtaka um sjálfbæra ferðaþjónustu, og munu samtökin koma að vottunarferlinu. Vegagerðin og Ferðamálaráð munu veita faglega ráðgjöf vegna verkefnisins og veita m.a. aðgang að þolmarkarannsóknnum á ferðamannastöðum. Green Globe mun útvega sérfræðinga sem hafa reynslu af undirbúningi, ráðgjöf og úttekt á stórum ferðaþjónustusvæðum.

Að lokinni undirbúningsvinnu verður sótt um úttekt og fulla vottun frá Green Globe 21. Í tengslum við undirbúningsvinnu við verkefnið var hrint af stað stefnumótun um framtíðarsýn í ferðaþjónustu á Snæfellsnesi. Það er sannfæring margra að vottun sem þessi muni ekki eingöngu koma ferðaþjónustu á svæðinu til góða heldur fjölmörgum fyrirtækjum, t.d. í matvælaíðnaði. Ennfremur ætti vottunin að hafa góð áhrif á ímynd svæðisins.



Við undirritun samnings um umhverfissvottun á Snæfellsnesi; bæjarstjórar, oddvitar, samgöngu-
ráðherra. Ljósmynd: Guðrún Bergmann.

Þverun Kolgrafafjarðar

Á árinu bauð Vegagerðin út framkvæmdir við þverun Kolgrafafjarðar. Á vef Vegagerðarinnar sagði að framkvæmdin fælist í að „leggja nýjan veg og smíða brú yfir Kolgrafafjörð, auk tenginga. Alls er lengd nýja kaflans um 7,3 km, þar af 230 m löng steipt eftirspennt brú, um 530 m löng fylling í sjó og um 500 m löng fylling yfir lón (Hópið).“ Samið var við verktakana Eykt ehf. og Háfell ehf. úr Reykjavík, við Eykt um smíði brúarinnar og Háfell um jarðvinnu/vegarlagningu. Verklok voru áætluð 1. október 2005, en þegar þetta er ritað (vor 2004) stefnir í að verkinu verði lokið haustið 2004.

Kirkjugarður í Eyrarsveit – endurbætur

Á vegum sóknarnefndar Setbergsprestakalls var unnið við endurbætur á kirkjugarðinum að Setbergi, en Grundarfjarðarbær hafði keypt og lagt til land undir stækkun garðsins. Samið var við Dodds ehf. um jarðvegsskipti og frágang á grundvelli útboðs framkvæmdanna. Allur garðurinn var svo girtur með nýrri girðingu, lagðir göngustígar og fleira gert til snyrtingar í garðinum.

Edduslyssins 1953 minnst

Hinn 16. nóvember var þess minnst við athöfn í Grundarfjarðarkirkju að 50 ár voru liðin frá því að síldveiðiskipið Edda GK 25 fórst í aftakaveðri úti á Grundarfirði og með því níu menn. Viðstaddir þennan dag voru sjómenn sem björguðust í slysinu, ættingjar skipverja og fleiri. Systkinin Tryggvi og Þórdís Gunnarsbörn frá Suður-Bár voru heiðruð, en skipbrotsmenn sem björguðust af Eddunni fengu skjól og aðhlynningu í Suður-Bár. Þórdís og Óskar Vigfússon, einn skipbrotsmanna, afhjúpuðu minnisvarðann Dáð eftir Árna Johnsen við Grundarfjarðarhöfn. Sjómannadagsráð hafði veg og vanda af undirbúningi og framkvæmd allri, sem þótti takast einstaklega vel.

Veðurathugunarstöð í Grundarfirði

Í september var sett upp í Grundarfirði sjálfvirk veðurathugunarstöð til vind- og úrkomumælinga. Sérfræðingar Veðurstofunnar höfðu skoðað nokkra staði á svæðinu og lögðu til að mælirinn yrði staðsettur á túninu vestan við Grafar-bæina.

Það er auðvitað ekki skemmtilegt afsþurnar, að einungis örfáum dögum eftir uppsetningu stöðvarinnar mátti heyra í veðurfréttum lýsingu sem hljóðaði þannig: „... hvassast var í Grundarfirði ...“ og mun hún hafa heyrst nokkrum sinnum!

Af þessum sökum hafa ýmsir haft það á orði síðan, að mælirinn hefði betur aldrei verið settur upp. Hann hafi ekki heppileg áhrif á ímynd staðarins sem m.a. hefur verið lýst með orðunum:

„... þar sem lognið býr!“

Að lokum vill undirrituð taka fram að tveir bæjarstjórar voru starfandi á árinu, undirrituð fór í fæðingarorlof í júnílok og sinni Eyþór Björnsson starf-
inu á meðan til marsloka 2004.

Fermingarbörn

Við Eyrbyggjar erum að safna myndum af öllum fermingarbörnum. Hér birtast myndir af fermingarbörnum sem eiga 10, 20, 30, 40 og 50 ára fermingarafmæli. Þ.e.a.s. fædd 1940, 1950, 1960, 1970 og 1980. Hægt er að sjá fermingarárgangana í fyrstu bókinni en hún er uppseld.

Fermingarbörn í Setbergskirkju 9. maí 1954



Síðasta ferming séra Jósefs Jónssonar. Hún var ekki á hvítasunnudag heldur á uppstigningardag og kveðjumessa á hvítasunnudag.

Nafn barns
Erla Jónasdóttir

Fæðingardagur Heimili
311040 Grafarnesi

Heiðar Elimarsson	161140	Grafarnesi
Ívar Árnason	240940	Hellnafelli
Kristín Jeremíasdóttir	010440	Þórðisarstöðum
Kristján Oddgeirsson	201040	Grafarnesi
Ólöf Ragna Pétursdóttir	200840	Grafarnesi
Pálmi Þór Pálsson	270440	Grafarnesi
Rögnvaldur Ingi Guðlaugsson	290140	Sólvöllum
Sigurberg Árnason	240940	Hellnafelli
Vilberg Guðjónsson	010440	Skallabúðum

Fermingarbörn í Setbergskirkju 17. maí 1964



Fermingarbörn í Setbergskirkju 17. maí 1964. Á myndina vantar Elínborgu Karlsdóttur.

<i>Nafn barns</i>	<i>Fæðingardagur</i>	<i>Heimili</i>
Elínborg Karlsdóttir	150950	Eyjarvegi 17
Elís Ingvarsson	181250	Kolgröfum
Gísli Karel Halldórsson	030650	Grundargötu 27
Guðlaug Kristín Björgvinsdóttir	130450	Eyjarvegi 12

Guðmundur Gunnar Guðmundsson	260450	Grundargötu 16
Gunnar Kristjánsson	271050	Skallabúðum
Hafsteinn Jónsson	160350	Grundargötu 26
Hulda Jeremíasdóttir	310750	Sigurhæðum
Jens Pétur Högnason	070950	Lárkoti
Kristín Halldórsdóttir	010350	Hlíðarvegi 13
Kristján Guðmundsson	130250	Hamrahlíð 3
Magnea Guðmundsdóttir	030450	Hallbjarnareyri 12

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju 1974



<i>Nafn barns</i>	<i>Fæðingardagur</i>	<i>Heimili</i>
Anna María Guðnadóttir	040260	Fagurhólstúni 8
Ágúst Jónsson	090860	Hlíðarvegi 1
Bárður Rafnsson	190660	Grundargötu 21
Bjarni Júlíusson	030461	Borgarbraut 2
Björg Bára Halldórsdóttir	050560	Hrannarstíg 4
Elís Þórólfsson	190760	Borgarbraut 9
Erna Birna Forberg	251060	Eyjarvegi 25
Finnbogi Elíasson	021260	Grundargötu 12

Friðrik Tryggvason	120860	Hlíðarvegi 9
Gestur Jens Hallgrímsson	020960	Grundargötu 37
Gísli Ólafsson	280760	Grundargötu 4
Guðjón Gíslason	091260	Hlíðarvegi 15
Guðmundur Ásgeir Björnsson	210260	Grundargötu 28
Guðrún Halldórsdóttir	040660	Hrannarstíg 5
Guðrún Högnadóttir	151060	Borgarbraut 9
Hafsteinn Garðarsson	111160	Grundargötu 47
Halldóra Dröfn Sigurðardóttir	020360	Grundargötu 6
Ólafís Dröfn Hjálmarsdóttir	110160	Hamrahlíð 1
Ólafur Ingi Jónsson	050360	Mýrum
Pétur Kristinn Elísson	140760	Grundargötu 29
Sigrún Sveindís Kristinsdóttir	100860	Borgarbraut 10
Skúlína Hlíf Guðmundsdóttir	310760	Borgarbraut 5

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1974



Guðriður Arndís Ingvarsdóttir	140860	Kolgröfum
Hallur Pálsson	180860	Naustum
Lilja Njálsdóttir	230260	Suður-Bár
Sveinn Arnórsson	100760	Eiði

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 1984



Engin börn fermdust í Setbergskirkju 1984.

<i>Nafn barns</i>	<i>Fæðingardagur</i>	<i>Heimili</i>
Arna Svansdóttir	230170	Sæbóli 41
Elínborg Sigurðardóttir	120570	Grundargötu 6
Erna Björk Markúsdóttir	071170	Borgarbraut 9
Friðsteinn G. Hannesson	120270	Hlíðarvegi 7
Georg Gísli Þorsteinsson	120470	Sæbóli 3
Guðmunda Þ. Ragnarsdóttir	180470	Fagurhólstúni 10
Guðmundur H. Jónsson	011070	Hrannarstíg 8
Gunnhildur V. Kjartansdóttir	171270	Borgarbraut 10
Hafþór Þórarinnsson	160770	Fagurhóli 5
Halldóra Brynjarsdóttir	280270	Grundargötu 26
Hjörtur Guðmundsson	170270	Grundargötu 43
Hugrún Elísdóttir	240270	Grundargötu 13A
Kristinn Ólafsson	090370	Grundargötu 4
Stella María Óladóttir	140770	Fagurhóli 4

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju 1994



<i>Nafn barns</i>	<i>Fæðingardagur</i>	<i>Heimili</i>
Björg Þorvarðardóttir	210280	Grundargötu 78
Davíð Jens Guðlaugsson	311080	Sæbóli 1
Guðmundur Njáll Þórðarson	100380	Fagurhóli 4
Hjalti Vignir Sævaldsson	090180	Grundargötu 74
Höskuldur Þorsteinsson	271180	Eyrarvegi 21
Rósa Hólm Gunnarsdóttir	050880	Sæbóli 36
Signý Gunnarsdóttir	130680	Grundargötu 51
Sigurður Tómas Helgason	130680	Hlíðarvegi 12
Sylvía Rós Ríkarðsdóttir	130680	Fossahlíð 5
Tinna Pálsdóttir	130680	Nesvegi 13

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1994



Nafn barns

Guðný Linda Gísladóttir

Selma Rut Þorkelsdóttir

Fæðingardagur

130480

130680

Heimili

Fagurhólstúni 1

Þórdísarstöðum

Hermann Breiðfjörð Jóhannesson

Til Eyrbyggja

Ég, Eyrbyggji

Nú eru liðin fimm ár síðan sá merkilegi atburður gerðist, a.m.k. í lífi mínu, að stofnuð voru „Hollvinasamtök Grundarfjarðar“ sem nefnd voru Eyrbyggjar. Ég var kosinn í fyrstu stjórn Eyrbyggja. Nú er fimmta bókin að komin út og það eru 1100 blaðsíður að baki. Þetta hefur veitt mér heilmikla ánægju og helling af upplýsingum. Sumar hverjar vissi ég um og var jafnvel búinn að gleyma þeim. Aðrar eru nýjar og sumum hverjum hef ég haft ánægju af og tel mjög merki- legar en aðrar síðri eins og gerist og gengur, en heimildir eru þetta allt sem eru komnar á prent. En ég vona að fleiri en ég hafi haft ánægju af að lesa þessar heimildir, a.m.k. hafa móttökur verið frábærar. Þessa ánægju eigum við frænku minni, Björgu bæjarstýru, að þakka að hafa framkvæmt þessa hugmynd að stofna Hollvinafélagið. Það tengir marga burtflutta aftur við æskustöðvarnar.

Ég fór í skóla fyrir sunnan og kom ekki til baka nema sem gestur. Nokkur hundruð ungmenni geta sagt það sama. Þess vegna gleðst ég innilega og óska öllum Snæfellingum til hamingju með að framhaldsskóli skuli vera kominn á Nesið og það í Grundarfjörð.

Þegar ég hafði dvalið jafnlengi á Stór-Kópavogssvæðinu eins og á Stór-Grundarfjarðarsvæðinu, var ferðum mínum farið að fækka vestur. Kynslóðin sem kom á eftir mér var farin að eignast börn og kominn hellingur af útlendingum til að vinna og/eða búa í Grundarfirði. Hlutfallið var farið að lækka allverulega af þeim sem ég þekkti. Ég var farinn að þurfa að kynna mig í Grundarfirði, svo það er best ég geri það hér líka. Ég heiti Hermann Breiðfjörð Jóhannesson, sonur Mundu, bróðir Inga Hans, Gumma, Hjördísar og fyrir sunnan er Hafsteinn.

Minningar

Þetta áhugamál mitt hefur frætt mig og veitt mér margar ánægjustundir. Margar af þessum ánægjustundum eru persónuleg samtöl sem ég hef átt við ýmsa Eyrbyggja og er sumt af því skráð og sumt kemur fram í bókinni sem heimildir, annað er geymt. Allir, sama á hvaða aldri þeir eru, hafa frá einhverju skemmtilegu eða fróðlegu að segja en vandamálið er að aðeins fer smábrot af því á blað. Hvort það á að fara í bók eða ekki er allt annað mál. Nú er Sögumiðstöðin komin með Bæringsstofu sem er frábært framtak. Við Eyrbyggjar fengum mjög góð viðbrögð frá ykkur Eyrbyggjum um myndasöfnunina. Svenni og Gaui hafa skannað um 7000 myndir sem eru mjög merkilegar heimildir, þó að þær verði ekki allar settar inn á netið eða gerðar opinberar. Þetta átak hjá okkur er ekki hætt og eru allir þeir sem eiga gamlar myndir beðnir að koma með þær til okkar. Þið fáið myndirnar skannaðar og fáið þær á diskum til baka ykkur að kostnaðarlausu ásamt myndunum og við eigum afrit af þeim. Ef hægt væri að fá frá ykkur sögur, minningar eða kvæði, þá myndi safnast saman mikill upplýsingabanki hjá okkur. Vandamálið er hvernig er hægt að safna svona heimildum. Nokkrar hugmyndir hafa verið nefndar eins og þær að þeir sem hafa heyrt þessa, frænda eða afa segja frá skrái það. Það þarf ekki nema einn í ættinni að skrá það og senda okkur það sem upptökur, uppkast eða sem vel skráða heimild. Það þarf ekki að vera langt og mikið. Eða ef grunnskólakrakkar fá það verkefni á hverju ári að skrá eitthvað um sögu Grundarfjarðar. Hugsjið ykkur hvað væri mikið efni til ef einhver hefði skráð það helsta sem sagt eða sungið væri á þorrablótum eða árshátíðum fyrir vestan. Við í stjórn Eyrbyggja biðjum ykkur að skoða hug ykkar um þær upplýsingar sem þið hafið eða vitið um og leggja okkur lið.

Eins og áður hefur komið fram er þetta svo ungt samfélag að það eru svo margir frumbyggjar enn á meðal okkar sem betur fer. Síðan Hollvínafélagið var stofnað höfum við misst marga góða menn og konur. Í mínum huga er þetta orðinn tvöfaldur missir, þ.e.a.s. góður maður farinn og með hafsþjó af fróðleik.

Það er allt of lítið af skráðum vísnum eða ljóðum. Þess vegna bið ég ykkur að setjast niður og skrá það sem þið kunnið, eigið skráð eða vitið af og senda okkur. Látið það ráðast hvort kveðskapurinn er merkilegur eða ekki. Ég kem hér með eina stöku sem mér var send um Sigga sterka og er eftir Sigurð Daðason en hún er svona:

Kænn og herkinn varð þess von
vænn og merkur drengur.
Sigurður sterki Stefánsson
stinnt að verki gengur.

Svo læt ég fylgja með eitt af betri ljóðum sem ég hef séð um Grundarfjörð og er eftir Árna Hallgrímsson frá Vík.

Grundarfjörður

Hér ég áður byggði ból,
bjó og tryggðir festi.
Heilsar nú með sumri og sól
sveitin nú sem gesti.

Grundarfjörður, góði vin,
gömul fyrri kynni.
Þú munt jafnt við skúr og skin
skýr mér vera í minni.

Því er ég til ferða fús,
fýsi engu að gleyma.
Finnst mér oft við föðurhús,
fyrst þá sé ég heima.

Grundarfjörður 1940

Hér fyrir aftan er manntalið frá 1940 sem Elínbjörg Kristjánsdóttir endurreitaði upp úr þjóðskránni og mér fannst tilvalið að athuga í því samhengi stöðu mála. Þegar ég ætlaði að fara skrifa um hvað var að gerast í Grundarfirði 1940, voru foreldrar okkar flestra í blóma lífsins. Þá fékk ég þau svör að það hefðu bara verið erfiðleikar og að fólk hefði haft það eina takmark að hafa í sig og á. Þegar ég tala um foreldra „okkar“ þá á ég við okkur sem erum fædd á þriðja fjórðungi síðustu aldar, þ.e.a.s frá 1950 til 1975. Þetta hljómar voða gamalt en er ekki svo langt síðan. Að vísu erum „við“ að verða gömul þó sum okkar vilji ekki



Kristín Ásgeirsdóttir tók myndina um 1940 á Kampinum með Mönina í baksýn. Lengst til vinstri er Þorsteinn Kristinsson, eiginmaður Kristínar, hann heldur um hálsinn á Leira. Næst frá vinstri talið er Ásdís Ásgeirsdóttir, Anna Þorsteinsdóttir úr Reykjavík, var í sveit, Sigríður dóttir Einars í Sindra, hún var í sveit, Ragnheiður Ásgeirsdóttir, Páll Ásgeirsson, Soffía Ásgeirsdóttir heldur á hundinum Jimma, Björn Kr. Ásgeirsson, Ásgeir Kristjánsson og kona hans Þórdís Þorleifsdóttir.

viðurkenna það. En eins og ég vil tala um þetta fólk þá eru þetta orginalarnir, frumbyggjar Grundarfjarðar.

Einn sem var á vetravertíð 1940 sagði svo frá að þetta hefði ekkert verið nema erfiði og það hefði ekki verið neitt til neins, engin aðstaða fyrir bátana. Það þurfti alltaf að vakta þá þegar við vorum í landi, aflann þurfti að bera í land við erfiðar aðstæður og þegar þurfti að sækja vatn varð að fara út í læk við Sólvelli. Svo varð að fara inn í Stykkishólm til að sækja beitu. Til að geyma hana í ískössum þurftu menn að fara með poka upp í gil, brjóta ís og setja í pokana og bera niður í Nes. Þar varð að mylja ísinn ofan í ískassana og strá salti yfir til að beitan skemmdist ekki því það var snjólítið þennan vetur.¹ Þegar ekki var róid þá þurftu menn að ganga heim til sín sem var víða um sveitina. Í huga




Oddshús sem Oddur Kristjánsson byggði.

annars manns var eina hugsunin að draga fram lífið og hafa í sig og á. En hann bætti því við að þeir sem voru upp á sitt besta á þessum árum væru hraustasta kynslóðin sem uppi hefði verið. Rök hans fyrir því voru að erfiðlið var mest hjá þessari kynslóð. Þær kynslóðir sem á eftir komu lentu ekki í jafnmikilli vinnuþrælkun og aðstöðuleysi, sem betur fer, þó að áhyggjurnar minnkuðu ekki að sama skapi. Þegar maður les heimildir eða spyrst fyrir um þetta tímabil eru oftast nefnd nöfn tveggja manna. Það eru Kristlaugur Bjarnason, Laugi á Grund, og Oddur Kristjánsson. Þessir menn höfðu mikla framtíðarsýn og trú á samfélaginu sem þeir bjuggu í. Að minnsta kosti hafa gjörðir þessara tveggja manna vegið þungt á framfaravogarskál byggðarlagsins.

Svo var haldið áfram að skoða söguna og þá kom margt jákvætt í ljós, eins og:

- Hinn 6. janúar 1940 var haldinn almennur borgarafundur í þinghúsi hreppsins að Grund þar sem rædd var bygging hraðfrystihúss. Kosin var sjö manna undirbúningsnefnd: Kristlaugur Bjarnason, Þorkell Sigurðsson, Runólfur Jónatansson, Jósep Kjartansson, Finnur Sveinbjörnsson, Ásgeir Kristjánsson og Björn Lárusson.²

- Hlutafélagið Hraðfrystihús Grundarfjarðar var stofnað 31. mars 1940.³
- Tveir bátar voru keyptir 1940, Öndin SH 176, eigendur Þórður Þorvaldsson, Kvíabryggju, og Pétur Jónsson, og Karfinn SH 29, eigandi Jónas Ólafsson, Kvíabryggju. Tveir bátar voru skráðir á Kvíabryggju 1940, þeir Halldór SH 175 og Öndin SH 176
- Útgerðarfélagið Hrönn h.f. var stofnað í Grundarfirði árið 1940. Þetta útgerðarfélag er líklega merkilegast fyrir þær sakir að það verður að teljast fyrsta félagið sem formlega var stofnað af heimamönnum. Það verður að teljast til tíðinda að Sigurður Ágústsson, sem átti nánast hlut í öllum bátum í Grundarfirði á þessum tíma, kom hvergi við sögu. Þetta félag keypti til Grundarfjarðar 16 tonna vélbát, Sindra SH 9, sem var smíðaður árið 1934 og varð Finnur Sveinbjörnsson formaður á þeim báti. Einn stofnandi Hrannarfélagssins og aðalhvatamaður var Þorkell Jóhann Sigurðsson.⁴ Aðrir stofnendur voru Pétur Sigurjónsson, Þorsteinn Ásmundsson og Björn Lárusson.⁵
- Þrír bátar voru gerðir út frá Grafarnesi: Ásgeir SH 201, sem Kristlaugur Bjarnason keypti 16.10. 1939, Svanur SH 111, sem Sigurður Ágústsson gerði út, og svo Sindri SH 9.
- Í september 1940 fórst einn af stóru bátunum í sveitinni, Halldór SH 175. Fórust fjórir menn með honum. Hann fórst undir Búlandshöfa. Eigandi Hjálmtýr Árnason, kendur við Hóp. Tveir heimamenn fórust, þeir Hjálmtýr Árnason, bróðir Guðrúnar Árnadóttur, og Ólafur Björnsson, eiginmaður Guðrúnar Árnadóttir.
- Á árunum 1938 og 1939 hafði sveitarfélagið fengið loforð fyrir greiðslum til bryggjuframkvæmda úr ríkissjóði, en þar sem sveitarfélagið gat ekki lagt $\frac{2}{3}$ á móti varð ekkert af framkvæmdum fyrr en árið 1940. Með þeim framkvæmdum gátu bátar 10 til 15 tonn að stærð verið við bryggju, svona oftast nær. Þetta voru fyrstu framkvæmdir við stóru bryggjuna.
- Hjörtur Hermannsson og Arnfríður H. Friðgeirsdóttir voru fyrstu fbúar Kvíabryggju sem fluttust inn í Grafarnes. Þau fluttu í júlí 1940 með börnin Friðjón og Guðmundu. Þau byggðu húsið Snarræði (Grundargata 19). Á næstu árum fluttust nánast allir frá Kvíabryggju, tæplega 60 manns.⁶
- Sigurjón Halldórsson tók ákvörðun að stækka bát sinn og keypti Engey, 12 tonna bát, sem var smíðaður í Noregi. Keypti hann 1941.



Þetta er fyrsta loftmynd sem Landmælingar tóku af Grundarfirði og sýnir hvað er búið að gera mikið á sex árum.

Þessi samantekt hjá mér sýnir hve gífurleg breyting hefur orðið á þessum árum. Ef ætti að nefna eitt ár eða tímabil, sem skiptir mestu máli í sögu sveitarfélagsins þá er það skoðun mín að það séu árin upp úr 1940. Mesta breytingin á samfélaginu er líklega ekki talin upp hér að ofan. Hún er sú að það var eitt-hvað að gerast, bjartara fram undan, bætt aðstaða, næg vinna og menn eygðu ef til vill von um að sjá peninga. Þó að margar og merkilegar framfarir hafi orðið eftir þetta þá er það mitt mat að þetta hafi verið eitt af stærstu breytingarárum í sögu Grundarfjarðar.

Hér í samantektinni eru nefnd nöfn nokkurra manna, sem voru miklir bjartsýnis- og athafnamenn síns tíma og ber að minnast þeirra í þakkarskyni. Ég vil láta það koma skýrt fram að ég tel alla þá sem uppi voru á þessum tíma og lögðu mikla vinnu í uppbyggingu þessa byggðarlags því það gerðu allir vinnandi menn og voru samtaka í bjartsýnininni og dugnaðinum. Þessir menn og konur þeirra eru réttnefndir frumbyggjar Grundarfjarðar.

Eyrbyggjar í Eyrarsveit?

Að lesa um landnámsmenn í Eyrbyggju, hvað þá að fara að skrifa um þá, þykir eflaust hin mesta bjartsýni. Þá þurfa menn að vera miklir lestrarhestar og hafa mikinn tíma, en ég hef ekki nóg af þessu. En við eigum eða höfum átt marga vellesna menn sem margir hverjir hafa skrifað um landnám í Eyrarsveit og/eða sögu Eyrbyggja. Saga Eyrbyggja er í huga mínum saga sem gerist frá Hnappadal um allt Snæfellsnesið og inn í Dali.

Ég ætla aðeins að skoða Eyrbyggja sögu og skrif manna út frá ákveðnu sjónarhorni, þ.e.a.s sögu Eyrbyggja í Eyrarsveit. Þá koma aðeins tveir menn og einn staður til greina. Það eru landnámsmennirnir Vestar Þórólfsson og Þorleikur Vestarsson og staðurinn Öndverðareyri.

En í bókinni *Snæfellsnes I. Landnám á Snæfellsnesi*, sem Ólafur Lárusson gaf út í Reykjavík 1945 (bls. 91-96) segir svo:

Heimildirnar greinir á um það, hvor þessara feðga hafi numið landnámið næsta fyrir austan landnám Herjólf. Hauksbók og Sturlubók telja Vestar hafa verið landnámsmanninn, og eru Eyrbyggja og Laxdæla samhljóða þeim, en Melabók segir, að Þorleikur sonur hans hafi numið landnám þetta. Að þessu ósamræmi heimildanna skal síðar vikið, en hér skal athugað, hversu þær lýsa takmörkum landnámsins.

Í Melabók er Þorleikur sagður hafa numið „Æfarsland ok Kirkjufjörð.“⁷ Þar er þess ekki getið, hvar hann hafi búið. Í Sturlubók er Vestar sagður hafa numið „Eyarlönd ok Kirkjufjörð.“⁸ Hauksbók lýsir landnáminu aftur á móti svo, að hann hafi numið „Eyjarland og á millim Kirkjufjarðar ok Kolgrafafjarðar.“⁹ Í Eyrbyggju segir, að Vestar hafi numið land „fyrir utan Urthvalaffjörð“¹⁰ Þrjár síðastnefndu heimildirnar segja allar, **að hann hafi búið á Öndverðrieysi, og þar var ódal niðja hans og þeir kenndir við þann stað og nefndir Eyrbyggjar.** (leturbr. Herm. Jóh.). Loks getur þess í Laxdælu, að Vestar Þórólfsson „nam Eyri“, og er þar eigi nánar ákveðið um landnám hans.¹¹

Allar eru lýsingar þessar á ummerkjum landnámsins næsta óákveðnar, og þeim ber öllum eitthvað á milli. „Æfarsland“, sem nefnt er í Melabók, og „Eyjarland“, sem Hauksbók telur Vestar hafa numið, munu þó vafalast vera ritvillur fyrir „Eyarland“. Tveimur af heimildunum, Melabók og Sturlubók, ber þá saman um, að hann hafi numið þetta tvennt, „Eyarland“ og Kirkjufjörð“.

Eyrrarland mun efalaust vera kennt við Öndverðaeypri, landnámsbæinn, sem nú er nefndur Hallbjarnareypri og er norðaustan á nesinu milli Grundarfjarðar og Kolgrafafjarðar. Landnámsbærinn stóð á öðrum stað en Eyrrar-bærinn hefir staðið á síðustu aldirnar. Sjást rústir gamla bæjarins enn þar sem heitir Tóftir, niðri á sjávarbakkanum, gegnt eyðibýlinu Ámýrum, sem er hinum megin fjarðarins. Bærinn á Eyri var þá innar með Kolgrafafirði en hann er nú. Eru til þjóðsögur um tilefni þess, að hann var fluttur.¹² Þegar Landnáma talar um Eyrrarlönd, á hún við landið, sem fylgt hefir Eyri í fyrstu. Hefir það verið landið yzt á nesinu milli Grundarfjarðar og Kolgrafa-fjarðar og eitthvað inn með fjörðunum beggja vegna nessins, en Landnáma skýrir ekki nánar frá takmörkum þess. Fyrir innan Eyrrarland, inn með Kolgrafafirði, hafa á síðari öldum verið lönd jarðanna Hjarðarbóls og Eiðis og auk þess land Hrafnkelsstaða, sem nú eru eyðibýli. Þar fyrir innan, í fjarð-arbotninum, á Eyri land, Eyrrarbotn, og er það afréttarland, en býli mun aldrei hafa verið þar. Slýjá, sem fellur þar í fjarðarbotninn, skilur lönd Eyrrar og Kolgrafa þar innra. Er getið um þennan afrétt í hinum elztu máldögum Eyrrarkirkju.¹³ Árni Thorlacius gat þess til, að landnám þetta hefði náð inn í botn Kolgrafafjarðar,¹⁴ og virðist hann hafa stutt þá skoðun sína við þessa landeign Eyrrar í fjarðarbotninum, og er það að vísu rétt, að hún gæti verið minjar þess, að Eyri hefði átt allt landið þangað inn eftir, en hitt má líka vera, að Eyrrarkirkju hafi löngu seinna áskotnast þessi afréttur í fjarðarbotn-inum. Þorleifur Jóhannesson taldi landnám þetta einnig hafa náð inn í fjarð-arbotn, að Slýjá, og taldi það koma bezt heim við lýsinguna á takmörkum landnáms Kols í Kolgröfum. Við þessar röksemdir má bæta því, að það er sennilega í beztu samræmi við lýsingu Hauksbókar á mörkum þessa landnáms, að telja austurmörk þess hafa verið inni í botni Kolgrafafjarðar, eins og brátt mun vikið að. Skulum vér hafa það fyrir satt, sem þá getgátu, sem sennilegust er þeirra, er völ er á, að landnám þetta hafi náð þangað inn.

Þá segja þessar tvær heimildir, að landnámsmaðurinn hafi numið Kirkju-fjörð. Virðist augljóst að nafnið Kirkjufjörður er notað á þessum stað sem nafn á Grundarfirði, en ekki nafn á Hálsvaðli eða Kirkjufellsvaðli, og ef vér tökum þessa frásögn bókstaflega, þá ætti landnámið að hafa náð yfir allan Grundarfjörð. En þetta er ekki sennilegt. Það fer í bág við frásögnina um landnám Herjólfis, sem numið hefir a.m.k. nokkuð af firðinum vestan-

verðum. Eins og áður var getið, segir Hauksbók, að landnám þetta hafi náð yfir Eyrarland og „á millum Kirkjufjarðar og Kolgrafafjarðar“. Þetta er ónákvæmt að því leyti, að Eyrarland er á milli Kirkjufjarðar (Grundarfjarðar) og Kolgrafafjarðar, og er þar engin mótsetning á milli. En annars er eðlilegast að skilja orð Hauksbókar svo, að landnámið hafi náð yfir allt landið, sem milli fjarðanna er, þ.e. nesið milli þeirra, inn í botn þeirra beggja. Fær það þá vel staðizt, að Herjólfur hafi numið, hvort heldur er að Kirkjufellsá eða Grundará, og landnám Vestars eða Þorleiks tekið þar við, því báðar renna ár þessar í botn Grundarfjarðar. Að vísu má vera, að texti Melabókar og Sturlubókar sé hér frumlegri, og að það sé rétt, sem Björn M. Ólsen ætlaði, að afvik Hauksbókar frá þeim sé tilraun manns, er síðar hefir fjallað um bókina, til að ákveða landnámsmörkin.¹⁵ En ef svo er, mun þó mega segja, að honum hafi tekizt sú tilraun vel, og að tilgáta hans sé sennileg.

Þótt frásagnir Landnámu um takmörk landnáms þessa séu óljósar, þá er því þó lýst með enn minni nákvæmni í Eyrbyggju, og er það merkilegt um sjálfa ættarsögu niðja landnámsmannsins. Handrit Eyrbyggju segja sitt á hvað, að hann hafi numið land fyrir utan eða fyrir innan Urthvalafjörð, og þau segja, að hann hafi búið á Öndverðrieysi, en kveða ekki nánar á um mörk landnáms hans. Er það efalaust réttari texti, að hann hafi numið land fyrir utan en fyrir innan fjörðinn. Urthvalafjörður er nefndur í tveim heimildum öðrum, kirknatali Páls biskups og fjarðatalinu, og í þeim báðum milli Grundarfjarðar og Kolgrafafjarðar. Nafnið er nú glatað en almennt er talið, að Urthvalafjörður hafi verið hinn ytri hluti Kolgrafafjarðar. Tveir oddar ganga út í Kolgrafafjörð, hvor andspænis öðrum, Hjarðarbólsoddi að vestan en Kolgrafaoddi að austan, og ætla menn, að fjörðurinn fyrir utan odda þessa hafi verið nefndur Urthvalafjörður¹⁶ og er það sennileg tilgáta. Landnámið er fyrir utan, vestan, þennan fjörð, og er því landnámslýsing Eyrbyggju rétt, svo langt sem hún nær.

Samkvæmt þessu er sennilegast, að landnám þetta hafi náð úr botni Grundarfjarðar inn í Kolgrafafjarðarbotn. Varð land þetta seinna fjölbyggt. Landnámsbærinn, Eyri, varð öndvegisbærinn í því, höfuðból og sóknarkirkjustaður, og við hann er allur hreppurinn kenndur, Eyrarsveit.

Eins og áður var getið, greinir heimildirnar á um það, hvort Vestar Þórólfsson hafi numið þetta landnám eða Þorleikur geir sonur hans. Telur

Melabók Þorleik hafa verið landnámsmanninn, en aðrar heimildir Vestar. Segja þær, að Vestar hafi komið með föður sinn, Þórólf blöðruskalla, afgamlan til Íslands, og bæði Sturlubók og Hauksbók geta þess, að þeir feðgar hafi báðir verið heygðir í Skallanesi. Fræðimenn telja, að Melabók geymi hér frumlegri Landnámtexta en hinar gerðir bókarinnar, og að Sturla Þórðarson hafi tekið það eftir Eyrbyggju að telja Vestar hafa verið landnámsmann og Haukur lögmaður hafi svo tekið það eftir Sturlubók.¹⁷ Má vel vera að þetta sé rétt, en með því er ekki úr því skorið, hvor sögnin sé réttari. Það er að vísu hugsanlegt, að örnefnið Skallanes hafi verið sett í samband við viðurnefni Þórólfs, blöðruskalli, og af því hafi svo sú ályktun verið dregin, að Vestar hafi numið land á Eyri og komið út með föður sinn gamlan og að nesið hafi verið kennt við Þórólf vegna þess, að hann hafi verið heygður þar.¹⁸ En á hinu leitinu er svo frásögn Eyrbyggju, sem telur Vestar hafa verið landnámsmann, og er líklegt, að hún styðjist við arfsögn Eyrbyggja, niðja hans, a.m.k. er þar að öllum líkindum um að ræða sagnir, sem gengið hafa og geymzt þar í héraðinu. Þess má og geta, að Vestar hefir komið við aðrar sagnir hér á landi. Í Sturlubók og Hauksbók er getið um deilu þeirra Geirmundar heljarskinns og Kjallaks á Kjallaksstöðum um landið á milli Klofninga og Fábeinsár og sagt, að þeir Björn austræni og Vestar á Eyri hafi sætt þá.¹⁹ Í Melabók er þessa ekki getið og má vera að þetta sé eigi frumlegt í Landnámu, en líklega er það þó gömul sögn, og stuðzt hefir hún við örnefnið Vestarsnes, þar sem Vestar var sagður hafa lent, er hann fór til fundarins. Enn má nefna það, að í Sturlubók er getið Þóru, dóttur Vestars, og sagt að hún hafi verið gift syni landnámsmanns, Þorgilsi syni Geirsteins kjálka. Sonur þeirra, Steinn hinn danski, var giftur sonardóttur landnáms manns, Hallgerði Örnólfsdóttur Ármóðssonar hins rauða.²⁰ Þótt Sturla kunni að hafa bætt Þóru inn í ættartölu þessa, þá er varla ástæða til að hafna þessu, og bendir það þá til þess, að Vestar hafi í raun og veru verið landnámsmaður. Engin önnur heimild en Melabók nefnir Þorleik geir. Hinar heimildirnar nefna aftur á móti Ásgeir, son Vestars. Er þetta sjálfsagt sami maðurinn, enda eru báðir þessir menn taldir hafa átt sömu konuna, Helgu dóttur Kjallaks Bjarnarsonar austræna. Helga var sonardóttir landnámsmanns og num almennt verða að telja það líklega, að hún hafi átt son landnámsmanns en að hún hafi verið kona landnáms-

manns. Laxdæla hefir þá sérstöðu í þessu efni, að hún fellir niður einn liðinn í ættartölu Eyrbyggja, þ.e. Ásgeir eða Þorleik geir, en telur Þorlák, föður Steinþórs á Eyri, hafa verið son Vestars, en ekki sonarson hans. Við þetta hefir og ruglazzt um gjaforð Helgu Kjallaksdóttur, og er hún sögð hafa verið kona Vestars, en ekki tengdadóttir hans. Hefir höfundur Laxdælu að líkindum annað hvort ekki áttað sig á Þorleiki geir og Þorláki syni hans, og gert einn mann úr báðum, eða hann hefir óvart hlaupið yfir einn lið í ættartöluheimild sinni²¹. Virðist augljóst, að þessi afvik Laxdælu hafi ekki neitt sjálfstætt gildi.”

Niðurstaða úr þessari samantekt er augljós. Eyrbyggjar eru þeir nefndir sem eru afkomendur Vestars frá Hallbjarnareyri eða eins og okkar túlkun er, þeir sem búið hafa í Eyrarsveit í lengri eða skemmri tíma (nú Grundarfirði).

Tilvísanir

- ¹ Haft eftir Hermanni Sigurjónssyni.
- ² Fólkið, fjöllin, fjörðurinn 4. Davíð H. Wíum.
- ³ Samkvæmt útgefnu hlutabréfi á handhafa. Eig. H. Jóh.
- ⁴ Fólkið, fjöllin, fjörðurinn 4. Davíð H. Wíum.
- ⁵ Haft eftir Hermanni Sigurjónssyni.
- ⁶ Haft eftir Guðmundu Hjartardóttur.
- ⁷ Melabók, 21. kap.
- ⁸ Sturlubók, 81. kap.
- ⁹ Hauksbók, 69. kap.
- ¹⁰ Eyrbyggja, 7. kap.
- ¹¹ Laxdæla, 3. kap.
- ¹² Jón Þorkelsson: Þjóðs, og munnm., bls. 40–42; Ólafur Davíðsson: Þjóðsögur II., bls. 5.
- ¹³ Dipl. Ísl. III., nr. 72, IV., bls. 173.
- ¹⁴ Safn til sögu Ísl. II., bls. 284.
- ¹⁵ Aarb. f. nord. Oldk. og Hist. 1905, bls 89 n. m.
- ¹⁶ Safn til sögu Ísl. II., bls. 278- 288, 293; Kálund: Hist.-topogr. Beskr. af Ísl. I., bls. 429, sbr. II bls. 368
- ¹⁷ Jón Jóhannesson: Gerðir Landnámabókar, bls. 91–92; Björn M. Ólsen í Aarb. f. nord. Oldk. og Hist. 1905, bls. 88
- ¹⁸ Jón Jóhannesson: Gerðir Landnámabókar, bls. 92, sbr. bls. 155.
- ¹⁹ Sturlubók, 115. kap., Hauksbók, 87. kap.
- ²⁰ Sturlubók, 128. kap.
- ²¹ Aarb. f. nord. Oldk. og Hist. 1908, bls. 206.

Elínbjörg Kristjánsdóttir

Manntal frá 1940

Hér er manntal sem tekið var í Eyrarsveit 1940. Það er endurritun úr manntali sem tekið var á sínum tíma og er varveitt á Þjóðskjalasafninu í Reykjavík. Augljósar ritvillur hafa verið leiðréttar og texti færður til nútímastafsetningar. Eins og í fyrri manntölum sem komu út í öðru hefti bókarinnar Fólkið, fjöllin, fjörðurinn gætir sumstaðar misræmis í fæðingardögum og fæðingarári einstaklinga á milli manntala.

Í þessu manntali frá 1940 var auk stöðu fólks á heimilinu getið um aðalatvinnu og aukavinnu þess. Einnig er fróðlegt að sjá í hvernig húsakynnum fólkið bjó.

Það voru 66 bæir sem búið var í 1940 og af þeim voru 23 steinsteypt hús, 31 timburhús og 12 torfbæir. Vatnsveita var á 17 bæjum, vatnssalerni var á þremur bæjum og baðkar var skráð á einum bæ, rafmagn var ekki komið á bæina í Eyrarsveit 1940.

Á þessum 66 bæjum voru 379 manns skráðir en þess má geta að ef fólk var fjarverandi, t.d. í skólum eða öðrum erindum að heiman, þá var það ekki skráð í manntalinu eða það strikað út og fjölda á heimilinu breytt í samræmi við það.

Eftirtaldir aðilar skráðu manntalið 1940: Bárður Þorsteinsson, Bergur Þorsteinsson, Bjarni Sigurðsson, Gísli Jónsson, Guðmundur Guðmundsson, Kristján Þorleifsson, Þorkell Sigurðsson og Þorvaldur Þórðarson.

Skrásetjarar virtust hafa mismunandi orð yfir sama starf sem fólk innti af hendi og var stundum svolítið fróðlegt að velta þessu fyrir sér þar sem íslenskan hefur að geyma svo mörg orð yfir sama hlutinn. Orðið hreyfilbátur heyrir ekki nú til dags en það var dálítið notað á fyrri hluta og fram um miðbik síðustu aldar og átti það að koma í stað orðanna mótorbátur og trilla.

Heimili og fullt nafn	Staða á heimili	Fd. og ár	Fæðingarstaður	Aðalvinna	Aukavinna
Akurtraðir					
Gunnar Guðmundsson	húsbóndi	14.11.1894	Nýjabúð Eyrarsveit	bóndi	trésmíðar og sjóvinna
Guðrún Guðmundsdóttir	ráðskona	22.3.1903	sama stað	ráðskona	
Porkell Gunnarsson	sonur hb.	8.8.1924	Akurtraðir Eyrarsveit	vinnumaður hjá föður v/	landbúnaðarstörf
Kristólfína Guðrún Gunnarsdóttir	dóttir hb.	4.5.1929	sama stað		
Hólmfríður Gunnarsdóttir	fósturd. hb.	26.8.1927	Bakkabær Eyrarsveit		
Sonja Geirarósdóttir	"	20.11.1936	Reykjavík		
Amarhóll					
Þorsteinn Jónsson	húsbóndi	6.8.1902	Stykkishólmur	bóndi	háseti á trillu
Kristlaug Einarsdóttir	ráðskona	13.1.1886	Ólafsvík	húsmóðurstörf	
Bakki					
Ingimundur Gíslason	húsbóndi	12.10.1889	Vatnabúðir Eyrarsveit	útgerðarmaður á mótorbát	
Gísli Gunnarsson	fóstursonur hb.	30.12.1920	Garðsendi Eyrarsveit	háseti á mótorbát	
Norður-Bár					
Sigurjón Halldórsson	húsbóndi	1.2.1898	Míkholt Miklholtshr.	bóndi og formaður á mótorbát, útgerðarmaður hans	
Þjörg Hermannsdóttir	húsmóðir	20.11.1890	Svefneyjar Breiðafirði	húsmóðurstörf	
Pétur Breiðfjörð Sigurjónsson	lausamaður	30.11.1918	Lárköt Eyrarsveit	hásetastörf á mótorbát	
Hermann Kristberg Sigurjónsson	vinnumaður	27.8.1922	Lárköt Eyrarsveit	sjóróðrar og hevinna	
Ágúst Sigurjónsson	"	7.7.1925	Bár Eyrarsveit	hevinna og skepnuhirða	
Haldór Sigurjónsson	"	15.8.1926	sama stað	ýmsir snúningar	
fjórir ofangreindir, þillar eru synir húsbónda					
Suður-Bár					
Porkell Jóhann Sigurðsson	húsbóndi	18.9.1908	Ólafsvík	sjálfseignarbóndi, landbúnaður	
Kristín Guðröður Krisfjansdóttir	húsmóðir	11.10.1908	Móabúð Eyrarsveit	húsmóðurstörf	
Ingibjörg Þorkelsdóttir	dóttir hb.	24.6.1937			
drengur	sonur hb.	20.11.1940			
Kristín Jónsdóttir	gamalmenni	9.11.1874		vinnur dálftið í höndum fær ellistyrk	
Berserkseyri I					
Guðni Elisson	húsbóndi	31.10.1897	Berserkseyri Eyrarsveit	landbúnaður	
Guðrún Halldórsdóttir	húsmóðir	4.10.1899	Kothraun Helgafellssveit	venjuleg húsmóðurstörf	

Halldór Guðnason	sonur þeirra	26.8.1922	Berserkseyri Eyrarsveit	landbúnaðarstjóri
Elís Guðnason	sömul.	29.7.1926	sama stað	
Jón Guðnason	sömul.	13.9.1928	sama stað	
Bernharð Guðnason	sömul.	10.11.1929	sama stað	
Krisþjana Guðmundsdóttir	móðir hm.	15.8.1878	Ögur Stykkishólmsrh.	
Berserkseyri II				
Þjarni Sigurðsson	húsbóndi	18.1.1896	Seljar Helgafellssveit	landbúnaður póstferðir og hreppsþjóri
Ástrós Ágústa Elfsdóttir	húsmóðir	2.8.1895	Berserkseyri Eyrarsveit	húsmóðurstörf
Dagbjört Ragnhildur Bjarnadóttir	dóttir þeirra	22.8.1923	sama stað	innanhússtörf og útvinnna
Hreinn Bjarnason	sonur þeirra	25.9.1932	sama stað	
Guðrún Geirmundsdóttir	fósturdóttir þeirra	13.9.1935	Geirakot Fróóárhrepp	landbúnaður
Sigurður Jónsson	faðir hb.	1.4.1869	Koftraun Helgafellssveit	störf við búskap einnig úti
Ingvaldur Hafliðadóttir	ráðskona	4.10.1878	Valabjörg Helgafellssveit	
Margalena Bjarnadóttir	vinnukona	5.8.1900	Þjarneyjar Flateyjahrepp	
Helgi Andrésson	lausamaður	18.4.1892	Bersatunga Saurbæjarhr.	smíðar
Búðir				
Kristín Runólfsdóttir	húsmóðir	21.2.1898	Fjarðarhorn Helgafellssveit	landbúnaður og húsmóðurstörf
Bæring Cecillson	sonur	24.3.1923	Búðir Eyrarsveit	ýmis heimilisstörf
Soffanías Cecillson	sonur	3.5.1924	Búðir Eyrarsveit	sömul.
Guðbjartur Cecillson	sonur	6.3.1929	Búðir Eyrarsveit	
Páll Cecillson	sonur	20.2.1932	Búðir Eyrarsveit	
Ágústína Andrésdóttir	gamalmenni	15.10.1860	Garðsbúð Breiðuvík	
Eiði				
Gunnar Stefánsson	húsbóndi	22.11.1903	Efirhlöð Hfs.veit	landbúnaður hásetastörf á mb.
Lilja Elfsdóttir	húsmóðir	24.6.1907	Oddsbrúð Eyrarsveit	venjuleg húsmóðurstörf
Elís Gunnarsson	sonur hjóna	25.2.1929	Eiði Eyrarsveit	
Hjálmar Gunnarsson	"	5.3.1931	Eiði Eyrarsveit	
Sveinn Garðar Gunnarsson	"	17.7.1932	Eiði Eyrarsveit	
Sigrún Gunnarsdóttir	dóttir hjóna	3.2.1934	Eiði Eyrarsveit	
Sigurlín Gunnarsdóttir	"	17.5.1936	Eiði Eyrarsveit	
Helga Soffía Gunnarsdóttir	"	8.11.1937	Eiði Eyrarsveit	
Krisþján Sigurður Jónsson	húsbóndi	25.7.1901	Kolgratasei Eyrarsveit	landbúnaður hásetastörf á mb.
Guðrún Guðný Elfsdóttir	húsmóðir	27.6.1901	Oddsbrúð Eyrarsveit	venjuleg húsmóðurstörf

Guðmundur Kristjánsson	sonur hjóna	5.1.1928	Vindás Eyrarsveit	
Jón Jóhann Kristjánsson	"	24.3.1929	Eiði Eyrarsveit	
Elinborg Kristjánsdóttir	dóttir hjóna	13.7.1933	Eiði Eyrarsveit	
Rúrik Kristjánsson	sonur hjóna	26.8.1934	Eiði Eyrarsveit	
Arnór Páll Kristjánsson	"	9.11.1935	Eiði Eyrarsveit	
Jónína Guðrún Kristjánsdóttir	dóttir hjóna	19.5.1937	Eiði Eyrarsveit	
Fagurhóll				
Porkell Daniel Rúnólfsson	húsbóndi	16.12.1894	Fjarðarhorn Helgafellssveit	sjóvinna á mótorbát
Margrét Guðrún Gísladóttir	húsmóðir	6.3.1891	Skjalg Kolbeinsstaðahr.	vanaleg húsmóðurstörf
Rúnólfur Þorkelsson	barn hjóna	31.7.1923	Búðir Eyrarsveit	háseti
Gísli Þorkelsson	"	23.5.1926	sama stað	framfærast af foreldrum sínum
Páll Þorkelsson	"	10.4.1928	sama stað	framfærast af foreldrum sínum
Ingibjörg Lilja Þorkelsdóttir	"	3.5.1929	sama stað	framfærast af foreldrum sínum
Sigurbjörg Hulda Þorkelsdóttir	"	3.9.1933	Fagurhóll Eyrarsveit	framfærast af foreldrum sínum
Guðbjörg Jóhannsdóttir	móðir húsfreyju	8.8.1861	Laxárdal Skógarströnd	fyrirv. húsfreyja nú á framfæri dóttur og tengdasonar
Forna-Grund				
Þórður Ásgeir Kristjánsson	húsbóndi	7.6.1895	Setberg Eyrarsveit	hásetastörf á mótorbát
Þórdís Þorleifsdóttir	húsmóðir	13.10.1895	Garðsendi Eyrarsveit	vanaleg húsmóðurstörf
Þorleifur Halldór Ásgeirsson	barn hjóna	7.2.1922	Hannar Eyrarsveit	vinnur hjá foreldrum sínum hásetastörf á mótorbát
Jarprúður Soffía Ásgeirsdóttir	"	3.4.1924	sama stað	vinnur hjá foreldrum sínum
Björn Kristján Ásgeirsson	"	5.5.1926	sama stað	framfærast af foreldrum sínum
Ásdís Ásgeirsdóttir	"	4.7.1927	sama stað	framfærast af foreldrum sínum
Ragnheiður Ásgeirsdóttir	"	14.3.1930	Forna-Grund Eyrarsveit	framfærast af foreldrum sínum
Páll Brekkmann Ásgeirsson	"	4.3.1932	sama stað	framfærast af foreldrum sínum
Kristján Þorleifur Þorleifsson	leigjandi	21.3.1876	Þjarnarhófn Helgafellssveit	húsvinna á sumrin, annars endurskoðun og skriftr
Forna-Krossnes				
Skúlína Hlíf Guðmundsdóttir	húsmóðir	10.11.1898	Krossnes Eyrarsveit	landbúnaður
Jóhannes Ólafur Þorgrímsson	húsbóndi	20.11.1900	Míkhóll Viðvíkursveit	fyrirverandi barnakennari
Kristín Salbjörg Jóhannesdóttir	dóttir þeirra	7.8.1937	Forna-Krossnes Eyrarsveit	landbúnaður
Guðrún Kristín Jóhannesdóttir	"	7.6.1934	Forna-Krossnes Eyrarsveit	
Guðmundur Lárus Skúli Jóhannesson	sonur þeirra	18.12.1932	Forna-Krossnes Eyrarsveit	
Arnór Þjörgvin Jóhannesson	"	10.5.1930	Krossnes Eyrarsveit	

Garðendi									
Torfi Jöngur Illugason	húsbóndi	22.7.1895	Helgafell Helgafellssveit	bóndi og háseti á mótorbát					
Ingibjörg Kristín Finnisdóttir	húsmóðir	30.6.1893	Fjarðarhorn Helgafellssveit	húsmóðurstörf					
Krisfjón Torfason	sonur	2.6.1927	Garðendi Eyrarsveit						
Páll Torfason	"	27.9.1928	sama stað						
Unnur Torfadóttir	dóttir	23.4.1930	sama stað						
Karl Torfason	sonur	31.7.1932	sama stað						
Guðrún Guðmundsdóttir	móðir hb.	24.6.1867	Gröf Laxárdal	innanhússtörf	ellistyrkur				
Grafarnes									
Kristlaugur Bjarnason	húsbóndi	11.3.1904	Suður-Bár Eyrarsveit	hásetastörf á mótorbát, útgerð	skippaafgræðsla				
Gísli Ólafsson	st. um stundars.	17.6.1918	Geitakot Fróðáthrepp						
Grund									
Gísli Karel Elísson	húsbóndi	10.5.1899	Oddsbúð Eyrarsveit	bóndi					
Kristín Jakobna Árnadóttir	ráðskona	26.6.1888	Víðhólum á Fjöllum	ráðskona					
Vilborg Guðrún Gísladóttir	dóttir bónda	16.7.1927	Skallabúðir Eyrarsveit						
Pálma Gísladóttir	"	27.1.1929	Skallabúðir Eyrarsveit						
Elís Gíslason	sonur bónda	27.11.1932	Grund						
Gröf innri									
Bárður Þorsteinsson	húsbóndi	6.6.1882	Kirkjufell Eyrarsveit	landbúnaður	oddvitastörf				
Kristbjörg Rögnvaldsdóttir	húsmóðir	3.11.1894	Fagradalstunga Saurbæjarhr.		húsmóðurstörf				
Oliver Bárðarson	sonur húsb.	21.7.1922	Gröf innri Eyrarsveit	heyvinna, skepnuh. og fl.					
Svarfar Hreiðar Símonarson	dóttursonur húsb.	14.8.1937	Reykjavík	framfærður af afa sinum					
Gröf ytri									
Lárus Jónsson	húsbóndi	1.10.1890	Ós á Skógartrönd	landbúnaður	símstöðvarstjórn og breiðfirðing				
Halldóra Jóhannesdóttir	húsmóðir	27.4.1888	Bryggja Eyrarsveit	sl.					
Björn Jón Lárusson	sonur þeirra	13.9.1917	Gröf Eyrarsveit	háseti á mótorbát					
Sigurður Lárusson	"	31.1.1927	s.st.	framfærst af foreldrum sínum					
Inga Hrefna Lárusdóttir	dóttir þeirra	22.6.1929	s.st.	framfærst af foreldrum sínum					
Sverrir Lárusson	sonur þeirra	14.1.1931	s.st.	framfærst af foreldrum sínum					
Guðbjörg Fjóra Þorkelsdóttir	vetrarsúlka	27.5.1925	Búðir Eyrarsveit	eldhússtörf og fl.					

Pálmi Þór Pálsson	sonur hjóna	27.4.1940	Hamrar Eyrarsveit	landbúnaður vanaleg húsmóðurstörf	háseti á mótorbát tíma á ári
Hellnafell					
Árni Sveinbjörnsson	húsbóndi	3.12.1892	Krókur Eyrarsveit	landbúnaður	háseti á mótorbát tíma á ári
Herdís Sigurlín Gísladóttir	húsmóðir	24.2.1899	Þorgeirsfell Staðarsveit	vinnur hjá foreldrum sínum	
Ingibjörg Halbera Árnadóttir	barn hjónanna	5.9.1923	Hellnafell Eyrarsveit	vinnur hjá foreldrum sínum	
Guðbjörg Árnadóttir	"	13.3.1925	sama stað	er á framfæri foreldra sinna	
Sveinbjörn Árnason	"	20.8.1926	sama stað	er á framfæri foreldra sinna	
Guðný Margrét Árnadóttir	"	25.4.1928	sama stað	er á framfæri foreldra sinna	
Gísli Árnason	"	3.3.1930	sama stað	er á framfæri foreldra sinna	
Kristín Sigurbjörg Árnadóttir	"	28.6.1931	sama stað	er á framfæri foreldra sinna	
Ester Árnadóttir	"	1.7.1933	sama stað	er á framfæri foreldra sinna	
Arnaldís Árnadóttir	"	24.2.1935	sama stað	er á framfæri foreldra sinna	
Benedikt Gunnar Árnason	"	17.8.1937	sama stað	er á framfæri foreldra sinna	
óskirt	"	24.9.1940	sama stað	er á framfæri foreldra sinna	
óskirt	"	24.9.1940	sama stað	er á framfæri foreldra sinna	
Hjarðarból I					
Páll Þorleifsson	húsbóndi	16.7.1877	Þjarnarhöfn Hfs.sveit	landbúnaður	
Jakobína Jónsdóttir	húsmóðir	25.12.1895	Innri-Tröð	húsmóðurstörf	
Kristín Pálsdóttir	barn þeirra	24.7.1932	Hjarðarból		
Dagmar Árnadóttir	fósturbarn	30.12.1924	Garðsendi		
Hjarðarból II					
Skarphéðinn Sigurðsson	húsbóndi	25.3.1892	Bersekjahraun Hfs.sveit	landbúnaður og sjóvinna	háseti á mótorbát
Sigríður Einarsdóttir	húsmóðir	13.1.1899	Hvítuhlið Óspakseyrarhr.	vanaleg húsmóðurstörf	
Einar Skarphéðinsson	sonur hjóna	24.8.1927	Hjarðarból		
Ragnheiður Ingveldur Skarphéðinsd.	dóttir hjóna	16.3.1931	Hjarðarból		
Rafn Ólafsson		7.5.1937	Reykjavík		
Hjarðarbrekka					
Jens Pétur Jóhannesson	húsbóndi	2.10.1893	Hjarðarból Eyrarsveit	bóndi	
Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir	húsmóðir	16.4.1897	Nýjabúð Eyrarsveit	húsmóðurstörf	
Hallgrímur Pétursson	sonur	23.7.1924	Garðsendi Eyrarsveit	vinnur hjá föður við landbúnað og röðra á m/b	
Jens Pétursson	sonur	30.3.1927	Hjarðarbrekka Eyrarsveit		
Aslaug Pétursdóttir	dóttir	26.5.1930	sama stað		
Jóhannes Páll Pétursson	sonur	25.2.1935	sama stað		

Jón Pétursson	sonur	19.7.1936	sama stað			
Vilhjálmur Pétursson	sonur	9.7.1938	sama stað			
Ólver Krísfjansson	dóttursonur	28.12.1934	Stykkishólmur			
Höfði						
Ágúst Lárusson	húsbóndi	27.8.1902	Stykkishólmur	starfar og lifir aðallega á landbúnaði vegavinna		
Ástrós Halldórsdóttir	húsmóðir	24.10.1913	Kotbraun Helgafellssveit			
Lára Ágústsdóttir	dóttir	8.11.1935	Höfði Eyrarsveit			
Guðrún Ágústsdóttir	dóttir	13.8.1937	sómuleitöis			
Jaðar						
Ólafur Ingiberg Torfason	húsbóndi	12.7.1917	Selvellir Helgafellssveit	útgærbarmaður á mótorbát		landbúnaður
Porleifur Einarsson		14.11.1895	Kaldakinn Haukadal	háseti á mótorbát		
Guðrún Torfadóttir		30.7.1918	Selvellir Helgafellssveit	innanhússtörf		
Illugi Jens Porleifsson		12.6.1940	Bjarnarhöfn Helgafellssveit			
Kirkjufell						
Magnús Gíslason	húsbóndi	7.12.1892	Haukatunga Kolbeinsstaðahr.			landbúnaður
Valgerður Skarphéðinsdóttir	húsmóðir	5.11.1899	Tannastaðir Staðahr.V-Hún	húsmóðurstörf		
Gísl Magnússon	sonur	7.6.1925	Kirkjufell Eyrarsveit			
Haraldur Magnússon	sonur	19.5.1927	Kirkjufell Eyrarsveit			
Elsa Magnúsdóttir	dóttir	20.11.1928	Kirkjufell Eyrarsveit			
Alfreð Magnússon	sonur	7.6.1930	Kirkjufell Eyrarsveit			
Aðalheiður Magnúsdóttir	dóttir	29.1.1932	Kirkjufell Eyrarsveit			
Stella Magnúsdóttir	dóttir	9.1.1936	Kirkjufell Eyrarsveit			
Kolgrafir						
Magnús Jónsson	húsbóndi	10.8.1870	Þórðisarstaðir Eyrarsveit	landbúnaður		
Jóhanna Elisdóttir	húsmóðir	7.4.1890	Nýjabúð Eyrarsveit	venjuleg húsmóðurstörf		
María Magnúsdóttir	dóttir þeirra	13.9.1915	Kolgrafir Eyrarsveit	innanhússtörf og útvinna		
Ingvar Agnarsson	maður hennar	26.12.1912	Daði Vörðdal V-Hún.	landbúnaður		
Áslaug Georgsdóttir	fósturdóttir	17.10.1924	Reykjavík	léttastúlka		
Elis Guðnason	faðir húsfreyju	4.11.1867	Fjarðarhorn Helgafellssveit			smíðar
Krossnes						
Lárus Guðbjartur Guðmundsson	húsbóndi	23.1.1893	Krossnes Eyrarsveit	búskapur		háseti á mótorbát
Sigurlaug Skarphéðinsdóttir	húsmóðir	14.6.1904	Guðlaugsvík Hrítafirði			

Guðmundur Vernharður Lárusson	sonur	12.7.1926	Krossnes Eyrarsveit	róðrar	búskapur og vitavörður
Lára Lárusdóttir	dóttir	12.7.1927	Krossnes Eyrarsveit		
Jóna Lárusdóttir	dóttir	16.4.1930	Krossnes Eyrarsveit		
Guðni Ingi Lárusson	sonur	30.7.1931	Krossnes Eyrarsveit		
Guðrún Ragnheiður Lárusdóttir	dóttir	26.2.1934	Krossnes Eyrarsveit		
Helgi Lárusson	sonur	25.6.1936	Krossnes Eyrarsveit		
Porvarður Jóhann Lárusson	sonur	24.5.1938	Krossnes Eyrarsveit		
Óskirður Lárusson	sonur	18.9.1939	Krossnes Eyrarsveit		
Jóhannes Guðjón Guðmundsson	búsmali	7.3.1890	Krossnes Eyrarsveit		
Kverná					
Ásmundur Jóhannsson	húsbóndi	26.9.1884	Þórðarbrú Eyrarsveit		landbúnaður vöruafl. og verkstjórn
Steinn Guðbjörg Þorsteinsdóttir	húsmóðir	11.1.1888	Kirkjufell Eyrarsveit		vanaleg húsmóðurstörf
Jóhann Ásmundsson	sonur	7.3.1915	Kverná Eyrarsveit		heyvinna og fl. störf
Hallfríður Ásmundsdóttir	dóttir	4.4.1923	Kverná Eyrarsveit		heyvinna og fl. störf
Vilhjálmur Ásmundsson	sonur	20.5.1926	Kverná Eyrarsveit		framfærnist af foreldrum sínum
Kristinn Ferdinand Ásmundsson	sonur	8.6.1928	Kverná Eyrarsveit		framfærnist af foreldrum sínum
Fríðrik Heiðar Ásmundsson	sonur	20.3.1930	Kverná Eyrarsveit		framfærnist af foreldrum sínum
Þorsteinn Guðberg Ásmundsson	sonur	5.10.1911	Kverná Eyrarsveit		hásetastörf á m/b
Lágarkot					
Sigurður Gunnleifur Helgason	húsbóndi	21.5.1916	Kvíabryggja Eyrarsveit		landbúnaður aðallega
Guðrún Guðmundsdóttir	húsmóðir	20.2.1885	Hellissandur Neshr. ytri		vinur að ýmsu innanhúss
Pétur Jónsson	sonur hum.	30.10.1906	Kvíabryggja Eyrarsveit		formaður á mótorbát
Gunnar Sigurður Magnússon	vistadregur	27.9.1930	Þvervegur 2 Skerjafjörður		
Látravík I					
Hallgrímur Sigurðsson	húsbóndi	29.2.1891	Látravík Eyrarsveit		starfar aðallega við landbúnað
Guðrún Bjarnína Jakobsdóttir	húsmóðir	25.10.1892	Kvíabryggja Eyrarsveit		starfar að búverkum innanhúss
Sigrður Hallgrímsdóttir	dóttir	6.3.1922	Látravík Eyrarsveit		utanbæjar og innan, ýmis st.
Ragnhildur Guðrún Hallgrímsdóttir	dóttir	23.2.1924	sómuleiðis		sómuleiðis
Árni Jóhannes Hallgrímsson	sonur	16.12.1926	sómuleiðis		búsmali
Jens Jakob Hallgrímsson	sonur	9.5.1932	sómuleiðis		
Látravík II					
Þjörn B. Jónsson	húsbóndi	4.3.1882	Mýrarhúss Eyrarsveit		starfar aðallega við búskap
Jósefína Jóhannesdóttir	kona húsbónda	24.8.1885	Teinahring Hellissandur		lifir á framfæri manns síns

Pétur Jóh. Komráðsson	leigjandi	3.4.1909	Hallbjarnareyri Eyrarsveit	háseti, linub. vetrarvertið
Jódís Kristín Björnsdóttir	húsmóðir	24.7.1906	Gálutröð Eyrarsveit	vinnur hússins hússtörf
Elisabet Stefánsdóttir	móðir leigjanda	23.7.1877	Vindás Eyrarsveit	heyskapur og ullarvinna
Haukur Georgsson	uppeldiss. leigj.	8.2.1926	Reykjavík	léttadrangur
Bára Bergmann Pétursdóttir	dóttir leigjanda	2.12.1935	Látravík Eyrarsveit	
Elsa Fanneý Pétursdóttir	sömul.	23.7.1937	sómuleiðis	
stúlka Pétursdóttir	sömul.	20.8.1940	sómuleiðis	
Lengja				
Björgvín Bjarnason	húsbóndi	5.1.1897	Suður-Bár Eyrarsveit	sjóvinna formaður á m/b
Jónína Herdís Einarsdóttir	móðir húsbónða	12.8.1873	Mávahlíð Fróðáhræpp	bústýra hjá syri sínum
Helgi Kornílius Bjarnason	bróðir húsbónða	3.7.1911	Suður-Bár Eyrarsveit	landvinna svo sem heyvinna, skepnuhúðing og fl.
sláturvinna, fiskvinna og útskipun				
Móabúð				
Kristján Jónsson	húsbóndi	1.11.1874	Hallbjarnareyri Eyrarsveit	bóndi, útgerðarmaður á mótorbát
Kristín Gísladóttir	húsmóðir	6.7.1890	Hóp Helgafellssveit	húsmóðir
Jón Kristjánsson	sonur	24.12.1920	Móabúð Eyrarsveit	vinnur hjá föður sínum, fjárhúðing og róðrar
Una Kristjánsdóttir	dóttir	11.1.1919	sama stað	vinnur hjá föður sínum, eldhússtörf og fl.
Kristján Kristjánsson	sonur	8.5.1925	sama stað	
Gísl Kristjánsson	sonur	21.1.1928	sama stað	
Ragnar Kristjánsson	sonur	17.6.1929	sama stað	
Guðbjörg Kristjánsdóttir	dóttir	21.11.1930	sama stað	
Arnalds Kristjánsdóttir	dóttir	24.3.1934	Reykjavík	
Mýrar				
Hjörtur Jónsson	húsbóndi	22.7.1882	Höröudal	landbúnaður
Kristín Sveinbjörnsdóttir	húsmóðir	7.9.1888	Krókur Eyrarsveit	húsmóðurstörf
Rósbjörg Hjartardóttir	dóttir/lausakona	9.9.1916	Mýrar Eyrarsveit	ýmis heimilisstörf kaupavinna og fl.
Sveinbjörn Hjartarson	sonur/vinnum.	6.5.1920	Mýrar Eyrarsveit	ýmis heimilisstörf
Jón Hjartarson	sonur/vinnum.	18.12.1924	Mýrar Eyrarsveit	
Guðný Hjartardóttir	dóttir	28.2.1928	Mýrar Eyrarsveit	
Ágúst Breiðfjörð Hjartarson	sonur	30.3.1914	Hjallabúð Kviabryggja	sjúklingur
Mýrarhús				
Geirmundur Guðmundsson	húsbóndi	28.8.1914	Jaðar Eyrarsveit	háseti á mótorbát landbúskapur
Lilja Torfadóttir	húsmóðir	27.1.1920	Ögur Stykkishólsmshr.	sinnir innanhúsvörkum

Frimann Sigurður Jónsson	vinnumaður	14.7.1903	Bakki Svarfaðardal	heyvinna, skepnuhirðing
Jón Frimannsson	sonur vinnuk.	21.5.1940	Reykjavík	
Skallabúðir				
Guðjón Elísson	húsbóndi	19.2.1894	Móabúð Eyrarsveit	bóndi, útgerðarmaður á róðrabát
Sigrður Elísdóttir	húsmóðir	15.1.1905	Berserkseyri Eyrarsveit	húsmóðurstörf
Högni Guðjónsson	sonur hjónanna	1.9.1928	Skallabúðir Eyrarsveit	
Þórólfr Beck Guðjónsson	sonur hjónanna	24.3.1930	sama stað	
Elís Guðjónsson	sonur hjónanna	9.8.1931	sama stað	
Gróa Herdís Guðjónsdóttir	dóttir hjónanna	18.11.1933	sama stað	
Vilberg Guðjónsson	sonur hjónanna	1.4.1940	sama stað	
Skerðingsstaðir				
Þorvaldur Þórðarson	húsbóndi	3.4.1878	Bár Eyrarsveit	starfar að landbúskap
Kristín Karólína Jakobsdóttir	húsmóðir	14.7.1877	Rímabæ Eyrarsveit	sinnir innanhúsvörkum
Guðmundur H. Guðmundsson	sonur hm.	30.7.1904	Búðir Eyrarsveit	starfar við landbúskap
Jakob Karl Þorvaldsson	sonur þeirra	28.7.1911	Skerðingsst. Eyrarsveit	heyvinna og vegavinna sjóvinna
Jón Þorvaldsson	sömul.	23.9.1914	sama stað	heyskapur og önnur verk við búskap
Þorvaldur K. Þorvaldsson	sömul.	23.5.1916	sama stað	heyvinna sjóvinna
Gunnar Júl. Þorvaldsson	sömul.	24.6.1918	sama stað	fjárhirðing
Kristín Karólína Þórðardóttir	fósturdóttir	4.6.1933	Kviabryggja Eyrarsveit	
Sölvellir				
Guðlaugur Magnús Rögnvaldsson	húsbóndi	16.7.1901	Fagraðalstunga Saurbæjarh.	landvinna daglaunastörf
einkum fiskvinna, sláturv. og útskipun				
Bergþóra Sigurðardóttir	húsmóðir	10.1.1910	Söðulholt Eyjahrepp	húsmóðurstörf
Þjörk Guðlaugsdóttir	barn hjónanna	25.12.1935	Gröf innri Eyrarsveit	framfærast af foreldrum sínum
ósórt svinbarn	barn hjónanna	29.1.1940	Sölvellir Eyrarsveit	framfærast af foreldrum sínum
Spjör				
Finnur Sveinbjörnsson	húsbóndi	27.9.1889	Krókur Eyrarsveit	formaður á mótorbát, bóndi
Halla Halldórsdóttir	húsmóðir	10.12.1900	Kviabryggja Eyrarsveit	húsmóðurstörf
Freyja Finnsdóttir	barn húsb.	11.7.1922	Hellnafell	heimilisstörf eldhússtörf
Halldór Finnsón	barn húsb.	2.5.1924	Stykkishólmur	heyvinna og skepnuhirðing
Ása Finnsdóttir	barn húsb.	7.8.1926	Spjör Eyrarsveit	snúningur
Dagfríður Finnsdóttir	barn húsb.	20.10.1932	s.st.	
Sveinbjörg Finnsón	barn húsb.	8.5.1934	s.st.	

Vatnabúðir									
Elis Gíslason	húsbóndi	9.10.1873	Vatnabúðir Eyrarsveit	bóndi, útgærðarmaður	mótorbát				
Vilborg Jónsdóttir	húsmóðir	6.3.1877	Íröð innri Eyrarsveit	húsmóðir					
Snorri Elísson	sonur hjónanna	4.6.1904	Oddsbúð Eyrarsveit	vinnur hjá föður sínum, fjárhirðing og róðrar					
Kristberg Elísson	sonur hjónanna	15.9.1912	Vatnabúðir Eyrarsveit	háseti á mótorbát					
Haraldur Valdimar Hólmst. Egilsson	fóstur. hjónanna	15.6.1921	Reykjavík	vinnur við landbúnaðstörf					
Vindás									
Nói Jónsson	húsbóndi	16.9.1911	Nauti Eyrarsveit	landbúnaður	háseti á mótorbát				
Svanborg Rósamunda Kjartansdóttir	húsmóðir	23.1.1916	Þórðsarsstaðir	ráðskonustörf					
Jóhanna Jóhannsdóttir	barn húsmóður	12.8.1935	Þórðsarsstaðir						
Kristín Lilja Nóaðóttir	barn bónda	23.6.1938	Vindás						
Jónína Guðrún Jónsdóttir	móðir bónda	10.5.1879	Koþraun Helgafellssveit						
Inga Jónsdóttir		12.9.1922	Grund Eyrarsveit						
Hólmfróur Gísladóttir	tökubarn	6.9.1935	Grund Eyrarsveit						
Þórðsarsstaðir									
Kjartan Ólafsson	húsbóndi	15.11.1877	Bolavelli Staðarsveit	bóndi					
Saibjörg Jósefsdóttir	húsmóðir	5.4.1877	Gríshóll Helgafellssveit	húsmóðurstörf					
Jens Spendrúp Kjartansson	lausamaður	10.7.1907	Akurtraðir Eyrarsveit	formaður á hreyfilbát, gerir út bátinn	landbúnaður				
Jósef Ólafur Kjartansson	"	1.6.1909	Þórðsarsstaðir Eyrarsveit	háseti á hreyfilbát, gerir út bátinn	landbúnaður				
Sigurður Valdimar Stefánsson	"	19.1.1898	Efnihlíð Helgafellssveit	háseti á hreyfilbát, landbúnaður					
allir þrír ofanskráðir eiga nokkrar kindur									
Gunnlaugur Anton Finnsson	uppeldiss. húsb.	8.4.1926	Gröf Eyrarsveit						
Jerímías Kjartansson	húsbóndi	28.6.1913	Þórðsarsstaðir Eyrarsveit	bóndi	háseti á trillu				
Seselía Kristjánsdóttir	húsmóðir	10.5.1919	Stekkjartroð Eyrarsveit	húsmóðurstörf					
Kristín Jerímíasdóttir	barn húsbónda	1.4.1940	Þórðsarsstaðir Eyrarsveit						
Ásgeirshús									
Ásgeir Kristmundsson	húsbóndi	23.6.1905	Meirahraun	búskapur	refarækt				
Elisabet Halldóra Helgadóttir	húsmóðir	8.9.1908	Reykjavík	venjuleg húsmóðurstörf					
Valdimar Agnar Ásgeirsson	sonur	27.11.1928	Bryggja						
Friðrika Margrét Ásgeirsdóttir	dóttir	2.2.1931	"						
Anna Ásgeirsdóttir	dóttir	5.7.1933	"						
Helga Ásgeirsdóttir	dóttir	27.11.1936	"						
Jóhanna Ólafsdóttir	vetrarstúlka	14.5.1923	Geirkat Fróóárhrepp	hússtörf					

Setseija Sjöfn Helgadóttir Óskar Clausen Bergsstaðir Þorbjörg Stefanía Jakobsdóttir	vetrarstúlka húsmáður húsmóðir	25.6.1925 7.2.1884 30.9.1878	Reykjavík Stykkishólmur Akureyrar Breiðafirði	hússtörf viðastörf og kaupmennska styrkur frá börnum	handavinna
Bjarg Bergur Þorsteinsson Ólafía Jensína Guðmundsd. Guðmundur Bergsson Kristínn Hlíðar	húsbóndi húsmóðir sonur ættingi	30.9.1884 25.4.1886 9.1.1924 14.11.1928	Kirkjubell Eyrarsveit Krossnes Eyrarsveit Krossnes Eyrarsveit Krossnes Eyrarsveit	búskapur og róðrar venjuleg húsmóðurstörf	fiskmat
Berg Krisfján Júlíus Bjarnason	húsbóndi	9.1.1901	Bryggja Eyrarsveit	sjómaður á mótorbát	heyyinna
Elbergsbær Elberg Guðmundsson Asgerður Sigurðora Guðmundsdóttir Guðmundur Hinrik Elbergsson María Ragnheiður Elbergdóttir Jón Bekk Elbergsson Þorvaldur Jóhannes Elbergsson	húsbóndi húsmóðir sonur dóttir sonur sonur	10.12.1901 8.10.1909 1.2.1927 14.1.1929 15.5.1933 10.12.1934	Búðir Eyrarsveit Vindás Eyrarsveit Bryggja Eyrarsveit Bryggja Eyrarsveit Hafnarjörður Bryggja Eyrarsveit	búskapur og róðrar venjuleg húsmóðurstörf	daglaunavinna
Hjallabúð Sigvaldi Bjarnason Jón Bjarnason		15.8.1906 23.10.1902	Bryggja Eyrarsveit s.st.	landbúnaðarstörf lifir af ferðalögum skepnueign	
Hjartarhús Hjörtur Hermannsson Arnfríður Hansína Fríðgeirsdóttir Fríðjón Hjartarson Guðmundra Hansína Hjartardóttir	húsbóndi húsmóðir sonur dóttir	1.10.1896 14.12.1903 12.12.1926 7.11.1931	Svefneyjar Breiðafirði Brimilsvellir Lágarkot Eyrarsveit Bryggja Eyrarsveit	róðrar og kaupvinna venjuleg húsmóðurstörf	
Hóp Guðrún Sólveig Árnadóttir Halldóra Guðrún Ólafsdóttir Krisfján Ólafsson Guðrún Helgadóttir	húsmóðir barn hennar barn hennar móðir hm.	11.7.1910 11.8.1935 24.10.1936 30.3.1873	Bryggja Eyrarsveit Bryggja Eyrarsveit s.st. s.st.	landbúnaður lifir af eignum sínum	

Kristín María Magnúsdóttir	l.k.	5.9.1905	Ólafsvík	hússtörf
Jónatan Jóhannsson	vetramaður1877	Hellissandur	sjóvinna
Ingjaldbær				
Ingjaldur Hólm Sigurðsson	húsbóndi	29.3.1907	Ingjaldshöll	vélamaður á mótorbát
Guðrún Ólafsdóttir	hm.	15.8.1908	Stóruhlíð V-Hún.	venjuleg húsmóðurstörf
Jónasarhús				
Jónas Ólafsson	húsbóndi	17.5.1880	Bryggja Eyrarsveit	sjóm. á róðrabát landbúnaður
Porkatla Bjarnadóttir	húsmóðir	29.8.1904	s.st.	
Petrína Guðný Pálsdóttir	d.hm.	14.1.1926	s.st.	
Sigrður Inga Jónasdóttir	d.hb.	10.1.1930	s.st.	
Ragnheiður Salbjörg Jónasdóttir	d.hb.	8.1.1931	s.st.	
Ólafur Björn Jónasson	s.hb.	7.4.1934	s.st.	
Forbjörg Stefanía Jónasdóttir	d.hb.	24.11.1935	s.st.	
Bjarni Hinrik Jónasson	s.hb.	7.7.1939	s.st.	
óskirð dóttir	d.hb.	31.10.1940	s.st.	
Litlahóp				
Halldór Egilsson	húsbóndi	14.4.1870	Stóra-Þúfa Miklholtshrepp	landbúnaður heyjar fyrir kindur
Rímabær				
Þórður Þorvaldsson	húsbóndi	22.8.1905	Skerðingsstaðir Eyrarsveit	róðrar landbúnaður
Ingibjörg Sveinsdóttir	hm.	9.8.1909	Ólafsvík	venjuleg húsmóðurstörf
Ingibjörg Þórardóttir	dóttir	26.2.1931	Bryggja	
Magnþóra Kristín Þórardóttir	dóttir	4.4.1932	s.st.	
Ólafur Garðar Þórðarson	sonur	27.12.1935	Stykkishólmur	
Einar Sveinn Þórðarson	sonur	4.6.1937	Bryggja Eyrarsveit	
Þorvaldur Þórðarson	sonur	29.4.11939	s.st.	
Einar Sveinn Skúliason	húsmaður	3.12.1878	Hrafnelksstaðir	búskapur og sjóvinna vegavinna
Svalbarð				
Ágústína Matthíasdóttir	húsmóðir	30.8.1868	Skerðingsstaðir Eyrarsveit	búskapur og ellistyrkur
Sæból				
Júlíus Carel Jakobsson	húsbóndi	29.7.1896	Bryggja Eyrarsveit	sjóm. við róðra á trillu
Dagbjört Jónasdóttir	húsmóðir	28.6.1892	Hergilsey Breiðafirði	
Jón Ingjaldur Júlíusson	sonur	7.7.1929	Bryggja Eyrarsveit	

Árni Hallgrímsson frá Vík

Ljóð

Búlandshöfði

Mænir af mararbakka
magnþrunginn yfir haf.
Kominn með hvíta klakka
konungur meðan svaf.
Starir af steini runninn
stórgrýtta yfir urð.
Fyrrum af báli brunninn,
bergstallar vekja furð.

Berginu undir bröttu
brimlöðrið lemur klöpp.
Til ferða þar fáir hvöttu,
fátt verður þar um höpp.
Oft er þó eina leiðin,
áður en forvöð fyllir.
Handan þó blasir breiðin,
bíða þarf oft ef stillir.

Af nútíma valdi ei virtur,
vegina vildu betri.
Konungur götu girtur,
gramur þó sitji á setri.
Brunar þar bílafjöldinn,
í bjarginu dynur jörðin.
Þráir nú kyrrlát kvöldin
Kóngur við Breiðafjörðinn.



Víkurfoss

Fossinn minn fríði
fyrir ofan bæinn.
Ég hugfanginn hlýði
á hljóðin þín hvern daginn.
Oft þar ég undi
ungur margar stundir
hömrnum undir.

Feldur þinn hvítur,
fornar þulur syngur.
Áfram þú þýtur,
í iðu myndast hringur.
Óðfluga rennur
árla dags um nætur
og átt þínar rætur.

Köldum á vetri
klakaböndum sleginn.
Situr á setri,
sérð ei fram á veginn
Áður en varir,
burtu brotna klafar,
þú brýst fram án tafar.

Geislandi sólin
gyllir þína falda.
Bregður á bólin
bjarma þúsund alda.
Ljóðstafir ljúfir
líða um gilsins rætur.
Og fossinn minn grætur.

Horft heim

Finnst þér ekki fara vel á því
að feta slóðum löngu horfna stíga?
Koma við og kynnast þeim á ný,
er kvöldsól er í hafdjúpið að síga.
Ganga um og gá að niðjum þeim,
sem glöddu okkur, hér á bernskuslóðum.
Feta um og finnst kominn heim
í fjöruna, sem áður fyrr við óðum.

Eða kannski hornum raða á hól
og hafa kjálka fyrir kýr í fjósi.
Byggja hús og báta teyma í ból,
bregða á sprett á leggjum fullir hrósi.
Til fjalla ganga, fá sér ber í munn
og feta girðing upp um brattar hlíðar.
Nú börnum eru kjör ei þessi kunn,
sem kætti okkar ungdóm fyrri tíðar.

Ungdómsárin yljár minning mín,
um morgunstund að horfa út á sjóinn.
Er vorar um og sumarsólin skín,
og svo má fara að taka hér upp móinn.
Þá lömbin litlu leika sér um hlíð,
og lútir fé að grænum topp við steina.
Ég minnst þess og man það alla tíð,
þó munu fáir vita hvað ég meina.

En ekkert verður aftur þangað sótt,
aðeins brot úr minninganna sjóði.
Bærinn horfinn, bæjarhlaðið hljótt,
og barn ei sést við fjöruborð á flóði.
En sagan verður seint að fullu sögð,
en svipmyndir í huga mínum lifa.
Það húmar yfir haf og hljóða jörð,
ég held á braut og hætti hér að skrifa.

Kvíabryggja

Inngangur

Þegar við undirritaðir ákváðum að semja ritgerð um Kvíabryggjufangelsi héldum við að það yrði tiltölulega auðvelt mál. En við rákum okkur fljótlega á að frekar lítið hefur verið skrifað um Kvíabryggju. Heimildasöfnun okkar fólst því aðallega í viðtölum við fróða menn og grúski í skjalasafni Ráðhússins í Reykjavík. En fyrir vikið var mjög skemmtilegt að vinna að ritgerðinni. Hún fjallar um aðdraganda og sögu Kvíabryggjufangelsis.

Að Bryggju

Kvíabryggjufangelsi er staðsett við svonefndan Bryggjuós við vestanverðan Grundarfjörð á Snæfellsnesi. Á þessum stað voru fyrr á tímum nokkrar jarðir en í gegnum tíðina hafa bæði landamerki og nöfn jarðanna breyst. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1702 er jörðin Krossnes talin 40 hundruð að dýrleika. Hjáleigur eru taldar Gálutröð, Bryggjustaðir, Hávarðskvíar, Fornu-Naust, Kallshús, Rimakvíar og auk þess fjórar þurrabúðir. Þarna er Kvíabryggja í dag.

Þar sem fangelsið er núna hefur í gegnum aldirnar verið stundað útræði enda er lending þar góð og stutt á miðin. Samhliða sjósókn stunduðu menn þar smábúskap. Verslun var þar lengi stunduð en þó var á þessum stað ekki löggiltur verslunarstaður fyrr en 11. júlí 1911. Upp úr aldamótunum 1900 var þar töluvert þéttbýlt, um 23 kot þegar mest var. Sauðfjárbúskapur var stundaður á staðnum jafnhliða útvegi, en upp úr 1930 fór fólki þar að fækka og síðustu íbú-

arnir, 30 til 40 manns, fluttust þaðan til Grafarness um 1940, þar sem byggð fór vaxandi, en þar er Grundarfjarðarkaupstaður í dag. (B.S. 1977).

Forsaga fangelsisins

Aðdragandinn að fangelsi á Kvíabryggju var langur en upphaflega var ekki meiningin að stofna þar fangelsi heldur einhvers konar vinnuhæli fyrir drykkjumenn. Síðar varð hugmyndin að það vinnuhæli yrði einnig eða jafnvel eingöngu til afplánunar fyrir menn sem skulduðu barnsmeðlög en vildu ekki stunda atvinnu þó hún væri í boði. Árin fyrir síðari heimstyrjöldina voru fremur erfið og voru margir á svokölluðum framfærslustyrkjum. Reykjavíkurborg lét styrkþega vinna þá vinnu er til féll, svo sem vegavinnu, og var hún vel þegin af flestum.

Í viðtali við Svein H. Ragnarsson, fyrrverandi félagsmálastjóra Reykjavíkur, kom fram að hælið á Kvíabryggju var upphaflega afplánunarhæli fyrir meðlagsskuldara, samkvæmt 47. gr. framfærslulaga nr. 80/ 1947. Með þeim lögum var sveitarstjórnnum heimilað að afla sér úrskurðar valdsmanns (í Reykjavík sakadómará), um að feður sem voru í vanskilum við sveitarsjóði vegna barnalífeyris væru látnir afplána skuldir sínar á vinnuhælum. Ákvæði þetta náði aðeins til þeirra sem voru vinnufærir og höfðu ekki fyrir heimili að sjá. Ríkið greiddi kostnað við afplánun en naut arðs af vinnu fanga. Í lögum nr. 54/ 1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga er kveðið á um að úrskurðir um vistun meðlagsskuldara á vinnuhæli séu í höndum héraðsdómara og hafa þau lög með síðari breytingum alfarið verið grundvöllur innheimtuúrræða vegna barnsmeðlagaskulda. Í lögum frá 1971 var kveðið á um að hámarkstími vistunar í fyrsta skipti skyldi vera þrjú mánuðir. Með nýjum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga frá 1991, sem leystu af hólmi framfærslulög frá 1947, er ekki að finna nein samsvarandi ákvæði um afplánun meðlagsskulda eins og voru áður í framfærslulögum. Ákvæði framfærslulaga frá 1947 höfðu verið lítið breytt frá setningu framfærslulaga 1935 og reyndar mátti sjá í fátækralögum frá 1905 ákvæði um að sveitarstjórn geti skyldað feður, sem þiggja af sveit og eru vinnufærir, til að vinna þá vinnu sem sveitarstjórn ákveður og gildi það sama um meðlagsskuldara.

Ákvæði um afplánun meðlagsskulda voru lengi umdeild. T.d. töldu þekktustu lögfræðingar á sviði stjórnlagafraeði, prófessorarnir Bjarni Benediktsson og

Ólafur Jóhannesson, hæpið eða varhugavert að ákveða mönnum slíka refsingu af valdsmanni án atbeina dómstóla. Síðar kom til umtals hvort ákvæði 47. gr. framfærslulaga brytu ekki í bága við Mannréttindasamning Evrópu frá 1950 og alþjóðasamning á vegum Sameinuðu þjóðanna frá 1966 sem báðir höfðu verið fullgiltir af Íslendingum en ekki teknir í lög. Framangreindar lagabreytingar og vangaveltur um réttmæti afplánunar meðlagsskulda á vinnuhælum urðu til þess að upp úr 1971 var hætt að senda menn á vinnuhæli til að afplána meðlagsskuldir.

Í upphafi var eingöngu um að ræða vinnuhæli ríkisins að Litla-Hrauni sem afplánunarstað fyrir meðlagsskuldara. Eftir 1940 varð vegna plássleysis sífellt erfiðara að koma þeim mönnum til afplánunar að Litla-Hrauni, sem voru í van-skilum með meðlög. Kom loks að því að Vinnuhælið að Litla-Hrauni tók ekki við slíkum mönnum og við það urðu fyrrgreind lög nánast gagnslaus, þar sem ekki var hægt að fylgja hótunum um afplánun eftir. Torveldaði það mjög alla innheimtu á barnsmeðlögum, og var þess vegna af hálfu bæjarsjóðs mjög eftir því leitað að úr þessu yrði bætt. (S.H.R. 24.01, 2000).

Í gömlum skjölum Ráðhússins í Reykjavík um málefni Kvíabryggju má sjá að margir lögðu kapp á að lausn yrði fundin Í þeim skjölum má finna nöfn fyrrverandi borgarstjóra, borgarlækna, yfirlögregluþjóna, lögreglustjóra og fleiri málsmetandi aðila sem þó voru ekki sammála innbyrðis um hvernig skyldi staðið að málum. Einnig kemur fram að ríkisvaldið dró lengi lappirnar í málinu, en svo virðist sem það hafi álitnið þetta vera einkamál Reykjavíkurborgar þar sem flestir drykkjumenn og meðlagsskuldarar voru Reykvíkingar. Hins vegar var réttilega á það bent að margir Reykvíkingar voru aðfluttir, en miklir fólksflutningar voru af landsbyggðinni á *mölinu* til Reykjavíkur um miðja öldina. Árið 1947 fóru fram í borgarstjórn Reykjavíkur umræður um að reisa drykkjumannahæli sem jafnframt tæki við meðlagsskuldurum. Ísland hafði á þessum tíma gengið í gegnum miklar þjóðfélagsbreytingar og atvinnu-ástand var orðið gott. Var helst rætt um tvo staði sem kæmu til greina fyrir slíkt hæli, annars vegar Bjarnarhöfn í Helgafellssveit á Snæfellsnesi og hins vegar Kvíabryggju.

Árin 1948 og 1949 var þessum umræðum haldið áfram og enn var Snæfellsnes aðallega til umræðu en þó voru fleiri staðir skoðaðir, svo sem Engey. Í október árið 1948 barst borgarstjórn eftirfarandi bréf frá Óskari Clausen, þáverandi aðaleiganda Kvíabryggju.

Birtist bréf Óskars hér orðrétt í heild sinni:

Trúnaðarmál.

Lýsing á jörðinni Bryggju við Grundarfjörð

Svokallað Bryggjupláss eða Kvíabryggja við Grundarfjörð samanstendur, að fornu, af býlunum Bergsstöðum, Suðurbúð, Pumpu, Rimabúð og Sæbóli, auk erfðafestulandsins Fögruvöllum, sem nú tilheyrir plássinu. Eigninni fylgir enn fremur afgjaldskvöð af býlinu Hópi, sem leigt er á erfðafestu, úr landinu. Öll eru býlin laus úr ábúð og hafa verið hagnýtt af ábúanda eignarinnar, sem nú er fluttur í burtu.

Húsin sem fylgja eigninni eru íbúðarhúsið (Ásgeirshús) byggt fyrir 8 árum, og gamalt íbúðarhús ásamt viðbyggðu fjósi og hlöðu. Auk þess fylgja allar girðingar, sem á eigninni eru.

Þegar öll býlin voru í ábúð, voru heyjaðir um 500 hestburðir á eigninni, en áhöfn var alls 14–16 nautgripir, 20 hross og yfir 200 fjár. Beit fyrir sauðfé er ágæt á flóa og í fjallshlíðum, auk ágætrar fjörubeitar, útigangur fyrir hross er sérstaklega góður, m.a. á sjávarfitjum meðfram vöðlunum fyrir ofan plássið

Túnræktarskilyrði eru ágæt út frá túnunum, þar sem svo má segja, að varla sé steinn í jarðvegi í landareigninni, nema við sjóinn og upp í fjalli. Mjólkurframleiðsla er því auðveld og markaður fyrir mjólk mikill í Grafarnesi, sem er 7 km. innar í firðinum, en þar eru þegar 2–300 íbúar í kaптúninu og lítið um mjólk.

Kartöfluræktun hefur verið mikil og ágæt skilyrði til hennar í hinum sendna jarðvegi, líkt og á Akranesi og Eyrarbakka. Nærtækt er um þara í fjörunni til áburðar í garða og til túnræktar, enda hefur hann verið notaður mikið.

Mótak er alveg óvenju gott. Hinn svokallaði kolamór er þar, svo að segja óþrjótandi í mýrunum út frá túninu og er því nærtækt til hans. Mór þessi var efnagreindur 1940 og reyndist þá innihalda flestar hitaeiningar af mó hér á landi. Hann hefur ávallt verið notaður eingöngu til kyndingar miðstöð hússins og reynst prýðilega. Árið 1940 voru rúmar 100 smálestir af þessum mó fluttar frá Bryggju til Reykjavíkur. Bæjarstjórinn keypti hann og lét brenna í Gasstöðinni. Þar reyndist mórinn einnig vel og vísast í því efni til vottorðs Gasstöðvarstjórans, sem hér með fylgir. Hér er því um mikið verðmæti í jörðu að ræða, ekki síst ef nægilegt vinnuafli væri til staðar. Engum vafa er það undirorpið, að þetta eldsneyti væri tilvalið til hitunar á gróðurhúsum til grænmetisframleiðslu, en sú framleiðsla er hvergi að sunnanverðu við Breiðafjörð, og því mikill markaður

fyrir hendi í nærliggjandi kaupúnum. Hitun gróðurhúsa með mó tíðkast mjög í Danmörku (á Jótlandi) og gefst vel, en þó er þar miklu verri mór en hér er um að ræða.

Sandtekja er ágæt og mikil. Steypusandur hefur verið sóttur á bátum að Bryggju til ýmsra staða, t.d. Stykkishólms og Flateyjar. Á þessu sumri var sóttur farmur af sandi til byggingar hraðfrystihúss og hafnarmannvirkja í Flatey, svo var og þegar hafskipabryggjan í Stykkishólmi var byggð. Sandtekja er ofur auðveld þarna. Bátunum er fleytt inn ósinn á flæði, sandinum mokað uppí þá á fjörunni, og þeim síðan fleytt út á næsta flæði. Um annað byggingarefni svo sem möl, skal tekið fram, að hún er alveg við hendina. Tilvalið væri því að steypa þarna pípur og hellur í gangstéttir o.fl. og flytja þaðan sjöveg.

Útræði er ágætt úr Bryggjuós, sem til forna hét Salteyrarós, en úr honum hefur verið róið frá ómunatíð og verið fiskisæld á miðunum, sem eru svo skammt undan fjarðaropinu. Í ósnum er líka öruggasta skipa- og bátalægi.

Silungsveiði er talsverð í Bryggjuósnum, og gengur vænn sjóbirtingur í miklum torfum á hverju aðfalli inn í ósinn, einkum þegar farið er að halla sumri, og er þá bæði veitt á stöng og í net.

Fyrir ofan tangann, sem húsin standa á, er hið svokallaða Hóp, en það er sandvík þröng að framan, en víkkar þegar inn í hana er komið. Víkin eða hópið tæmist á fjöru, en fyllist sjó á flæðum, og er það þá ca. 2–3 metr. djúpt. Þarna er hinn ákjósanlegasti sjóbaðstaður við húsdýrnar, enda hefur hann ávallt verið notaður til sundiðkana. Á sumrin hitnar sandurinn í hópinnu, þegar sólin skín á hann á fjörunni og er því volgur sjór þegar fellur að.

Í kaupúninu í Grafarnesi, er hraðfrystihús og eru þar geymd matvæli. Það eru því þægindi að svo hægt er um öflun nýmetis allt árið.

Á Bryggju er símalína að húsinu, enda var þar símstöð þangað til fyrir 2 árum.

Í botni Grundarfjarðar eru 3 allstórir fossar, sem áætlað hefur verið að virkja til ljósa fyrir sveitina. Ystur þessara fossa er Kirkjufellsfoss, en hann er ekki nema 3–4 km. frá Bryggju, og er því augljóst hversu mikil þægindi verða að þeirri framkvæmd, sem væntanlega er ekki langt undan.

Yfirleitt held ég að segja meg, að jarðeign þessi sé hin glæsilegasta. Bæði er þar einstök náttúrufrægurð, gott til almenns búreksturs og óvenju miklir aðrir atvinnumöguleikar.

Reykjavík, 16. október 1948.

Oscar
-sign-

Kvíabryggja var síðar valin að fengnum álitsgerðum Erlings Pálssonar yfirlög-regluþjóns og Sigurjóns Sigurðssonar lögreglustjóra.

Varð loks að samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og dómsmálaráðuneytisins, að bæjarsjóður legði til jarðnæði undir vinnuhæli fyrir óskilvísá barnsfeður og greiddi allan stofnkostnað við það en ríkissjóður skyldi síðan greiða allan rekstrarkostnað. Var þetta samkomulag staðfest í bréfi ráðuneytisins 28. nóvember 1950.

Árið 1951 var samþykkt að kaupa Kvíabryggju undir hæli eftir atkvæðagreiðslu í borgarstjórn Reykjavíkur. Í þeirri atkvæðagreiðslu voru borgarfulltrúar ekki á einu máli því atkvæðagreiðslan féll átta atkvæði gegn sjö atkvæðum minnihluta sjálfstæðismönnum í vil.

Hinn 4. maí 1951 var gengið frá afsali fyrir jörðinni Kvíabryggju og hófust strax viðgerðir á húsakosti á staðnum og var viðgerðum lokið árið eftir. Hælið var gert fyrir 17 vistmenn sem þótti fremur margt í þröngum húsakynnum.

Eftir að viðgerðum lauk brá hins vegar svo við að ríkið reyndist ekki tilbúið til að taka þátt í rekstrinum eins og fyrr var samið um.

Árið 1954 tilkynnti ríkið að það yrði tilbúið ári seinna og gekk það eftir og 1. apríl 1955 hófst reksturinn sem stóð til loka árs 1957, en við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1958 felldi Alþingi niður fjárveitingu til rekstrar vinnuhælisins. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að áralangt þóf var milli ríkis og Reykjavíkurborgar um hvor aðilinn ætti að eiga og sjá um rekstur afplánunarhælisins að Kvíabryggju og er það mál reyndar ekki útkljáð enn í dag. Fjölmörg bréf og skýrslur sem er finna að í skjalasafni Ráðhússins í Reykjavík vitna um það.

Gengið var frá nýju samkomulagi árið 1960 og hófst rekstur að nýju sama ár. Kvíabryggja var sem fyrr aðallega ætluð reykvískum meðlagsskuldurum en jafnframt var gert ráð fyrir að ungir afbrotamenn gætu afplánað þar gegn því að Litla-Hraun tæki við erfiðum vistmönnum frá Kvíabryggju. Þetta fyrirkomulag varð að samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Bjarna Benediktssonar þáverandi dómsmálaráðherra.

Fram kemur í viðtalsbók Þorsteins Matthíassonar við Óskar Clausen, sem var stofnandi fangahjálparinnar, að Bjarni Benediktsson hafi sem dómsmálaráðherra unnið þrekvirkni í málefnum sakamanna. Fyrir hans frumkvæði hafi verið gerðar veigamiklar breytingar árið 1955 á hegningarlögunum frá 1940 í átt til mannúðar fyrir sakamenn og fór Bjarni reglulega í fangelsin og veitti

föngum viðtöl. Þótti þetta fremur óvenjulegt af ráðherra og þætti jafnvel óvenjulegt enn í dag. Þess ber að geta Óskar Clausen gaf í skyn í bókinni að margir hefðu fyrr á árum litið niður á störf í þágu fanga. (P.M. bls. 48).

Vinnuhælið að Kvíabryggju eyðilagðist í eldi 12. maí 1962. Hinn 21. ágúst 1963 lagði Reykjavíkurborg fram drög að samkomulagi við dómsmálaráðuneytið um smíði nýs vinnuhælis að Kvíabryggju og staðfesti ráðuneytið áður nefnd drög með bréfi 22. ágúst 1963. Sveinn H. Ragnarsson, sem fyrr er getið, kom töluvert að málefnum Kvíabryggju eftir brunann 1962. T.d. fór Sveinn með Bjarna Benediktsyni dómsmálaráðherra á varðskipi til að skoða framkvæmdir á Kvíabryggju árið 1963. Árið 1969 gaf dómsmálaráðuneytið vilyrði til annarra sveitarfélaga að nota vinnuhælið þegar pláss voru laus. Innheimtustofnun sveitarfélaga var sett á stofn árið 1971 til að innheimta meðlagsskuldir á öllu landinu. Eftir það afplánuðu aðeins tveir meðlagsskuldarar þar en Kvíabryggjufangelsi hefur síðan alfarið verið notað til afplánunar fyrir dæmda sakamenn.

Forstöðumenn

Þegar rekstur vinnuhælis hófst á Kvíabryggju árið 1955 var **Ragnar Guðjónsson** ráðsmaður á staðnum og varð hann forstöðumaður eftir að Kvíabryggja var rekin sem fangelsi frá árinu 1963 til ársins 1979.

Árið 1979 tekur **Ólafur Ottóson** við af Ragnari og er til ársins 1981.

Frá árinu 1981 til dagsins í dag hefur **Vilhjálmur Pétursson** verið forstöðumaður fangelsisins á Kvíabryggju.

Starfsemi Kvíabryggjufangelsis í dag

Vegna þess að á Kvíabryggju er rekið opið vinnufangelsi eru einungis sendir þangað til afplánunar valdir fangar. Það felur meðal annars í sér að þeir skuli vera vinnufærir, samvinnuþýðir og eigi að hlíta öllum reglum í hvívetna. Fangar í öðrum fangelsum geta sótt um flutning á Kvíabryggju að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Leitast hefur verið við að gefa ungum afbrotamönnum tækifæri á að afplána þar og hefur það oft gefið góða raun. Einnig hefur það gefið góða raun að vista þar saman eldri og yngri fanga, því svo virðist sem



Vilhjálmur Pétursson forstöðumaður á toppi Kirkjufells. Bryggjuós, Kvíabryggjufangelsi og fjallið Stöð í baksýn.

Þeir yngri taki tilsögn hinna eldri vel. Stundum koma þó upp vandamál með yngri menn sem ekki eru vanir vinnu, eru seinir á fætur og ósamvinnuþýðir. Einnig hafa komið upp agavandamál og einstaka menn hafa strokið. Þrátt fyrir hið frjálsa yfirbragð sem Kvíabryggja hefur, eru þar samt strangar reglur og eru t.d. tekin þvagsýni af föngum ef ástæða er til eins og í öðrum fangelsum. Agabrot kosta yfirleitt flutning í annað fangelsi. (V.P. 23.01. 2000).

Á Kvíabryggju er gert ráð fyrir að hámarki 14 föngum, og er þeim skylt að vinna þá vinnu sem í boði er. Sú vinna er af ýmsu tagi, t.d. beiting, netavinna, vörubrettasmíði, viðgerðir á fiskkörum og bústörf.

Starfsmenn fangelsisins eru átta talsins og er um að ræða fimm fangaverði, tvo starfsmenn í eldhúsi og forstöðumann.

Sérkenni Kvíabryggjufangelsis

Einfaldasta lýsingin á Kvíabryggjufangelsi gæti verið orðið *normalisering* (eðlilegt umhverfi), sem felur það í sér að tilvera fanga í þessu fangelsi er ekki mjög frábrugðin tilveru hins frjálsa manns utan fangelsisins.

Kvíabryggjufangelsi er svokallað opið vinnufangelsi. Þegar komið er að Kvíabryggju er ekki hægt að sjá neitt sem gefur til kynna að þar sé rekið fangelsi, heldur gæti aðkomumanni virst að um sé að ræða venjulega bújörð með stórum hópi vinnumanna. Fangar hafa sjálfir haft orð á því að þeim finnist stundum að þeir séu ekki í neinni afplánun þegar þeir afplána í þessu fangelsi.

Þó að alltaf séu tíðar mannabreytingar í fangahópnum sem hverju sinni afplánar í þessu fangelsi er samfélagið á Kvíabryggju yfirleitt gott.

Eins fyrr kemur fram eru þeir fangar sem sendir eru á Kvíabryggju sérvaldir. Engir rimlar eru í fangelsinu, ekkert öryggisgler, engin öryggisgirðing, svefnherbergjum fanga er ekki læst að nóttu til og á daginn geta fangarnir án eftirlits farið í langa göngutúra um landareignina.

Fangar geta haft ágætær tekjur í þessu fangelsi og er þetta fangelsi gott dæmi um hvernig *virgni* getur gerbreytt tilveru og viðhorfi fanga í afplánun, ekki síst viðhorfum þeirra til framtíðarinnar. Fangar, sem á sínum tíma hafa verið erfiðir í öðrum fangelsum og jafnvel ósamvinnuþýðir á Kvíabryggju í byrjun, hafa margir staðið sig vel í þessu fangelsi og öðlast sjálfsvirðingu og traust annarra.

Eitt af því sem á þátt í að skapa gott samfélag á Kvíabryggju er heppileg stærð fangelsisins. Störf fangavarða felast fremur í verkstjórn en hefðbundinni fangavörslu, og þeir klæðast ekki einkennisfatnaði, vegna þess að hann hentar ekki við þá vinnu sem fengist er við. Fangaverðir eru um leið ávallt innan um fangana við störf sín. Fangaverðir matast einnig með föngum. Þegar mikil vinna liggur fyrir leggja allir kapp á að afgreiða pantanir viðskiptavina Kvíabryggju. Þetta gerir það að verkum að fangar og fangaverðir hafa sameiginleg markmið og verða hefðbundin fangelsiseinkenni, svo sem *við/þeir* einkennið, þar af leiðandi lítt sýnileg. Þetta hefur leitt til þess að vistmenn Kvíabryggju hafa löngum sýnt það í verki að þeim þykir vænt um staðinn og taka jafnvel sjálfir þátt í að leysa ýmis vandamál sem upp koma þó þeim sé það ekki skylt. Eftirfarandi saga er gott dæmi um það.

Á helgarvakt haustið 1999 kom upp þjófnaðarmál á Kvíabryggju. 10.000

krónum var stolið úr herbergi eins fangans. Eins og gefur að skilja var erfitt fyrir réttan eiganda seðlanna að sanna mál sitt þar sem nafn hans stóð ekki á þeim, og ekki var vitað með vissu hver sá seki væri. Öðrum föngum fannst þetta leiðinlegt mál og töldu sig vita að það myndi bæði skemma *móralinn*, auk þess sem forstöðumanninum myndi sárna þetta þegar hann kæmist að því og þyrfti að taka á málinu. Fangarnir mátu stöðuna þannig að auk þess gæti þetta endað með því að einhver yrði sendur af Kvíabryggju í Hegningarhúsið eða austur á Litla-Hraun. Svo, með leyfi fangavardar, fengu þeir setustofu fangelsisins lánaða undir fund. Síðan tóku tveir fyrirmyndarfangar sig til og yfirheyrðu hvern einasta fanga einn í einu í setustofunni. Varð þetta bæði árangursrík yfirheyrsla og spaugileg, en upp komst um þjófinn þegar hann var beðinn um að sýna „rannsóknarmönnum“ veski sitt sem reyndist innihalda nákvæmlega 10.000 krónur. Gat hann í framhaldinu engan veginn útskýrt, hvers vegna hann hafði fyrr um daginn þurft að láta skrifa hjá sér í sjoppunni vegna fjárskorts en væri nú með fullt af peningum, og játaði hann því brot sitt. Málsaðilar sættust og urðu engin eftirmál önnur en þau að þetta virtist *þjappa* mönnum saman.

Það getur einnig komið föngum í opna skjöldu hvernig tekið er á málum á Kvíabryggju. Eitt sinn var fangi ásamt fleirum við beitingu á Kvíabryggju og sem oftar hafði hann allt á hornum sér þennan dag. Í reiðikasti yfirgaf hann hálfbeitt bjóð og strunsaði til herbergis síns. Beið hann svo átekta eftir því að fangaverðir kæmu og gæfu honum tiltal með þeim orðum að hann skyldi koma sér að verki að nýju. En áður en til þess kom, kláraði Vilhjálmur forstöðumaður að beita hið háflkláraða bjóð og var ekkert talað við fangann. Við kvöldverðarborðið frétti fanginn hjá samföngum hvað Vilhjálmur hafði gert og skammaðist hann sín svo mikið að hann varð aldrei til vandræða eftir það.

Sem dæmi um hve óformlegir hlutirnir geta virst á Kvíabryggju, var þar einu sinni ungur fangi og eftir að hafa verið á Kvíabryggju í um það bil hálfan mánuð, vék hann sér að næsta fangaverði og spurði:

„Hvaða karl er þetta sem er alltaf að þvælast hérna? Er þetta bóndi af næsta bæ?“

„Nei,“ svaraði fangavörðurinn. „Þetta er forstöðumaðurinn.“

Það sem á stóran þátt í að skapa gott samfélag á Kvíabryggju er ekki síst umhyggjusöm stjórnun hjónanna Rósu Geirmundsdóttur og Vilhjálms Péturs-

sonar forstöðumanns. Ágætt dæmi um það er að klukkan 23.00 síðastliðið gamlárskvöld gerði Rósa sér ferð að Kvíabryggju úr fjölskylduboði í Grundarfjarðarkaupstað til þess að bera fram krásir á dúkað borð fyrir fangana á miðnætti. Þetta gerði hún venju samkvæmt.

Eins og kemur fram í þessum stuttu dæmum er ekki óeðlilegt að þær starfsaðferðir sem viðhafðar eru á Kvíabryggju geti laðað það besta fram í þeim einstaklingum sem afplána þar.

Niðurlag

Eins og fram kemur í þessari ritsmíð var í upphafi ekki gert ráð fyrir fangelsi á Kvíabryggju heldur einhvers konar vinnuhæli fyrir meðlagsskuldara.

Í dag afplána þar fangar sem sumir hverjir hafa framið alvarlega glæpi og jafnvel verið í harðri fíkniefnaneyslu. Einhverjir þeirra hafa engin jákvæð tengsl við ættingja eða þjóðfélagið yfirleitt.

Með fyrrgreint í huga er ljóst að rekstraraðstaða og öryggismál Kvíabryggjufangelsis hafa ekki þróast í takt við tímann. Aðstaða fyrir fangaverði er úrelt og öryggistækjum ábótavant. T.d. er brunavörnum áfátt og læsingar á hirslum fangavarða eru ónýtar. Í þessum hirslum eru geymd lyf, peningar, skjöl og fleira. Einnig er vinnuaðstaða fanga komin til ára sinna og þarfnast lagfæringar. Ef haft er í huga hve vel hefur tekist með rekstur Kvíabryggju frá upphafi ætti að sinna þessum úrbótum tafarlaust.

Mikilvægi fangelsismála er vanmetið og misskilið. Fangar eru undirmálsþópur í öllum samfélögum, óhreinu börnin hennar Evu. Slík viðhorf eru mannleg og skiljanleg og eru á allra vitorði, líka fanga. Á meðan þessi viðhorf ríkja getum við ekki vænst þess að fangar leggi allt kapp á að verða *venjulegir* nýtir þjóðfélagsþegnar. Opin fangelsi þar sem fangar eiga kost á vinnu eða námi og eiga jafnframt möguleika á tengslum við lífið utan fangelsisins hljóta að auðvelda föngum að takast á við lífið eftir að afplánun lýkur.

Kvíabryggja er slíkt fangelsi.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

Búnaðarsamband Snæfellinga: Byggðir Snæfellsness. Oddi, Reykjavík 1977.*

Þorsteinn Matthíasson: Óskar Clausen. Ægisútgáfan, Reykjavík 1973.

Viðtöl

Sveinn H. Ragnarsson, fyrrverandi félagsmálastjóri Reykjavíkur, viðtal í Reykjavík, 24. janúar 2000.

Vilhjálmur Pétursson, forstöðumaður Kvíabryggjufangelsis, viðtal á Kvíabryggju, 23. janúar 2000.

Aðrar heimildir

Skrá yfir málefni Kvíabryggju, skjalasafn Ráðhússins í Reykjavík.

Bréf frá Óskari Clausen til borgarstjórnar Reykjavíkur árið 1948.

* Til fróðleiks: Í *Byggðum Snæfellsness* er minnst á að stórt timburhús hafi verið flutt frá Kvíabryggju til Grundarfjarðarkaupstaðar á árunum 1931–32 og síðar brunnið til grunna 1952. Sagt er í bókinni að þetta hús hafi upphaflega verið sérstakt dómshús Jörundar hundadagakonungs í Reykjavík sumarið 1809. Okkur lék forvitni á að vita hvar þetta hús hefði staðið í Reykjavík. Ekki hefur það fengist endanlega staðfest en sennilega stóð það á lóðinni þar sem nú er Austurstræti 4 en áður var talin tilheyra Vallarstræti. Sé það rétt er um merkilegt hús að ræða. Í stuttu máli var þetta upphaflega verslun og krá, nefnt klúbbhúsið. Árið 1807 eignaðist Trampe greifi stiftamtmaður húsið og leigði hann það undir Landsyfirrétt sem notaði það til 1820. Húsið var nefnt Yfirréttarhúsið gamla og vegna skorts á rúmgóðu húsnæði var það notað undir hverskyns mannamót, svo sem dansleiki. Árið 1887 var húsið rífið en í staðinn voru reist þau hús sem nú teljast Austurstræti 4 og Veltusund 3.

Haukur Jóhannesson

Yfirlit um jarðfræði Snæfellsness

Inngangur

Nú í ár eru liðin liðlega 70 ár síðan Guðmundur G. Bárðarson reit um jarðfræði Snæfellsness í Árbók Ferðafélagsins (1932). Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og hugmyndir jarðfræðinga tekið stakkaskiptum. Í þá daga beindust sjónir íslenskra jarðfræðinga einkum að jarðmyndunum frá ísöld og nútíma, en gerð tertíera jarðlagastaflans var þeim að mestu lokuð bók. Á þessu hefur orðið mikil breyting síðustu 50 árin, og nú beinast rannsóknir ekki síður að þessum tíma í jarðsögu landsins.

Fjöldi vísindamanna hefur lagt leið sína um Snæfellsnes og skrifað ritgerðir um jarðfræði þess, og er hér stuðst við margt, sem þar kemur fram.

Einstök jarðfræðileg fyrirbrigði eru oftast hluti af stærri einingum og ber að skoða í ljósi heildarinnar. Slíkar einingar takmarkast ekki af sýslumörkum. Því er óhjákvæmilegt að fara nokkuð út fyrir sýslumörk Snæfellsnessýslu til að samhengi verði sem skýrast.

Í Árbók Ferðafélagsins 1970 skrifaði Þorleifur Einarsson þátt um jarðfræði Hnappadalssýslu. Í árbókum 1982 og 1997 hefur höfundur fjallað um jarðfræði Snæfellsness og Mýra. Af ofangreindum ástæðum verður þó ekki hjá því komist að fjalla nokkuð um jarðfræði Vesturlands í heild.

Tímatal í jarðsögu Íslands

Áður en lengra er haldið skal gerð stutt grein fyrir tímatali og hugtökum því tengdu, sem notuð eru í jarðfræði Íslands. Nú er orðin venja meðal íslenskra jarðfræðinga að skipta jarðsögu landsins í þrennt: (1) tertíer, (2) ísöld og (3) nútíma. Ísöld og nútími eru nefndir einu nafni kvarter.

Tertíer nær yfir lengsta kaflann í jarðsögu Íslands sem hófst með elstu jarðlögunum. Þau er að finna neðst í fjöllum sitt hvorum megin við Ísafjarðardjúp og eru þau 15–16 milljón ára gömul. Loftslag var þá tiltölulega hlýtt og rakt. Gróður var suðrænn og kulvís, en jöklar náðu ekki að myndast nema á hæstu fjöllum. Gróðurfar var mjög frábrugðið því sem nú er. Þá uxu hér stórvaxnir skógar, meðal annars risafurur, hlynur og beyki. Þegar á leið hörfuðu laufskógarnir og barrskógar urðu ríkjandi en er nær leið ísöldinni hurfu þeir einnig. Hraun runnu út yfir nokkuð flatt land, eitt hraun ofan á annað og svo koll af kolli. Á þennan máta myndaðist nokkuð samfelldur stafli hraunlaga. Á stöku stað mynduðust keilulaga megineldstöðvar eins og nú gerist og risu þær allt 1000 m yfir hraunsléttuna. Á milli þess, sem hraun hafa brunnið, greri land upp, en vegna tíðra gosa náði ekki að myndast þykkur jarðvegur. Leifar þessa jarðvegs eru þunnu, rauðu setlög, sem víða má sjá milli hraunlaga á tertíerum svæðum.

Það er orðin venja á Íslandi að láta ísöld hefjast fyrir um 3,3 milljón árum, þegar jöklar náðu í fyrsta sinni verulegri útbreiðslu og skildu eftir sig jökulbergslag í jarðlagastaflanum. Erlendis er hefð að setja skilin milli ísaldar og tertíer fyrir um 1,8 milljón árum, en hér á landi er eðlilegra að miða við 3,3 milljónir ára, þ.e. við neðsta útbreidda jökulbergslagið.

Ísöldin var ekki einn samfelldur fimbulvetur heldur skiptust á jökulskeið og hlýskeið. Á jökulskeiðum munu jöklar hafa náð að þekja nær allt landið. Við eldgos undir jökli nær bergkvikan ekki að renna sem hraun, þar sem jökullinn heldur að. Kvikan bræðir því geil upp í ísinn og vegna snöggrar kælingar splundrast hún í öskumylsnu sem með tímanum ummyndast í móberg. Þegar jökullinn bráðnar standa eftir hrúgöld eða fjöll úr móbergi. Ef vatnsdýpi í geilinni er mikið, myndast bólstrar í stað móbergs. Ef gosið nær að vinna sig upp úr vatninu rennur hraun og stapi verður til. Af þessu leiddi, að landslag varð mun fjöllóttara en á tertíer. Á hlýskeiðum runnu hraun um flatneskjur og dali milli móbergsfjallanna líkt og enn gerist. Loftslag mun og hafa verið svipað og á nútíma.


Jökulskeiðin eru talin fjölmörg. Á Íslandi hafa fundist minjar 20–30 jökulskeiða. Þau virðast hafa verið væg framan af en fóru harðnandi er á leið. Á Snæfellsnesi hafa fundist merki um a.m.k. 10 jökulskeið.

Ísöld lauk fyrir um 11.000 árum, er meginjökullinn hropaði af láglandinu. Tíminn sem síðan er liðinn nefnist nútími. Á nútíma hefur loftslag verið áþekkt og nú, þótt nokkrar sveiflur hafi verið á hitastigi. Á nútíma hafa runnið þau hraun, sem almenningur kallar því nafni, en jarðfræðingar nefna nútímahraun.

Jarðmyndunum Snæfellsness má auðveldlega skipta í þessa þrjá flokka. Jarðfræði Snæfellsness er óvenju fjölbreytt, og fá héruð í landinu geta státað af slíkri fjölbreytni. Tertíeri hraunlagastaflinn myndar berggrunn láglandisins og teygir sig oftast upp í miðjar hlíðar. Hann lækkar þó er utar dregur á nesið, uns hann hverfur alveg við Breiðuvík og Ólafsvík. Ofan á tertíera staflann leggjast mislæg jarðlög frá ísöld. Þau er að finna í ofanverðum fjöllum vestan Hnappadals. Þar skiptast hraun frá hlýskeiðum á við móberg og bólstraberg frá jökulskeiðum. Yngstu jarðlögin eru frá nútíma, og ber þar mest á hraunum og árframburði.

Á síðustu áratugum hafa komið til nýjar aðferðir til að finna aldur jarðlaga. Annars vegar eru aðferðir, sem byggðar eru á klofnun geislavirkra efna. Hér á landi hafa einkum þrjár slíkar verið notaðar. Geislakolsaðferðin (C^{14}) er notuð til að aldursgreina lífrænar leifar yngri en 30.000 ára, kalíum-argon (K/Ar)-aðferðin, sem notuð er til aldursákvörðunar á bergi eldra en 700.000 ára og Ar-Ar-aðferðin, sem getur mælt berg 50.000 ára og eldra.


Hins vegar eru segulmælingar, einkum á storkubergi. Vísindamenn komust að því fyrir nokkrum áratugum, að segulsvið jarðar hafði ekki alltaf haft sömu stefnu og nú - heldur hefur segulsvið jarðar umskautast (umpólast) nokkuð oft. Þessar umskautanir hafa nú verið raktar langt aftur í tímann og skiptast á skeið, sem hafa segulstefnu svipaða og nú (réttá segulstefnu) og önnur, sem hafa öfuga segulstefnu. Í bergkviku eru örfínar málmeindir, sem raða sér í stefnu segulsviðsins, og þegar kvikan storknar „frýs“ segulstefna þess tíma í berginu, þ.e. bergið geymir segulstefnuna í sér. Með því að mæla segulstefnu í hraunlögum má gera svonefnt segultímatál. Þar skiptast á mislög skeið með rétta og öfuga segulstefnu. Segulskeiðunum hafa verið gefin nöfn. Þannig er það segulskeið, sem nú stendur yfir, nefnt Brunhes; það hófst fyrir um 780.000 árum. Næst þar á undan var nokkuð langt skeið, er segulstefnan var öfug við



Brunhes-tímabilið. Það heitir Matuyama og hófst fyrir um 2,6 milljón árum. Á meginsegulskeiðunum hefur segulstefnan einstöku sinnum „skroppið yfir um.“ Þannig eru nokkur mislög hlaup á Matuyama; þau heita Jaramilló (fyrir 1,0 milljón árum), Olduvai (1,8 m.á.) og Reunion (2,1 m.á.).

Stuttur þáttur af gosbeltum og eldvirkni fyrr og síðar

Ísland er jarðfræðilega ungt land og elstu jarðlög, sem sjást ofansjávar, eru talin um 15–16 milljón ára gömul. Eldvirkni hefur verið nær stöðug allan þennan tíma. Gosvirknin hefur að því er virðist ávallt verið takmörkuð við eitt eða fleiri gosbelti, sem legið hafa um landið frá suðvestri til norðausturs. Gosbeltin hafa sennilega oftast verið í miðju landinu og jarðlög, sem mynduðust, hefur rekið út frá þeim sitt til hvorrar handar. Þannig eru jarðlög yst á Vestfjörðum og Aust-



fjörðum upphaflega mynduð nálægt þáverandi miðju landsins en hefur síðan rekið til vesturs og austurs. Vegna feringar í gosbeltunum hallar eldri jarðlögum inn að báðum megin og myndast þá samhverfa. Meiri háttar samhverfur í tertíera staflanum eru taldar leifar útkulnaðra gosbelta. Gosbelti, þar sem jafnframt á sér stað gliðnun, eru stundum nefnd rekbelti, en önnur eins og núverandi gosbelti á Snæfellsnesi, sem ekki fylgir gliðnun, eru þá nefnd jaðargosbelti.

Hvert gosbelti skiptist í aðgreindar reinar, sem einkennast af gossprungum og gjám. Í hverri rein er yfirleitt megineldstöð. Krafla er dæmi um slíkt. Kröfluaskjan markar nokkurn veginn megineldstöðina, en norður og suður úr henni er sprungurein. Megineldstöð og tengd sprungurein nefnast eldstöðvakerfi.


Skáhallt yfir Snæfellsnes um Staðarsveit og Helgafellssveit liggur samhverfa sem nefnd hefur verið Snæfellsnes-samhverfan. Hún sveigir svo til austurs um Hvammsfjörð og er austar dregur sveigir hún í norður um Húnafjörð. Þessi samhverfa er talin leifar forns rekbeltis, sem var virkt á tertíer. Þar mun stór hluti tertíera hraunlagastafla landsins hafa myndast. Öllum jarðlögum á Vestfjörðum, í Dölum og á Mýrum hallar inn að samhverfunni og eiga uppruna sinn þar. Aldur þeirra hækkar eftir því sem fjær dregur.

Elstu jarðlög á Vestfjörðum eru 15–16 milljón ára gömul. Skömmu eftir að þau mynduðust varð Snæfellsnes-rekbeltið forna til. Eldvirkni hélst í því þar til fyrir um 6 milljón árum, en þá kulnaði hún. Aftur á móti tók sig upp eldvirkni nokkru austar og nýtt rekbelti myndaðist, Reykjanes-Langjökuls-rekbeltið, sem enn er virkt. Í kjölfar flutningsins fergðist spildan, þar sem eldvirknin tók sig upp, og snaraðist. Hraunlög sem áður hallaði til NV, þ.e. að Snæfellsnes-rekbeltinu, fengu þveröfugan halla, til SA og inn að hinu nýja rekbelti. Hallaskilin eru nefnd andhverfa og kennd við Borgarnes. Jarðlögum hallar út frá ási hennar til beggja hliða. Því er elstu jarðlög á Vesturlandi að finna í ási andhverfunnar; þau munu vera nálægt 13 milljón ára en yngjast á báðar hliðar. Þannig eru jarðlög í Kolbeinsstaða- og Fagraskógarfjalli 8–9 milljón ára, í Hafursfelli um 7 og í Eyrarfjalli og Bjarnarhafnarfjalli um 6–6,5 milljón ára. Þá er komið í ás Snæfellsnes-samhverfunnar og vestan hennar eldast jarðlöggin aftur.

Eftir að eldvirkni hætti á Snæfellsnesi fyrir um 6 milljónum ára, náðu roföflin yfirhöndinni. Ár og seinna jöklar skófu mörg hundruð metra ofan af upphaflegum jarðlagastafla og mótuðu að miklu leyti núverandi landslag ásamt eldvirkni, sem hefur verið í gangi síðustu tvær ármilljónirnar.

Eldvirkni tók sig upp að nýju á fyrri hluta ísaldar, fyrir tæplega tveimur milljónum ára. Fyrst var hún bundin við tiltölulega lítið svæði á háfjallshryggnum milli Staðarsveitar og Grundarfjarðar en náði á tímabili austur undir Holtavörðuheidi (Snjófjöll). Seinna breiddist hún út bæði til vesturs og austurs, en var alltaf bundin við tiltölulega mjótt belti, sem nær frá Snæfellsjökli í vestri, eftir háhrygg fjallgarðsins, að Norðurárdal í Borgarfirði.

Gosvirknin sem nú er í gangi á Snæfellsnesi er annars eðlis en sú, sem áður var. Henni fylgir ekki gliðnun svo neinu nemi. Efnasamsetning gosefnanna er einnig töluvert frábrugðin og bendir til, að kvikan sé komin af meira dýpi en þá er hið forna Snæfellsnes-rekbelti var virkt. Eldstöðvarnar raða sér í þrjár reinar, sem samsvara í grófum dráttum megineldstöðvum og sprungureinum í rekbeltum landsins, en þó er þar eðlismunur á. Lítil sem engin tognun á sér stað í þessum reinum. Þess í stað ná þær að hlaða upp stórum og myndarlegum eldfjöllum, og er Snæfellsjökull þar ágætt dæmi. Seinna í þessari grein verður megineldstöðvum og sögu þeirra lýst nánar.



Tertíer eldvirkni í rekbeltinu á Snæfellsnesi (15–6 m.ár)

Eins og að líkum lætur hefur Snæfellsnes-rekbeltið forna ekki verið í neinu frábrugðið þeim sem virk eru í dag. Eldvirknin var bundin við megineldstöðvar og sprungureinar þeim tengdar. Rústir þriggja slíkra eldstöðva hafa fundist á Snæfellsnesi, Setberg, Elliðaeldstöðin vestan Vatnaheiðar og Hrapseyjareldstöðin í mynni Hvammsfjarðar. Þessar eldstöðvar voru virkar á síðasta skeiði Snæfellsnes-rekbeltsins. Á þeim ármilljónum, sem síðan eru liðnar, hafa roföflin náð að rjúfa jarðlagastaflann svo, að nú sést í rætur þeirra.

Jarðlagastaflinn

Áður en lengra er haldið skal gerð grein fyrir tertíera staflanum í grófum dráttum. Legu hins forna rekbeltis má marka af Snæfellsnes-samhverfunni, sem liggur norðaustur um Snæfellsnes, um Staðarsveit og Helgafellssveit, en

sveigir til austurs eftir Hvammsfirði. Jarðlögum suðaustan samhverfunnar hallar til norðvesturs. Þegar farið er um Hnappadal má sjá, hvernig jarðlögum þar hallar til norðvesturs, m.a. í Fagraskógarfjalli og Hafursfelli. Aftur á móti, þegar komið er austur fyrir Álftafjörð, breytist hallastefnan smám saman og verður norðlæg og fylgir því samhverfunni eins og vera ber. Í samhverfuásnum er halli óreglulegur. Í Helgafellssveit greinist hann í nokkrar smærri samsíða samhverfur með andhverfum á milli. Utar á nesinu vill svo til að báðar megineldstöðvarnar liggja við samhverfuásinn, en þeim fylgir yfirleitt óreglulegur jarðlagahalli. Enn utar á nesinu hallar jarðlögum nokkuð reglulega til suðausturs, og er þá komið vestur fyrir samhverfuásinn. Þannig hallar jarðlögum á svæðinu frá Ólafsvík að Grafarnesi í Grundarfirði til suðausturs.

Jarðlagastaflinn er nokkuð reglulegur að undanskildum svæðum næst megineldstöðvunum þremur. Hraunlögin eru misþykk, á bilinu 1 m upp í 50 m, en flest eru um og innan við 8 m og hafa runnið frá gossprungum, en inn á milli eru þykkari hraun, sem myndast hafa í dyngjugosum. Slík hraun eru beltuð. Falleg dæmi um beltuð hraun eru í Eyrarfjalli og Úlfarsfelli við Álftafjörð. Þar er að finna nokkur hundruð metra þykkar stafla af slíkum hraunum. Hvert hraun getur verið allt að 40–50 m þykkt, en þykkt einstakra belta er oftast einungis 1–3 m. Milli hraunlaga eru oftast þunn 10–50 sm þykk, rauð setlög. Þau eru leirkennd og jarðvegur að uppruna. Á stöku stað finnast þykkari setlög, oftast völuberg, sem mun vera árset að uppruna. Surtarbrandur hefur aðeins fundist á tveimur stöðum, í Drápuhlíðarfjalli og við Emmuberg á Skógarströnd; óvera á báðum stöðum.

Setbergseldstöðin

Jarðfræði Setbergseldstöðvarinnar er allvel þekkt. Haraldur Sigurðsson rannsakaði og birti um hana ítarlegar ritgerðir. Bygging hennar er í stórum dráttum þannig, að í nesinu milli Grundarfjarðar og Kolgrafafjarðar er sjálf eldstöðin, en ganga- og misgengjarein liggur í gegnum hana og stefnir norðaustur-suðvestur. Eldstöðin er mikið rofin. Hún hefur hlaðið upp keilumyndað fjall, sem gosið hefur svipað og gerist í Kröflu. Leifar sjálfrar keilunnar sjást mest í Bjarnarhafnarfjalli og Eyrarfjalli. Þar er nokkuð reglulegur basaltstafl en halli jarðlaga nokkuð óreglulegur. Megineldstöðin sjálf einkennist af öskju eða sigkatli


sem nú er full af gosefni. Hún er um 10 km í þvermál. Öskjuriminn sést nokkuð vel. Í suðvestanverðu Bjarnarhafnarfjalli sést hann þó einna best. Vestan brotsins hallar jarðlögum um 30° SV inn í öskjuna en austan þess eru þau nær lárétt. Brotið liggur suður eftir Berserkseyrardal og sveigir þar í vestur milli Kolgrafamúla og Gjafa. Þá má sjá brotið handan Kolgrafafjarðar, bak við Gunnúlfsfjall og þaðan í vestur bak við Grundarmön. Það liggur síðan líklega út í Grundarfjörð austan þorspsins. Norðurriminn er að því er virðist norðan undir Eyrarfjalli. Innan öskjunnar ber mest á brotabergi ýmiss konar, sem myndast hefur við gos í öskjuvatni. Mest er þetta berg súrt eða ísúrt og hefur að lokum barmafyllt öskjuna.

Með jöðrum öskjunnar er fjöldinn allur af keilugöngum, sem hafa stefnu öskjubrotsins á hverjum stað og hallar að sömu miðju, undir miðri öskjunni. Þessir keilugangar eru ýmist basískir eða súrir. Í neðri hluta Grundarmanar vestanverðri sjást greinilega þykkir, súrir keilugangar, sem hallar til norðausturs. Á öskjubarminum austanverðum, í Kolgrafamúla, er allstórt innskot úr gabbrói. Allt berg á þessum slóðum er mjög ummyndað og brotið. Fjöll eru því mjög skriðurunnin. Í stað sprungureinar, eins og í virkum eldstöðvum, er misgengja- og gangarein, sem hefur norðaustlæga stefnu. Gangarnir eru lítt áberandi en skerast upp í gegnum jarðlagastaflann. Þeir eru yfirleitt hornréttir á jarðlögin, sem þeir skera. Auðveldast er að finna gangana ef gengnar eru fjörur. Misgengin eru skýrari í landslagi. Þau sjást vel bæði í Bjarnarhafnarfjalli og eins í lághlíðum fjalla frá Búlandshöfða að Grafarnesi. Undir eldstöðinni hefur verið kvikuhólf, þar sem kvikan hefur safnast fyrir. Flest eldgos hafa verið í og við sjálfa eldstöðina, en kvikan hefur án efa einnig runnið út eftir sprungum í kvikuhlaupum og storknað oft á tíðum sem gangar, án þess að leiða af sér eldgos. Þegar eldfjallið hefur náð tilskildum þroska hefur það sigið inn á sjálft sig og myndast þá askja. Eldgos hafa svo haldið áfram og að lokum barmafyllt öskjuna. Gosberg inni í öskjunni ber yfirleitt merki um nálægð vatns.


Ellidældstöðin

Eldstöð þessi er lítið þekkt. Miðja hennar er á svæðinu frá Elliðahömrum að Baulárvallavatni. Þar er lítil askja sem sést allvel frá þjóðvegi þegar ekið er vestur frá Lágafelli. Í Lágafelli eru nokkuð regluleg basalthraunlög, en þegar

Þróun rekbelta á Vesturlandi




Myndun samhverfa og andhverfa á Vesturlandi



komið er inn fyrir krókinn milli Lágafells og Elliðaahamra hverfa þau skyndilega. Þar sést aðeins í ljóst brotaberg. Þar sem skilin eru milli basalhraunlaganna og skriðurunnu hlíðarinnar er öskjuriminn. Út undir Furudal koma hraunlög aftur í ljós og hallar nú til vesturs út frá eldstöðinni. Askjan sjálf er að mestu leyti full af alls kyns brotabergi, móbergi og kubbabergshraunlögum. Móbergið og kubbabergið hefur að líkindum myndast við gos í öskjuvatni. Mest af þessu bergi er ísúrt. Norðaustur frá Elliðaeldstöðinni liggur misgengja- og gangarein, en ekki verður hún af skiljanlegum ástæðum rakin á láglandinu suðvestan hennar. Þar er berggrunnurinn hulinn gróðri og lausum jarðlögum. Reinina má aftur á móti rekja rekja til norðausturs um Kerlingarskarð, Helgafellssveit og Álftafjörð.

Í Eyrarfjalli við Álftafjörð er ágætt þversnið í gegnum slíka rein. Þar eru jarðlögin skorin af fjölmörgum misgengjum. Spildunum milli þeirra hallar



óreglulega. Líklegt er, að Gjástykki norðan Kröflu líti svipað út á um eins kílómetra dýpi. Upp í gegnum staflann skerast gangar. Yfirleitt eru þeir ekki jafnþykkir og samfelldir, heldur samsettir úr minni einingum. Hver eining er í laginu eins og linsur, sem dregin er út og í boga til endanna. Hver gangur er gerður úr fjölmörgum slíkum linsum, þannig að hinir íbjúgu, útdregnu endar skarast. Umhverfis Elliða eru einnig keilugangar, sem hallar inn undir miðju eldstöðvarinnar. Í útjöðrum hennar eru gabbróinnskot, t.d. í Þorgeirsfelli. Einnig er að finna gabbró inni í sjálfri öskjunni. Þar hefur kvika troðist inn í móberg í öskjufyllingunni. Annars er lítið vitað um sögu eldstöðvarinnar, enda er hún að mestu hulin yngri jarðlögum.

Hrappseyjareldstöðin

Þótt lítið sé vitað um Elliðaeldstöðina þá er enn minna vitað um Hrappseyjar-eldstöðina enda er hún að mestu í sjó í mynni Hvammsfjarðar. Þó má ráða af aðstæðum að í henni sé askja sem nær langleiðina upp undir Þórsnes. Eitlar af súru og ísúru bergi finnast í eyjum og skerjum á svæðinu og allstórt gabbróinn-skot er í Hrappsey og Purkey. Í Hrappsey er hluti innskotsins mjög sérkenni-legur enda er gabbróið þar nær eingöngu úr einni steintegund, plagióklas, og er það nær hvítt á litinn. Slíkt gabbró nefnist anortósít. Gangaskarinn sem er í Þórsnesi er að líkindum tengdur þessari eldstöð.

Innskotsvirkni (3–4 milljón ár)

Nokkur innskot tróðust inn í tertíera jarðlagastaflann eftir að gosvirkni í Snæfellsnes-rekbeltinu var að mestu hætt. Það má dæma bæði af aldri þeirra innskota, sem aldursgreind hafa verið, og eins af jarðfræðilegri afstöðu þeirra. Stærst þessara innskota er í Fróðar- og Breiðuvíkurbreppi. Það mætti kalla Fróðárinnskotið. Það nær frá Vallahnúk ofan Hrísa í Fróðárbreppi yfir í Breiðuvík. Það finnst í Laxá og skýtur upp kollinum hér og þar á Fróðárheiði og nær frá Axlarhyrnu vestur fyrir Kamb í Breiðuvík. Miðhluti innskotsins er úr granófýri en jaðrarnir úr fínkornóttu eða glerkenndu líparíti. Á sumum stöðum fleygast súrir gangar út frá megininnskotinu. Það hefur belgt upp basalhraunlöggin í kringum sig. Til dæmis varpar það jarðlögum neðan Vallahnúks upp á móti svæðishallanum og við það myndast minni háttar samhverfa, sem fyrrum var talin hluti af Snæfellsnes-samhverfunni.

Aldur þessa innskots er á bilinu 3,5 til 4 milljón ár en jarðlaganna í kring á bilinu 6,5–7,5 milljón ár. Engir gangar skera innskotið, og verður því að ætla, að mestöll eldvirkni hafi verið um garð gengin áður en það tróðst inn. Líkist það að ýmsu leyti innskotum á Suðausturlandi, sem virðast hafa myndast allnokkru eftir að gosvirkni lauk þar.

Annað slíkt innskot er í Lýsuskarði upp af Lýsuhóli í Staðarsveit. Höfundur hefur leitt rök að því á öðrum vettvangi, að það sé um þriggja milljón ára gamalt en það gæti verið mun yngra – jafnvel um 1,5 ára. Innskotið í Lýsuskarði er samsett úr tveimur einingum. Í miðjunni er ísúrt djúpberg (díórit) en utan um það er krugi af granófýri. Innskotið hefur lyft upp jarðlögum til beggja hliða.





Drápuhlíðarfjall. (HJ)



Þegar horft er frá Þjóðvegi upp í Lýsuskarð, er innskotið sjálft í skarðinu sem ólöguleg hrúga, gráleit að lit. Jarðlögunum, sem ofan á liggja og eru á Ána-hyrnu og Lýsuhyrnu, hallar út frá sjálfu innskotinu. Engir gangar skera innskotið utan örfáir efst í Lýsuskarði, en þeir eru allmiklu yngri og tengdir Lýsuskarðseldstöðinni, sem seinna verður lýst.

Þriðja innskotið er í Drápuhlíðarfjalli í Helgafellssveit. Drápuhlíðarfjall er einnig úr tveimur einingum. Neðri hluti fjallsins að vestan og norðan er ísúrt, fínkornótt innskot. Hins vegar er súrt berg í efri hluta fjallsins. Þar er það líparíthraun, en er neðar dregur virðist komið ofan í sjálfa gosrásina, sem hraunið á upptök sín í. Þessa gosrás má rekja niður suðvesturhorn fjallsins við mynni Pekronsdals. Norðaustur frá fjallinu eru líparítgangar, sem liggja í átt að fjallinu. Kvikan hefur þar þrengt sér út eftir misgengjum. Þegar líparíthraunið rann höfðu roföflin verið að verki í nokkurn tíma, og hraunið hefur runnið út yfir nokkuð mishæðótt land. Aldur Drápuhlíðarfjalls er um 3,5 milljón ár samkvæmt aldursgreiningu Kristins Albertssonar.



Fróðárinnskotíð



Innskot í Lýsuskarði



Drápuhlíðarfjall



Goshlé og mislægi (6–2 milljón ár)

Er gosvirkni í hinu forna Snæfellsnes-rekbelti lauk fyrir um 6 milljón árum fóru roföflin að hafa betur. Ár, og seinna jöklar, surfu landið, grófu gil sem seinna urðu að dölum o.s.frv. Þau munu hafa náð að rjúfa um 500–1000 m ofan af upprunalegum jarðlagastafla áður en eldvirkni tók sig upp að nýju. Þegar hún hófst aftur, var gamli berggrunnurinn að miklu leyti hulinn lausum jarðlögum líkt og nú. Yngri gosmyndanir lögðust ofan á og setin hörðnuðu undir farginu. Næst fjöllunum ber mest á hnallungabergi, en fjær og lægra er völuberg, sem mun vera áreyrar að uppruna. Út við ströndina eru setlöginn mun fínkornaðri, oft sandsteinn og siltsteinn. Þar er að finna steingervinga, einkum skeljar, en för eftir laufblöð hafa einnig fundist. Þekktustu fundarstaðir steingervinga á Snæfellsnesi eru í Stöðinni og Búlandshöfða. Einnig hafa fundist steingervingar í Breiðuvík og ofan við Ólafsvík. Lesa má merkilega sögu um loftslag á myndunartíma setlaganna. Neðst í setinu í Búlandshöfða eru t.d. steingerðar skeljar sem benda til mjög lágs sjávarhita, en ofar í sama lagi eru skyndilega komnar skeljar svipaðar þeim er nú lifa við landið. Þorleifur Einarsson hefur tekið saman yfirlit um setlöginn í Búlandshöfða og Stöðinni í bók sinni „Jarðfræði, saga bergs og lands“.

Eins og áður er getið leggjast setlöginn ofan á snaraðan og rofinn tertíera jarðlagastaflann. Ofan á þau leggjast aftur á móti nær lárétt hraunlög. Þau eru misgömul. Elst eru þau um tveggja milljón ára við Grundarfjörð en yngri og yngri lög taka við er utar dregur. Í Búlandshöfða eru löginn ofan á setinu liðlega einnar milljón ára gömul og við Ólafsvík aðeins 800 þúsund ára. Slík hallaskil, sem hér er lýst, eru nefnd mislægi. Það er allgreinilegt í Grundarfirði, til dæmis í Mýrarhyrnu og Kirkjufelli. Neðan til í þeim fjöllum eru tertíer hraunlög sem hallar 5–7° til suðausturs inn að Snæfellsnes-samhverfunni. Mislægt ofan á þau koma setlöginn sem yfirleitt eru 20–50 m þykk og þar ofan á nær lárétt hraunlög.

Kvarter eldvirkni á Snæfellssnesi (2 milljón ára og yngri)

Fyrir um 2 milljónum ára hófst nýr þáttur í jarðsögu Snæfellsness. Þá tók eldvirkni sig upp að nýju. Hún hófst í fjallgarðinum milli Grundarfjarðar og Staðarsveitar, en breiddist síðan út bæði til austurs og vesturs. Eldstöðvarnar raða sér í þrjár reinar sem stefna VNV-ASA til V-A og liggja því nær þvert á útkuln-

uðu tertíeru reinarnar. Þessar reinar eru nokkuð vel afmarkaðar og aðgreindar hver frá annarri, en þó virðast vera tengsl á milli þeirra. Reinarnar eru Snæfellsjökull vestast, Lýsuskarð og Ljósufjöll austast. Reinarnar hliðrast út eftir nesinu. Aðeins fimm eldstöðvar falla utan við þau svæði, sem afmörkuð eru á meðfylgjandi eldstöðvakorti, og eru þær á milli reina og því eins konar tengiliður þeirra á milli. Á kvarter var eldvirkni mjög á annan veg en á tertíer. Eldgos eru bundin við tiltölulega mjótt beltí og lítil sem engin gliðnun verður samfara gosunum.

Ljósufjöll

Ljósufjallareinin teygir sig frá Kolgrafafirði í vestri að Norðurá í austri. Hún er nær 90 km löng og stefnir VNV-ASA. Miðja hennar virðist vera í Ljósufjöllum og dregur hún því nafn sitt af þeim; þar er eldvirknin mest og fjölbreyttust. Þau standa fyrir miðjum vesturenda Snæfellsnes-brotabeltisins, og er verulegur munur á eldvirkni í Ljósufjöllum og svæðinu þar vestur af borið saman við svæðið austan þeirra. Vestan Ljósufjalla er eldvirknin bundin við tiltölulega mjótt beltí, 1–3 km, gagnstætt því sem er austan þeirra. Ekki verður séð, að misgengishreyfingar verði samfara eldgosum þar. Þó verður að ætla, að eldgosin verði á sprungum þótt þeirra sjáist lítil merki. Á vestursvæðinu má rekja beltíð auðveldlega: vestast er Seljafell við Hraunsfjörð, þá taka við kúlnar í Berserkjahrauni. Enn austar er Hafrafell, Kerlingarfjall, Grímsfjall og svo hver eldstöðin af annarri uns komið er að Ljósufjöllum. Austan Ljósufjalla kveður við annan tón. Þar eru gosstöðvarnar dreifðar á nær 20 km breitt beltí og þar ná kvarteru jarðlögin heldur ekki að mynda samfelldan stafla eins og víðast á vestursvæðinu. Athygli vekur að beltíð er nær jafnbreitt því svæði sem NV-SA brot Snæfellsnes-brotabeltisins ná yfir. Þetta á einkum við vestan Langavatns. Þegar betur er að gáð, kemur í ljós, að flest eldgos á þessu svæði hafa orðið á gömlum NV-SA brotum. Þó er það ekki án undantekninga.


Til að lýsa betur dreifingu eldstöðva austan Ljósufjalla eru hér taldar upp helstu eldstöðvar í Hítardal. Syðst í dalnum er Barnaborg og Grettisbæli og verður ekki séð að þær tengist NV-SA misgengjum. Næst taka við eldstöðvar við Grjótárvatn, þá Bæjarfell við Hítardalsbæinn, Hróbjörg, Valafell, Svörtutindar, Klifsandur, Hólmur, Rauðakúla, Rauðhálsar í Þórarinsdal, Foxufell og Grafheið-

artindur; þessar eru flestar tengdar NV-lægum brotum en þó ekki allar. Vitað er með vissu, að nokkur misgengjanna austan Ljósufjalla hafa hreyfst á nútíma. Í Hnappadal eru nokkur. Hreyfingarnar verða yfirleitt samhliða eldgosum að því er best verður séð. Til dæmis er misgengi, sem liggur vestur frá Rauðamelskúlum allt að Ljósufjöllum. Það sker m.a. hraun, sem runnið hefur suður frá Rauðukúlu á Rauðamelsfjalli (Nykurhraun). Einnig skera nokkur misgengi hraun frá síðasta hlýskeyði í vestanverðum Hnappadal. Engin misgengi ná þó lengra vestur en að Ljósufjöllum. Elstu jarðlög, sem með vissu er hægt að tengja eldstöðinni, eru um 800.000 ára. Þau er að finna í Seljafelli í Kerlingarskarði. Þar eru óreglulega til öfugt segulmögnuð lög. Efst í Drápuhlíðarfjalli er örlítill hraunsnepill, sem einnig er með öfuga segulstefnu. Allt annað berg er rétt segulmagnað. Á nokkrum stöðum má með vissu rekja sig a.m.k. aftur á þriðja síðasta jökulskeyði í nokkuð samfelldum stafla.


Ísúrt og súrt berg er algengt á svæðinu frá Kerlingarskarði austur fyrir Ljósufjöll. Mest ber þó á því í Ljósufjöllum sjálfum, sem eru að mestu úr súru bergi sem hefur myndast við gos undir eða í jöklum síðasta jökulskeyðs. Í háfjallshryggnum ber mest á móbergi en hraunum er út frá honum dregur. Þetta stafar af því, að á jökulskeyðum náðu gosefnin ekki að dreifast frá gosprungum, heldur mynduðu móbergshryggi og hrúgur. Á hlýskeyðum eins og á nútíma náðu hraun að renna niður hlíðarnar og fram dali. Lengst hefur hraun runnið a.m.k. 15 km út frá fjallgarðinum; það er hraun sem runnið hefur út eftir Stóra-Langadal á Skógarströnd, og finnast leifar þess í Virkishólma í mynni Hvammsfjarðar og í Gvendareyjum.

Á nútíma hefur gosið 23 sinnum í þessari rein. Austast er Grábrókarhraun og vestast Berserkjahraun í Helgafellssveit, en mest er af hraunum í Hnappadal og Hítardal. Aldur þessara hrauna er mismunandi, og er ekki annað að sjá en eldvirkni hafi dreifst jafnt yfir allan nútímamann. Elstu hraunin hafa myndast nokkuð snemma á nútíma, svo sem Gullborgarhraun, Eldborgarhraun og Hagahraun í Hítardal, auk hrauna í Ljósufjöllum sjálfum. Vitað er nánar um aldur nokkurra hrauna. Rauðhálsahraun er frá því á 10. öld (frá sögulegum tíma), Rauðamelskúlur eru um 2600 ára gamlar og Grábrókarhraun er nokkru yngra en 3600 ára. Hólmshraun í Hítardal er unglegt og gæti hafa runnið skömmu fyrir landnám. Flest þessara gosa virðast hafa byrjað á stuttum sprungum, en eldvirkni síðan dregist saman í einn eða fleiri stærri gíga.

Þekktar eldstöðvar (einstök gos) á Vesturlandi (0-2 milljónir ára)



Kvarter eldstöðvakerfi á Vesturlandi (0-2 milljónir ára)



Minnstu hraunin í Ljósufjöllum hafa runnið frá slíkum sprungum, og eru gígarnir litlir og kleprakenndir en ekki stórar og gjallkenndar kúlur eins og þegar gosin hafa dregist á langinn.


Hér skulu talin upp nútímahraun í Ljósufjallareininni sem eru í Snæfellsnessýslu. Þar er fyrst til að nefna *Berserkjahraun*. Þar hefur gosið þrisvar. Fyrst gaus í Kothraunskúlu, og rann hraun frá henni langleiðina niður að Hraunsvík. Kothraunskúla hefur ausið allmikilli ösku og vikri yfir næsta nágreppi sitt. Næst gaus í Rauðukúlu, upp undir Kerlingarfjalli, og í Gráukúlu. Hraunið liggur frá Rauðukúlu að Selvallavatni og Smáhraunakúlu og liggur allt að Hraunvík. Síðast gaus í Smáhraunakúlu, og hraun frá henni umlykur Gráukúlu og nær í sjó fram í Hraunfirði. Þar hefur litlu munað að hraunið lokaði firðinum. Smáhraunakúla hefur ausið allmiklum vikri á hraunið frá Rauðukúlu næst sér. Ekki er vitað, hve langur tími hefur liðið milli þessara gosa. Vera má að það hafi aðeins verið vikur eða mánuðir, þó líklegra sé, að alllangur tími hafi liðið á milli. Víst er, að þegar eitt gos hófst, var því næsta á undan lokið. Það sést af afstöðu vikur- og öskudreifar til hraunanna. Aldur Berserkjahraunanna er ekki þekktur en gæti verið um eða yngri en 4000 ár.


Svelgsárhraun kemur úr mjög stórum gíg, Rauðukúlu, sem er skammt austan Jötunsfells. Hraunið rennur niður í tveimur kvíslum. Sú eystri rennur niður austan Drápuhlíðarfjalls og er um tveggja km breið og endar niður undir láglandi. Vatnsból Stykkishólmsbúa er í jaðri hraunsins. Vestri kvíslin er mun mjórri og rennur niður Hraundal vestan Írafells allt að dalsmynninu. Þetta gos hefur hafist sem sprungugos. Sprungan hefur verið um 1500 km löng og klofið Jötunsfell að endilöngu. Frá henni hafa runnið hrauntaumar niður suður- og vesturhlíðar fellsins, niður í dalskvompu sunnan undir því. Er á leið gosið dróst eldvirknin saman, og stór gjallgígur myndaðist austan til á sprungunni, Rauðakúla. Skammt suðaustur af fyrrnefndri Rauðukúlu er annar gígur samnefndur. Þessi síðari Rauðakúla er stærst allra gíga á Snæfellsnesi og blasir við úr Miklholtsþreppi – gígurinn er reyndar einn sá allrastersti á Íslandi. Hún rís um 200–300 m yfir umhverfi sitt og hraun frá henni hefur runnið suður af og er þar nefnt *Hörgsholtshraun*.


Í Ljósufjöllum og nágreppi eru nokkur hraun, sem koma upp við sýslumörkin. Þar er fyrst að nefna *Galtarhraun*. Það á upptök sín í lítilli hvilft um tveimur kílómetrum austan Rauðukúlu. Hraunið er ekki nema um 200 m langt

og rann suður. Upptök þess eru horfin, því að gígurinn hefur orðið skálarjökulum að bráð. *Kastshraun* er skammt norður af Urðarkasti austast í Ljósufjöllum. Það á upptök sín í 500 m langri gjallgígarröð. Hraunið sjálft er lítið. Norður af Hafursfelli er *Urðarhraun* og myndar það tvo aðskilda hrauntauma og er sá vestari öllu stærri. Niður Stóra-Langadal hafa runnið tvö hraun. Það eldra er hér nefnt *Tunnuhraun* og á upptök sín í gígaröð, sem nær frá Skyrtunnu að Urðardal. Hraunið liggur niður í Stóra-Langadal, en hverfur þar fljótlega undir yngra hraun, *Langadalshraun*. Það á upptök sín í allstórum gíg, er auðvitað heitir Rauðakúla. Þetta hraun hefur náð að renna alllangt niður eftir dalnum. Ekkert er vitað um aldur ofangreindra hrauna (að Berserkjahraunum frátöldum). Nöfnin á hraununum hér að ofan hefur höfundur gefið sér til hægðarauka og ber ekki að taka þau sem fullgild örnefni.

Gosmyndanir frá síðasta jökul- og hlýskeyði eru fjölbreyttar, en aðeins verður hér minnst á fátt eitt. Grímsfjall í Kerlingarskarði myndaðist við gos í lok síðasta jökulskeyðs. Þar hefur gosið undir tiltölulega þunnum jökli. Neðri







hluti fjallsins er úr móbergi og kubbabergi en efst er hraunhetta. Hraunið hefur runnið frá gíg, sem hreykir sér efst á fjallinu. Jöklar hafa ekki náð að ganga yfir hann.

Nokkuð víða í Helgafellssveit eru hraunskæklar frá hlýskeyðum ísaldar, meðal annars í holti einu skammt ofan Svelgsár, í Hrisanesi og Vaðilshöfða í Álftafirði. Áður er nefndur Virkishólmi skammt utan við Ós á Skógarströnd. Auk þess er slíka skækla að finna á nokkrum stöðum við Hraunsfjörð.

Vert er að benda fólki á að skoða Kerlingarfjall í Kerlingarskarði. Það er að mestu móberg frá síðasta jökulskeiði. Gosið hefur undir þunnum jökli og

kvikan náð að bræða sig upp úr honum en geilin fyllst af vatni. Gosið hefur verið með svipuðum hætti og í Surtsey, áður en hraun fór að renna þar. Vegna snöggrar kælingar splundrast kvikan í snertingu við vatnið og hver sprengingin rekur aðra. Við hverja sprengingu þeytist aska og vikur upp í loftið og fellur svo til jarðar aftur. Þannig leggst hvert lagið ofan á annað. Kerlingarfjall er gert úr fjölmörgum slíkum lögum, sem hallar inn að sameiginlegri miðju, það er inn að upphaflega gosopinu. Síðan hefur askan harðnað og umbreyst í móberg.

Á síðasta hlýskeiði var allmikil eldvirkni í Kerlingarskarði. Þá rann meðal annars mikið hraun niður í Helgafellssveit og þekur það nú allt svæðið frá Berserkjahrauni að Gríshólsá og út til strandar. Hraunið hefur á sínum tíma runnið í sjó fram því að það hefur hlaðið undir sig móbergi og bólstrabergi. Undir hrauninu eru sjávarsetlög með steingerðum skeljum.

Lýsuskarð

Þessi rein nær frá Tröllatindum ofan Staðarsveitar út í Búlandshöfða og er um 30 km löng. Hún líkist vesturhluta Ljósufjallareinarinnar. Austurhluti Lýsuskarðs-reinarinnar stefnir nærri A-V en sveigir til NV-SA þegar komið er vestur í Helgrindur. Gosstöðvarnar raða sér flestar á mjótt belti eftir háegg fjallgarðsins. Beltið hliðrast lítils háttar á nokkrum stöðum. Oft er það ekki nema nokkur hundruð metrar á breidd. Miðja eldstöðvarinnar er á svæðinu frá Lýsuskarði að Helgrindum. Eldvirknin hefur ávallt verið bundin við háhrygginn, eftir að hún tók sig upp aftur snemma á ísöld. Granófyr-innskotið í Lýsuskarði, sem að öllum líkindum er eldra en elstu jarðlög í Lýsuskarðs-reininni, umturnaði jarðlagastaflanum á þann veg, að við fyrstu sýn virðist vera hringlaga eldstöð sunnanhallt í fjallgarðinum, en svo er ekki.

Jarðlög frá ísöld mynda nokkuð samfelldan stafla og verður ekki séð, að hlé hafi orðið á upphleðslunni allan þann tíma. Með athugunum á segulstefnu hraunlaga, sem bornar voru saman við aldursgreiningar er gerðar hafa verið, hefur saga eldstöðvarinnar verið rakin í stórum dráttum. Eldvirkni hófst fyrir tæplega tveimur milljónum ára. Jarðlög frá þessum tíma er að finna neðst í Grundarmön og í Arnardal. Neðri helmingur staflans er öfugt segulmagnaður og því frá Matuyama, en tvö stutt rétt segulmögnuð skeið hafa þó fundist í

Þessum hluta, og er hið neðra talið vera Olduvai (1,8 m. ár) og hið efra Jaramilló (1,0 m. ár). Efri helmingur stafans er rétt segulmagnaður og því yngri en 800 þúsund ára (þ.e. frá Brunhes). Í neðri hlutanum ber mest á basalhraunum, oft ríkulega plagióklas-dílóttum, en inn á milli þeirra sjást merki um jökulskaið, ýmist sem jökulbergslög eða móbergslög. Í efri hlutanum ber meira á móbergi enda er hann varðveittur næst háfjallinu, en vera má, að flest þau hraun, sem runnið hafa á fyrri hluta Brunhes, hafi verið skafin ofan af stafanum í dölunum. Eldvirknin hefur verið nokkuð lík því sem gerist í Ljósfjöllum, þó er mun minna af súru bergi. Á jökulskaiðum myndaðist móberg í háfjallinu, en á hlýskaiðum runnu hraun niður hlíðarnar sitt hvorum megin; t.d. er Melrakkaey í mynni Grundarfjarðar hlýskaiðshraun sem hefur runnið a.m.k. 10 km. Kirkjuhóll í Staðarsveit er dæmi um hraun sem rann suður af fjallgarðinum.

Í Helgrindum sést ágætlega hvernig eldstöðvar dreifast í þessari rein. Í háegginni eru rústir fjölda eldstöðva, m.a. gjallgíga frá ýmsum tímum. Þeir grípa hver inn í annan, og út frá þeim hafa ýmist runnið hraun eða myndast móberg. Meðal annars er þar einn gígur allheillegur, sem heitir Rauðakúla. Hraun frá honum (það er ísúrt) hefur náð að renna allt niður undir byggð í Grundarfirði (Hellnafell) og er þar mjög máð af jöklum. Líkur benda til, að gígurinn sé frá síðasta hlýskaiði. Leifar af enn eldri gíg eru austast í Helgrindum. Gjallgígurinn er að mestu rofinn niður í rætur, en bergstandar, sem eru leifar af sjálfri gosrásinni, skaga sem bríkur upp í loftið.

Þó svo að aðalgosvirknin sé bundin við háeggina verða smærri gos neðar. Ofarlega í hlíðum sjást á nokkrum stöðum þunnir berggangar. Þeir stefna samhliða háegginni og hallar reglulega inn undir hana báðum megin frá. Því verður að ætla, að þeir eigi uppruna sinn í sömu gosrás eða -rásum og eldstöðvarnar í háfjallinu. Á nútíma hefur aðeins gosið tvisvar í þessari rein. Þá brunnu *Hraunsmúlahraun* og *Bláfeldarhraun*. Þau eiga upptök sín í litlum gígum uppi á fjallsbrúninni sunnan í fjallgarðinum. Virðist eins og þau hafi myndast við svipaðar aðstæður og gangarnir sem áður er lýst.

Bláfeldarhraun er mun stærra en Hraunsmúlahraun og nær langleiðina niður undir þjóðveg. Hraunið hefur fallið fram af fjallsbrúninni í mörgum kvíslum. Hraunsmúlahraun kemur úr gíg sem er efst í Ánahyrnu austanverðri og fellur niður af fjallinu í einum mjóum taumi. Annar og mun minni gígur er

vestan í Ánahyrnu og hefur runnið frá honum smáhraunbleðill. Ekkert er vitað um aldur þessara hrauna.

Snæfellsjökull

Þessi rein er um 30 km löng og nær frá Mælifelli í Staðarsveit út á Öndverðar-nes og e.t.v. lengra. Vestan til í reininni er sjálfur Snæfellsjökull, sem rís í 1446 m hæð. Austan til í reininni raða eldstöðvarnar sér á nokkuð mjótt belti sem liggur nálægt A-V en við Snæfellsjökul eru þær dreifðari. Þó virðist stefnan sveigja til NV út frá hájöklinum, eftir Bárðarkistu og Öndverðarneshólum.


Hvorki misgengi né sprungur hafa fundist í þessari rein frekar en í Lýsu-skarði. Eldvirknina má rekja um 800.000 ár aftur í tímann. Við Ólafsvík leggjast öfugt segulmögnuð hraun mismlegt ofan á teríera staflann. Allt annað berg er rétt segulmagnað og frá Brunhes.

Austast í reininni er Mælifell. Það er líparítfell, sem myndast hefur við gos undir jökli. Gosið hefur uppi á fjallsbrúninni. Kvikan hefur brætt geil í jökulinn, en vatnið hefur runnið jafnharðan undan, ofan fyrir brúnina. Því hefur hún ekki náð að snöggkælast að ráði og geilin fyllst af líparíthrauni eins og gosið hefði á íslausu landi. Ekki er fráleitt, að Mælifell sé myndað á síðasta jökulskeiði.


Fjallið Snæfellsjökull er hulið nútímahraunum að sunnan og vestan, en meira ber á móbergi og hlýskeiðshraunum að norðan og austan. Eldvirkni hefur verið allmikill á nútíma, en ekki er víst, hve oft hefur gosið. Höfundur þessarar greinar hefur aðgreint um 20 hraun, sem runnið hafa í eða við Snæfellsjökul sjálfan. Þrjú meiri háttar þeytigos hafa orðið á nútíma. Tvö þau yngri eru 1800 (Sn-1) og 4100 (Sn-2) ára gömul samkvæmt geislakolsaldursgreiningum sem Sigurður Steinþórsson hefur látið gera, en það þriðja er frá því snemma á nútíma (Sn-3; 8000–10000 ára). Þeytigosin hafa skilið eftir sig ljós öskulög í jarðvegi á norðanverðu nesinu og sjást einkar vel í skurðum í hinum forna Fróðárhreppi. Þessi lög finnast einnig í jarðvegssniðum á Vestfjörðum.

Skálin sem er norðvestan í Snæfellsjökli hefur vafalítið myndast á svipaðan hátt og í St. Helenu-eldfjallinu í Bandaríkjunum árið 1981. Þar sprakk hliðin úr fjallinu í miklu gosi. Það gerðist með þeim hætti að kvika tróðst inn í fjallið og myndaðist kúla í fjallshlíðinni og að lokum varð hún óstöðug og sprakk fram.

Kirkjufell í Grundarfirði jarðlagasnið




Grundarmön í Grundarfirði jarðlagasnið



Svipað fyrirbrigði er í Tindafjöllum ofan við Þórsmörk. Hvenær skálin myndaðist í Snæfellsjökli er ekki vitað, en það hefur gerst fyrir löngu því ekki finnst tangur né tetur af efni sem ættað er úr hlíðinni – jöklar hafa vafalítið borið það á haf út. Skálin er í reynd lítil askja.

Eldstöðvum má skipta í tvo hópa. Annars vegar eru eldstöðvar á láglandinu allt í kringum fjallið, sem flestar hafa gosið basískum gosefnum. Hins vegar eru eldstöðvar í og við topp fjallsins. Þar ber mun meira á súrum og ísúrum gosefnum og hraun frá þeim hafa runnið niður hlíðar fjallsins. Norðvestan í háfjallinu er skál allmikil, sem líta má á sem litla



öskju eða risastóran gíg eins og oft er í keilufjöllum annarra landa. Þúfurnar raða sér á barm skálarinnar að sunnan og austan. Þær eru súrir bergstandar sem ýst hafa upp með barmi hennar. Skálin er ekki ósvipuð skál sem myndaðist við sprengigöng í St. Helenu-eldfjallinu í Bandaríkjunum 1981, en þá sprakk hlíðin úr fjallinu í einu vetfangi.


Búðahraun er austasta hraunið sem telja ber með Snæfellsjökli. Það hefur runnið frá bjöllulaga gíg sem heitir því einkennilega nafni Búðaklettur og er þar þó enginn klettur. Gos þetta hefur annaðhvort byrjað í sjó og hlaðið undir sig uns það komst á þurrt, eða gosið hefur á þurru við nokkru lægri sjávarstöðu en nú er. Seinni kosturinn er líklegri og er hraunið þá 5000–8000 ára gamalt.


Hnausahraun er í vestanverðri Breiðuvík og er að líkindum komið úr háfjallinu.

Klifhraun er tvö aðskilin hraun og er hið yngra að öllum líkindum sama hraun og Hnausahraun en hefur fallið vestan Botnsfjalls og sveigt niður milli þess og Stapafells. Eldra hraunið er afskaplega úfið. Yngra hraunið er slétt helluhraun sem runnið hefur í einni lænu ofan á eldra hrauninu og nær alveg að Arnarstapa. Það er að öllum líkindum komið úr stórum gíg nafnlausum, sem er upp undir Jökulhálsi, þar sem skáli Ferðafélagsins stóð. Þetta hraun er um 4000 ára gamalt.

Hellnahraun (*Kálftraðahraun*) hefur runnið úr hájöklinum niður undir Jökulhálsi og þaðan niður með Stapafelli vestanverðu í sjó fram milli Arnarstapa og Hellna og er sama hraun og eldra Klifhraunið. Þar vestur af er fjöldi hrauna með ýmsum nöfnum.

Skammt vestan við Dagverðará er fremur slétt hraun sem er um 4000 ára gamalt. Þó er þar eitt hraun sem er meira um sig en önnur. Það er *Háahraun*. Þó er það aðeins lítil tota af miklu hrauni sem hylur mestalla suðurhlíð jök-





Dreifing ljósu öskulaganna frá Snæfellsjökli.

ulsins en nær hvergi í sjó fram nema vestan við Djúpalónsand. Það hefur líklega myndast fyrir um 1800 árum, um leið og yngsta þeytigosíð. Hraunið er komið ofan úr háfjallinu. Háahraun er úr bergtegund sem nefnist benmorít og er ísúrt, alkalískt berg sem samsvarar andesíti eða dasíti í eldfjöllum eins og Heklu og Kröflu.

Undan þessu hrauni gægjast nokkur eldri hraun. Það sem mest ber á hefur komið frá Purkhólum. Í Purkhólahrauni eru nokkrir hellar. Enn utar eru Hólahólar sem myndast hafa í sjó og eru alveg umfluktir yngra hrauni sem komið er ofan úr Hólatindi.

Norðvestan í Jöklinum eru nokkur hraun. Elst eru tvö hraun, sem eiga upptök sín í Svörtutindum og Ljósuskriðu. Þar hefur gos hafist undir þunnum jökli, því að hraunin hafa hlaðið undir sig kubbabergssökkli áður en þau náðu að renna niður á láglandi sem þá hefur verið íslaut. Yngra hraun, en þó frá því snemma í nútíma, hefur runnið frá allmiklum gíg undir jökulhettunni. Það liggur niður milli




Mælifell.


Svörtutinda og Geldingafells allt að láglendi. Önnur kvísl er fyrir ofan Bárðarkistu og kemur niður norðan hennar. Norðan undan jöklinum hefur komið allmikið hraun og sjást upptök þess ekki. Það nær niður undir Skarð. Þá taka við hraun, sem komið hafa upp á láglendi. Þar ber fyrst að nefna *Saxhólahraun*, en þau eru tvö og komin sitt frá hvorum gígnum. *Prestahraun* hefur runnið frá Rauðhólum sem er allstór gjallgígur neðan undir Hreggnasa. Hluti af þorpinu á Hellissandi er byggður á þessu hrauni. *Væjuhraun* er líklega yngsta hraunið í reininni og er nokkru yngra en síðasta þeytigosíð (1800 ára). Það á upptök sín í gjallgíg er Sjónarhóll heitir. Þá eru aðeins ótaldir Öndverðarneshólar. Elstur þeirra er Sauðhóll, og er hann umlukinn hraunum frá hinum hólunum.

Öndverðarneshólar eru óvenjulegir að gerð (Saxhólar eru einnig svipaðir). Þeir eru mjög brattir og uppmjóir. Öndverðarneshólar hafa allir myndast í sama gosi, að Sauðhól fráöldum, og frá þeim hefur runnið allmikið hraun nefnt *Neshraun*. Þetta hraun hefur öll einkenni dyngjuhrauna. Kvikan hefur oftast runnið í göngum og lokuðum rásam. Það er beltótt, svipað og sjá má í

veggjum Almannagjár. Gígarnir (hólarnir) eru eins konar strompar ofan á sjálfum dyngjuhvirlinum, og lítið hraun hefur runnið frá hverjum og einum. Þeir standa, a.m.k. sumir hverjir, yfir göngum eða rásum sem kvikan hefur runnið eftir og hún frussast upp um göt á þekjunni og hlaðið þá upp.

Mesta gos í Snæfellsjökli á nútíma var fyrir 1800 árum. Það mun hafa byrjað með miklu þeytigosí og barst súr aska og vikur til norðausturs frá fjallinu. Að líkindum hefur það staðið stutt, nokkrar klukkustundir, en síðan hafa hraun tekið að renna úr háfjallinu. Hraunin eru ísúr að samsetningu og hylja mestan





hluta suðurhlíða fjallsins. Ósennilegt er að skálin norðvestan í fjallinu hafi myndast í þessu gosi en líklegt er að þá hafi Þúfurnar myndast. Af eldri jarðmyndunum er vert að nefna eftirfarandi:

Við Arnarstapa er fornt hraun frá einhverju hlýskeiði ísaldar, og er að sjá að það hafi runnið í sjó fram og í því myndast gervíggar. Bárðarlaug er gígur frá síðasta hlýskeiði. Hraun frá honum hefur runnið allt til sjávar milli Hellna og Dagverðarár. Lóndrangar eru berggstandar í öskugíg af Hverfjallsgerð og er Þúfubjarg austurrimmi hans. Þar hefur að öllum líkindum gosið í sjó. Bárðarkista er að miklu leyti mynduð á síðasta jökulskeiði. Þar eru nokkrir gíggar, sem hafa varðveist furðuvel og eru þess virði að rölja þangað upp enda er útsýni yfir Öndverðarneshólana stórfenglegt þaðan. Ólafsvíkurenni er stapi sem myndast hefur við gos í jökli undir lok síðasta jökulskeiðs. Neðan til er fjallið að mestu úr móbergi og bólstrabergi, en efst er hraunhetta og þar er lítt máður gjallgígur.

Þegar gýs í háfjallinu bræðir kvikan jökulinn, og vatnsflaumur blandaður aur og oft ösku flæðir niður hlíðarnar, einkum niður norðvesturhlíðarnar. Aðal-



Ölkelda á Hraunhafnardal.

hlaupaleiðin er milli Svörtutinda og Geldingafells annars vegar, og hins vegar austan Bárðarkistu allt að Jökulhálsi. Hlaupin hafa hreinsað allt gjall af hraunum á þessu svæði og borið niður hlíðarnar og sett það úr sér er niður kom.

Jarðhiti og ölkeldur

Snæfellsnes er snautt að laugum og hverir eru þar engir en ölkeldur fleiri en annars staðar á landinu. Flestar laugarnar eru í Hnappadal og verður þeim ekki lýst hér.

Annars staðar á nesinu er jarðhiti aðeins á þremur stöðum. Merkasta laugin er við Lýsuhól í Staðarsveit. Þar er jarðhiti á tveimur stöðum, annars vegar í litlum hól, þar sem gamla sundlaugin er, og heitir þar Lýsuhólslaug. Hins vegar er hiti í svonefndu Laugarholti nokkru ofar en Lýsuhólslaug. Þar er allmikið kalkhrúður en yfirborðsrennsli er nú ekkert að heitið geti eftir að borað

var. Á Lýsuhóli hafa verið boraðar sjö holur, en aðeins tvær gefa nýtanlegt vatn. Hæstur hiti er um 57°C. Vatnið er notað til upphitunar félagsheimilis og sundlaugar. Heita vatnið mun koma upp með jaðri Lýsuskarðsinnskotsins. Volgra er einnig við Bergsholt í sömu sveit. Þar hefur hiti mælst 25°C.

Priðja laugin er í svonefndu Laugarskeri undan Kolgrafamúla. Það kemur aðeins upp um stærstu fjörur. Þar hefur hiti mælst mestur 51°C.

Ölkeldur eru fjölmargar. Fyrst ber að nefna ölkelduna að Ölkeldu í Staðarsveit. Aðrar ölkeldur í þessari sveit eru við Gröf, Arnartungu, Lýsuhól, í Bláfeldarskarði, við Kálfá, Bjarnarfoskot, Ósabakka og uppi á Hraunhafnardal. Í Fróðárhreppi eru ölkeldur á eftirtöldum stöðum: Í Ölkeldubotnum á Fróðárheiði eru fjölmargar, ein er við Ólafsvík, nokkrar við Hrísa, í Álftabrekkum undir Korra og í Fossakinnum undir Svartbakafelli. Í Eyrarsveit eru ölkeldur við Grundarfjörð (Þorpið) og Eiði. Í Helgafellssveit eru merki um ölkeldu við Hraunsfjörð. Þar er allmikið kalkhrúður við eyðikot er nefnist Snorrastaðir.

Vatnið í öldkeldunum er kolsýruríkt og bragðast eins og sóðavatn. Oftast er þó nokkur járnkeimur af vatninu. Vatnið í ölkeldunum er kalt grunnvatn sem kolsýra streymir í gegnum og mettar. Kolsýran er talin koma úr kvikuinnskotum djúpt í iðrum jarðar. Flestar ölkeldurnar eru við sprungur eða misgengi í berggrunninum.

Það eru Eyrbyggjar, hollvinasamtök Grundarfjarðar og Sögunefnd Eyrarsveitar sem standa að útgáfu þessa rits sem er hið fimmta í flokki sem við höfum nefnt „Safn til sögu Eyrarsveitar“. Í þessu riti er komið víða við. Fjallað er um merka presta sem þjónað hafa byggðarlaginu. Jarðfræði svæðisins eru gerð góð skil. Hið merka Bæringssafn er kynnt og fjölmargar skemmtilegar myndir birtar. Auk þessa og margs annars rekur bæjarstjóri annál sveitarfélagsins fyrir árið 2003.

Hér er um merkan fróðleik að ræða, sem brýnt er að haldið sé til haga og varðveittur. Þó blaðsíðufjöldi sé ekki besti mælikvarðinn á fróðleik og gæði efnis, þá má geta þess að ritróðin spannar nú á annað þúsund síður og sífellt verður algengara að sjá lærða og leika, almenning sem fræðimenn vitna í efni bókanna. Það er von okkar og ósk að ritinu verði vel tekið sem þeim fyrri í flokki þessum og við vonumst til að útgáfn haldi áfram um ókomin ár, enda af nægu efni að taka.

